



Stúdentaráð Háskóla Íslands

## EFNISYFIRLIT

Ávarp forseta – Prautseigja, áhrif og árangur .....	1
Stúdentaráð 2019-2020 .....	3
Niðurstöður kosninga 2019 .....	3
Fulltrúar í sviðsráðum.....	3
Fulltrúar á Háskólabingi.....	4
Fulltrúar Stúdentaráðs í ráðum og nefndum.....	5
Fulltrúar Stúdentaráðs í stjórn LÍN .....	5
Fulltrúi stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta .....	5
Fulltrúar stúdenta í fulltrúaráði LÍS.....	5
Fulltrúar stúdenta í fulltrúaráði BN .....	6
Fulltrúar í háskólaráði .....	6
Fulltrúar stúdenta í háskólaráði 2020-2022 .....	6
Fulltrúar stúdenta í nefndum háskólaráðs .....	7
Fastanefndir Stúdentaráðs.....	7
Félagslífs- og menningarnefnd .....	8
Fjármála- og atvinnulífsnefnd.....	12
Fjölskyldunefnd .....	14
Alþjóðanefnd .....	16
Jafnréttisnefnd .....	17
Kennslumálanefnd.....	18
Lagabreytinganefnd.....	19
Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd .....	20
Umhverfis- og samgöngunefnd .....	20
Stjórn Stúdentaráðs .....	22
Skrifstofa Stúdentaráðs.....	25
Ársskýrsla forseta .....	26
Ársskýrsla varaforseta .....	27
Ársskýrsla hagsmunafulltrúa .....	28

---

Ársskýrsla lánasjóðsfulltrúa .....	30
Ársskýrsla ritstjóra .....	31
Ársskýrsla framkvæmdastjóra .....	32
Ársskýrsla alþjóðafulltrúa .....	33
Ársskýrsla Aurora Fulltrúa .....	36
Starfsemi Stúdentaráðs .....	38
Stefnumótun Stúdentaráðs .....	38
1. Inngangur .....	38
2. Undirbúningur .....	38
3. Dagskrá .....	39
4. Málefnavinna .....	40
5. Matur .....	41
6. Kostnaður .....	41
7. Úrvinnsla .....	41
8. Umsagnir .....	42
COVID-19, kórónaveirufaraldurinn .....	43
Kannanir SHÍ vegna COVID-19 .....	44
Neyðarstjórn HÍ .....	47
Hlutabótaleiðin .....	47
Atvinnuleysisbætur .....	47
Sumarnám .....	48
LÍN og úrræði þeirra .....	49
FS og úrræði þeirra .....	49
Down Dog Yoga app .....	50
Aukin úrræði sálfræðiráðgjafarinnar .....	50
Aldursgreiningar ungra hælisleitenda .....	50
Skrásetningargjöld .....	52
Nýtt lánasjóðsfrumvarp – Menntasjóður námsmanna .....	53
Herferðir .....	54
LÍN herferð .....	54

---

Geðheilbrigðismál .....	55
Starfshópur um geðheilbrigðisþjónstu innan hí .....	55
Niðurgreidd sálfræðiþjónusta fyrir shí.....	56
Húsnæðismál .....	56
Gamli garður .....	56
Önnur húsnæði.....	57
Samgöngumál.....	57
U-pass/samgöngukort .....	57
Samgöngumannvirki og gönguleiðir .....	58
Gleðigangan 2019.....	58
Háskólinn okkar .....	59
Októberfest 2019 .....	59
Miðasala og markaðssetning .....	59
Nágrannaganga.....	60
Tálmanir og öryggismál .....	61
Umhverfi og rusl .....	62
Hávaði og kvartanir.....	62
Aðgengi.....	63
Helstu samstarfsaðilar .....	63
Niðurstaða og umræður .....	64
100 ára afmæli Stúdentaráðs Háskóla Íslands.....	65
Verkfall fyrir loftslagið .....	66
Allsherjarverkfallsvika.....	67
Viðurkenningar Stúdentaráðs vegna loftslagsverkfallanna .....	68
Vísó í SHÍ.....	69
Aðrir viðburðir og aðkoma Stúdentaráðs .....	70
Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna - COP25 .....	70
Jafnréttisþing forsætisráðuneytisins .....	70
Stúdentaráðsfundir .....	71
Kjörfundur 13. mars 2019 .....	71

---

Skiptafundur 13. maí 2019 .....	71
Stúdentaráðsfundur 27. júní 2019 .....	71
Stúdentaráðsfundur 22. Júlí 2019 .....	71
Stúdentaráðsfundur 21. ágúst 2019.....	72
Stúdentaráðsfundur 25. september 2019 .....	72
Stúdentaráðsfundur 22. október 2019.....	72
Stúdentaráðsfundur 21. nóvember 2019 .....	72
Stúdentaráðsfundur 16. desember 2019 .....	73
Stúdentaráðsfundur 21. janúar 2020 .....	73
Stúdentaráðsfundur 18. febrúar 2020 .....	73
Stúdentaráðsfundur 26. febrúar 2020 .....	73
Stúdentaráðsfundur 9. mars 2020 .....	73
Kjörfundur Stúdentaráðs 20. apríl 2020.....	73
Skiptafundur Stúdentaráðs maí 2020.....	74
Aðrir fundir .....	74
Opinn almennur stúdentafundur um samgöngumál 25. febrúar 2020 .....	74
Upplýsingafundur Stúdentaráðs vegna frumvarps um Stuðningssjóð námsmanna .....	74
Útgefið efni Stúdentaráðs .....	75
Akademían 2019.....	75
Stúdentablaðið .....	75
Upplýsingabæklingur um kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs.....	76
Ályktanir og yfirlýsingar Stúdentaráðs .....	77
Umsagnir/Áskoranir Stúdentaráðs til Háskóla Íslands .....	96
Umsagnir Stúdentaráðs til Alþingis og stjórnvalda.....	98
Sjóðir Stúdentaráðs.....	123
Hrafnelssjóður .....	123
Stúdentasjóður.....	123
Samstarfsaðilar Stúdentaráðs .....	123
Nemendafélög og önnur félög innan Háskóla Íslands .....	123
Rektor .....	124

---

Stjórnsýsla Háskóla Íslands.....	124
Landssamtök íslenskra stúdenta .....	124
Landssamband ungmennafélaga.....	125
Félagsstofnun stúdenta.....	125
Fyrirtæki .....	126
Kjörstjórn og kosningar 2020 .....	126
Fundir Kjörstjórnar .....	126
Viðauki A – ársskýrslur sviðsráða .....	133
Sviðsráð Félagsvísindasviðs .....	133
Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs .....	137
Efnisyfirlit 137	
Störf sviðsráðs .....	138
Fulltrúar í nefndum HVS: .....	139
Viðburðir á vegum sviðsráðs .....	139
Verkefni sviðsráðs.....	140
HEILÓ fulltrúaráð .....	141
Fylgiskjöl. 141	
Sviðsráð Hugvísindasviðs.....	146
Sviðsráð Menntavísindasviðs .....	150
Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.....	153
Gagnlegar upplýsingar .....	153
Um sviðsráð .....	154
Ábyrgðarhlutverk innan sviðsráðs .....	154
Helstu áfangar og hagsmunamál ársins .....	155
Viðbrögð við Covid-19 .....	159
Nefndir og ráð.....	160
Viðburðir.....	164
Verklagsreglur.....	166
Skiptafundur .....	167
Viðauki B – Tillögur samþykktar af Stúdentaráði .....	168

---

Tillögur úr rafrænni atkvæðagreiðslu.....	197
Viðauki C – Lagabreytingatillögur.....	200
Viðauki D – Verklagsreglur SHÍ.....	222
1 Stúdentaráð.....	222
1.1 Hlutverk Stúdentaráðs skv. lögum .....	222
1.2 Verklagsreglur Stúdentaráðs.....	222
2 Sviðsráð .....	223
2.1 Hlutverk sviðsráða skv. lögum Stúdentaráðs .....	223
2.2 Verklagsreglur sviðsráða.....	223
3 Stjórn Stúdentaráðs .....	224
4 Skrifstofa Stúdentaráðs.....	224
4.1 Verklagsreglur vegna ráðninga á skrifstofu SHÍ .....	224
4.2 Verklagsreglur skrifstofu SHÍ .....	225
5 Fastanefndir Stúdentaráðs .....	225
5.1 Hlutverk fastanefnda.....	225
5.2 Verklagsreglur fastanefnda.....	226
6 Siða- og jafnréttisreglur.....	226
6.1 Siðareglur SHÍ.....	226
6.2 Afsögn eða brottvikning.....	228
7 Fundir Stúdentaráðs.....	229
7.1 Hlutverk Stúdentaráðsfunda skv. lögum.....	229
7.2 Verklagsreglur Stúdentaráðsfunda .....	229
8 Kjörfundur og skiptafundur .....	231
9 Stefnur Stúdentaráðs.....	232
9.1 Endurskoðun.....	232
10 Fjármál .....	232
10.1 Ársreikningur og endurskoðun .....	232
10.2 Fjármögnun samtakanna og fjárhagsáætlun .....	232
11 Verklag vegna ráðstefna og funda erlendis .....	233
12 Breytingar á verklagsreglum.....	233

---

Viðauki E – Samþykktar stefnur Stúdentaráðs .....	234
Stefna SHÍ í fjölskyldumálum .....	234
Stefna SHÍ í náms- og kennslumálum .....	237
Stefna SHÍ í jafnréttismálum.....	239
Stefna SHÍ í umhverfis- og samgöngumálum .....	244
Stefna SHÍ í fjármála- og atvinnulífsmálum .....	247
Stefna SHÍ í alþjóðamálum .....	249
Stefna SHÍ í lánasjóðsmálum .....	252

---



## ÁVARP FORSETA – ÞRAUTSEIGJA, ÁHRIF OG ÁRANGUR



Kæru Stúdentaráðsliðar, stúdentar, samstarfsaðilar og aðrir lesendur.

Það er viðeigandi að á hundraðasta starfsári Stúdentaráðs hafi verið í nógu að snúast og rödd stúdenta verið hávær í samfélagsumræðu. Afstaða Stúdentaráðs skiptir nefnilega samfélagið og íslenska þjóð máli og hefur nú gert það í heila öld.

Stúdentaráð mótmælti tanngreiningum við Háskóla Íslands á háskólasvæðinu og andstaða ráðsins við þátttöku skólans vegna þess bar árangur. Skólinn hætti því tanngreiningum á fylgdarlausum ungmennum og börnum og er mannúðlegri stofnun fyrir vikið. Loftslagsverkföllin héldu áfram og tók SHÍ, meðal annarra félaga, við nafnbótinni *Maður ársins* frá féttastofu Vísis, Bylgjunnar og Stöðvar 2 og viðurkenningunni *Samviskusendiherra* frá Íslandsdeild Amnesty fyrir framtakið. Nýtt lánasjóðsfrumvarp kom fram, fyrst sem frumvarp

um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna en svo undir heitinu Menntasjóður námsmanna og hefur SHÍ verið í forystu í almenningsumræðu um frumvarpið. Tekið var þátt í herferð vegna frumvarpsins og höfuðáhersla lögð á vaxtaþak, aukinn fyrirsjáanleika fyrir námsmenn og að ríkið eigi að fjárfesta í menntun. Stúdentaráð andmælti hugmyndum um hækkun skrásetningargjaldsins og fengu í kjölfarið loforð ráðherra um að hækkun myndi ekki ganga í gegn fyrir næsta skólaár. Þá var skrásetningargjaldið tekið til skoðunar í heild sinni af Stúdentaráði og vakin athygli á að gjaldið er margfalt hærra héraðs miðað við það sem tíðkast á Norðurlöndunum í opinbera háskóla. Við settum af stað ferli til að fá úr því skorið hvort gjaldið og kostnaðarliðir að baki því, standist í raun lög um opinbera háskóla og þarf að fylgja því vel eftir. Loksins var framkvæmd þjónustukönnun hjá LÍN eins og Stúdentaráð hefur kallað lengi eftir, nýjar stúdentaíbúðir voru teknar í gagnið og hafin var uppbygging við fleiri íbúðir með skóflustungu á Gamla Garðs reitnum. Háskóli Íslands fékk Grænfánann undir forystu stúdenta, þriðji sálfræðingurinn var ráðinn til starfa eftir þrýsing þess efnis, fulltrúar SHÍ héldu á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, 100 ára afmælisár Stúdentaráðs var opnað með veglegri afmælisveislu í Gamla bíó og áfram mætti telja. Með því að stikla hér á stóru og er augljóst að árið var afkastamikið og að árangurinn hefur sannarlega ekki látið á sér standa.

Allt framangreint átti sér stað fyrir mars mánuð en þá skall kórónuveirufaraldurinn, COVID-19, á með miklum þunga. Áhrif faraldursins á háskólasamfélagið voru mikil og setti það sinn svip á lok starfsársins. Þegar samkomubann tók gildi þann 16. mars lokuðu háskólabyggingar landsins. Þar með varð öll kennsla við HÍ stafræn og varð að ráðast í breytingar á námsmati, lokaprófum og lokaritgerðum. Stúdentaráð talaði fyrir því við háskólayfirvöld að breytingar í

HÍ skyldu vera námsmönnum í hag og var vakin sérstök athygli á stöðu foreldra og erlendra nema. Við gerðum kannanir á líðan nemenda í lok mars og voru niðurstöðurnar sláandi. Stúdentar voru undir verulegu álagi, upplifðu mikinn kvíða og fór óvissan illa í nemendur. HÍ bætti því í sálfræðipjónustu sína en þegar á leið urðu fjárhagsáhyggjur stúdenta meir og meir áberandi. Því framkvæmdi SHÍ aðra könnun vegna líðan stúdenta, fjárhagsstöðu og stöðu þeirra á vinnumarkaði. Í ljós kom að 40% stúdenta HÍ væru án atvinnu í sumar en í leit að starfi. Aðrir skólar fylgdu fordæmi ráðsins og framkvæmdu sambærilegar kannanir, sem sýndu fram á að það stefndi í mikið atvinnuleysi stúdenta sumarið 2020.

Síðustu vikur þessa starfsárs fóru því í baráttu fyrir fjárhagsöryggi og rétti stúdenta til atvinnuleysisbóta vegna sumarsins 2020, en fram til 1. janúar 2010 áttu stúdentar slíkan rétt. Stúdentaráð lagði fram sinn eigin aðgerðarpakka vegna kórónuveirunnar, þar sem kröfur ráðsins til ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaga, LÍN og HÍ komu fram. Hlustað var á hluta þeirra og því fagnað, en barist var ötullega fyrir þeim tillögum sem ekki fengu hljómgrunn strax, eins og fjárhagsöryggi fyrir námsmenn með atvinnuleysisbótum. Á fjölmörgum fundum með fulltrúum ráðuneyta og þeirra sem þessu fengu ráðið, kom fram skortur á vilja til að skapa fjárhagslegt öryggisnet fyrir stúdenta. Það er því erfitt að sleppa takinu á þessum tíma í miðjum slag. Ég er þó stolt af þeim árangri sem Stúdentaráð hefur skilað á þessum erfiðu tímum. Þar á meðal því að hlutabótaleiðin var útvíkkuð svo hún myndi grípa stúdenta, en þegar frumvarpið var fyrst lagt fram voru stúdentar alfarið undanskildir úrræðinu. Þá tók Félagsstofnun stúdenta vel við sér og átti ég gott samstarf við framkvæmdastjóra FS og stjórnarformann sem samþykktu aðgerðir til að koma til móts við stúdenta.

Ég treysti komandi forystu til þess að halda baráttunni áfram, ná árangri, fylgja málum fast eftir og tryggja að rödd stúdenta sé áfram hávær í samfélagslegri umræðu. Látum áfram í okkur heyra, höfum áhrif og náum árangri með jafnrétti til náms að leiðarljósi. Ég hvet stúdentaráðsliða til virkrar þátttöku, málefnalegra umræðna og að gefast aldrei upp.

Það hefur verið heiður að leiða baráttuna undanfarið ár og sinna málsvörn hagsmuna stúdenta, innan sem utan veggja skólans. Framtakssemi fólksins sem tekur þátt í starfi Stúdentaráðs með ýmsum hætti og sinnir hagsmunabaráttunni hefur verið til fyrirmyndar á erfiðum tímum og á hrós skilið. Þið megið vera stolt af ykkur.

Takk fyrir mig Stúdentaráð!

Jóna Þórey Pétursdóttir  
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2019-2020

*„Því hljóta hverjir þeir, sem að framförum vinna og vilja brjóta gamlan vana á bak, að búa sig við að hafa ekki ætíð almenningsálitið sín megin í fyrstu.“*

*Bríet Bjarnhéðinsdóttir*

## STÚDENTARÁÐ 2019-2020

### NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA 2019

Kosningar til Stúdentaráðs 2019-2020 fóru fram rafrænt á Uglu 6. og 7. febrúar 2019. Alls voru 13.182 manns á kjörskrá. Um 35.78% kusu, eða 4.716 einstaklingar.

- Á Félagsvísindasviði kusu 1.349 af 3.705 á kjörskrá, eða 36,41%.
- Á Heilbrigðisvísindasviði kusu 1.043 manns af 2.444 á kjörskrá, eða 42,68%.
- Á Hugvísindasviði kusu 686 manns af 2.319 á kjörskrá, eða 29,58%.
- Á Menntavísindasviði kusu 637 manns af 2.237 á kjörskrá, eða 28,48%.
- Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði kusu 1.001 manns af 2.148 á kjörskrá, eða 46,6%.

Röskva hlaut meirihluta atkvæða, eða 17 fulltrúa í Stúdentaráði og Vaka 10 fulltrúa.

### FULLTRÚAR Í SVIÐSRÁÐUM

Sviðsráð Stúdentaráðs eru fimm og mynda saman Stúdentaráð Háskóla Íslands. Starfsárið 2019-2020 var síðasta skiptið sem slík skipan sviðsráða var við lýði en starfsárið 2020-2021 verður tilnefnt í sviðsráð í samræmi við hlutfall kosninganiðurstaðna, og þurfa kjörnir fulltrúar ekki að taka sæti í sviðsráði nema þeir vilji.

Sviðsráðin vinna sjálfstætt innan sinna fræðisviða. Forseti sviðsráða situr fyrir hönd stúdenta í stjórn sviðsins, ásamt deildarforsetum og sviðsforseta. Þá sitja forsetar sviðsráða í stjórn Stúdentaráðs. Ársskýrslur sviðsráða er að finna í viðauka A, þar sem farið er yfir það starf sem unnið var innan sviðsráðanna.

#### Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs

- Eyrún Baldursdóttir (forseti, Röskva)
- Azra Crnac (Vaka)
- Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (Röskva)
- Vigdís Ólafsdóttir (Röskva)
- Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (Vaka)

#### Sviðsráð Hugvísindasviðs

- Ragnhildur Þrastardóttir (forseti, Röskva)
- Þórdís Dröfn Andrésdóttir (Röskva)
- Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (Röskva)
- Derek Terell Allen (Vaka)
- Dagur Fannar Magnússon (Röskva)
  - *Sagði af sér á haustönn 2019 og við tók Eva Ragnarsdóttir Kamban (Röskva)*

#### Sviðsráð Menntavísindasviðs

- Sigurður Vopni Vatnsdal (forseti, Röskva)
- Kolbrún Lára Kjartansdóttir (Vaka)

- Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (Röskva)
- Björnfríður S. Björnsdóttir (Vaka)
- Hrannar Rafn Jónasson (Röskva)

#### Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

- Ásmundur Jóhannsson (forseti, Röskva)
- Guðrún Karitas Blomsterberg (Vaka)
- Aðalbjörg Egilsdóttir (Röskva)
- Jessý Rún Jónsdóttir (Röskva)
- Einar Halldórsson (Vaka)

#### Sviðsráð Félagsvísindasviðs

- Ingveldur Anna Sigurðardóttir (Vaka)
- Róbert Ingi Ragnarsson (forseti, Röskva)
- Tinna Líf Jörgensdóttir (Röskva)
- Margrét Ósk Gunnarsdóttir (Vaka)
  - *Sagði af sér á haustönn 2019 og við tók Adda Malín Vilhjálmsdóttir (Vaka)*
- Úlfar Traustason (Vaka)
- Viktor Örn Ásgeirsson (Röskva)
- Lilja Guðmundsdóttir (Röskva)

#### FULLTRÚAR Á HÁSKÓLAÞINGI

Á Stúdentaráðsfundi 30. maí 2018 voru fulltrúar stúdenta á Háskólaþingi skipaðir af Stúdentaráði. Samkvæmt lögum Stúdentaráðs skipar Stúdentaráð 10 fulltrúa til Háskólaþings og fjóra til vara. Skipa skal 3 fulltrúa úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs og 7 skulu skipaðir úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs. Nýtt Stúdentaráð hafði ekki hafið regluleg fundarhöld og því héldu tilnefningar Stúdentaráðs frá 30. maí 2018 gildi sínu og voru boðaðir á Háskólaþing fyrir hönd stúdenta.

Aðalfulltrúar stúdenta á Háskólaþingi 2018-2019 voru:

- Jóna Þórey Pétursdóttir (tilnefning skrifstofu)
- Helga Lind Mar (tilnefning skrifstofu)
- Marinó Örn Ólafsson (tilnefning skrifstofu)
- Ingveldur Anna Sigurðardóttir (tilnefning Vöku)
- Margrét Ósk Gunnarsdóttir (tilnefning Vöku)
- Derek T. Allen (tilnefning Vöku)
- Eyrún Baldursdóttir (tilnefning Röskvu)
- Ásmundur Jóhannsson (tilnefning Röskvu)
- Sigurður Vopni Vatnsdal (tilnefning Röskvu)
- Rebekka Karlsdóttir (tilnefning Röskvu)

Varafulltrúar stúdenta á Háskólaþingi 2018-2019 voru:

- Kolbrún Lára Kjartansdóttir (tilnefning Vöku)
- Azra Crnac (tilnefning Vöku)
- Aðalbjörg Egilsdóttir (tilnefning Röskvu)
- Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir (tilnefning Röskvu)

Annar fulltrúi stúdenta í Háskólaráði sat einnig Háskólaþing.

## FULLTRÚAR STÚDENTARÁÐS Í RÁÐUM OG NEFNDUM

### FULLTRÚAR STÚDENTARÁÐS Í STJÓRN LÍN

Stúdentaráð skipar fulltrúa sinn í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) sem tekur við af fyrri fulltrúa þegar samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Fulltrúi Stúdentaráðs í stjórn LÍN gegnir embætti lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs. Varafulltrúi Stúdentaráðs í stjórn LÍN skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ með tilliti til jafnréttissjónarmiða og í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Fulltrúar Stúdentaráðs í stjórn LÍN skólaárið 2019-2020 voru því:

- Marinó Örn Ólafsson, aðalfulltrúi
- Jóna Þórey Pétursdóttir, varafulltrúi

### FULLTRÚI STÚDENTA Í STJÓRN FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs á að bera upp aðalfulltrúa og varafulltrúa saman til samþykktar Stúdentaráðs á tveggja ára fresti. Samkvæmt 3. gr. í reglugerð fyrir Félagssstofnun stúdenta (FS) við Háskóla Íslands kýs Stúdentaráð 3 menn og 3 varamenn til tveggja ára í senn í stjórn FS. Stjórn FS er skipuð 5 mönnum. Menntamálaráðuneytið skipar 1 mann og varafulltrúa hans til tveggja ára í senn og háskólaráð kýs 1 mann og varafulltrúa hans til tveggja ára í senn. Stúdentar skipa því meirihluta í stjórn FS. Síðast skipaði Stúdentaráð í stjórn 2017 og var því kominn tími á að skipa fulltrúa stúdenta að nýju vorið 2019.

Verklag um skipanir fulltrúa stúdenta hafa ekki verið festar í skorðum. Á fundi Stúdentaráðs þann 13. mars 2019 var borið undir Stúdentaráð tillaga um að skipun í stjórn FS skyldi lúta svipuðu verklagi og ráðningar starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs, þ.e. Stúdentaráð skyldi auglýsa formlega eftir umsóknum í stjórnina og að stjórn Stúdentaráðs 2019-2020 myndi svo taka umsóknirnar fyrir og velja þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í stjórn á grundvelli hæfniramma. Tillagan var einróma samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á fundinum. Í samræmi við tillöguna var svo unnið að skipun stúdenta í stjórn. Fulltrúar stúdenta í stjórn FS fyrir skólaárin 2019-2021 eru:

- Elísabet Brynjarsdóttir, varafulltrúi hennar er Jónas Már Torfason.
- Brynhildur Bolladóttir, varafulltrúi hennar er Linda Karlsdóttir.
- Pétur Marteinn Urbancic, varafulltrúi hans er Auður Tinna Aðalbjarnardóttir.

### FULLTRÚAR STÚDENTA Í FULLTRÚARÁÐI LÍS

Samkvæmt lögum Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) er fulltrúaráð þess skipað tveimur fulltrúum frá hverju aðildarfélagi sem tilnefndir eru á landsþingi. Hvert aðildarfélag tilnefnir á

landsþingi ár hvert einn fulltrúa sem situr í fulltrúaráði í tvö ár. Þá skulu aðildarfélög einnig tilnefna tvo varamenn fyrir fulltrúa sem gegna því hlutverki í eitt ár.

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands situr forseti Stúdentaráðs til tveggja ára í fulltrúaráði LÍS. Setan er fléttuskipulag og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár.

Fulltrúar stúdenta SHÍ í fulltrúaráði LÍS skólaárið 2019-2020 eru:

- Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs 2019-2020, skipuð til 2021. Varafulltrúi hennar er Rebekka Karlsdóttir (Röskva).
- Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs 2018-2019, skipuð til 2020. Varafulltrúi hennar er Kolbrún Lára Kjartansdóttir (Vaka).

#### FULLTRÚAR STÚDENTA Í FULLTRÚARÁÐI BN

Byggingafélag námsmanna ses, er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag. Að félaginu standa stúdenta- og nemendafélög eftirtalinna skóla sem eiga nú aðild að Byggingafélaginu: *Háskólinn í Reykjavík, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Listaháskóli Íslands og Tækniskólinn.*

Þau stúdenta- og nemendafélög sem eiga aðild eiga rétt til fulltrúa á fulltrúaráðsfundum BN. Stúdentaráð Háskóla Íslands á rétt á 4 fulltrúum á fulltrúaráðsfundum.

Fulltrúar SHÍ í fulltrúaráði BN skólaárið 2019-2020 voru:

- Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs.
- Jónas Már Torfason, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs 2018-2019
- Helga Lind Mar, framkvæmdastýra Stúdentaráðs 2019-2020
- Margrét Ósk Gunnarsdóttir, oddviti Vöku.

Kosið var til stjórnar stofnunarinnar ár hvert á aðalfulltrúaráðsfundi. Jóna Þórey Pétursdóttir forseti SHÍ var kjörin sem meðstjórnandi í stjórn BN fyrir hönd SHÍ og Benedikt Traustason varforseti SHÍ varafulltrúi hennar.

## FULLTRÚAR Í HÁSKÓLARÁÐI

Háskólaráð er æðsta stjórnvald Háskóla Íslands og stúdentar tilnefna tvo fulltrúa af ellefu sem eru skipaðir til tveggja ára í senn. Í febrúar 2018 var kosið í fyrsta skiptið síðan 2012 um fulltrúa stúdenta í háskólaráði í allsherjarkosningum meðal stúdenta Háskóla Íslands. Röskva og Vaka buðu því fram fulltrúa í háskólaráð á framboðslista árið 2018 sem stúdentar kusu um.

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði á þessu starfsári voru þau:

- Benedikt Traustason, tilnefndur af Röskvu. Varafulltrúi hans var Helga Lind Mar, tilnefnd af Röskvu
- Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, tilnefnd af Vöku. Varafulltrúi hennar var Jóhann Óli Eiðsson, tilnefndur af Vöku.

#### FULLTRÚAR STÚDENTA Í HÁSKÓLARÁÐI 2020-2022

Þar sem skipað er til tveggja ára í senn var kosið á ný 25. og 26. mars 2020 og buðu fylkingarnar fram fulltrúa. Alls kusu 3.339 stúdentar en á kjörskrá voru 13.595. Kjörsókn var því 24.59%

#### Fulltrúar stúdenta í háskólaráði starfsárið 2020-2022

- Isabel Alejandra Diaz (Röskva)
- Jessý Rún Jónsdóttir (Röskva)

#### Varafulltrúar stúdenta í háskólaráði

- Varafulltrúi Isabel er Þórhallur Valur Benónýsson (Vaka)
- Varafulltrúi Jessýjar er Marinó Örn Ólafsson (Röskva)

#### FULLTRÚAR STÚDENTA Í NEFNDUM HÁSKÓLARÁÐS

Stúdentar eiga fulltrúa í meirihluta nefnda Háskólaráðs. Stúdentaráð kys fulltrúa í þessar nefndir og allir stúdentar Háskóla Íslands geta boðið sig fram í nefndirnar þegar sætin losna. Yfirleitt er skipað í nefndirnar til tveggja eða þriggja ára í senn.

- Í skipulagsnefnd var skipað frá 2018 til 2020 og átti þar sæti Ari Guðni Hauksson.
- Í vísindanefnd var skipað frá 2017 til 2020 og átti þar sæti Skúlína Hlíf Kjartansdóttir.

Þá segja lög Stúdentaráðs að tilnefning FEDON taki sæti í vísindanefnd skólans og var því leitað til FEDON vegna þess.

#### Fulltrúar stúdenta í starfsnefndum háskólaráðs eru eftirfarandi:

- Gæðanefnd (skipuð frá 2018 til 2021): Pétur Marteinn Urbancic Tómasson
- Skipað var í vísindanefnd og skipulagsnefnd háskólasvæðisins á skiptafundi SHÍ 2020-2021 þar sem þessi ársskýrsla var kynnt.
- Jafnréttisnefnd (forseti jafnréttisnefndar SHÍ): Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir
- Kennslumálanefnd (forseti kennslumálanefndar SHÍ): Alexandra Ýr van Erven

#### Fulltrúar stúdenta í öðrum nefndum háskólaráðs eru eftirfarandi:

Ráð um málefni fatlaðs fólks (skipuð frá 2020 til 2023): Margrét Lilja Arnheiðardóttir

- Eftir fyrsta fund Margrétar með ráðinu var ljóst að nauðsynlegt var að auka rödd stúdenta við borðið í ráði um málefni fatlaðs fólks í Háskóla Íslands. Hófu forseti Stúdentaráðs og sitjandi fulltrúi stúdenta í ráðinu að vinna að því að breyta reglum háskólans til að tryggja sæti annars fulltrúa í ráðinu. Með góðu samstarfi við jafnréttisfulltrúa skólans var það hægt og breyttust reglurnar á vorönn 2020. Því auglýsti Stúdentaráð eftir öðrum fulltrúa af öðru kyni en kvenkyni og kaus Stúdentaráð loks um fulltrúann. Sá sem hlaut kjör:
  - Hossein Asadollahi (skipaður frá 2020 til 2023)

Sjálfbærni- og umhverfisnefnd (Samkvæmt 16. gr. laga stúdentaráðs situr forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ fundi): Aðalbjörg Egilsdóttir

Málnefnd (skipuð frá 2018 til 2021): Atli Jasonarson

#### FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS

## FÉLAGSLÍFS- OG MENNINGARNEFND

### Skipan nefndar

- Jessý Jónsdóttir (forseti)
- Freydís Þóra Þorsteinsdóttir
- Azra Crnac, maí 2019-október 2019
  - *Hrafnhildur Lára Ingvarsdóttir, október 2019-febrúar 2020*
  - *Derek T. Allen, frá mars 2020*
- Raket Sif Magnúsdóttir, maí 2019-október 2019
  - *Helga Sólveig Jensdóttir, frá október 2019*
- Crae Wilkins

### Skipulag nefndar

Fyrsti fundur nefndarinnar var 11. júní 2019 og var Benedikt Traustason, varaforseti Stúdentaráðs á þeim fundi. Þar var farið yfir þá viðburði sem nefndin hafði haldið árið áður. Raket Sif hafði setið í nefndinni 2018-2019 og kom hennar reynsla vel að notum. Fundað var nokkrum sinnum yfir sumarið og þegar fór að hausta og drög lögð að vetrinum. 9 eða 10 umsóknir voru í nefndina en ég mæli með að auglýsa eftir fimmta meðlim áður en fótboltamót er haldið, ef hægt, því helsta áskorun nefndarinnar var ónægur mannaflí og myndi muna mikið um að hafa auka aðila í nefndinni þegar mesta vinnan fer af stað um haustið.

Við funduðum reglulega í aðdraganda viðburða og vorum í góðu spjalli í gegnum Facebook. Forseti sá um að gæta þess að allt væri gert sem þyrfti og útteildi verkefnum. Það virkaði gríðarlega vel að Freydís tók að sér að mestu að pósta á eventa; pepp, skráningu og upplýsingum og tók mikið álag af því að það væri hringl á því hvenær og hver ætti að pósta. Nefndin fékk nokkra nýliða við sig á starfsárinu þar sem aðilar þurftu að segja sig úr nefndinni vegna skiljanlegra ástæðna.

Við auglýsingu allra viðburða notuðum við einnig Facebook hóp fyrir forsvarsfólk nemendafélaga við HÍ. Það þarf einnig að passa að hafa allar upplýsingar á íslensku og ensku til að gæta þess að alþjóðanemar geti líka kynnt sér viðburðina og frekar mætt.

[Hér má finna drive möppu](#) nefndarinnar þar sem flest skjöl sem notuð voru í starfi hennar eru.

### Viðburðir

Viðburðir ársins voru 7 talsins, en þó var Fyndnasti háskólaneminn þrír viðburðir í sjálfu sér, þ.e. tvö undankvöld og eitt úrslitakvöld. Því hélt nefndin í það heila 9 viðburði. Við gerðum event á Facebook fyrir alla viðburði og þar má finna hafsþjó af upplýsingum. Það má líka alltaf hafa samband við mig, Jessý, ef það er eitthvað óljóst um framkvæmd viðburða síðasta árs og ég er meira en til í að aðstoða nýja nefnd eins og kostur er. Áminning sem á við fyrir alla viðburði: taka myndir og pósta á event eftir á! Nefndin skiptir gríðarlega miklu máli í sýnileika SHÍ og það er svo gaman að sýna bæði þeim sem tóku þátt, og öðrum sem eru í skólanum, að það er félagslíf sem sameinar alla og öll nemendafélög og svið. Líka gaman fyrir þátttakendur viðburða að eiga myndir, sérstaklega af Fyndnasta háskólanemanum og Fótboltamótinu.

### Nýnemamót SHÍ

Nýnemamót SHÍ var haldið 6. september og var það fyrsti viðburður ársins hjá nefndinni. Skrásetning fór fram í gegnum google form og var auglýst miðvikudaginn 28. ágúst og fór í loftið 30. ágúst, viku fyrir mót. 12 lið skráðu sig til leiks og var sett upp í 4 riðla. Skráning gekk



afar vel í ár og voru á bilinu 100-120 einstaklingar skráðir. Þarna skipti sköpum að senda beint á nemendafélög og herja á forseta eða aðra stjórnarmeðlimi þeirra á Facebook (kemur sér vel að þekkja til nemendafélaganna!). Óskað var eftir skráningu 7-10 liðsmanna þar sem 7 voru inni á vellinum hverju sinni og því möguleiki á að hafa þrjá varamenn. Það er mjög gagnlegt að skoða viðburðinn á Facebook til að sjá hvernig þetta var sett fram. Gert var ráð fyrir 20 mínútum í hvern leik, með undirbúningstíma og voru 6 mínútur fyrir hálfleik og 6 mínútur eftir hálfleik (ef mig minnir rétt!). Spilað var á tveimur völlum samtímis. Óskað var eftir dómurum frá bæði Vöku og Röskvu og gekk vel að fá dómara. Azra tók boltann í uppsetningu riðla þar sem hún hafði reynslu af slíku og gekk mjög vel. Mikilvægt er að vera með góðan tíma til þess að fá sjálfboðaliða til að skrá sig á dómgæslu.

Við gerðum kynningarmyndband og Ásvaldur Sigmar var til í að taka upp fyrir okkur og klippa myndbandið listilega vel. Við fengum sjálfboðaliða úr báðum fylkingum til að leika í því. Það kom vel út og gerðum við flotta cover mynd á viðburðinn líka. Ég tel svona hluti skipta miklu máli þegar það er verið að auglýsa til að skapa pepp og sýna metnaðinn í kringum viðburðinn.

Haft var samband við Þrennu upp á vinninga og Red Bull. Einnig fengum við soundboks frá Þrennu sem eru regnheld og gerði góða stemningu, sem og skemmtilega vinninga fyrir fyrstu þrjú sætin. Teymi frá Red Bull mætti með orkudrykki fyrir þátttakendur og svo fengum við einnig vinninga frá þeim fyrir sigurliðin.

Veðrið lék ekki við okkur og var grenjandi rigning um morguninn þegar uppsetningin var í vinnslu. Við fórum af stað kl. 08:00 til að sækja mörkin. Ég hafði samband við Val í byrjum ágúst upp á að fá lánuð mörk og það gekk ekki áfallalaust fyrir sig þegar á hólminn var komið eða að ná tali og samþykki frá Val, það var erfitt að fá staðfestingu og svo þegar við mættum með bíl þá voru óljós skilaboð til þess að við reyndum að taka mörk sem við máttum svo ekki fá. Þarna mætti reyna að fá hlutina enn meira á hreint, en þó verð ég að segja að ég gerði allt sem í mínu valdi stóð til að fá upplýsingar en þetta fór ekki betur en svo. Við vorum fjögur sem tókum á móti mörkunum og aðstoðuðum bílstjórann við að ná mörkum af velli Vals. Við fengum bíl með krana þar sem það auðveldaði verkið töluvert. Við lentum í því óláni að kraninn bilaði þegar hann var að koma með fyrstu tvö mörkin og þá voru góð ráð dýr! Bílstjórinn á trukknun hugsaði í lausnum og reddaði félagan sínum til að fara með sér og sækja hin tvö mörkin á öðrum kranabíl þar sem kraninn var óvirkur á hans bíl. Þarna reyndi mikið á að láta allt ganga upp og ræsti ég liðsauka út til að fá til að aðstoða mig við að setja upp vellina (Ásmundur). Við vorum tvö að setja upp fyrsta völlinn draga þessi þungu mörk marga metra. Það þarf að áréttta vel kostnað við bílinn í upphafi þar sem það skolaðist aðeins til og þurftum við að lokum að greiða meira fyrir bílinn en við gerðum ráð fyrir í upphafi þar sem það þurfti að ræsa annan út. Ég ítreka að vera með allt svona baktryggt þrisvar, með kostnað og annað, svo það komi síður upp.

Þarna kom í ljós vankantar á því að vera einungis 4 í nefndinni, en 5 meðlimur hafði ekki verið tekinn á þessum tíma. Ein okkar var í vinnu og önnur í prófi og því voru einungis tveir nefndarmeðlimir lausir um morguninn til að setja upp, en við fengum tvo félagan með og svo var Ási ræstur út þegar upp komu vandræðin með bílinn og ég (Jessý) var ein með mörkin í HÍ. Í heildina gekk viðburðurinn virkilega vel þó vissulega hafi komið upp áskoranir í framkvæmd, þá urðu þátttakendur ekki vöru við það og skapaðist með eindæmum góð stemning.

## **Mínútuleikar á Októberfest**

Daginn eftir voru svo Mínútuleikar á Októberfest. Þeir eru hugsaðir sem fyrirpartýsstemning fyrir nemendafélög þar sem var skráning fyrir nemendafélögin í gegnum google forms. Skráningin var ekki eins góð og við hefðum viljað en 8 lið mættu en aðeins fleiri skráðu sig til leiks. Passa að lið mæta og heyra í þeim daginn á undan (ég sendi SMS daginn áður og minnti á). Við fengum bjór frá Ölgerðinni í styrk og bíomiða í verðlaun frá Nova sem var að styrkja hátíðina. Viðburðurinn fór fram í einu tjaldinu. Við gerðum low-budget (afsakið slett!) kynningarmyndband og klipptum sjálfar í kynningarefni. Ákveðnar voru þrjár þrautir og sem fyrr var óskað eftir liðsauka frá fylkingum til að taka tíma. Við fengum 2 til að aðstoða við tímatöku á viðburðinum sjálfum, sem reyndist nóg, í ofanálag við okkur fjórar sem þá vorum í nefndinni.

Þrautirnar voru:

1. Nóa Kropps leiknum
2. Rage Cage
3. Flip the Cup

Við fengum að kaupa lítinn farandbikar á litlar 4000kr (að mig minnir) sem er skemmtilegt. Jafnvel þó skráning var ekki með besta móti (og mér skilst að hún hafi ekki verið það árið áður heldur) þá skemmtu liðin sem mættu sér konunglega og viðburðurinn gekk vel. Það mætti aftur á móti endurskoða þessa leika með það í huga að margir eru á leið í fyrirpartý sjálfir og því ekki endilega þörf á þessu – þetta er þó bara vangavelta og ábending sem kom einnig upp þegar við skipulögðum viðburðinn. Það má vel halda hann en stilla væntingum í hóf með skráningu vegna annarra uppákoma hjá fólki.

Við fengum aðgang að svæðinu fyrr því fyrir tveimur árum var þetta eftir að svæðið opnaði og gríðarlega mikið af fólki inn í tjaldinu.

### Vísó í Stúdentaráð

Þessi viðburður var samþykkt að hrinda í framkvæmd innan Stúdentaráðs og það sem hann er sko (vonandi) kominn til að vera! Og var hann samstarf fél- og menn og skrifstofunnar. Skrifstofan sá um að panta Stúdentakjallarann, og var miðað við dagsetningu þar sem MVS var í staðlotu, og panta mat af barnum og fá kúta. Ölgerðin styrkti í kútum og Kjallarinn (ef ég man rétt). Forseti nefndarinnar fór á fund með forseta SHÍ og þær ræddu hvernig útfærsla væri best, svo fór forseti nefndar áfram með hugmyndir til annarra nefndarmeðlima og fékk gagnrýni og samþykki fyrir útfærslunni.

Nefndin var í samskiptum við Þrennu upp á vinninga, iPhone og merch o.fl., og svo var happdrætti og Kahoot. Við sendum ARAGRÚA af emailum til að redda vinningum og voru þeir ansi veglegir. Við skiptum upp í pakka í happdrættinu sem voru hrikalega skemmtilegir og stemningsskapandi. Jessý bjó og hélt gríðarlega skemmtilegt Kahoot (þó ég segi sjálf frá) og Jóna hélt tölu í upphafi um SHÍ og starfsemina. Það var þæling að reyna að koma skrifstofu SHÍ inn í þetta, s.s. ferð þangað upp, til að gera hana opnari og aðgengilegri en það náðist ekki að útfæra það smurt svo því var sleppt. Skráningarfyrirkomulag má finna á event. Það var flott aðsókn EN ég vil **ítreka** hér að ákveða í upphafi (helst um sumarið) hvaða dagsetningar á að halda vísindaferðirnar til að láta nemendafélög vita svo þau geti sett í sína dagskrá og tekið daginn frá.

Þróunarhugmynd fyrir viðburðinn: halda vísindaferð hvers fræðasviðs í Stúdentaráð! Nú tala ég af eigin reynslu af nemendafélagsstörfum á VoN, en það getur verið gaman að gera eitthvað

saman í krafti fjölda nemendafélaga eftir vísindaferðir sem farið er saman í, t.d. áfram á heimabær. Ég held það kæmi líka vel út ef allir af skrifstofunni myndu mæta og kynna sig svo andlitin væru nemendum kunn og tækifærið nýtt til að kynna starfsfólk hennar.

### **Partýbingó SHÍ og Þrennu**

Segar hér var komið við sögu leið nefndarmeðlimum smá eins og nefndin snerist um að senda pósta og redda vinningum, þar sem vísó var nýafstaðið. Ég mæli með að í upphafi sé bara allsherjar vinningsöfnun fyrir starfsárið sem svo er útdeilt, í stað þess að taka alltaf stórar skorpur inn á milli og klára upp vinninga.

Þrenna kom sem fyrr með merch vinninga og reddaði líka Bingóhöldurinum Villa Netó og Fjölmi Gísla (sem kom svo í ljós að kunnu ekki alveg bingó, en það reddaðist). Þau komu líka með beerpong sem fór af stað og var skráning í eftir bingóið. Þrenna keypti bjór og var auka bjór og bingóspjald ef þú gast sýnt fram á að þú værir í Þrennu.

Við byrjuðum á að gefa spjöldin og seldum svo. Við pöntuðum 250 eða 300 spjöld sem kostaði um 11.000 kr ca. og mæli ég með því að gera það aftur þar sem það einfaldar allt. Það mætti byrja að selja fyrr til að svara kostnaði leigu spjaldanna, við fengum um 6.000kr í tekjur af spjöldunum en það voru afar fá spjöld eftir þegar við hófum sölu á þeim. Öll spjöldin kláruðust og aðsókn var gríðarlega góð! Færri komust að en vildu og var mjög þéttsetið. Bingóvél fékk ég að láni í vinnunni svo hana þurfti ekki að leigja.

Viðburðinn gekk með eindæmum vel.

### **Jólaþakósý á Kjallaranum (var ekki haldið)**

Við höfðum hugsað okkur í upphafi starfsárs að hafa jólaþakósý á Kjallaranum, mynd og notalegheit í prófastressinu. Hörfuðum frá því þegar báðar fylkingar voru með slíka viðburði og töldum það ekki nógu góð afsökun að halda viðburð til að halda viðburð.

### **Vísó í Stúdentaráð vol. II**

Við auglýstum sérstaklega fyrir alþjóðanema og í þeim grúbbum á Facebook og því var hér bæði Kahoot snarað á ensku líka og svo kynning Jónu á ensku. Þetta var flott og mér finnst KJÖRIÐ að vera með vísó alla á ensku þar sem einblínt er að fá alþjóðanema og aðra enskumælandi til að koma og kynna sér ráðið!

Við vorum með vinninga og iPhone sem fyrr þó þeir voru ekki alveg jafn margir og í fyrra vísóinu, en það var frekar að þeir hefðu verið gríðarlega margir í fyrra vísói en of fáir hér. Viðburðurinn gekk vel og miðuðum við aftur við tímasetningu þar sem MVS var í staðlotu. Ítreka hugmyndirnar sem standa í textanum við fyrra vísó hér fyrir ofan.

### **Vísó í Þrennu**

Við sáum um að gera eventinn og auglýsa skráningu. Mjög farsælt samstarf við Þrennu hér, sem og fyrr, og þau gríðarlega ánægð með mætingu og að frumkvæði að auglýsa á instagram miðli SHÍ. Við fylltum 250 sæti sem var frábært þar sem þetta var bara HÍ og hún gekk mjög vel fyrir sig og allir sáttir. Vegleg vísó og Þrenna að standa sig.

### **Fyndnasti Háskólaneminn**

Við vorum í samstarfi við Landsbankann eins og áður. Mesta áskorunin við viðburðinn var að gæta þess að keppnin hefði nógu marga þátttakendur en á endanum tóku 10 aðilar þátt sem var frábært – en það krafðist mikillar vinnu að fylla þau sæti. Einnig var smá basl með upptökur fyrir myndefnið. Landsbankinn sá um það og það gekk vel, en við fengum myndböndin ekki nógu snemma til að geta skipulagt útgáfu þeirra eins og við hefðum viljað. Það kom vel út en

óparfa stress svo myndi klárlega mæla með það taka upp fyrr og hafa það tilbúið. Vera komin með allt nokkrum dögum áður en það á að birta það. Hérna vorum við líka heldur sein að negla dagsetningu með Landsbankanum, væri gott að gera það fyrr næst og var smá áskorun því dómaramirnir voru uppteknir/erlendis, þ.e. að finna tíma sem hentaði Stúdentakjallaranum líka. Þetta var á endanum undankvöld 1 og 2 á þriðjudegi sitt hvorrar vikunnar og svo lokakvöld fimmtudaginn í sömu viku og undankvöld 2. Vel sóttur viðburður og þá áberandi á undankvöld 2 og lokakvöld. Mjög flottar myndir voru teknar af viðburðinum.

Ábending var í skýrslunni í fyrra að gæta þess að hafa kvendómara og voru dómaramirnir Saga Garðars, Jóhann Alfreð, Jakob Birgis og Sigurður Bjartmar sem var fyndnasti háskólaneminn 2019. Það voru einnig peningaverðlaun fyrir 2 og 3 sætið sem Landsbankinn var til í að gefa til viðbótar við 100.000 kr. fyrir fyrsta sætið. Ingvar hjá Landsbankanum var að sjá um þetta í fyrsta skiptið svo þetta mun bókað ganga betur á næsta ári. Frábær viðburður en helsta áskorun að fá þátttakendur, þeir koma líka seint í skráninguna (síðustu 48 klst. áður en lokaði fyrir skráningu komu flestar umsóknirnar). Ég sendi SMS á alla keppendur og minnti á skipti á undankvöld og svo sendi ég líka og minnti á samdægurs og gekk úr skugga um að allir keppendur væru mættir tímanlega svo ekkert færi úrskaiðis þar.

## Lokaorð

Í heildina gekk árið vel og gengur nefndin sátt frá borði. Heldur mikið álag getur verið í aðdraganda og framkvæmd viðburða þar sem nefndarmeðlimir eru 5 og ef einhverjir forfallast eykur það álag á aðra. Ég tel að það mætti skoða að stækka nefndina þar sem viðburðirnir eru stórir og nauðsynlegt að hafa mannafla til að keyra viðburðina vel. Ég reyndi að gera það á starfsárinu en náði ekki að fara lengra með það. Þegar lítið er um öxl núna mætti alveg skoða það að auglýsa viðburðina aðeins eftir á, t.d. pósta á SHÍ Facebookið og vekja athygli á því að það sé SHÍ sem er að standa fyrir.

## FJÁRMÁLA- OG ATVINNULÍFSNEFND

### Skipan nefndar

Í fjármála- og atvinnulífsnefnd 2019-2020 sátu:

- Adda Malín Vilhjálmsdóttir (forseti)
- Birta Eik F. Óskarsdóttir
- Lenya Rún Taha Karim
- Mikael Berg Steingrímsson

Nefndin samanstóð af tveim fulltrúum frá Vöku og tveim frá Röskvu.

Nefndin tekur til meðferðar fjármál stúdenta auk tengsla þeirra við atvinnulífið. Markmið nefndarinnar er að skapa mikilvæga tengingu stúdenta við atvinnulífið, tengingu sem helst til framtíðar.

### Verkefni

**Stefnumótunarferð SHÍ.** Forseti nefndarinnar var borðastjóri í stefnumótunarferð SHÍ. Á því borði var rætt um starfsnám innan Háskólans og Atvinnudaga. Markmið umræðunnar var að fá tilfinningu fyrir afstöðu Stúdentaráðsliða gagnvart starfsnámi og hvernig væri hægt að auka framboð af starfsnámi. Markmið umræðunnar um Atvinnudaga var að fá hugmyndir um viðburði og markaðssetningu. Niðurstöður stefnumótunarferðarinnar voru að flestir

stúdentaráðsliðar vildu bæta starfsnám við HÍ og fylgja stefnu LÍS í ólaunað vs. launað starfsnám. Enginn niðurstaða var varðandi Atvinnudaga en almennt fannst fólki að nefndin ætti að vinna með sviðsráðum og nemendafélögum við skipulagningu Atvinnudaga.

**Breyting á stefnu.** Aðallega orðalagsbreytingar og bætt við stefnu varðandi fjármál stúdenta, fyrri stefna einblíndi á atvinnumál.

**Könnun um vinnu eftir nám.** Nefndin ætlaði að leggja fyrir könnun fyrir útskrifaða nemendur úr Háskólanum um hvort fólki fengi almennt vinnu við eitthvað tengt náminu sínu eftir nám. Vorum við búin að tryggja fjárhagsstyrk til að leggja fyrir könnunina og semja helstu spurningar en erfiðlega gekk að finna fyrirtæki/stofnun til að leggja fyrir könnunina. Adda Malín og Birta Eik fóru og hittu starfsmann Gallup, honum leist vel á hugmyndina en vildi samt ekki leggja hana fyrir og benti okkur á að tala við Félagsvísindastofnun. Þá hafði Adda Malín samband við þau, þeim leist vel á könnunina, áttum í tölvupóstsamskiptum við þau í nokkurn tíma, sóttum um leyfi til nemendaskrár til að fá lista yfir útskrifaða nemendur, allt klappað og klárt til að leggja könnunina fyrir. Þá fengum við fyrst að vita Rektor lætur framkvæma svipaða könnun á hverju ári fyrir útskrifaða nemendur en þar er ekki spurt hvort nemendur fái starf tengt sínu námi, aðeins hvort fólk fái starf að loknu námi, því átti mögulega að vera bætt inn í næstu könnun. Við báðum ekki um aðgang að könnuninni en það ætti að vera hægt.

**Atvinnudagar.** Stærsta verkefni nefndarinnar, voru haldnir 13.-17. janúar 2020 og voru þá aðeins vika en ekki tvær eins og árið áður. Vinna og undirbúningur byrjaði strax í september og hittist öll nefndin þrisvar í september og október að tala um mögulega viðburði. Í Október höfðum við samband við Jónínu hjá NSHÍ þar sem hún var með árið áður og gat leiðbeint okkur og verið okkur innan handar. Adda Malín og Birta Eik fóru á nokkuð marga fundi með henni frá október og fram í janúar. Á hverjum degi alla vikuna var eitthvað um að vera. Mánudagurinn byrjaði með pepp fyrirlestri frá Pálmari Ragnarssyni á Litla Torgi. Jónína prófaði að senda fyrirlesturinn live á Facebook síðu Náms- og starfsráðgjafar og gekk það ágætlega. Á þriðjudeginum var viðburður sem bar heitið „Hin fyrstu kynni gleymast ei! Ferilskrá og LinkedIn“, fyrirlestur um ferilskrágerð frá Jónínu frá NSHÍ og Gyðu Kristjáns frá Hagvang fjallaði um LinkedIn. Sá viðburður gekk mjög vel, fólk spurði mikið sem var ánægjulegt, nánast öll sæti í HT 101 voru setin og heyrðist mikil ánægja frá fólki eftir á. Um kvöldið á þriðjudeginum var heimsókn í Landsbankann líkt og árið áður. Það var vel mætt, Landsbankinn tók vel á móti okkur, Lilja Björk Einarsdóttir bankastjóri mætti og sagði okkur hvernig hún komst í þá stöðu og fór yfir ferilinn sinn sem var mjög skemmtilegt og áhugavert. Á miðvikudeginum var CV-klíník hjá Náms- og starfsráðgjöf. Við prófuðum nýtt fyrirkomulag í því og sátu sérfræðingar klíníkarinnar frammi á Háskólatorgi í hádeginu, fólk gat þá bæði bókað tíma eða stoppað hjá þeim sem mæltist vel fyrir og gekk klíníkin mjög vel og var stöðugur straumur af fólki allan tímann. Á fimmtudeginum var viðburður um mikilvægi tengslamyndunar í boði Elísabetar Sveinsdóttir. Þá var aftur CV-klíník í boði og einnig aðstoð við LinkedIn uppsetningu í tölvuveri. Á fimmtudeginum átti að vera önnur heimsókn, þá í Vísindagarða en náðist ekki næg þátttaka svo við hættum við. Á föstudeginum var svo nýtt námskeið „Kveikja“ haldið í fyrsta skipti fyrir þriðja árs nemendur af öllum sviðum og deildum. Námskeiðið hvílir á þremur grunnstöðum: nýsköpun, starfsþróun og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Námskeiðið gekk að því sem ég best veit vel og mun halda áfram. Atvinnudagar gengu ágætlega í ár en Háskólinn borgaði ekki auglýsingar á Facebook eins og þeir höfðu gert árið áður, teljum við mikilvægt að skólinn eða SHÍ muni borga fyrir auglýsingar á viðburði eins og þessa til að ná til sem flestra í skólanum og auka sýnileika.

Fyrirlestrar/viðburðir utan atvinnudaga. Planið var að halda fræðslukvöld í samstarfi við Landsbankann á vorönn. Það varð því miður ekkert úr því vegna Covid-19.

## FJÖLSKYLDUNEFND

### Skipan nefndar

Í fjölskyldunefnd 2019-2020 sátu:

- Sara Björg Kristjánsdóttir– forseti
- Tinna Alicia Kemp
- Anna Margrét Arnarsdóttir
- Guðný Björk Proppé
- Valdís Erla Björnsdóttir

### Hlutverk

Fjölskyldunefnd fer með hagsmunamál fjölskyldufólks og þeirra stúdenta sem eru foreldrar við Háskóla Íslands. Nefndinni er ætlað að gæta hagsmuna foreldra í námi og barna þeirra. Meðal þess sem nefndin berst fyrir er að sérstakt tillit sé tekið til foreldra í námi, hvað varðar námslán, leikskólavist, fæðingastyrk og sveigjanleika í námi. Nefndin tryggir að foreldrar geti mætt með börn sín í skólann og að lágmarks búnaður sé í hverri byggingu, svo sem barnastólar og skiptiborð. Nefndin passar að virkt eftirlit sé með því að ekki séu kennd skyldufög í háskólanum eftir að leikskóla lýkur á daginn eða um helgar. Nefndin sér einnig um skipulag ýmissa námskeiða og uppákoma fyrir börn og foreldra.

### Starfsárið

Nefndin byrjaði á því að móta og útfæra stefni SHÍ í fjölskyldumálum. Helstu breytingar sem gerðar voru á stefnunni voru að í fyrsta lagi að kanna yrðu möguleikar að hægt væri að gera fæðingarstyrk námsmanna notendavænni, m.a. með meiri sveigjanleika á greiðslu styrksins. Í öðru lagi var sett á stefnuskrá að kanna möguleika á að leikskólar FS gætu boðið foreldrum upp á meiri sveigjanleika þegar kemur að skipulagi sumarfríu barna. Í þriðja lagi var lögð áhersla á að foreldrar í námi gætu fengið hærra frítekjumark hjá LÍN, miða við fjölda barna og hvort viðkomandi foreldri er einstætt foreldri eða ekki, og hvort foreldrum í námi gæti boðist auka mánuður í framfærslu ár hvert vegna lögbundins sumarfrís barna frá leikskólum. Fleiri breytingar á stefnu SHÍ er hægt að sjá í tilheyrandi skjali SHÍ, undir nafninu Stefna SHÍ 2019-2020. Stefnan var samþykkt einróma á stúdentaráðsfundi haustið 2019, en forseti nefndarinnar kynnti stefnuna fyrir stúdentaráði.

Ekki þurfti að bæta aðstöðu fyrir barnafólk í byggingum háskólans, en barnastólar og skiptiborð er að finna í öllum byggingunum vegna þess að nefndin sem sat á starfsárinu 2018-2019 sá til þess.

### Viðburðir

Í samvinnu við sviðsráð Menntavísindasvið tók fjölskyldunefnd þátt í að halda svokallaðann “Pop up leikvöll” í byggingu HÍ í Stakkahlíð, þar sem safnað var endurvinnanlegum efnavið til föndurs, bókasafn Stakkahlíðar lánaði harðspjalda bækur, leikskólakennaradeildin lánaði einingakubba og skrifstofa HÍ í Öskju gaf okkur pappírslímbönd fyrir föndrið. Viðburðurinn

heppnaðist vel og var mæting vonum framar. Samstarfið milli Sviðsráðs Menntavísindasviðs og Fjölskyldunefndar heppnaðist vel, og voru sammál um að halda sambærilegan fund á vorönnin. Úr því varð ekki vegna Covid-19 faraldursins.

Hið árlega jólaball var haldið föstudaginn 27. desember k. 16:00 á Háskólatorgi. Ballið er samstarfsverkefni Stúdentaráðs og starfsmannasviðs HÍ en ballið er fyrir börn stúdenta og starfsfólks. Á ballinu voru skemmtiatriði frá Langlegg og Skjóðu, jólasveinar komu og dönsuðu með börnunum í kringum jólatré og gáfu í lokinn nammipoka. Stúdentaráð lagði fram veitingar (djús, vatn, mandarínur og piparkökur) sem var pantað í gegnum Hámu. Á ballinu sjálfu voru svo tveir fulltrúar frá Fjölskyldunefnd SHÍ og einn fulltrúi starfsmannasviðs HÍ á staðnum til að setja upp veitingarnar og ganga frá með starfsmannasviði eftir ballið. Það var góð mæting, bæði hjá nemendum og starfsfólki HÍ.

Nefndin lagði mikla áherslu á að endurvekja Fjölskyldubíó, og var markmiðið að halda viðburð með barnabíó í stúdentakjallaranum tvisvar til þrisvar á hvorri önn starfsársins. Ekki varð úr því, en nefndin hafði m.a. talað við Stúdentakjallarann tvisvar upp á dagsetningar, og var m.a. búið að festa dagsetninguna 14. október. Háma var búin að samþykkja að poppa fyrir börnin. Eina sem stóð í vegi fyrir viðburðinum var að nefndin var búin að hafa samband við Ölgerðina, sem ætlaði að styrkja viðburðinn með því að gefa djús. Svar barst ekki, en nefndin hafði samband mjög oft við Ölgerðina og framkvæmdarstjóra SHÍ, sem einnig átti erfitt með að fá svör frá tengiliði okkar í Ölgerðinni. Því var viðburðurinn settur á bið, m.a. vegna þess að próftið var að hefjast.

#### Hagsmunamál

Nefndin setti leikskólamál í forgang á starfsárinu, og þá fyrst og fremst að berjast fyrir sveigjanlegu sumarfrí barna á leikskólum FS. Horft var til þess að Reykjavíkurborg hóf árið 2019 tilraunaverkefni, sem standa ætti yfir í 4 ár, að bjóða foreldrum upp á að velja hvenær börn þeirra færu í sumarfrí frá leikskóla, innan tiltekins tímabils (1.maí - 31. ágúst). Garðabær hefur boðið upp á slíkt fyrirkomulag í mörg ár, og fleiri sveitarfélög eru að innleiða sambærilegt kerfi. Nefndin átti þrjá fundi við leikskólastýru FS þar sem þessir möguleikar voru ræddir. Fyrst um sinn var ekki vel tekið í þetta, en síðar virtust þessar kröfur nefndarinnar vera raunhæfar, og leikskólastýra FS talaði um að þetta gæti orðið raunhæfur möguleiki í fyrsta lagi árið 2021. Fráfarandi nefnd vonar að ný nefnd haldi áfram að vinna á þessum málum, í samvinnu við FS.

Svo fór nefndin í rannsóknarvinnu á fæðingarstyrk fyrir námsmenn. Það kom í ljós að raungreiðsla er mun lægri en framfærsla LÍN, m.a. vegna þess að hann er greiddur út sem skattskyldur styrkur, og er því lægri en framfærsla LÍN eftir að það er búið að draga skatt frá greiðslunni, og hann hefur lítið hækkað síðustu ár. Ekki er hægt að skipta honum upp, t.d. fá 50% af greiðslunni í 12 mánuði, eða fá greiðslur í 3 mánuði af styrknum, svo taka „hlé“ tímabundið og fá svo greiðslur í 3 mánuði seinna, það sem eftir er af styrknum. Nefndin var byrjuð að útfæra kynningarherferð á fæðingarstyrknum, en ætlunin var að vekja athygli á honum á Instagram og Facebook.

Helstu hagsmunamál á vorönninni voru hagsmunamál foreldra í námi á meðan samkomubann vegna Covid-19 faraldursins stóð yfir, og þá fyrst og fremst vegna skertrar leikskólaþjónustu á þessu tímabili. Fjölskyldunefnd útfærði tillögur til úrbóta sem sendar voru á Aðalheiðar Jóhannsdóttur, deildarforseta Lagadeildar, Daða Más Kristóferssonar, forseta

Félagsvísindasviðs, Kennslusviðs Háskóla Íslands og Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands:

1. Að foreldrar sem eru einstæðir eða eru mikið einir með börnin sín vegna þess að maki þeirra sinnir fullri vinnu eða er frá, geti valið um það að fá “staðið” í þeim námskeiðum sem þeir hafa náð fullnægjandi árangri í, í hlutaprófum og verkefnum yfir önnina.
2. Að foreldrum sem eru einir með sín börn verði veitt enn meira svigrúm í lokaprófum ef þeir sækjast eftir því hjá sínum umsjónarkennara. Þessar aðstæður geta verið mjög streituvaldandi fyrir foreldrum og jafnvel börnum þeirra í þessum aðstæðum. Hægt væri til dæmis að veita lengri próftíma, og að kennarar muni sérstaklega senda póst um þetta á alla nemendur. Við leggjum til að foreldrar sem munu óska eftir þessu, fá tíma frá 9:00 til miðnættis að skila sinni prófurlausn. Þá getur foreldri fínþússað sína prófurlausn í næði eftir að börnin eru t.d. sofnuð.
3. Þeir foreldrar sem eiga að útskrifast í vor geti fengið val um að fresta útskrift án endurgjalds, þ.a.s. að þurfa ekki að greiða skólagjöld fyrir næstu önn.

Aðalheiðar Jóhannsdóttur, deildarforseta Lagadeildar, svaraði bréfinu um leið og hringdi í forseta nefndarinnar, þar sem henni var tjáð að útilokað væri að komast á mót við kröfu nr. 1, krafa nr. 3 var nú þegar uppfyllt (nemendur við HÍ þurfa ekki að greiða skráningargjöld fyrir annað skólaár ef þeir ætla að útskrifast í síðasta lagi í október það ár), en Aðalheiður var viljug til að tala fyrir kröfu nr. 2. Hún kynnti þessa tillögu á deildarfundi Lagadeildar strax daginn eftir og var niðurstaðan sú að þeir foreldrar sem eru í námi gætu haft samband við sinn umsjónarkennara og fengið að færa sinn 8 klst. glugga til að leysa prófið eftir hentisemi, þ.a.s. í staðinn fyrir að hafa glugga milli 9:00 til 17:00, er möguleiki fyrir nemendur að biðja um að glugginn hefjist seinna um daginn, t.d. kl. 16:00 til 24:00, ef viðkomandi á von um að hafa meira næði á þeim tíma sólarhringsins. Öllum nemendum lagadeildar var sendur tölvupóstur um þessa úrbót í próftíð vegna samkomubanns, og er Fjölskyldunefndin mjög sátt með þessa úrbót!

Hins vegar hefur nefndinni enn þá ekki borist nein svör frá öðrum deildum háskólans, né Daða Más Kristóferssonar, forseta Félagsvísindasviðs, Kennslusviðs Háskóla Íslands og Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands, fyrir utan svar sem barst samdægurs frá Daða tillögur Fjölskyldunefndar yrðu teknar til skoðunar strax.

Að lokum

Það sem nefndin hefði mátt gera betur á starfsárinu að mati forseta nefndarinnar, væri að standa betur að upplýsingaflæði til nemenda. Nefndin er með „Like“ síðu á Facebook og var rætt um á fundum nefndarinnar að stofna Instagram síðu. Nefndin hefði mátt vera betri í að upplýsa á þeim síðum við hvað nefndin var að fást, og nýta „story“ möguleika á þessum síðum! Í heildina litið var starfið gott og lærdómsríkt.

## ALÞJÓÐANEFND

### Skipan nefndar

Í Alþjóðanefndinni SHÍ í starfsárinu 2019-2020 sátu:

- Kolfinna Tómasdóttir, forseti
- Bergþóra Ingbórsdóttir
- Þórhildur Elísabet Þórsdóttir



- Björgvin Viktor Færseth
- Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir

Starf alþjóðanefndar og alþjóðafulltrúa má finna í kafla um skrifstofu Stúdentaráðs undir ársskýrslu alþjóðafulltrúa.

## JAFNRÉTTISNEFND

### Skipan nefndar

Í jafnréttisnefnd SHÍ starfsárið 2018-2019 sátu:

- Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (forseti)
- Adda Þ. Smáradóttir
- Ingveldur L. Gröndal
- Magnea Gná Jóhannsdóttir
- Margrét Björns

### Hlutverk nefndar:

Jafnréttisnefnd Stúdentaráðs sér um að standa vörð um jafnrétti innan Háskóla Íslands og vekur athygli á því þegar pottur er brotinn í þeim málum. Nefndin stuðlar að því að allir stúdentar háskólans séu settir undir sama hatt, burt séð frá mismunabreytum. Jafnréttisnefnd veitir Háskólanum aðhald og þrýstir á að stefnum og jafnréttisáætlun HÍ sé framfylgt.

**Fundir** voru haldnir jafnt og þétt yfir árið, oftast á þriggja vikna fresti. Eftir Jafnréttisdaga var ekki haldinn neinn formlegur fundur vegna Covid-19 og lokaprófa. Á fundunum var ýmist skipulagt viðburði, farið yfir stöðu stúdenta þegar kemur að jafnréttismálum, farið í markmiðasetningu og gert stefnubreytingar. Einnig var tillaga skrifuð ásamt Sviðsráði Menntavísindasviðs vegna áskorunar jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands um að kynjafræði verði skylda í kennaranámi. Einnig var mikið af póstum sendir undir nafni nefndarinnar, þá oftast til sviða, nemendafélaga eða rannsakenda Háskóla Íslands ef þau gerðu ekki ráð fyrir hópi fólks. Meðal annars með tvíhyggju eða aðgengisleysis.

**Stefna Stúdentaráðs Háskóla Íslands í jafnréttismálum** var uppfærð og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs þann 21. nóvember 2019. Bætt var inn liðum sem varða stúdenta með þroskahömlun og námsframboði þeirra. Einnig var settur inn liður um baráttu gegn mismunun, fordómum og örareiti þegar kemur að fötluðu fólki. Þegar kemur að málefnum hinsegin stúdenta var einnig bætt nokkrum liðum við stefnuna. Tveir nýir flokkar voru settir í stefnuna: **Jafnrétti óháð uppruna** og **Umhverfis femínismi**.

**Jafnréttisnefnd Háskólaráðs:** Forseti jafnréttisnefndar SHÍ sat fundi jafnréttisnefndar HÍ allt starfsárið.

### Viðburðir:

**Jafnréttisdagar 2019** voru haldnir 3. - 7. febrúar í háskólum landsins. Tvö úr jafnréttisnefnd SHÍ sátu skipulagsfundi fyrir dagana og tóku virkan þátt í undirbúningi. Jafnréttisdagar er árlegur viðburður sem hvetur stúdenta og starfsfólk að víkka skilning sinn á jafnréttismálefnum. Jafnréttisnefnd SHÍ tók þátt í því að skipuleggja nokkra viðburði og var samstarfið gott. Viðburðurinn: **Kynfræðslan sem þú fékkst aldrei** var haldinn á Litla torgi var skipulagður með

Q-félagi hinsegin stúdenta. Fjallað var um það sem oft gleymist í kynfræðslukennslu; hinseginleiki, fatlanir og mismunandi sambönd o.s.frv. Einnig skipulagði jafnréttisnefnd SHÍ viðburðinn: **Femínískur gjörningur** þar sem fjölda fólks mætti til að skapa listaverk af sínum kven- og hinseginfyrirmyndum. Gjörningurinn hafði það markmið að vekja athygli á karlægu umhverfi háskólans og sýna þörfina á margbreytilegri fyrirmyndum í m.a. Námsefninu. Mætingin var mjög góð, yfir tuttugu erlendir namar sóttu viðburðinn sem sýndi styrk þeirra í félagslífi við háskólann. Morguninn eftir voru listaverkin hengd yfir myndirnar af öllum körlunum sem prýða veggja Odda, Lögberg, Háskólatorg og Árnagarð. Þriðji viðburðurinn sem nefndin skipulagði var umræðuhringur og spjall um málefni fólks sem er tanngreint innan veggja Háskóla Íslands. Viðburðurinn **Háskóli Íslands vs. Ungt flóttafólk** var haldinn á Litla torgi, mætingin hefði mátt vera betri. Jafnréttisnefnd SHÍ tók einnig þátt í að því að skipuleggja og aðstoða aðra viðburði yfir daganna. **Listskýning** um jafnréttismál átti sér stað á Háskólatorgi út vikuna og stóð Jafnréttisnefnd SHÍ og Q félag hinsegin stúdenta að uppsetningu og söfnun á listaverkum. Jafnréttisdagar HÍ gengu vel, umræðan var mikil á samfélagsmiðlum en mætingin hefði mátt ver betri á flesta viðburðina.

**Kynjaþing 2019** var haldið í Norrænahúsinu og er það lýðræðislegur og femínískur vettvangur fyrir almenning. Jafnréttisnefnd ásamt Femínistafélagi Háskóla Íslands stóðu fyrir viðburðinum: **Hvað meinaru þegar þú segir kyn?** Þar var tekin umræða um hugtakið kyn, áhersla var lögð á virkar samræður og umræðuleiki. Mjög vel heppnaður viðburður stýrður af Andreu Ósk Sigurbjörnsdóttur og Sólveigu Daðadóttur.

**Jafnréttis PUB QUIZ.** Jafnréttisnefnd SHÍ hélt bjórsvar á Stúdentakjallaranum í byrjun starfsársins. Þar voru spurningar um fyrirmyndir, femínisma, hagsmuni stúdenta og málefni jaðarsettra hópa. Spurningarnar voru spurðar á íslensku, en voru settar upp á ensku, íslensku og myndrænt á glærusýningu. Réttu svörin fengu að rúlla ásamt hvetjandi myndum eftir bjórsvarið. Verðlaun frá Vistveru voru gefin öllum í sigurliðinu.

Fyrsta verkefni jafnréttisnefndar var að skipuleggja atriði Stúdentaráðs Háskóla Íslands á **Reykjavík Pride 2019**. Fyrir þá viku var haldin **skiltagerð** á Stúdentakjallaranum sem tókst vel til. Markmið atriðisins í Gleðigöngunni var að vekja athygli á því að jafnréttisbarátta hinsegin fólks er ekki á fyrirmyndarstað. Margt þarf að gerast í samfélaginu sem og innan háskólans þegar kemur að skapa öruggara rými fyrir hinsegin fólk. Nefndin sótti um styrk úr Gleðigöngupotti Hinsegin daga og Landsbankans til að undirbúa atriðið. Styrkurinn var samþykktur og fyrir hann var keyptur glimmer til að mála regnbogatár á þau sem tóku þátt í göngunni. Efniviður og málning í skiltagerð var styrkt af BYKO.

## KENNSLUMÁLANEFND

### Skipan nefndar

Nefndina skipuðu

- Alexandra Ýr van Erven (forseti)
- Tinna Líf Jörgensdóttir
- Úlfur Traustason
- Ingveldur Anna Sigurðardóttir
- Kjartan Ragnarsson

## Starfsemi

Hlutverk kennslumálanefndar er í grunninn að tryggja að raddir og kröfur stúdenta heyrast í viðeigandi ákvörðunartökufærum sem koma að málum um gæði náms og kennslu. Í upphafi árs fór fram stefnumótun og verkaskipting milli nefndar meðlima. Kennslumál eru ákveðin kjarna starfsemi í öllum sviðsráðum og er það mat nefndar meðlima að hún nýtist best sem stuðningur við hvert sviðsráð í þeim málum sem þau telja brýnast að vinna að á sínum sviðum. Á þann veg er kennslumálanefnd nokkurskonar miðlæg tenging kennslumála og býr yfir þekkingu og verkfærum sem sviðsráð geta leitað til.

Starfsemi nefndarinnar fór að miklu leiti fram á fundum kennslumálanefndar Háskólaráðs en þar er hvað brýnast að rödd stúdenta heyrast kröftulega. Starfsár þeirrar nefndar litaðist einna helst af innleiðingu Canvas og Inspira, úthlutun úr kennslumálasjóði, uppbyggingu kennsluakademíu og viðbrögðum vegna covid-19.

Formaður nefndar vill koma áleiðis breytingartillögu á uppsetningu nefndar sem til stóð að leggja fram í formi lagabreytingartillögu en þurfti að fresta vegna samkomubanns í kjölfar heimsfaraldursins.

Er það álit núverandi nefndar að svo hún geti nýst sem stuðningur við sviðsráð á sem skilvirkastan máta að í hana verði skipað á annan hátt en aðrar nefndir SHÍ. Leggja nefndar meðlimir til að hún verði skipuð með einum fulltrúa af hverju sviði, það er að hún verði fimm manna nefnd og hvert sviðsráð tilnefni sinn fulltrúa. Þá leggur nefndin einnig til að fulltrúi hvers sviðsráðs verði einnig fulltrúi nemenda í kennslumálanefnd viðeigandi sviðs. Með þessari breytingu á uppsetningu nefndarinnar er búast við að fulltrúar kennslumálanefndar nýtist enn betur sem miðlægur stuðningur og eigi greiðari leið til að koma áherslum stúdenta í ákvörðunartöku innan Háskólans.

## LAGABREYTINGANEFND

### Skipan nefndar

Í nefndinni sátu

- Hallgerður Kolbrún E Jónsdóttir (forseti),
- Inger Erla Thomsen,
- Katrín Ósk Ásgeirsdóttir
- Þórhallur Valur Benónýsson
- Emilía Björt Írisardóttir

Lagabreytinganefnd var starfandi annað árið sitt á starfsárinu 2019-2020 en fyrsta starfsárið höfðu lög Stúdentaráðs verið endurskoðuð í heild sinni en þau taka ekki gildi fyrr en Stúdentaráð sem kosið var í mars 2020 tekur við störfum. Þar sem störf lagabreytinganefndar eru mjög sérhæfð og nefndin starfar ekki eftir ákveðinni stefnu eru nefndarstörf hverju sinni mismunandi mikil. Nefndin er þó til staðar fyrir Stúdentaráðsliða til að veita ráðgjöf og starfaði Stúdentaráð þannig starfsárinu 2018-2019 og 2019-2020 að allar lagabreytingartillögur sem Stúdentaráðsliðar höfðu voru lagðar fyrir nefndina til að gæta samræmis í lögum. Það gekk mjög vel fyrir sig, sérstaklega þegar heildarendurskoðun laga Stúdentaráðs fór fram.

## Starfsárið

Verkefni lagabreytinganefndar voru mjög sértæk þetta árið en lög Stúdentasjóðs voru endurskoðuð í heild sinni. Sú vinna hófst ekki fyrir en á seinni hluta starfsársins en breytingatillögurnar voru kynntar á Stúdentaráðsfundi í mars. Þar sem ekki voru nægilega margir Stúdentaráðsliðar viðstaddir fundinn voru breytingatillögurnar bornar upp til samþykktar í rafrænni kosningu.

### **Fundir nefndarinnar**

Þar sem störf nefndarinnar eru mismikil yfir árið mat nefndin það svo að fundir skyldu aðeins boðaðir hefði nefndinni borist lagabreytingatillögur. Nefndin fundaði því að mestu fyrir ákveðinn lagabreytingafund SHÍ sem haldinn var í mars 2020 og voru það alls fimm fundir sem voru boðaðir yfir starfsárið, þrjár þeirra voru boðaðir eftir áramót fyrir lagabreytingafund SHÍ.

## **NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLANEFND**

### **Skipan nefndar**

Í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd 2019-2020 Elín Huld Melsteð Jóhannesdóttir (forseti), Guðrún Sigríður Þórhallsdóttir, Þórhildur Hlín Oddgeirsdóttir, Lea Birna Lárusdóttir, Ragnheiður Lilja Ófeigsdóttir og Sigurður Smári Davíðsson. Nefndin var skipuð af tveimur fulltrúum fylkinganna í Stúdentaráði og fjórum fulltrúum úr hópi almennra nemenda.

### **Starfsárið**

Líkt og fyrri ár starfaði nefndin með það markmið að kynna og greiða aðgang nemenda Háskóla Íslands að nýsköpunarvettvangi á Íslandi. Stærsta verkefni nefndarinnar var Gulleggið, en það er nýsköpunarkeppni þar sem keppendur þróa og skila inn viðskiptahugmynd og dómnefnd velur síðan tíu bestu hugmyndirnar. Nefndarmeðlimir skipuðu, ásamt nýsköpunarnefnd Háskólans í Reykjavík, verkefnastjórn Gulleggsins sem leidd var af fulltrúa Icelandic Startups, sem að þessu sinni var Daníel G. Daníelsson. Verkefnastjórnin heldur utan um allt sem við kemur keppninni og skiptists í þrjú teymi, viðburðateymi, markaðsteymi og efnisteymi. Keppnin á þessu starfsári heppnaðist einstaklega vel og var þáttaka góð. Vinnan var bæði gríðarlega lærdómsrík og skemmtileg auk þess sem tengslanet nefndarmeðlima stækkaði til muna.

Heimsfaraldur COVID-19 snemma á árinu 2020 hindraði frekari starfsemi nefndarinnar á vormisseri og féllu áætlaðir viðburðir, svo sem StudentTalks, sjálfkrafa niður.

### **Framtíðarmarkmið**

Hugur var á innan nefndarinnar að efla samstarf við nýsköpunarnefnd Háskólans í Reykjavík og nýsköpunarsetrið Seres. Í ljósi mikillar uppsveiflu og áherslu Háskóla Íslands á nýsköpun mættu næstkomandi nefnd einnig skoða möguleika á uppbyggingu nýsköpunarseturs innann vebanda HÍ, þar sem nemendur gætu hist, deilt þekkingu og unnið að þróun ýmissa nýjunga.

## **UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUNEFND**

### **Skipan nefndar**

Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs 2019-2020 var skipuð:

- Aðalbjörg Egilsdóttir (forseti)
- Vigdís Ólafsdóttir
- Lena Rut Einarsdóttir Isaksen
- Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir

- Kolbrún Þóra Sverrisdóttir

### Stefna umhverfis- og samgöngunefndar

Í byrjun starfsársins fór nefndin yfir fyrri stefnu frá árinu 2018 - 2019 og ákvað hún að halda henni óbreyttri. Í stað þess að breyta stefnunni voru sett markmið til að fá Grænfánann í fyrsta skipti í sögu HÍ og þau uppfyllt (sjá að neðan). Þegar leið á starfsárið var þó einu ákvæði bætt við í stefnu nefndarinnar, sem var að hún myndi vinna að því að fleira starfsfólk starfaði á sviði sjálfbærni- og umhverfismála innan HÍ.

Það reyndist mjög vel að hafa nokkur, afmörkuð markmið frekar en að vinna að allri stefnunni í heild og vænlegra til árangurs fyrir fleiri nefndir þar sem markmið starfsársins eru þá skýrari.

### Viðburðir

Nefndin stóð fyrir nokkrum viðburðum í vetur.

- Loftslagsdagur HÍ og SHÍ var haldinn í fyrsta skiptið í september. Hann var hluti af allsherjarverkfalli fyrir loftslagið og var tilgangur hans að auka sýnileika aðgerða gegn loftslagsbreytingum auk þess að gefa starfsfólki og stúdentum færi á að gera sér glaðan dag. Stúdentar og starfsfólk týndu rusl í Vatnsmýrinni, gróðursettu um 50 tré á tveimur reitum við háskólann og fengu vegan pylsur í lokin. Dagurinn heppnaðist mjög vel og verður vonandi árlegur viðburður.
- Örfyrirlestur um kolefnisjöfnun var fluttur í janúar. Umhverfisfræðingurinn Stefán Gíslason, sem stofnaði fyrirtækið Environice, hélt fyrirlestur í stofu V-007 í Veröldhúsi Vigdísar um kolefnislosun, áhrif hennar og tækifæri til kolefnisjöfnunar. Fyrirlesturinn var ágætlega sóttur og heppnaðist vel.
- Forseti nefndarinnar tók þátt í skipulagningu jafnréttisdaga, en síðasti dagurinn var tileinkaður loftslagsmálum. Þá var haldin málstofa þar sem starfsfólk og stúdentar við HÍ höfðu framsögu og mynduðust skemmtilegar umræður í kjölfarið.
- Bíókvöld umhverfis- og samgöngunefndar á Stúdentakjallaranum var haldið í febrúar. Myndin *Kona fer í stríð* var sýnd og var góð mæting. Næst gæti verið gott að fá fyrirlesara eða pallborð með til að stækka viðburðinn.
- Nefndin tók þátt í skipulagningu Grænna daga með nemendafélaginu Gaia. Nefndin sá um allsherjarskiptimarkað og bauð auk þess ýmsum félögum og fyrirtækjum að kynna þjónustu sína á Háskólatorgi. Hvoru tveggja tókst vel og teljum við grunn fyrir fleiri slíkum skiptimörkuðum yfir skólaárið, jafnvel tvisvar á önn, til að gefa stúdentum og starfsfólki færi á að skiptast á notuðum vörum.

### Starfshópar

Vegna fjölda umsókna um fimmta sætið í nefndinni var ákveðið að stofna tvo starfshópa; einn tileinkaðan fræðslu og viðburðum og annan tileinkaðan samgöngum. Alls sóttu fjögur um í hópana en þegar á hólminn var komið tók aðeins ein manneskja virkan þátt í starfi nefndarinnar og skipulagningu viðburða. Ef þetta verður gert aftur þarf að halda betur utan um hópana, hafa skýr verkefni strax frá byrjun og fá alla nefndina til að taka þátt í því, en ábyrgðin var öll á herðum forseta.

### Ábendingar og hugmyndir frá stúdentum

Nefndin sendi út google forms skjal þar sem óskað var eftir ábendingum og hugmyndum frá stúdentum við HÍ. Alls bárust rúmlega 30 skilaboð, og snerust flest þeirra um mikilvægi grænkerafæðis, fleiri hjólaskýla, fækkun bílastæða og flokkun. Við mælum með að næsta nefnd fylgi þessu eftir og nýti ábendingarnar til aukins þrýstings innan háskólans

### **Hagsmunabarátta innan og utan háskólans**

Nefndin var í góðu samstarfi við Þorbjörgu Söndru Bakke, verkefnastýru sjálfbærni- og umhverfismála hjá Háskóla Íslands, allt starfsárið. Þorbjörg aðstoðaði okkur við að ná markmiðum okkar og var góður bandamaður innan háskólans.

Við tókum saman skjal með ábendingum og kröfum til Félagsstofnunar stúdenta, sem Jóna Þórey, forseti Stúdentaráðs, var í góðum og miklum samskiptum við, og kom hún þeim til skila. Vigdís fundaði með yfirkokki Hámu, starfsmanni FS og sérfræðingi í matarsóun og grænkerafæði og mun það líklega skila sér í enn minni matarsóun í eldhúsi Hámu auk betra og næringarríkara grænkerafæði.

Vigdís fundaði einnig með fulltrúum frá Reykjavíkurborg og átti við þá gott samtal um mikilvægi góðra almenningssamgangna til og frá HÍ auk betri hjóla- og göngustíga.

Forseti nefndarinnar sat í skipulagshópi loftslagsverkfallanna f.h. SHÍ, sem skilaði sér í auknum sýnileika þeirra innan skólans og þrýstingi á stjórnvöld ríkis og skóla.

Forseti nefndarinnar sat einnig í sjálfbærni- og umhverfisnefnd háskólaráðs þar sem mikilvægi róttækra loftslagsaðgerða innan háskólans var haldið á lofti auk hagsmuna stúdenta.

### **Grænfáninn**

Stærsta verkefni nefndarinnar á árinu var að vinna að því að Háskóli Íslands fengi Grænfánann í fyrsta skiptið. Markmiðunum var skipt í fjóra flokka; fræðslu, loftslagsvænni mat, mótægisaðgerðir og samgöngur. Þau má sjá [hér](#) og einnig hvenær og hvernig markmiðin voru uppfyllt. Fyrri nefnd kom með hugmyndir að markmiðum og við útfærðum þær hugmyndir í samvinnu við Þorbjörgu Söndru. Eftir ötula vinnu flögguðum við fánanum miðvikudaginn 4. mars 2020. Vinna þarf að Grænfánanum á hverju ári til þess að fá viðurkenninguna á ný og verður það líklega starf umhverfis- og samgöngunefndar næstu árin.

### **Hindranir**

Ein stærsta hindrunin sem stóð í vegi fyrir vinnu að framförum í samgöngumálum var sú að við fengum ekki að vita hvað var í gangi í skipulagsnefnd háskólaráðs, þar sem mikið var rætt um bílastæðamál og strætókort fyrir stúdenta. Gott hefði verið að fá meiri upplýsingar um það og jafnvel ætti fulltrúi úr nefndinni að fá að vera áheyrnarfulltrúi í þessari háskólaráðsnefnd.

## **STJÓRN STÚDENTARÁÐS**

Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn, sem hefur með höndum framkvæmd þeirra ályktana er ráðið gerir og annast þau verkefni er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka, er ráðið ákveður að hverju sinni. Samkvæmt lögum Stúdentaráðs skal stjórn skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Ritari og gjaldkeri eru kjörnir með einfaldri meirihlutakosningu.

### **Í stjórn Stúdentaráðs starfsárið 2019-2020 sátu:**

- Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (forseti stjórnar)

- Benedikt Traustason, varaforseti Stúdentaráðs (varaforseti stjórnar)
- Róbert Ingi Ragnarsson, forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs
- Eyrún Baldursdóttir, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs
- Ragnhildur Þrastardóttir, forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs
- Sigurður Vopni Vatnsdal, forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs
- Ásmundur Jóhannesson, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

### Áheyrnarfulltrúar stjórnar voru:

- Margrét Ósk Gunnarsdóttir, oddviti Vöku,
  - *Þar til afsögn hennar tók gildi í september 2019 og tók þá við Azra Crnac, nýr oddviti Vöku.*
- Helga Lind Mar, framkvæmdastýra Stúdentaráðs og ritari.
- *Frá nóvember 2019, eftir samþykki tillögu forseta SHÍ um að fulltrúi doktorsnema fái áheyrnarrétt í stjórn Stúdentaráðs, var áheyrnarfulltrúi doktorsnema Björn Reynir Halldórsson.*

### Yfirlit starfa stjórnar:

Stjórn sá um að ráða starfsfólk á skrifstofu SHÍ, skipa fulltrúa í stjórn FS, samþykkja nýjar verklagsreglur stjórnar, fara yfir vinnutíma starfsfólks skrifstofu SHÍ og störf þeirra, gefa upplýsingar til forseta SHÍ um mál sem krefjast lengri undirbúnings og upplýsti forseti SHÍ stjórn sömuleiðis iðulega um mál sem voru í farvegi eða í uppsiglingu innan HÍ eða Stúdentaráðs. Þá greiddi stjórn atkvæði um tilefningar SHÍ til ungmennafulltrúa sameinuðu þjóðanna á hinum ýmsu vettvöngum. Breytingar á starfsemi SHÍ, á borð við Outlook, fleiri fundir eða lengri fundir SHÍ voru til umræðu innan stjórnar, nýtt kosningafyrirkomulag, sameiginleg mál allra sviða eins og sjúkra- og endurtektarpróf o.þ.h.

Stjórn fundaði u.þ.b. viku fyrir hvern Stúdentaráðsfund og fengu stjórnarmeðlimir og áheyrnarfulltrúar upplýsingar um efni næsta Stúdentaráðsfundar og voru þeir hvattir til að kynna það nánar fyrir sínum sviðsráðsmeðlimum og meðlimum fylkinganna. Markmiðið var að allir yrðu eins upplýstir og hægt er um dagskrá næsta fundar svo að umræður á þeim fundum færu í efnislegar athugasemdir og umræður, en síður í útskýringar á málunum sjálfum eða tæknileg atriði.

Verklagsreglur Stjórnar voru uppfærðar frá síðasta ári og gerðar ítarlegri. Litu þær svona út:

### Efni: Verklagsreglur fyrir stjórn Stúdentaráðs 2019-2020

#### Inngangur

Stjórn Stúdentaráðs er skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar og sér um að boða fundi og senda út fundargögn. Oddvitar fylkinga Stúdentaráðs hafa áheyrnarrétt á fundum stjórnar.

Stjórn Stúdentaráðs skal setja sér verklagsreglur skv. lögum Stúdentaráðs. Verklagsreglur þessar gilda fyrir stjórn starfandi 2019-2020 og voru samþykktar af stjórn þann 16. júlí 2019.

## I. Helstu ábyrgðir og skyldur stjórnar:

### I.1 Heimild stjórnar til atkvæðagreiðslu og ákvarðanatöku

Stjórn ber að taka fyrir og annast framkvæmd ályktana eða tillagna sem Stúdentaráð samþykkir. Stjórnin getur tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka sem Stúdentaráð ákveður að hverju sinni.

Samkvæmt lögum ráðsins fer stjórn með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. Til þess að dagleg hagsmunabarátta geti farið fram með skilvirkum hætti skal stjórn hafa svigrúm til ákvarðanatöku óháð umræðum eða afgreiðslum Stúdentaráðsfunda í undantekningartilvikum. Við þá vinnu setur stjórn sér eftirfarandi verklag:

- Útgjöld eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar Stúdentaráðs sem munu kosta ráðið fé skulu lagðar fyrir stjórn, nema að gert sé ráð fyrir kostnaðinum í samþykktri fjárhagsáætlun. Séu útgjöld eða kostnaður óvenjulegur miðað við ársreikning fyrri ára eða stjórn telur að öðru leyti þörf á, skal leggja útgjöldin fyrir Stúdentaráð.
- Stjórn getur tekið nauðsynlegar ákvarðanir til að daglegur rekstur og hagsmunabarátta Stúdentaráðs staðni ekki og skal haga ákvörðunum stjórnar þannig að Stúdentaráð komi að ferli mála með eins ríkum hætti og kostur er.
- Þá skal upplýsa stjórn um smávægilegar hagræðingar á rekstri ráðsins, sparnað á fé eða auknar tekjur ráðsins.

Stjórn Stúdentaráðs skal fara eftir verklagsreglum Stúdentaráðs, sérstaklega skal gæta að því ef þær ganga lengra en verklagsreglur þessar.

Stjórn Stúdentaráðs skal koma að ráðningu starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs eftir lögum og verklagsreglum ráðsins. Stjórn skal gæta trúnaðar um persónuverndarupplýsingar og er bundin trúnaði um einstaka umsækjendur. Þá skal forseti vera eini aðili stjórnar sem svarar spurningum vegna ráðninga í stöður á skrifstofu Stúdentaráðs. Stjórn skal almennt gæta sams konar trúnaðar vegna annarra ráðninga og/eða skipana sem koma fyrir stjórn.

### 1.2. Hlutverk innan stjórnar:

Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnaraðila en ritari skal vera framkvæmdastjóri Stúdentaráðs.

Gjaldkeri skal kjörinn á fyrsta fundi stjórnar. Gjaldkeri stjórnar, ásamt framkvæmdastjóra, annast gerð fjárhagsáætlunar Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann. Áætlunin er lögð fyrir Stúdentaráð. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdastjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti í samræmi við lög. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri skulu gera sig aðgengilega til að svara spurningum um stöðu fjárhagsáætlunar þess á milli.

Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs. Ritara ber að halda fundargerð um öll atriði fundar stjórnar sem skal vera aðgengileg á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir stjórnarmeðlimi. Ritara ber að gera útdrátt fundargerðar aðgengilegan fyrir Stúdentaráðsliða þar sem gætt er að því að trúnaðarmál birtist ekki.

Stjórn skal gæta gagnkvæmra upplýsingatengsla á milli Stúdentaráðs og nemendafélaga stúdenta. Sviðsráðsforsetar skulu halda samráðsfundi með formönnum nemendafélaga reglulega yfir skólaárið. Á samráðsfundum þessum skal leita áhlits nemendafélaga á hinum ýmsu



hagsmunamálum stúdenta. Á þessum fundum skal gæta að hagsmunafulltrúi hvers nemendafélags eða, í tilfellum sem það á ekki við, deildarfulltrúi nemenda.

Stjórn skal gæta að því að skýra Stúdentaráði reglulega frá helstu viðfangsefnum stjórnar.

## 2. Nánari verklagsreglur um störf stjórnar

Stjórn Stúdentaráðs 2019-2020 setur eftirfarandi verklagsreglur til viðmiðunar við störf sín:

- Að funda 1x í mánuði, helst u.þ.b. viku fyrir hvern Stúdentaráðsfund. Möguleiki er á tíðari fundum ef upp koma mál inn á milli funda Stúdentaráðs.
- Fundir teljast lögmætir ef fjórir fulltrúar eru viðstaddir
- Að birta útdrátt fundargerða fyrir Stúdentaráði
- Að forsetar sviðsráða undirbúi kynningu á störfum sínum fyrir Stúdentaráði í lok annar 2019.

*Athugið að þessi listi er ekki tæmandi og einnig eru ýmis tilfallandi verkefni sem stjórn sinnir yfir hvert skólaár í samstarfi við réttindaskrifstofu SHÍ, Stúdentaráð og aðra hagsmunaaðila hverju sinni.*

## SKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs deildi með sér þremur og hálfu stöðugildi starfsárið 2019-2020, hálfu stöðugildi meira en árið áður þar sem ný staða alþjóðafulltrúa kom til. Starfshlutföll voru fest í skorðum fyrir hvern starfsmann, en tímaskráning notuð til að fylgjast með hvort hlutföllin stæðu undir starfsemi hvers starfsmanns, eða dugðu kannski ekki. Var það mikilvægt bæði til að geta endursamið við skólann eftir fyrsta starfsárið þar sem alþjóða- og Aurorafulltrúi voru á skrifstofunni, með góða yfirsýn yfir starfsemi þess starfsfólks. Góð tímaskráning starfsfólks er mikilvæg fyrir skilvirkni skrifstofunnar og til að gæta að álagi á starfsfólk. Fór starfsfólk framúr sinni vinnuskyldu einn mánuðinn var heimilt að jafna það út næsta mánuð til að koma til móts við tímabundið álag. Hlutföllin voru sem hér segir:

- Forseti Stúdentaráðs: 100% hlutfall
- Varaforseti: 40% hlutfall
- Hagsmunafulltrúi: 50% hlutfall
- Lánasjóðsfulltrúi: 30% hlutfall
- Framkvæmdastjóri: 50% hlutfall
- Ritstjóri: 30% hlutfall
- Alþjóðafulltrúi: 30% hlutfall
- Aurora fulltrúi: 20% hlutfall

Framkvæmdastjóri, ritstjóri og alþjóðafulltrúi eru faglega ráðnar stöður en skólaárið 2019-2020 var fyrsta árið sem ráðið var í stöðu alþjóðafulltrúa í kjölfar þess að HÍ samþykkti að auka fjárframlög til skrifstofunnar til að standa undir því starfi. Réttindaskrifstofan endursamdi einnig um kjör sín við Háskóla Íslands, þar sem þau höfðu staðið í stað í sex ár, að öðru leyti en m.t.t. verðlags, og voru orðin það lág að þau stóðust ekki kjarasamanburð.

Farið var í skoðun á ábyrgð starfanna og var það unnið í samstarfi við BHM og starfsmannasvið HÍ.

## ÁRSSKÝRSLA FORSETA

### Helsta ábyrgð og hlutverk

Ábyrgð forseta voru stefnumótun Stúdentaráðs, að vera málsvari ráðsins og koma fram fyrir hönd þess innan sem utan skólans, hafa yfirumsjón með innra starfi Stúdentaráðs með því að útbúa og tryggja fundargögn, tryggja stofnanaminni og halda um skipulag gagna ásamt yfirsýn með lögum ráðsins. Forseti Stúdentaráðs er jafnframt fundarstjóri funda Stúdentaráðs, sér um að boða þá fundi og fylgir eftir málum sem þangað koma. Forseti er forseti stjórnar Stúdentaráðs og stýrir þeim fundum ásamt því að halda utan um gögn stjórnar. Forseti hefur áheyrnarrétt í stjórn Félagsstofnunar stúdenta og fundaði auk þess reglulega með rektor HÍ í ár. Mælst er til þess að það verði gert áfram.

Samantekt þessi mun miða við þau störf forseta sem snúa að utanumhaldi með daglegum störfum Stúdentaráðs á skrifstofu ráðsins, þó öll starfsemi Stúdentaráðs kom á borð forseta með einum eða öðrum hætti og er ársskýrsla þessi í meginatriðum unnin af henni.

### Skrifstofa SHÍ og utanumhald starfseminnar

Skrifstofa Stúdentaráðs er staðsett á þriðju hæð Háskólatorgs og er opin stúdentum og öðrum aðilum alla virka daga frá 9-17. Vinnutími forseta, þar sem forseti var í fullu starfi, miðaði því við opnunartímann og fólust störf forseta m.a. í að hafa yfirsýn með daglegum störfum skrifstofunnar. Forseti útteildi sömuleiðis verkefnum til annarra og vann að verkefnum í samstarfi við þá. Markmið forseta eru að taka þátt í góðum starfsháttum á skrifstofu Stúdentaráðs og sjá til þess að störf ráðsins séu unnin á faglegan og skilvirkan hátt.

Í upphafi starfsárs settist forseti niður með öllu starfsfólki skrifstofunnar og fór yfir starfslýsingar sem hver og einn starfsmaður undirritaði. Í gegnum starfsárið var mikilvægt að viðhalda góðum samskiptum við hvern og einn innan skrifstofunnar, taka reglulega stöðuna og kanna framvindu verkefna. Sérstakur stöðufundur með hverjum og einum starfsmanni var haldinn í janúar til að fara yfir haustönnina í heild sinni og kanna hvað mætti betur fara en einnig kanna líðan starfsfólks. Þá hófst haustönnin með reglulegum skrifstofufundum en þegar leið á voru þeir haldnir eftir þörfum. Í upphafi vorannar 2020 voru þeir svo aftur reglulegir eða með 2 vikna millibili og reyndist það vel út árið.

Sömuleiðis var mikilvægt að tryggja að hagsmunabaráttan sé sýnileg og aðgengileg fyrir öll. Forseti greip því hvert tækifæri sem óskað var eftir aðkomu Stúdentaráðs og urðu verkefni fjölbreytt. Frá því að taka þátt í panel um lífeyrissjóði, kynna SHÍ á nýnemadögum allra sviða skólans, í að sækja loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna - COP25 en skýrsla forseta vegna þess er aðgengileg á skrifstofu SHÍ. Unnið var að því að gera sigra eða áfanga sem starfsfólk skrifstofunnar kom í höfn, sýnilegri fyrir stúdenta, t.d. á Instagram og Facebook. Forseti setti t.d. inn samantektir og skýringar á flóknum og stórum málum í Instagram Story. Bættist í fjölda fylgjenda við Stúdentaráð á Facebook um ca. 250 fylgjendur þetta starfsárið. Þá var haldin vísó fyrir stúdenta skólans af skrifstofu SHÍ í góðu samstarfi við félagslífs- og menningarnefnd SHÍ til að auka sýnileika SHÍ og skrifstofunnar við hinn almenna stúdent enn frekar.

Í kafla um starfsemi Stúdentaráðs er svo fjallað nánar um einstök verkefni ársins en forseti kom með einum eða öðrum hætti að þeim öllum.

## Hvað gekk vel og hvað mátti fara betur

Varðandi sýnileika skrifstofunnar gekk sérstaklega vel að halda vísó í Stúdentaráð og er mælst til þess að SHÍ geri það að reglulegum viðburði, einu sinni á hvorri önn. Vísast til kafla þessarar ársskýrslu um vísó í Stúdentaráð til nánari skýringar. Má einnig vísa til viðveru skrifstofunnar á Instagram sem vel heppnaðs framtaks þessa árs sem væri gott að halda áfram og þróa. Sérstaklega vel tókst til við hópefli og samþjöppun skrifstofunnar. Strax að sumri þjöppuðum við hópnum saman og svo að nýju að hausti. Góður starfsandi á skrifstofunni og opin samskipti þar hafa jákvæð áhrif á hagsmunabaráttu stúdenta, mikilvægt er að fólki líði vel í sínum stöðum og getur það haft jákvæð áhrif á afköst og vinnusemi. Tiltekt og endurskipulagning skrifstofunnar og skrifstofurýmisins fór fram sumarið 2019 og gekk mjög vel. Við gátum losað okkur við margt óþarfa efni, eyddum gögnum sem þurfti að eyða, komum upp fyrirkomulagi um varðveislu annars efnis, skiptum út húsgögnum sem komin voru til ára sinna o.s.v.fr. og halda þarf slíku áfram. Jafnt og þétt ætti að komast góð mynd á vinnurýmið.

Um það sem betur má fara ber helst að nefna að treysta má betur samstarf skrifstofu SHÍ og LÍS til að samstarfið verði sem farsælast. Vinna við það gekk vel þetta árið en þarf að halda áfram. Þá þarf að huga betur að því að næsta ári hvernig skipulag á tölvupósti verður hjá Stúdentaráði, hvernig gagnasöfnun og varðveisla fer fram, hvort færa eigi allt Stúdentaráð á OneDrive en Google Drive hefur hingað til verið í notkun. Eftir að skólinn færði sig í 365 kerfið er líklegast hagkvæmara að færa störf ráðsins yfir á OneDrive og Teams.

## Niðurlag

Að fara fyrir skrifstofu SHÍ hefur verið hrikalega skemmtilegt, lærdómsríkt og krefjandi. Það hefur verið algjör heiður að leiða störf skrifstofunnar og vinna með jafn frábærum, hæfileikaríkum og skemmtilegum hópi og þessum. Ég á hálf erfitt með að trúa því að við verðum ekki samstarfsfélagar lengur, en þennan tíma mun ég varðveita út ævina. Starfsárið hefði ekki geta orðið svona gjöfult og afkastamikið nema með þessu yndislega fólki. Hver og einn starfsmaður hefur verið ómissandi á sinn hátt og á hlut í öllum þeim afrekum sem þetta ár gaf stúdentum. Ég þakka samstarfsfólki mínu kærlega fyrir árið og er þakklát fyrir traustið sem mér hefur verið sýnt.

*Jóna Þórey Pétursdóttir*

## ÁRSSKÝRSLA VARAFORSETA

Staða varaforseta mótast að miklu leyti eftir því hver sinnir starfinu hverju sinni og fer vinnan eftir styrkleikum hans. Mikilvægasta starf varaforseta er að geta gengið í stöðu forseta með skömmum fyrirvara. Á það reyndi einu sinni á þessu starfsári, þegar forseti hélt á hliðarsamkomu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP 25). Það veitti betri innsýn í störf forseta og ég held komandi skrifstofur ættu að reyna að gera það sama. Varaforseti sér um innra starf Stúdentaráðs og er tenging nefnda við skrifstofu ráðsins. Þá sat varaforseti þangað til nýlega í fulltrúaráði LUF (Landssamtök ungmennafélaga) en ráðið heitir nú fulltrúaráð og eiga forsetar félagasamtaka þar sæti. Þá hefur varaforseti séð um vefsíðu student.is t.d. með skráningu nemendafélaga og afslátta, haldið utan um mætingu á stúdentaráðsfundum og mælendaskrá, skirteinisviðauka fyrir stúdentaráðsliða, umsjón með skjalamálum Stúdentaráðs og fleira. Varaforseti þarf að vera sveigjanlegur og geta hlaupið undir bagga þegar svo ber undir.

Þetta ár hefur verið viðburðaríkt og mörg stór mál hafa komið upp. Nægir að nefna 100 ára afmæli Stúdentaráðs, skrásetningargjöld, skóflustungu við Gamla Garð, tanngreiningar og nýtt frumvarp um menntasjóð námsmanna og núna síðast heimsfaraldur kórónuveiru. Þetta hefur litað störf varaforseta á árinu.

Mínir persónulegu styrkleikar liggja í tengingu og áhuga við hagsmunabaráttuna. Hefur það oftast en einu sinni skipt máli að ég sit í háskólaráði og mynda því brú milli þess og Stúdentaráðs. Sem dæmi um þau mál sem ég hef getað tekið lengra úr háskólaráði innan skrifstofunnar eru: tanngreiningamálið með ávarpi 1. desember, kvörtun til landlæknis, kvörtun til siðanefndar háskólans og vinna í skrásetningargjaldamálinu.

Varaforseti hefur líka séð um endurgerð heimasíðu Stúdentaráðs á árinu. Eftir nokkrar viðræður við Landsbankann fékkst samkomulag um að hann myndi gefa okkur nýja vefsíðu. Jafnframt styrkti Félagsstofnun stúdenta SHÍ fyrir því sem upp á vantaði. Gjöfin er rausnarleg og hefur ný vefsíða verið unnin af Aton.JL, auglýsingastofu bankans. Varaforseti hefur séð um skipulag hugmyndavinnu fyrir Stúdentaráð, verið í miklum samskiptum við auglýsingastofuna, verið í samskiptum við vefstjóra Háskóla Íslands og séð um endurgerð efnis sem á að vera á síðunni.

Það eru miklir möguleikar í auknu markaðsstarfi fyrir komandi varaforseta, á samfélagsmiðlum, í samstarfi við fyrirtæki og með nýrri heimasíðu. Á ný vefsíðunni verður t.d. meira auglýsingapláss sem hægt verður að selja fyrirtækjum.

Mikill tími fór í upphafi árs að láta nefndirnar hittast í fyrsta sinn. Það er líklega ekki hægt að gera þá vinnu öðruvísi en annað hvort ætti að láta nefndirnar hittast á fyrsta fundi rafrænt eða þá gera meira úr fyrsta fundi og láta nefndirnar fara í smá stefnumótunavinnu og hópefli. Starf nefnda mun þó alltaf ráðast að miklu leyti af því fólki sem velst í þær, þeirra drifkrafti og þá skipta leiðtogaþæfileikar forseta nefnda skipti miklu máli. Varaforseti á að vera stuðningur við nefndirnar en hann getur ekki verið drifkrafturinn í níu mismunandi nefndum. Þær nefndir sem standa sig hvað best eiga það sameiginlegt að vera með öflugum forseta.

Starf varaforseta var þangað til í desember 20% staða þegar hún hækkaði í 40%. Það er rétt að benda á að ég átti mjög erfitt með að fara ekki yfir tímana mína fyrri hluta starfsársins og var þetta lága starfshlutfall mjög hamlandi. Með auknu starfshlutfalli myndast frábært tækifæri fyrir komandi varaforseta að móta stöðuna enn betur, taka að sér stærra verkefni og sinna betur t.a.m. eftirfylgni með störfum nefnda.

*Benedikt Traustason*

## ÁRSSKÝRSLA HAGSMUNAFULLTRÚA

Helsta verkefni hagsmunafulltrúa SHÍ er að þjónusta nemendur sem telja hafa verið brotið á réttindum sínum. Það felst einna helst í ráðgjöf og leiðsögn við ferli kvartana.

Samtals bárust 134 mál frá því að skipti áttu sér stað í maí 2019 og þar til í upphafi maí 2020. Það er á pari við fjölda tilkynntra mála á síðasta starfsári, en þá voru þau 128. Að meðaltali bárust 15,6 mál á mánuði á haustönn 2019 og 11 mál á mánuði á vorönn 2020. 113 mál koma frá íslenskum nemendum (84%) og 21 þeirra frá erlendum nemendum (16%).

Málaskrá sem hagsmunafulltrúi SHÍ 2017-2018, Sigmar Aron Ómarsson, setti á laggirnar hefur veitt embættinu möguleika á þessum samanburði. Nú þegar öll mál síðustu þriggja ára hafa verið skrásett þar mun það einnig veita næsta hagsmunafulltrúa möguleika á frekari greiningu á þemum og tíðni mála eftir deildum og námsleiðum. Gæti slík greining komið sér vel við kvartanir mála, t.d. ef aðili brýtur ítrekað á réttindum nemenda, ár eftir ár.

Málin eru fjölbreytt og misflókin úrlausnar. Megnið af málum íslenskra nemenda eru einfaldar fyrirspurnir um helstu réttindi stúdenta. Líkt og í fyrra snýr algengasta kvörtunin að aðgengi að gömlum prófum. Önnur algeng mál voru t.d. of mikið álag miðað við einingafjölda og íþyngjandi breytingar á námsmati á miðri önn. Oftast nær eru málin auðleysanleg í samvinnu við deildir skólans, þó eru fjöldi mála sem hafa krafist mikils tíma og samvinnu við mismunandi skipulagsheildir innan skólans.

Stór hluti mála erlendra nemenda færðist til alþjóðafulltrúa SHÍ, Kolfinnu Tómasdóttur. Alþjóðafulltrúi starfaði í fyrsta skipti á skrifstofu SHÍ og það hefur haft í för með sér mjög jákvæðar breytingar í hagsmunagæslu erlendra nemenda. Flest mál erlendra nemenda sem hagsmunafulltrúi tók að sér sneru að menningar- eða tungumálaörðugleikum, húsnæðisvanda og fjárhagsörðuleikum. Mál sem sneru að fjárhagsörðuleikum voru líklega flest ef talin eru samskonar mál sem bárust lánaðsjóðsfulltrúa og alþjóðafulltrúa. Það er því mikið fagnaðarefni að SHÍ er að setja á laggirnar *Student Hardship Fund* til að aðstoða þá nemendur sem geta ekki nýtt sér önnur úrræði.

Hagsmunafulltrúi og alþjóðafulltrúi hafa einnig unnið saman að ýmsum málum, en þar má helst nefna að úrvinnslu hugmyndasamkeppninnar *Okkar háskóli* sem SHÍ stóð fyrir undir yfirskriftinni *Ríkir jafnrétti meðal stúdenta Háskóla Íslands?* Sú tillaga sem fékk mestan stuðning sneri að rétti erlendra nemenda til að hafa orðabækur í prófum. Til að koma málinu áfram sendu hagsmunafulltrúi og alþjóðafulltrúi erindið til rektors, aðstoðarrektors kennslumála og þróunar og kennslustjóra HÍ. Málið var sent til skoðunar hjá kennslusviði og kennslumálanefnd en reikna má með töfum á frekari svörum vegna Covid-19. Það er þó mikilvægt að því verði fylgt eftir.

Stór hluti mars og aprílmánaðar var litaður af Covid-19 faraldrinum. Nær öll mál sem bárust hagsmunafulltrúa tengdust breytungum á námsmati vegna faraldursins á einn eða annan hátt. Hefðbundin mál sem hefði mátt búast við á þessum árstíma bárust ekki í sama magni og áður. Flestum málum sem bárust eftir að samkomubann var sett á var auðsvarað þökk sé upplýsingasíðu HÍ vegna Covid-19 sem er mjög vel uppsett.

### **Hagsmunafélög og sjálfbóðaliðaverkefni stúdenta**

Hagsmunafulltrúi setti það á dagskrá strax síðastliðið sumar að vinna að því að styðja betur við hagsmunafélög eða sjálfbóðaliðaverkefni stúdenta innan háskólans ásamt því að einfalda stofnun nýrra slíkra félaga og verkefna með því að taka saman mikilvægar upplýsingar og þýða þær. Einnig var lagt upp með að gera bækling þar sem öll félög væru talin upp til að vekja athygli á þessum félögum og einfalda nýnemum að taka þátt. Hagsmunafulltrúi var í góðum samskiptum við Steinunni Gestsdóttur, aðstoðarrektor, um að háskólinn myndi styðja við tilraunir SHÍ í þessu verkefni.

Það er búið að taka saman og uppfæra upplýsingar um stofnun félaga. Upplýsingarnar hafa einnig verið þýddar á ensku. Síðastliðið sumar var upplýsingum safnað um öll slík félög, hvort þau væru enn starfandi og fjöldi virkra þátttakenda. Því verður áhugavert að sjá eftir útgáfu

bæklings, vonandi í byrjun næsta skólaárs, hvort fjöldi virkra þátttakenda verði hærri og það mætti þá vera hvatning til að gera enn meira til að auka stuðning við þau.

Hagsmunafulltrúi vann að verkferlum fyrir nemenda- og hagsmunafélög stúdenta þegar kemur að áreitni, ofbeldi, einelti, fordómum og mismunun innan Háskóla Íslands ásamt fulltrúum frá jafnréttisnefnd SHÍ, Q félagi hinsegin stúdenta, Feminístafélagi HÍ o.fl. Hagsmunafulltrúi hefur trú á því að þessir verkferlar muni bæta starf allra starfsandi félaga í HÍ til muna en reynslan hefur sýnt að erfitt getur verið að tryggja rétt ferli mála ef ekki eru til skýrir verkferlar til að fylgja í viðkæmum málum. Því er mikilvægt að sú vinna verði kláruð sem fyrst, en henni hefur seinkað vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Fráfarandi hagsmunafulltrúi mun koma frekari hugmyndum um hvernig megi styðja við þessi félög og einfalda stofnun nýrra félaga til nýs hagsmunafulltrúa, Mikael Bergs Steingrímssonar.

*Guðjón Björn Guðbjartsson*

## ÁRSSKÝRSLA LÁNASJÓÐSFULLTRÚA

Marínó Örn Ólafsson gegndi stöðu lánasjóðsfulltrúa SHÍ starfsárið 2019-2020.

Lánasjóðsfulltrúi vinnur að hagsmunum stúdenta í málefnum er varða Lánasjóð íslenskra námsmanna. Hann heldur úti ráðgjafþjónustu fyrir nemendur Háskóla Íslands og nemendur við Háskólann á Akureyri varðandi öll þau mál er snúa að LÍN. Samstarf lánasjóðsfulltrúa við SHA (Stúdentaráð Háskólans á Akureyri) var komið á fót starfsárið 2017-2018 og var þetta því þriðja árið þar sem lánasjóðsfulltrúi vetir nemendum HA sömu þjónustu og nemendum HÍ.

Þar að auki eru verkefni lánasjóðsfulltrúa að sjá til þess að þjónustusamningi við LÍN sé fylgt og halda upplýsingaflæði milli LÍN og SHÍ virku. Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn LÍN og talar þar fyrir hagsmunum félagsmanna SHÍ og SHA.

Yfir árið hélt lánasjóðsfulltrúi nokkrar kynningar fyrir stúdentaráðsliða og aðra um lánasjóðinn í fræðslutilgangi um eitt helsta hagsmunamál stúdenta. Í upphafi starfsárs hélt framkvæmdastjóri SHÍ kynningu fyrir Stúdentaráð í forföllum lánasjóðsfulltrúa og haldinn var opinn upplýsingafundur um frumvarp um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna. Lánasjóðsfulltrúi var boðið að halda kynningar á LÍN og/eða frumvarpi um Menntasjóð námsmanna fyrir meðlimi beggja fylkinga sem kjör hlutu í Stúdentaráð á þessu starfsári og voru þeir fundir í öllum tilvikum góðir.

Lánasjóðsfulltrúi sótti stjórnarfundir á tímabilinu júní 2019 - maí 2020 auk mánaðarlegra funda undirnefndar stjórnar um endurgreiðslumál. Samstarf milli fulltrúa stúdenta í stjórn LÍN gekk vel á starfsárinu.

Lánasjóðsfulltrúi ásamt forseta o.fl. skrifaði drög að umsögnum Stúdentaráðs um frumvarp um Menntasjóð námsmanna og útbjó sviðsmyndagreiningu fyrir nýtt lánasjóðskerfi á fyrstu mánuðum starfsársins. Mikil vinna fór í að þrýsta á breytingar á frumvarpinu og bregðast við nýjum upplýsingum um það frá stjórnvöldum.

Að mati lánasjóðsfulltrúa þarf að byggja upp meira samband og samskipti við SHA á næsta ári og móta betur þjónustu við nemendur HA. Aukin samskipti lánasjóðsfulltrúa við SHA eru þar

lykilatriði og hvet ég til þess að næsti lánasjóðsfulltrúi hafi samband við forsvarsmenn SHA sem fyrst til að skipuleggja árið og mynda tengsl.

*Marínó Örn Ólafsson.*

## ÁRSSKÝRSLA RITSTJÓRA

Stúdentablaðið er málagn stúdenta við Háskóla Íslands, skrifað af stúdentum og í þágu þeirra. Blaðið er gefið út fjórum sinnum á skólaári, tvisvar á hvoru misseri. Auk útgáfu Stúdentablaðsins sér ritstjóri um úgáfu Akademíunnar, handbókar SHÍ til stúdenta.

Kristín Nanna Einarsdóttir sinnti starfi ritstjóra Stúdentablaðsins skólaárið 2019-2020. Ritstjóri hóf störf í byrjun júní og hófst samstundis handa við gerð Akademíunnar. Auk ritstjóra komu að útgáfunni Ninna Björk Ríkharðsdóttir, grafískur hönnuður, og Julie Summers, þýðandi. Þá átti ritstjóri í nánnum samskiptum við framkvæmdastýru Stúdentaráðs við auglýsingaöflun og vinnslu fjárhagsáætlunar. Akademían kom út 28. ágúst og var henni dreift í allar háskólabyggingar og á nýnemakynningum deilda. Hún var einnig gefin út á rafrænu formi líkt og annað efni á vegum Stúdentablaðsins.

Í upphafi skólaársins auglýsti ritstjóri eftir blaðamönnum, ritstjórnarmeðlimum, þýðendum, prófarkalesurum og ljósmyndara. Talsverður fjöldi stúdenta sýndi auglýsingunni áhuga og vildi taka þátt í starfsemi Stúdentablaðsins. Eftir að hafa skipað í stöður innan blaðsins hélt ritstjóri fundi með ritstjórn, blaðamönnum, prófarkalesurum og þýðendum. Þá var Elín Edda Þorsteinsdóttir ráðin grafískur hönnuður blaðsins, en hún sá einnig um hönnun Stúdentablaðsins 2018-2019. Yfir skólaárið hélt ritstjóri fundi fyrir hverja útgáfu, bæði með ritstjórn og blaðamönnum.

Fyrsta tölublað skólaársins kom út 24. október og var yfirskrift þess „Heilsa“. Til að fylgja blaðinu eftir og auka sýnileika Stúdentablaðsins blés ritstjórn til útgáfuhófs á Stúdentakjallaranum. Stúdentar blöðuðu í nýja tölublaðinu og nutu veitinga meðan birgðir entust. Annað tölublað skólaársins kom út 6. desember og var yfirskrift þess „Umhverfismál“. Þriðja tölublaðið kom út 26. febrúar og var yfirskrift þess „Menntamál“ en fjórða tölublaðið er enn óútgefið þegar þessi orð eru rituð. Til stóð að blaðið kæmi út fyrir páska en vegna Covid-19 faraldursins mun það koma út 22. apríl. Yfirskrift þess er „Jafnrétti“.

Akademían og Stúdentablaðið koma út rafrænt á vefnum *issuu.com*. Stúdentablaðið heldur auk þess úti heimasíðunni *studentabladid.is* þar sem greinar hvers tölublaðs eru birtar. Þá hefur ritstjóri ásamt Hólmsfríði Maríu Bjarnardóttur, ritstjórnarmeðlim og samfélagsmiðlafulltrúa, birt efni á samfélagsmiðlum Stúdentablaðsins.

Í ár stóð stór hópur þýðenda og prófarkalesara að útgáfu Stúdentablaðsins og stýrði Julie Summers þýðingarvinnunni. Það tókst að þýða töluverðan fjölda greina, bæði úr íslensku og ensku. Þá sátu enskumælandi nemendur bæði í ritstjórn og blaðamannahópi Stúdentablaðsins, en það var dýrmæt viðbót og mikilvægur liður í að gera starfsemi Stúdentablaðsins sem aðgengilegasta.

Starf ritstjóra er margþætt. Ritstjóri heldur utan um efni hvers tölublaðs, fundar með ritstjórnarmeðlimum og blaðamönnum, tekur viðtöl fyrir blaðið og skrifar eigin greinar, les allt efni blaðsins yfir vandlega og á í samskiptum við prentsmiðju, grafískan hönnuð, prófarkalesara og ábyrgðarmann þýðinga. Þá birtir ritstjóri efni Stúdentablaðsins á vefnum og ber ábyrgð á samfélagsmiðlum blaðsins. Ritstjóri sér einnig um dreifingu á Akademíunni og Stúdentablaðinu í samstarfi við ritstjórn. Auk þess vinnur ritstjóri að auglýsingaöflun og fjárhagsáætlunum í samstarfi við framkvæmdastýru Stúdentaráðs.

Að mati fráfarandi ritstjóra gekk starfsemi Stúdentablaðsins á skólaárinu 2019-2020 glimrandi vel. Hvert tölublað var stútfullt af fjölbreyttum greinum, en umfjöllunarefnin fóru

oftar en ekki eftir áhugasviði hvers og eins í ritstjórnar- og blaðamannahópnum. Þá var áhersla lögð á ríkulega menningarumfjöllun og tvær samkeppnir voru einnig haldnar á skólaárinu; ljóðasamkeppni í fyrsta tölublaði og krossgátukeppni í því þriðja. Aldarafmæli Stúdentaráðs var auk þess fagnað í síðari tveimur tölublöðunum. Ritstjóri þakkar öllum sem komu að starfsemi Stúdentablaðsins og Akademiunnar með einum eða öðrum hætti á skólaárinu og kveður einstakt samstarfsfólk á skrifstofu Stúdentaráðs með mikilli hlýju og þakklæti.

*Kristín Nanna Einarsdóttir*

## ÁRSSKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Það eru mörg og ólík verkefni sem falla í hendur framkvæmdastjóra en ber þá helst á þeim verkefnum sem snúa að daglegum rekstri skrifstofunnar. Það að sjá um bókhaldið, greiða og senda út reikninga og vera í samskiptum við endurskoðanda varðandi skil á opinberum greiðslum. Hér verður farið yfir þau helstu verkefni síðastliðins árs.

### Samningar

Hingað til hefur greiðsla til skrifstofunnar frá Háskóla Íslands ekki dugað fyrir nema hluta af launagreiðslum og launatengdum gjöldum og því hefur verið mikil þörf á samningum við fyrirtæki til að standa straum af gjöldum og almennum rekstri.

Við upphaf þessa starfsárs einsetti framkvæmdastýra sér það að taka í gegn samninginn við Háskóla Íslands. Hingað til hafa verið tveir samningar, einn sem varðar rekstur skrifstofunnar hinn vegna þjónustu við nemendur. Einnig hefur ráðið alltaf fengið greiðslu upp á tæpar 10 milljónir sem renna beint í stúdentasjóð. Haustið 2019 var síðan undirritaður viðauki við samningana til að standa straum af kostnaði til að ráða inn alþjóðafulltrúa í 50% stöðu. Eftir að hafa ráðfært mig við fulltrúa frá BHM sem greindi störfin og ábyrgð hvers einstaklings á skrifstofunni var bersýnilegt að það væri verið að borga allt of lág laun, undir löglegum lágmarkslaunum að mati BHM. Eftir það var starfsmannasvið Háskólans fengið til að keyra starfslýsingarnar í gegnum launamatskerfið sitt og meta störfin og hvaða launaflokkar þau myndu miðast við væru þetta störf innan háskólans. Kom í ljós að samkvæmt því ættum við að vera í mun hærri launaflokkum og styrkti það stöðu okkar verulega í samningaviðræðum um hækkun greiðslunnar frá HÍ. Eftir þónokkurn tíma af samningaviðræðum var fallist á að hækka greiðsluna upp í 20,6 milljónir fyrir starfsárið, eða því sem samsvarar launakostnaði. Er það veruleg hækkun frá fyrri árum, en samningurinn hafði staðið í stað í fjölda ára án þess að vera hækkaður (fyrir utan vísitöluhækkun hvers árs).

Stúdentaráð gerir líka samning við LÍN til tveggja ára í senn fyrir þjónustu við nemendur. Í byrjun þessa starfsárs var skrifað undir nýjan samning sem hækkaði um 60.000kr.

Allir samningar SHÍ við fyrirtæki á almennum markaði voru endurnýjaðir fyrir utan samninginn við Tékkland. Var augljóst að Tékkland og SHÍ höfðu ekki sömu hugmyndir um útfærslu samnings og var því fallið frá þeim plönunum. Samningur við Landsbankann var hækkaður lítilega, bæði reglubundnu greiðslunnar og hvað þau borga fyrir hverja auglýsingu í Stúdentablaðinu, en þau eru skuldbundin til að kaupa auglýsingu í öllum útgáfum ásamt Akademiú. Samningurinn við Símann hækkaði einnig ásamt samningnum við Orkusöluna. Einn samningur var enn í gildi frá fyrra starfsári, samningur við Atlantsolíu, en ég myndi leggja það til að það væru ekki gerðir samningar við fyrirtæki nema til eins árs, eða skipunartíma hvernar skrifstofu. Hvert ár ætti að geta tekið stefnumótandi ákvarðanir um hvernig fyrirtæki þau vilja semja við og því eru svona samningar ekki hentugir.



## Útgáfa

Eitt af hlutverkum framkvæmdastjóra er að hafa yfirumsjón yfir auglýsingaöflun fyrir Stúdentablaðið. Öll útgáfa kom út í hagnaði í ár og vel það. Það mætti þó ætla að það væri sniðugt að hafa einstaklinga innan ritstjórnar sem tækju að sér að hafa samband við fyrirtæki fyrir hverja útgáfu. Það er hægt að tengja það inn í ritstjórnarstefnu hvers blaðs og því oft auðveldara að ná til fyrirtækja. Það náðist að halda kostnaði í lágmarki með því að semja við nýja prentsmiðju og fækka prentuðum eintökum.

## Íþróttaskóli SHÍ

Síðustu tvö ár hefur íþróttaskólinn verið starfræktur á ný og stóð til að halda því áfram. Því miður þurfti að aflýsa haustönninni sem átti að fara af stað frekar seint vegna meiðsla kennara, ekki náðist að manna í staðin og var því ákveðið að taka vorönnina með trompi. Framkvæmdastýra var í sambandi við deildarstjóra íþróttافرæðideildar til að reyna að koma á samstarfi til að gera skólann faglegri. Lítið var um svör og var því töf á að vorönn gæti hafist. Þegar loks voru komin neikvæð svör frá deildinni þá skall á samkomubann og því útséð um að ekki væri hægt að starfrækja skólann þetta árið. Mun sumarið fara í það að vera í áframhaldandi samtali við deildarforseta og vonandi koma skólanum á skrið strax fyrstu vikur haustsins. Þetta er verkefni sem er fullkomið til að styrkja reynslu þeirra nema sem eru í íþróttافرæði og nýttist stúdentasamfélaginu í leiðinni.

### Stúdentasjóður

Framkvæmdastýra hefur séð um að greiða út úr Stúdentasjóði samkvæmt úthlutunum stjórnar sjóðsins. Þegar þetta er skrifað er ekki búið að úthluta fjórðu og síðustu greiðslunni og því ekki komnar upplýsingar um hvort sjóðurinn tæmist í ár en útlit er fyrir það. Er það vel og ber merki þess að það séu fleiri stúdentar að nýta sér sjóðinn. Það er virkileg þörf á að skýra verklagsreglur í kringum sjóðinn og hvernig er farið með þær persónuupplýsingar sem um ræðir.

## Bókhald og endurskoðun

Síðustu ár hefur SHÍ verið í viðskiptum við KPMG. Stór hluti af rekstrarfé ráðsins fer þangað og er vert að athuga með tilboð frá öðrum endurskoðendafyrirtækjum. Við athugasemdir frá framkvæmdastjóra var reikningur fyrir ársreikningagerð lækkaður verulega en samt sem áður virðist ekki vera nægilegt gagnsæi á hvað er verið að borga fyrir. Mun því sumarið fara í að endurskoða þessi mál.

## Fundarritun

Eitt af hlutverkum framkvæmdastjóra er að halda utan um að rita fundargerðir ráðsins. Eitthvað hefur það verið mismunandi framkvæmt síðustu ár, hvort umræður séu teknar inn í fundargerðina eða einungis niðurstöður kosninga hvers liðs fyrir sig. Leggur framkvæmdastjóri það til að framvegis verði Teams notað til þess að taka upp alla fundi ráðsins og sé fundargerðin þá einungis heimild um hvernig kosningar fara. Mun þetta bæði auka gagnsæi og draga úr deilum um hvað sé ritað og með hvaða hætti.

*Helga Lind Mar*

## ÁRSSKÝRSLA ALÞJÓÐAFULLTRÚA

Fyrsta starfsár starfandi alþjóðafulltrúa á skrifstofu SHÍ er að líða undir lok. Þegar á heildina er lítið hefur margt áunnist en ýmislegt sem þarf að vinna áfram. Alþjóðanefnd SHÍ á stórt hrós skilið fyrir gríðarlega vel unnin störf í þágu alþjóðlegra hagsmunamála. Án nefndarinnar hefði

starfsárið ekki gengið jafn vel og raun ber vitni. Það er ljóst að starf alþjóðafulltrúa og alþjóðanefndar er gríðarlega mikilvægt alþjóðlegum nemum og að móta þurfi þann veg áfram.

i.

#### *Skipan nefndar*

Alþjóðanefnd Stúdentaráðs 2019-2020 var skipuð þeim Bergþóru Ingbórsdóttur, Björgvini Viktori Færseth, Brynhildi Kristínu Ásgeirsdóttur og Þórhildi Elínardóttur Magnúsdóttur. Nefndin starfaði undir faglega ráðnum alþjóðafulltrúa SHÍ, Kolfinnu Tómasdóttur.

ii.

#### *Mentorakerfið*

Mentorakerfið og ut anumhald á því er mikilvæg þjónusta fyrir þá alþjóðlegu nema sem hingað koma í nám. Á síðustu árum hefur verkefnið verið í höndum alþjóðanefndar en með tilkomu starfandi alþjóðafulltrúa á skrifstofu SHÍ sá alþjóðafulltrúi um framkvæmdina. Verkefnið hefur farið fram með sama hætti síðustu ár, en Skrifstofa alþjóðasamskipta auglýsir stöður mentora með tölvupósti til allra nemenda við HÍ sem í kjölfarið skrá sig. Skráningin var í höndum alþjóðafulltrúa sem paraði alþjóðlega nema saman við mentora. Alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd stóðu fyrir kynningarfundum fyrir nýja mentora, bæði á haustönn og á vorönn, þar sem farið var yfir hlutverk og mikilvægi mentora. Facebook hópur var stofnaður í janúar fyrir mentora vorannar fyrir aðgengilegri samskipti milli alþjóðafulltrúa og mentora. Í lok hvorrar annar skila mentorar inn mentorskýrslu um störf sín en skil slíkrar skýrslu er forsenda þess að mentorar fái viðauka með útskriftarskírteini sínu.

Um árabíl hefur þörun alþjóðlegra nema og mentora farið fram handvirkt. Það fer gríðarlega mikill og dýrmætur tími í slíka framkvæmd, en um er að ræða á fjórða hundruð alþjóðlegra nema og rúmlega hundruð mentora. Fráfarandi alþjóðafulltrúi kynnti hugmynd að rafrænni þörun fyrir Skrifstofu alþjóðasamskipta sumarið 2019 en ekki gekk að koma því á fót. Fráfarandi alþjóðafulltrúi hvetur arftaka til að koma á rafrænu mentorakerfi og spara þannig mikinn tíma og vinnu sem betur væri varið í önnur verkefni.

iii.

#### *GEST mentorar*

GEST námsleiðin (e. Gender Equality Studies and Training) var stofnuð árið 2009 en á starfsárinu 2019-2020 var fyrst gerð tilraun til að byggja upp mentorakerfi. GEST nemendahópurinn er ekki stór en hann samanstendur af rúmlega 30 alþjóðlegum nemum. Mentorarnir voru því einungis fimm talsins. Það tókst vel til en vegna Covid-19 var ekki hægt að halda úti félagslegri dagskrá eins og ætlunin var.

iv.

#### *Móttökudagar alþjóðlegra nema*

Móttökudagar alþjóðlegra nema (e. Orientation Days) fara fram tvisvar á starfsári, þ.e. í byrjun hvorrar annar. Alþjóðanefnd og alþjóðafulltrúi aðstoðar Skrifstofu alþjóðasamskipta við skipulag móttökudaga og sér um ýmis verkefni þeim tengdum. Móttökudagar í ágúst 2019 voru í heildina þriggja daga dagskrá, frá 21.-23. ágúst 2019. Alþjóðanefnd og alþjóðafulltrúi kynntu starf sitt á opnunarfundi, sáu um veitingar frá Ölgerðinni, tónlistaratriði og skipulagningu á göngutúr um háskólasvæðið ásamt því að standa fyrir miðasölu á Októberfest og sölu á Strætókortum. Fyrsta kvöld móttökudaganna blésu alþjóðanefnd og alþjóðafulltrúi til pöbbarólts um miðbæ Reykjavíkur. Skráning gekk vel og mættu 120 alþjóðlegir nemar fyrir utan Háskóla Íslands til að taka þátt í pöbbaröltinu sem gekk einstaklega vel, en þátttakendum

var skipt í fjóra hópa sem þræddu fjóra staði og enduðu svo öll saman í lok kvölds. Þátttakendur voru afskaplega ánægðir með útfærsluna en þetta kvöld var byrjunin á góðri vináttu margra alþjóðlegra nema.

Móttökudagur í janúar 2020 var einungis dagskrá fyrir einn dag, þann 6. janúar 2020, en talsvert færri alþjóðlegir nemar hefja nám við HÍ á vorönn heldur en á haustönn. Starfsemi alþjóðafulltrúa og alþjóðanefndar var kynnt á opnunarfundi og voru farnir göngutúrar um háskólasvæðið. Eftir kjötsúpu og tónlistaratriði á Háskólatorgi lögðu margir nemar leið sína á brennu við Ægissíðu. Tekin var ákvörðun að hafa ekki pöbbarölt í janúar, en í staðin var vel heppnað PubQuiz með glæsilegum vinningum á Stúdentakjallaranum. Um var að ræða góða byrjun á nýrri önn þar sem alþjóðlegir nemar fengu gott tækifæri til að kynnast.

v.

#### *Alþjóðadagar*

Dagana 4.-6. nóvember 2019 voru Alþjóðadagar Háskóla Íslands haldnir með pompi og prakt. Alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd aðstoðuðu Skrifstofu alþjóðasamskipta við hin ýmsu verkefni, en þá allra helst við hápunkt Alþjóðadaga, Alþjóðatorgið svokallaða, ásamt því að standa fyrir viðburðinum *Spjall við fyrrum skiptinema* á Stúdentakjallaranum. Alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd héldu einnig PubQuiz Alþjóðadaga á Curious þann 5. nóvember sem heppnaðist einstaklega vel. Dagskráin í heild var vel heppnuð og náði til bæði nemenda og starfsfólks. Alþjóðafulltrúi fékk yfirumsjón með leik Alþjóðadaga þar sem flugpunktar með Icelandair voru stærstu verðlaunin. Í fyrsta sinn fór leikurinn ekki fram með útfyllingu þátttökumiða, en leikurinn fór fram í gegnum Instagram. Þátttakan var einstaklega góð en leikurinn náði góðri dreifingu og efniskostnaður við framkvæmd var enginn.

-

vi.

#### *Sprettur*

Alþjóðafulltrúa var boðið að taka þátt í mótun nýs verkefnis á vegum HÍ sem miðar að því að styðja við nemendur með innflytjendabakgrunn frá upphafi framhaldsskóla og yfir í háskóla. Verkefnið kallast *Sprettur* og fékk alþjóðafulltrúi færi á að koma að mótum verkefnisins fyrstu mánuðina.

-

vii.

#### *Aurora University Network*

Alþjóðafulltrúi SHÍ var annar fulltrúa nemenda HÍ í stúdentaneti Aurora. Helstu hlutverk voru að sækja hálfárslega ráðstefnu í Amsterdam, sækja mánaðarlega raffundi með stúdentaneti Aurora og taka þátt í þróun stúdentanetsins. Ráðstefnan í Amsterdam var afskaplega fróðleg og ljóst er að netið vinnur að gríðarlega spennandi og framsæknum verkefnum sem munu umbylta menntakerfinu. Alþjóðafulltrúi stýrði einnig panel umræðunum *Umbylting háskólanáms* í janúar s.l. þar sem farið var yfir þær stóru breytingar sem framundan eru þegar kemur að námsmöguleikum nemenda og skipulagi háskólanáms við Háskóla Íslands.

Í maí 2020 átti hálfárslega ráðstefna Aurora netsins að fara fram í Reykjavík, en vegna Covid-19 hefur henni verið aflýst. Fundur stúdentanetsins mun þó fara fram rafrænt og er alþjóðafulltrúi einn þeirra sem vinnur að lagabreytingum netsins.

-

viii.

#### *ESN*

ESN (Erasmus Student Network) eru virk og virt samtök um alla Evrópu. Starf ESN á Íslandi hefur farið dvínandi á síðustu misserum og hefur samstarf SHÍ og ESN á Íslandi því ekki verið

til staðar í einhvern tíma. Alþjóðafulltrúi og framkvæmdastýra SHÍ funduðu á starfsárinu um mögulegt framhald starfsins og tækifæri til að lífga það við. Í janúar 2020 tók til starfa ný og öflug stjórn með það að markmiði að blása lífi í það mikilvæga starf sem ESN er. Alþjóðafulltrúi SHÍ aðstoðaði nýkjörna stjórn við að kynna starf sitt í HÍ ásamt því að halda svokallað *Welcoming Party*. Metnaðarfullar hugmyndir voru fyrir samstarfi alþjóðanefndar ESN og SHÍ á vorönn 2020 en því miður varð ekki úr þeim vegna Covid-19. Ljóst er að ýmis tækifæri eru fólgin í samstarfi ESN og SHÍ sem mikilvægt er að nýta.

-

ix.

#### *Ýmislegt*

Alþjóðafulltrúi fékk á starfsárinu ýmis tækifæri til að gæta hagsmuna alþjóðlegra nema. Sem dæmi má nefna erindi á viðburðinum *Ensuring quality of learning for international students* á vegum LÍS, þátttaka í vinnustofunni *Diversity and equality* á vegum háskólans, fundur með starfsfólki Alþjóðaskrifstofu Charles University, fundir með ýmsum aðilum innan Háskóla Íslands um hvernig hægt er að bæta dvöl alþjóðlegra nema o.fl. Alþjóðanefnd tók sig einnig til og skipulagði hvalaskoðun fyrir nemendur, en um 60 alþjóðlegir nemar mættu í hvalaskoðun á haustönn. Aflysa þurfti hvalaskoðun á vorönn vegna Covid-19.

Fundargerðir SHÍ voru í fyrsta skipti þýddar á þessu starfsári, en meðlimir alþjóðanefndar sáu um þýðingu fundargerða. Ljóst er mikil vinna er að baki þýðingu fundargerða úr íslensku yfir á ensku og hvet ég næsta alþjóðafulltrúa til að skoða verklag betur.

Einnig er vert að nefna mikilvægi þess að standa vörð um möguleika nemenda við Háskóla Íslands á því að fara í skiptinám erlendis, en öllum að óvörum voru slíkir möguleikar þrengdir fyrir hluta nemenda í desember, þrátt fyrir hávæx mótumli.

Við lok starfsársins eru útistandandi verkefni varðandi orðabókanotkun í lokaprófum fyrir alþjóðlega nema sem alþjóðafulltrúi hefur unnið að með hagsmunafulltrúa, sem og betrubæting á íslensku kennslu alþjóðlegra nema. Ég hvet næsta alþjóðafulltrúa til að beita sér af fullum krafti fyrir báðum málefnum, en um er að ræða gríðarlega mikilvæga þætti þegar kemur að námi alþjóðlegra nema við Háskóla Íslands.

x.

#### *Tækifærin framundan*

Ljóst er að 30% stöðugildi alþjóðafulltrúa gaf einungis tækifæri til að vinna brot af þeim brýnu verkefnum sem þarf að sinna. Covid-19 setti strik í reikning þess sem áætlað var fyrir vorið, en m.a. var fjöldi félagslegra viðburða á döfinni hjá alþjóðanefndinni. Það var brýnt að bregðast við breyttum aðstæðum og aðstoða alþjóðlega nema hér á landi í óvissuástandi, en þrátt fyrir krefjandi aðstæður hefur það gengið vel.

Þegar fyrsta starfsár starfandi alþjóðafulltrúa er að líða undir lok get ég með sannri sátt sagt að ég er ánægð með árangurinn og þakklát því að hafa fengið tækifæri til að móta starfið. Ég er þakklát öflugri nefnd, stuðningsríkri skrifstofu og góðu samstarfi við alla þá sem ég fékk tækifæri til að starfa með. Það eru tækifæri og áskoranir framundan sem ég hlakka til að ræða við arftaka minn.

*Kolfinna Tómasdóttir*

#### ÁRSSKÝRSLA AURORA FULLTRÚA

##### **Helsta ábyrgð og hlutverk:**

Árið 2019 var undirritaður samstarfssamningur við Háskóla Íslands varðandi sérstakt stöðugildi alþjóðafulltrúa á skrifstofu Stúdentaráðs. Starfsgildið yrði 50% og myndi skiptast í tvennt:

alþjóðafulltrúi og fulltrúi stúdenta í Aurora netverki. Ákveðið var að tveir einstaklingar myndu sinna þessu stöðugildi fyrsta starfsárið, og er þetta því skýrsla Aurorafulltrúa.

Hlutverk Aurorafulltrúa Stúdentaráðs er að vera fulltrúi innan sérstaks Stúdentaráðs á vegum Aurora. Stúdentaráð Háskóla Íslands á tvo fulltrúa í því ráði. Háskóli Íslands er einn af níu háskólum í Evrópu sem á aðild að Aurora og er markmið þess netverks að auka alþjóðavæðingu þessara háskóla, samstarf og skapa fleiri möguleika fyrir stúdenta. Aurorafulltrúi Stúdentaráðs var kjörinn forseti Stúdentaráðs Aurora fyrir starfsárið 2019-2020 og einkenndist árið því töluvert af því hlutverki. Forseti Stúdentaráðs Aurora á sæti í stjórn netverksins, þingi og leiðir störf Stúdentaráðs Aurora. Að auki sinnir Aurorafulltrúi Stúdentaráðs samskiptum við stjórnslu Háskóla Íslands varðandi verkefni tengd Aurora og ber einnig ábyrgð á því að vekja athygli á netverkinu innan Háskóla Íslands.

### Verkefni Aurorafulltrúa

Af ýmsu var að taka á starfsárinu en ber þar helst að nefna að unnið var að aukinni lýðræðislegri þátttöku stúdenta innan netverksins. Barist var fyrir því að stúdentafulltrúi í stjórn netverksins og í þingi þess hafi atkvæðarétt í stað áheyrnaraðildar. Eftir ansi langa fundi og samskipti við stjórnendur innan Aurora fékkst þetta samþykkt. Einnig sendi Stúdentaráðið frá sér áskorun til Aurora háskólanna að lýsa yfir neyðarástandi vegna loftslagskrísunnar sem var samþykkt að gera og er í vinnslu.

Á starfsárinu var haldin ráðstefna haustið 2019 í Amsterdam sem að Aurorafulltrúi Stúdentaráðs sótti ásamt alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs. Á ráðstefnunni leiddi forseti Stúdentaráðsins vinnu við að móta stefnu, gildi og markmið Stúdentaráðsins fyrir vinnu þess framundan. Að sama skapi var undirbúið að fara í heildarendurskoðun á lögum Stúdentaráðsins ásamt því hvert hlutverk ráðsins eigi að vera. Lagt var fyrir sérstakt verkefni fyrir alla fulltrúa Stúdentaráðsins til að taka með sér heim til síns háskóla sem fól í sér að vekja með einhverjum hætti athygli á Aurora og starfsemi netverksins gagnvart stúdentum síns háskóla. Aurorafulltrúi Stúdentaráðs ásamt alþjóðafulltrúa ákváðu að standa fyrir viðburði innan Háskóla Íslands sem sneri að umsókn Aurora að European Universities Network. Viðburðurinn var opinn öllum, fengnir voru aðilar frá menntamálaráðuneytinu, Rannís, LÍS og Háskóla Íslands til þess að sitja í panel og voru örkynningar á undan panelumræðum þar sem að áhorfendum var gefin innsýn inn í umsóknarferlið og hverjar áherslurnar voru.

### Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Mikilvægi þess að hafa virkan stúdentafulltrúa innan Aurora, sem fær stuðning frá Háskóla Íslands í formi stöðugildis, er óumdeilanlegt. Þannig er hægt að tryggja virkni í gegnum allt starfsárið, sækja alla mikilvægu fundi ásamt ráðstefnunum og tryggja virka stúdentapátttöku í netverkinu sem er eitt af leiðarljósum Aurora. Það sem þyrfti helst að endurskoða er starfshlutfall fulltrúans, en fulltrúinn vann töluvert yfir sína vinnuskyldu vegna verkefnaálags. Sömuleiðis var takmörkuð tenging við Stúdentaráð sjálft og þyrfti að huga betur að því svo að allir séu upplýstir um mikilvægi netverksins. Reynt var að koma til móts við þetta með því að fá fulltrúann inn á Stúdentaráðsfundi með kynningar og fulltrúinn sótti alla skrifstofufundi hjá skrifstofu Stúdentaráðs. Huga mætti betur að þessu á næsta starfsári. Að lokum má nefna að undirrituð telur heppilegast að hafa eina manneskju í stöðugildi Aurorafulltrúa og alþjóðafulltrúa í stað tveggja aðila sem sinna sitthvoru hlutverkinu. Hætt væri þó við því að tíminn sem færi í Aurora gæti orðið mikill en það er eitthvað sem þarf þá að skoða með Háskóla Íslands í næstu samningum.

## Samantekt

Undirrituð er mjög þakklát fyrir sinn starfstíma fyrir Stúdentaráð og Háskóla Íslands. Háskóli Íslands hefur verið framúrskarandi innan netverksins í stuðningi sínum við stúdenta og að tryggja virka stúdentapátttöku og á hrós skilið fyrir sitt hlutverk þar. Ljóst er að margt er í uppsiglingu í þessum samstarfsneti og gæti orðið þannig að alþjóðapátttaka Stúdentaráðs verður meiri en hefur verið áður og því mikilvægt að tryggja virka stúdentapátttöku í netverkinu áfram næstu starfsár þar sem stúdentarnir eru vel upplýstir og geta tekið þátt og sýnt frumkvæði í starfi.

*Elísabet Brynjarsdóttir*

## STARFSEMI STÚDENTARÁÐS

### STEFNUMÓTUN STÚDENTARÁÐS

Skýrsla um stefnumótunarferð Stúdentaráðs Háskóla Íslands í Hengilsskála 29. júní og 30. júní 2019

#### 1. INNGANGUR

Stefnumótunarferð Stúdentaráðs Háskóla Íslands var farin í Hengilsskála í Bláfjöllum helgina 29. júní - 30. júní 2019. Ferðin var farin í þriðja skipti að fordæmi stefnumótunarferðar sem farin var á Hvanneyri sumarið 2017. Tilgangur ferðarinnar var tvíþættur. Annars vegar að útbúa nákvæmari aðgerðaáætlanir útfrá stefnum Stúdentaráðs sem voru þegar til en einnig móta stefnur sem var ekki búið að semja ennþá og undirbúa ráðið fyrir komandi starfsár. Hins vegar að hrista hópinn saman og skapa vettvang fyrir hópinn til að kynnast betur. Þessi skýrsla er skrifuð í þeim tilgangi að veita innsýn í undirbúningsvinnu og framkvæmd ferðarinnar og með von um að hjálpa til við skipulagning næstu ferðar. Höfundur skýrslunnar er Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs 2019-2020, en hún er unnin í samráði við starfsfólk skrifstofunnar. Að undirbúningi ferðarinnar komu hvað helst Helga Lind Mar, framkvæmdastýra og Guðjón Björn Guðbjartsson hagsmunafulltrúi.

#### 2. UNDIRBÚNINGUR

Undirbúningur ferðarinnar hófst formlega í lok apríl. Yfirumsjónarmanneskja með skipulagi ferðarinnar var Jóna Þórey, forseti. Ákveðið var að miða við sömu helgi ársins og í fyrra sem var síðasta helgin í júní. Strax á kjörfundum gaf forseti verðandi Stúdentaráðsliðum þann fyrirvara til að taka helgina frá og var reglulega minnt á þá helgi í post-um, pistlum og fundum eftir það. Könnun var send út nokkrum sinnum í mismunandi tilgangi, t.d. til að kanna áhuga fólks um mætingu, umræðuefni og tegundir hópeflis. Könnunin var sett inn á Facebook síðu Stúdentaráðsliða og nefndameðlima og allar upplýsingar um ferðina einnig. Þá var sent út lokaskráningarskjal, ólíkt því sem gert var í fyrra, og þar var óskað eftir því að Stúdentaráðsliðar og nefndarmeðlimir myndu boða komu sína, láta vita hvort þau myndu gista, hvort þau væru með ofnæmi eða óþol og hvort þau væru vegan/grænmetisætur. Innkaup fóru svo eftir því skjali. Gerður var Facebook viðburður þar sem 31 meðlimir boðuðu komu sína. Aðalfulltrúar í Stúdentaráði, varafulltrúar í Stúdentaráði, nefndameðlimir og skrifstofa Stúdentaráðs áttu kost

á að fara með í ferðina. 34 skráðu sig, 31 mættu á laugardaginn en stór hluti fór heim eftir stefnumótunarvinnuna á laugardagskvöldinu og aðeins 13 manns voru yfir nótt.

Mikið maus var að finna húsnæði fyrir svo stóran hóp með litlum fyrirvara. Að lokum fengum við leigðan Hengilsskála í Bláfjöllum. Enginn skjávarpi var í húsinu svo við þurftum að fá lánaðan skjávarpa frá upplýsingasviði HÍ. Fyrir utan þetta var húsnæðið hentugt, nægilegt rými fyrir öll, svefnpláss í koju fyrir ca. 90 manns, nóg um borðbúnað og vel útbúið eldhús.

Jóna hélt áfram að vinna með skjal um félagsheimili og húsnæði sem gætu tekið á mótí svona stórum hópum og bætti töluvert í því sem var frá fyrra ári. [Hér](#) er skjalíð.

### 3. DAGSKRÁ

Dagskrá stefnumótunarferðarinnar var eftirfarandi:

Dagskránni seinkaði um u.þ.b. 20 mín á laugardeginum þar sem ekki allir hópstjórar voru mættir á réttum tíma. Annars hélt dagskráin sér að mestu leyti, tempó í málefnavinnu var glæsilegt og kynningar frá hópstjórum gengu smurt fyrir sig svo kvöldmatur var á réttum tíma. Guðjón og Kristín tóku að sér að vera tímaverðir og létu vita þegar 3 mín voru eftir á hverri stöð og svo þegar átti að skipta. Okkur þótti mikilvægt að láta vita með ágætum fyrirvara að stutt væri í skipti, 1 mín viðvörðun eins og var árinu áður þótti fólki ekki nóg en 5 mín viðvörðun virkaði vel. Á laugardeginum voru teknar þrjár umferðir af vinnu og síðan kaffipása. Um kvöldið grilluðum við og höfðum hópefli og leiki fyrir öll sem heppnaðist vel.

Hópefli um morguninn á laugardeginum var svokallaður snjóboltaleikur sem Helga Lind sá um. Leikurinn virkaði þannig að allir stúdentaráðsliðar fengu lítið blað og penna og skrifuðu nafnið sitt á það. Þá kurluðu þeir blaðið upp í “snjóbolta” og hófu að kasta því og tóku svo upp annan snjóbolta og fóru að kasta því þar til Helga Lind kallaði stopp. Þá tók fólk upp einhvern snjóbolta, fann manneskjuna sem átti þann snjóbolta og spurði viðkomandi spurningu og var svarið skrifað niður á blaðið. Spurningarnar voru: 1) Af hverju ertu að læra það sem þú ert að læra 2) Uppáhalds minning úr barnæsku 3) Skrýtin staðreynd um þig sem engin veit 4) Iphone eða samsung. Í málefnaþorðunum var eitt borð frátekið fyrir Jungle Speed í stað LÍN þar sem LÍN borðið átti að vera fyrir umræður um nýtt frumvarp, en ekkert frumvarp var komið þrátt fyrir loford ráðherra um að birta það í júní. Svo fólk gat gert eitthvað hressandi á því borði í staðin.



**Stefnu-  
mótunarferð**

**11:00** *Mæting*  
Göngum frá dótinu okkar og komum okkur vel fyrir

**11:15** *Hópefli 1.0*  
Nafnaleikur til að hrista upp í hópnum eins og margbeðið var um í könnuninni.

**11:50** *LÍN crashcourse*  
Helga Lind Mar - Framkvæmdastýra SHÍ kynnar LÍN, þróan sjóðsins og það sem vitað er um nýtt frumvarp

**12:30** *Pása*  
Pásur eru mikilvægustu stundirnar í allri stefnumótun.

**12:45** *Málefnaþorð með reglulegum kaffihléum*

- LÍN - Helga Lind Mar framkvæmdastýra SHÍ
- Gæði & kennsla - Bergþóra Ingþórsdóttir úr alþjóðanefnd
- Ejarmál- og atvinnulífmál - Adda Malin Vilhjálmstöðir úr FEA
- Skipulag- og samgöngumál - Aðalbjörg Egilsdóttir úr umSáam
- 100 ára afmæli Stúdentaráðs - Jessý Áónsdóttir úr félkmenn
- Kosningaþáttaka stúdenta í kosningum til Stúdentaráðs Þórunn Birta Jóhannesdóttir úr Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd
- Aðstöðu- og húsnæðismál - Eyrún Baldursdóttir
- Jafnréttis- og alþjóðamál - Kollínna Tómasdóttir (ca 20 mín á borð, 5-4 á borði)

**16:30** *Pása nema borðastjórar*  
Yfir allan daginn verður kassi þar sem hægt verður að skila inn nafnlausum spurningum og athugasemdum. Einnig verður hægt að senda inn nafnlaust í gegnum nafnlaust form á netinu. Þessi pása er síðasti sémím til að senda inn hvers kyns spurningar sem ykkur dettur í hug varðandi málefnið, sviðsráð eða SHÍ.

**17:15** *Kynningar frá sviðsráði*

- FSV, VoN, HUGS, HVS, MVS
- Yfirferð spurningakassa vegna málefna, sviðsráða eða SHÍ

**18:30** *Kvöldmatur*  
Skrifstofa SHÍ útvegar kvöldmat

**20:00** *Hópefli*  
Mikilvægt eftirkvöldmatsþópefli með frjálsri aðferð.

**10:00** *Morgunmatur*  
Eftir morgunmat er sameiginleg tiltekt og brottför er áætluð í síðasta lagi klukkan 12.00

Hópefli um kvöldið var staðreyndaleikur þar sem viðkomandi átti að segja staðreynd sem átti eingöngu við um sig, ef staðreyndin átti við um einhvern annan settust þeir sem það átti við um fyrir framan þann aðila en tilgangurinn var að engin myndi sitja hjá þér. Svo var farið í klappleik og heppnuðust báðir leikirnir mjög vel.

Dagskráin á sunnudeginum var einföld en það var morgunmatur og frágangur. Vikið var frá því sem var árið áður um að hafa vinnu á sunnudeginum þar sem hún frestaðist í heild sinni síðast vegna dræmrar mætingar og hve fáir gistuðu. Hefði það orðið eins núna miðað við mætingu. Morgunmatur var kl. 10.

#### 4. MÁLEFNAVINNA

Málefnavinnan fór öll fram á laugardeginum. Þátttakendum var skipt upp í átta vinnuhópa sem voru:

Málefni	Hópstjórar
100 ára afmæli SHÍ	Jessý Jónsdóttir, forseti Félagslífs- og menningarnefnd
Aðstöðu og húsnæðismál	Eyrún Baldursdótti, forseti sviðsráðs HVS og stúdentaráðsliði.
Fjármála- og atvinnulífsmál	Adda Malín Vilhjálmsdóttir, forseti Fjármála- og atvinnulífisnefndar
Gæða- og kennslumál	Bergþóra Ingbórsdóttir, Alþjóðanefnd
Jafnréttis- og alþjóðamál	Kolfinna Tómasdóttir, alþjóðafulltrúi SHÍ
Kosningaþátttaka	Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ
LÍN (Jungle speed)	Helga Lind Mar, framkvæmdastýra SHÍ
Skipulags- og samgöngumál	Aðalbjörg Egilsdóttir, forseti Umhverfis- og samgöngunefndar

Öllum var úthlutað miða þar sem kom fram í hvaða röð viðkomandi átti að fara á hverja stöð. Þetta fyrirkomulag var haft til að mannskapurinn blandaðist sem mest og það væru ekki alltaf sömu aðilar saman í borðum heldur þyrfti fólk að tala við alla og vinna að hugmyndum með sem flestum. Við leggjum til að þetta verði aftur gert með sama hætti. Hver hópur var í u.þ.b. 15 mín á hverju borði og var tekin kaffipása þegar allir höfðu farið í fjóra hópa. Markmið þessara átta hópa var að mynda aðgerðaráætlun fyrir núverandi stefnu Stúdentaráðs um leið og að móta stefnu þegar þær voru ekki til. Mikilvægt er að hópstjórar fái fyrirfram kynningu á þeirra hlutverki og hvað það er sem þeir eru að fara að gera í ferðinni en Jóna fundaði með hverjum og einum þeirra fyrir ferðina. Þeirra hlutverk var að stjórna umræðum og að taka saman vinnuna á sínu borði, eftir málefnavinnuna. Æskilegt er að hópstjóri hafi góða vitneskju á málefninu sem hann tekur fyrir því er sniðugt að fá t.d. forseta nefnda til þess að stjórna sem var gert í þeim tilfellum sem þeir komust.

Kynningar frá sviðsráðum voru haldnar í þeim tilgangi að fá að sjá markmiðin og verkefnið sem sviðsráðin hafa sett sér fyrir árið. Sviðsráðsforsetar voru beðnir um að halda og



undirbúa kynningarnar og varð það raunin að undanskildu Menntavísindasviði og Félagsvísindasviði þar sem forsetar þeirra sviða komust ekki.

#### 5. MATUR

SHÍ sá um allar máltíðir, þ.e. öllum kaffipásam, kvöldmat á laugardegi og dögurð á sunnudegi. Við gerðum könnun á fæðuvali hvers og eins í skráningaskjalinu sem einfaldaði áætlunargerð í innkaupum verulega. Það var ekki gert árið áður en mælt var með því þar sem matarsóun var mikil síðasta ár. Við keyptum kaffi en fengum bakkelsi og brauð gefins í tonnatali frá Brauð & Co. Í kaffipásam var boðið upp á upphitað bakkelsi frá Brauð & Co, niðurskorna ávexti, ristað brauð og álegg, t.d. heimalagað túnfisksalat, hummus og hafrasmurost. Í kvöldmatinn á laugardeginum voru pylsur frá SS og Lindu McCartney, jömm remúlaði, venjulegt remúlaði, tómatsósa, steiktur laukur, sinnep og hrár laukur. Í morgunmat var morgunkorn, ristað brauð, álegg og afgangar af bakkelsi frá Brauð & Co.

#### 6. KOSTNAÐUR

Þátttakendur ferðarinnar greiddu 800 kr. í þáttökugjald en vangaveltur um það voru teknar upp á skrifstofufundi og stjórnarfundum SHÍ. Stjórn Stúdentaráðs samþykkti að eðlilegt væri að hafa lágmarksgjald í ferðina þar sem matur og aðstaða væri í boði fyrir alla sem mættu. Reynt var að halda kostnaði í lágmarki með því að versla í ódýrari matvöruverslunum og undirbúa matinn sjálf. Megnið af innkaupunum fóru fram í Bónus, en það sem vantaði var verslað í Hagkaup, Nettó og Litlu Kaffistofunni. Heildarkostnaður matarins var 29.214 kr. Leigan á gistiskálanum var 75.000kr. fyrir nóttina laugardag til sunnudags. Ekki þurfti að greiða fyrir ferðakostnað neinna hópstjóra.

Kostnaðarliður	Upphæð	Innkoma	Upphæð
Matur	-29.214 kr.	Þáttökugjald	20.000 kr.
Húsnæði	-75.000 kr.		
Samtals	84.214. kr.		

#### 7. ÚRVINNSLA

Hópstjórar tóku saman vinnu sína eftir vinnuhópana og skiluðu inn til skrifstofunnar. Í lokin varð öll vinna sem fór fram að vera samþykkt af Stúdentaráði ef hún á að verða að aðgerðaáætlun.

Ferill vinnunar var eftirfarandi:

1. Vinna í stefnumótunarferð á Hengilsskála
2. Samantekt hópstjóra
3. Nefndir/skrifstofa vinna með niðurstöður/samantekt
4. Nefndaforsetar skrifa upp stefnuna/aðgerðaáætlunina
5. Nefndaforsetar kynna drög fyrir Stúdentaráði
6. Drög lögð fyrir Stúdentaráð til samþykktar

## 8. UMSAGNIR

Eftir ferðina voru þátttakendur beðnir að svara könnun um þeirra mat á ferðinni, hvað fór vel og hvað mætti bæta. Hér eru spurningarnar og svörin:

### 1. Hvernig fannst þér ferðin ganga heilt yfir?

Mjög vel
Mjög vel
Mjög vel
Mjög vel
Mjög vel
Mjög vel
Mjög vel

### 2. Voru einhver sérstök atriði sem þér fannst ganga vel? Ef svo er hver?

- Stöðvastarfið gekk mjög vel upp og LÍN kynningin var þægileg og skiljanleg.
- Hópeflið serstalega og málefnaborðin
- Umræður á borðum
- Hópeflið var einstaklega skemmtilegt. Skálinn var æðislegur og maturinn líka.
- Virkilega góður matur, og ódýrt. Gott utanumhald og skýrt. Góður andi og þægilegt að þetta var nálægt bænum.

### 3. Voru einhver sérstök atriði sem þér fannst ganga illa? Ef svo er hver??

- Ekkert sem mér dettur í hug.
- Mæting hefði getað verið betri
- Fyrirlestrarnir voru soldið vel þjappaðir og ég vil gjarnan endurkynningu á LÍN fyrirlestrinum. Borðin voru áhugaverð og í raun bara ákveðin hugmyndavinna en þá mætti setjast niður og ákveða stefnu og hvað hver og einn Stúdentaráðsliði gæti gert til að ná þessum markmiðum.
- Hefði mátt vera betri mæting og það hefði verið skemmtilegra ef fleiri hefðu séð sér fært að gista, upp á hópefli. Mér finnst jafnframt eins og það hefði mátt vera eins og einu borði færra, fáir voru í hverjum umræðum og hefði það skapað líflegri umræður ef fleiri hefðu verið á hverju borði á sama tíma. Einnig var tíminn í það lengsta sem fór í að fara milli borða - svo ég held að aðeins færri borð (þó ekki nema 1-2) gæti verið hentugt.

### 4. Ertu með einhverjar hugmyndir fyrir næsta ár?

- Hafa þessa ferð fyrr á árinu eða seinna, svo að fleiri komist.

COVID-19, KÓRÓNAVEIRUFARALDURINN

Í upphafi árs 2020 geysaði faraldur kórónaveiru COVID-19 um heim allann og var Ísland þar ekki undanskilið. Faraldurinn hafði gríðarleg áhrif á samfélagið og stúdenta. Kraftar skrifstofunnar, sérstaklega forseta og kjörinna fulltrúa, fóru þá í að gæta þess að stúdentar yrðu ekki sá hópur sem yrði undir í þessum faraldri. Með lokun háskóla landsins frá 13. mars – 4. maí 2020 stóðu stúdentar og starfsfólk frammi fyrir gríðarlegum áskorunum um framhald kennslu. Því til viðbótar jókst atvinnuleysi verulega vegna samkomubanns í landinu og áttu stúdentar engan rétt til atvinnuleysisbóta eða annarra úrræða sem gætu gripið þá fjárhagslega.

Til að gæta sem best að hagsmunum stúdenta sendi Stúdentaráð út kannanir í tvígang. Niðurstöðurnar voru svo nýttar til stuðnings málflutningi ráðsins um nauðsyn aðgerða til að koma til móts við aðstæður stúdenta. Þá beitti Stúdentaráð sér fyrir hinum ýmsu málum sem hafa áhrif á stöðu stúdenta í faraldrinum og mun þessi kafli ársskýrslunnar gera því skil. Því til viðbótar er að finna umsagnir, yfirlýsingar og annað útgefið efni í kafla skýrslunnar um útgefið efni.

Forseti SHÍ fékk bæði sæti í neyðarstjórn Háskóla Íslands sem og samhfingjarhópi stjórnvalda um atvinnu- og menntaúrræði. Samhfingjarhópurinn var undir stjórn Gylfa Arinbjörnssonar en þegar þessi ársskýrsla er skrifuð var það ljóst að mati forseta SHÍ að hendur hópsins voru töluvert bundnar við pólitískar línur sem stjórnvöld vildu leggja.

FRÉTTABLAÐIÐ  
73. TÖLUBLAD 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI — FIMMTUDAGUR 26. MARS 2020



Verið er að setja upp skilrum milli starfsmanna á afgreiðslukúsum Bónuss og viðskiptavina til að draga úr smithættu. Guðmundur Marteinsson framkvæmdastjóri segir ganga vel að uppfylla kröfur samkomubanns. „Við látum öryggið ganga fyrir“ segir hann. „Það er auðvitað mikið álag á starfsfólkinn okkar sem að þarf að teja inn í bóðirnar og passa upp á fjarlægð milli fólks. Okkar fólk er enn tilbúið til þess að meta í vinnu. Um tuttugu starfsmenn hjá okkur eru í sóttkvi og tveir hafa greinst með veirun og eru því í einangrun.“ FRÉTTABLAÐIÐ ERMIR

Háskólanemar vilja líka bætur

Ný lög um hlutastarfaleið ná ekki yfir þá sem eru í minna en 45 prósent hlutastarfi. Margir námsmenn eru í hlutastarfi. Búist er við hrunu uppsagna. Gefa 73 prósent háskólanema liðan sinni nú laga einkunn.

COVID-19 Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands, segir háskólanema ugðandi. Övissa se um hvernig vorominnim verði lokið og við bættist áhyggjar af framfarstu hjá mörgum. „Tæplega helmingur háskólanema er meira en 50 prósent starfi og því ljóst að það er stor hópur í minna starfshlutfalli. Þessir nemendur falla þá ekki undir þessi úrræði ríkisstjórnartímar og eru í erfiðri stöðu.“ segir Jóna Þórey. Stúdentaráð hafi oskað eftir því að einstaklingar í þessari stöðu fái atvinnuleysisbótarett. Ein aðgerða stjórnvalda vegna þrenginga sem nú stæða að er að heimila fyrirtækjum að lækka starfshlutfall launþega í 25 prósent. Atvinnuþryggingasjóður greiðir broturpartinn af mismuninum. Skilyrði er að fólk hafi verið í að minnsta kosti 45 prósent starfi. Starfsmenn í hlutastarforum falla milli skips og bryggju. Þetta fólk starfar gjarnan hjá fyrirtækjum í veitinga- og ferðabýggnustu sem verða hvað verst úti í núverandi aðstæðum. „Það er ljóst að fyrir veitinga- hús sem hafa mikið af starfsfólki í hlutastarfi undir 45 prósent hlutfalli, munu þurfa að taka ákvörðun um hvort segja þurfi því starfsfólki upp strax. Eg tel því niður miklar líkur á að það verði niðurstaðan hjá mörgum.“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Sam-

Þetta eru sláandi tölur sem við verðum að taka alvarlega og bregðast við.




Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

taka fyrirtækja í ferðabýggnustu. Til viðbótar fyrrenndri stöðu háskólanema má nefna að margir þeirra eru á leigumarkaði. „Félagsstofnun stúdenta byggir bjóða upp á úrræði fyrir sína leigjendur en stæða þeirra sem eru á almennum leigumarkaði er áhyggjuvefni. Stjórnvöld hafa ekki boðað nein úrræði fyrir leigjendur.“ Stúdentaráð let gera könnun á liðan háskólanema á þessum övissittumum. Alls bárust svör frá um 1.548 nemendum. Á skalanum 1-10 svóruðu um 73 prósent nemenda því að liðan þeirra væri 5 eða lægra. „Þetta eru sláandi tölur sem við verðum að taka alvarlega og bregðast við.“ segir Jóna Þórey. —bj

Tryggja nægt lausafé í kerfinu

VIÐSKIPTI Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segir að Seðlabankinn hafi áhyggjar af því að bankarnir muni ekki veita nægjanlega miklu lausafé ut í atvinnulífð vegna þess að þeir hafi ekki hvata til þess. Af þeim sökum hafi verið talið nauðsynlegt að bankinn hefji kaup á ríkisskuldabréfum. Kaupin létta í fjármögnun fyrirtækja sem sækir sér fé á skuldabréfamarkaði.



Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.

„Við munum sjá til þess að það verði nægt lausafé til staðar.“ segir Ásgeir. Hann útlökar ekki að umfang fyrrihugaðra skuldabréfa-kaupa verði auklið. —hae, kj / sjá síðu 8



Hágæða harðparket í miklu úrvali

Harðparket er með einstaklega sterkt yfirborð sem býður upp á mikinn umgang og viðhaldið er svo til ekkert, svo er það líka fallgeit!

Parki  
PARKET

Parki ehf. • Dalvegji 10-14 • 201 Kópavogi • parki@parki.is • 595 0570

## KANNANIR SHÍ VEGNA COVID-19

Stúdentaráð varð vart við mjög erfiða stöðu margra stúdenta á tímum COVID-19. Til að fá heildræna mynd af stöðunni réðst skrifstofa ráðsins í að senda út kannanir á alla stúdenta, leiddu þær til þess að önnur stúdentafélög í háskólum landsins gerðu slíkt hið sama.

### LÍÐAN OG STAÐA STÚDENTA Á TÍMUM COVID-19

Fyrsta könnunin var send út kl. 18 þann 22. mars 2020, sunnudag, og voru 1.548 nemendur búnir að taka könnunina þann 24. mars, en ca. 13.500 nemendur eru skráðir í HÍ.

Nemendur voru spurðir hvernig þeim líður í þeim fordæmalausum aðstæðum sem nú eru vegna COVID-19 á skalanum 1-10, þar sem 1 er mjög illa, 5 sæmilega og 10 mjög vel. 50.5% nemenda merktu líðan sína á bilinu 3 - 5. Rúmlega 73% nemenda merktu líðan sína 5 eða lægri.

Spurðir hvort stúdentar upplifa streitu og/eða álag sem hafi áhrif á námsframvindu sína sögðu 53.1% nemenda já, mjög mikið og 30% já, en ekki svo mikið.

Við spurðum “Á skalanum 0-10 (0 verandi ekki neitt og 10 það mesta), hversu mikinn kvíða upplifir þú í þessum aðstæðum”. Þá telja 56% nemenda sig upplifa kvíða á stigi 7 eða hærra.

Við lögðum líka upp samskonar spurningu en spurðum hve mikla depurð fólk upplifir.

Niðurstaðan sýndi að 44% nemenda telja sig upplifa depurð 7 eða hærra.

Við spurðum úti einkenni þunglyndis, nánar tiltekið hvort stúdentar telji sig upplifa einkenni þunglyndis í þessum aðstæðum og til skýringar fylgdi með að einkenni þunglyndis gætu verið þungt skap, gleðileysi, áhugaleysi, þreyta, vonleysi. Niðurstöðurnar sýndu að 20.1% stúdenta telja sig upplifa einkenni þunglyndis. 27.2% telja sig gera það *að einhverju leyti* og 18.4% telja sig gera það *að litlu leyti*. Er því um 75% þátttakenda sem gátu tengt við þessa upptalningu einkenna að litlu leyti eða meira.



Við töldum mjög mikilvægt að stúdentar vissu að SHÍ væri að gera sitt besta í að aðstoða þá en auk þess að þeir upplifi sig ekki eina og bjargarlausu. Því var tilkynnt opinberlega um niðurstöðurnar og fylgdi textinn „Þú ert ekki ein/n/tt“.

Við töldum einnig mikilvægt að upplýsa sviðin og fulltrúa stúdenta innan deilda um stöðu sinna samnemenda. Þá var sérstaklega athyglisvert að nemendur á Menntavísindasviði virtust upplifa mesta streitu. En þegar tölur þar voru bornar saman við önnur svið var ljóst að fjöldi foreldra og fjöldi þeirra sem vinna með námi var töluvert hærri á Menntavísindasviði en á öðrum sviðum auk þess að fleiri eru

á leigumarkaði á MVS en öðrum sviðum. Foreldrar og þeir sem vinna með námi voru einmitt sá hópur sem upplifði mestan kvíða og streitu á þessum tímum svo það kann að skýra stöðuna á Menntavísindasviði miðað við önnur svið.

Niðurstöðurnar voru sláandi eins og fram hefur komið. Fréttablaðið birti svo forsíðufrétt þar sem forseti SHÍ ræddi um kröfu stúdenta um atvinnuleysisbætur og var vísað í niðurstöður könnunarinnar varðandi líðan stúdenta.

## UPPLIFUN STREITU EFTIR SVIÐUM

### FVS

58.23%	191/328 Já mjög mikla
28.66%	94/328 Já en ekki svo mikið
3.05%	10/328 Nei ekki neitt
7.32%	24/328 Í litlu magni

### VON

43.41%	79/182 Já mjög mikið
35.16%	64/182 Já en ekki svo mikið
6.04%	11/182 Ekki neitt
12.64%	23/182 Í litlu magni

### MVS

70.55%	115/163 Já mjög mikið
20.25%	33/163 Já en ekki svo mikið
0.61%	1/163 Nei ekki neitt
6.75%	11/163 Í litlu magni

### HVS

43.68%	83 Já mjög mikið
22.11%	42 Já en ekki svo mikið
4.74%	9 Nei ekki neitt

12.63%	24 í litlu magni
--------	------------------

## HUGS

64 Já mjög mikið	33.68%
39 Já en ekki svo mikið	20.53%
5 Nei ekki neitt	2.63%
15 Í litlu magni	7.89%

### SUMARSTÖRF OG STAÐA STÚDENTA Á TÍMUM COVID-19

Seinni könnunin var send út kl. 11 þann 6. apríl, mánudag, til allra stúdenta í HÍ, og höfðu 1.097 nemendur tekið könnunina 48 klst. síðar þann 8. apríl.

Með seinni könnuninni var þeirri fyrri fylgt eftir að nokkru leyti en einnig var spurt sérstaklega úti stöðu stúdenta á vinnumarkaði, viðhorf þeirra til sumarnáms og fjárhagsáhyggjur stúdenta.

Sérstök atriði voru eftirtektarverð:

- Rúm 11% stúdenta HÍ telja sig **ekki geta mætt útgjöldum sínum næstu mánaðamót** og sögðu 32% stúdenta sig eiga erfitt með það, þó þeir geti það. Af þessu má álykta að 43% stúdenta eru í erfiðri stöðu fjárhagslega strax næstu mánaðamót.
- Enn fleiri telja sig **ekki geta mætt útgjöldum sínum í sumar** eða tæp 18% og sögðu tæp 27% stúdenta að þeir muni eiga erfitt með það. Af þessu má álykta að 45% stúdenta horfi fram á erfiða tíma fjárhagslega í sumar.
- Tæp 20% stúdenta óttast að einhverju leyti að þeir **missi húsnæði sitt**. 4% sögðu nú þegar ljóst að þeir gætu ekki mætt útgjöldum vegna húsnæðis.
- Á skalanum 1-10 eru 53% stúdenta með **fjárhagsáhyggjur** á stigi 6 eða yfir.
- Um  $\frac{2}{3}$  stúdenta merkja **líðan** sína 5 eða lægri á skalanum 1-10. Sama hlutfall stúdenta segjast uplifa kvíða á stigi 7 eða hærra á skalanum 0-10.
- 40% stúdenta við HÍ hafa **ekki fengið vinnu í sumar** og segja aðeins tæp **6% stúdenta að þeir hafi geta nýtt sér úrræði stjórnvalda** sem komið hafa fram nú þegar vegna fjárhagsstöðu sinnar.
- Fjórðungur stúdenta sem voru í hlutastarfi með námi var sagt upp eða lækkað í 0% starfshlutfall. Tæp 27% stúdenta hafa svo lækkað í starfshlutfalli að einhverju leyti



- 47% stúdenta segjast ekki komast af fjárhagslega án hlutastarfsins og aðeins, 39% komast af fjárhagslega en segja það flókið og aðeins 15% segjast komast af auðveldlega án hlutastarfs síns.
- Foreldrar, sérstaklega einstæðir foreldrar, eru síður komnir með vinnu en aðrir hópar, upplifa almennt meiri kvíða í dag heldur en fyrir tveimur vikum miðað við aðra hópa og telja sig upplifa mesta streitu af öllum hópum
  - Aðeins 31% stúdenta eru almennt eingöngu í námi svo 69% stúdenta við HÍ **vinna með námi**.

Í þetta sinn tók mbl.is málið upp og skrifaði um það, þá kom forseti SHÍ fram í hádegisfréttum Bylgjunnar vegna málsins og birtist frétt á vísí.is uppúr því viðtali. Auk þess fór forseti SHÍ í morgunútvarp Rás 1 og 2 og varð málið hluti af fyrstu frétt morgunfrétta RÚV.

---

#### NEYÐARSTJÓRN HÍ

Forseti SHÍ fékk sæti í neyðarstjórn HÍ vegna COVID-19, eða kórónuveirufaraldursins, um miðjan mars mánuð. Mörg verkefni Stúdentaráðs fóru þá á bið, líkt og samfélagið allt, en samkomubann og gríðarleg áhrif þess á háskólasamfélagið urðu fyrirferðamikil.

Neyðarstjórn HÍ hélt til að byrja með daglega fundi og í neyðarstjórninni áttu 14 fulltrúar stjórnarsýslu skólans sæti, þ.á.m. rektor, aðstoðarrektorar HÍ, sviðsstjóri kennslusviðs HÍ og fulltrúar framkvæmda- og tæknisviðs. Til viðbótar komu stöku sinnum forsetar fræðasviða eða aðrir inná fundina til að upplýsa um ákveðin mál. Þegar á leið fundaði neyðarstjórnin þrisvar í viku og loks einu sinni í viku.

Helstu sjónarmið sem forseti SHÍ hélt uppi innan neyðarstjórnarinnar var að erlendir nemar væru í sérstaklega erfiðri stöðu, foreldrar þyrftu sérstök úrræði þar sem þeim gefst ekki tími til þess. Námsfyrirkomulag og breytingar á því þurfi alltaf að vera nemendum í hag. Fjárhagslegir erfiðleikar stúdenta hafi verið þeim þungbærir og allur stuðningur skólans í þeim efnum væri vel þegin aðstoð. Leiddi það til þess að rektor samþykkti að taka málið upp innan samstarfsnefndar háskólastigsins sem skipuð er rektorum allra háskóla landsins og gaf samstarfsnefndin út stuðningsyfirlýsingu við kröfur stúdenta þann 26. mars 2020.

---

#### HLUTABÓTALEIÐIN

Ríkisstjórnin lagði til úrræði sem fékk heitið hlutabótaleiðin. Í því fólst að vinnuveitendur gætu minnkað starfshlutfall starfsfólks og ríkið myndi greiða mismuninn. Þegar frumvarpið kom fyrst fram voru stúdentar undanskildir úrræðinu og áttu ekki rétt til þess. Stúdentaráð skilaði umsögn vegna málsins sem má finna í ársskýrslu þessari. Fyrst um sinn voru þau skilyrði að fyrra starfshlutfall hafi verið lækkað hlutfallslega um 20% hið minnsta og að launamaður haldi að lágmarki 50% starfshlutfalli. SHÍ taldi þau skilyrði of þröng fyrir stúdenta sem vinna til að framfleyta sér með námi auk þess að til staðar yrði að vera sér málsgrein sem fæli í sér að stúdentar ættu rétt á úrræðinu. Hlustað var á þær kröfur og var frumvarpinu breytt til samræmis.

---

#### ATVINNULEYSISBÆTUR

Stúdentaráð Háskóla Íslands hélt uppi kröfu um rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta vegna sumarsins 2020. Yfirlýsing Stúdentaráðs vegna fjárukalaga frá 30. mars 2020 og krafa ráðsins í aðgerðarpakka SHÍ vegna COVID-19 sem lagður var fram 12. apríl, sem og umsögn SHÍ

vegna annars aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar 22. apríl, má finna í ársskýrslunni undir útgefið efni, en þar kom krafan m.a. fram. Yfirlýsing SHÍ vegna fjárukalaga kom til þar sem tillaga fjárlaganefndar um 100 m.kr. aukningu til Nýsköpunarsjóðs fól í sér að 110 nemendur geti framfleytt sér fyrir 300 þúsund krónur á mánuði í þrjá mánuði í sumar, ef skilyrði sjóðsins eru óbreytt. Aðgerðir sem myndu gagnast 110 manns í fjölbreyttum hópi stúdenta voru ófullnægjandi. Það þarf að gera meira.

Mikið þúður var lagt í að koma kröfunni um atvinnuleysisbætur á framfæri og var könnun Stúdentaráðs sem sýndi fram á að það stefndi í 40% atvinnuleysi meðal stúdenta HÍ m.a. lögð til grundvallar því að slíkra aðgerða er þörf. Forsætisráðherra vísaði í könnun Stúdentaráðs á þingræðu sinni þann 14. apríl 2020 og var vísað í könnunina í seinni aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar þann 21. apríl 2020 eins og sjá má á meðfylgjandi mynd:

Sumarúrræði fyrir námsmenn

## 9 Ráðist verður í þrjú aðgerðir til að auka náms- og starfsmöguleika námsmanna



<p>Vegna faraldursins hafa þúsundir námsmanna nú orðið fyrir <b>röskun í námi sínu</b></p> <p>Þar að auki eru <b>vonir</b> margra námsmanna til að <b>finna sér sumarstörf</b> við þessar aðstæður <b>veikar</b><sup>1</sup></p> <p>Stjórnvöld munu ráðast í <b>þrjú aðgerðir</b> til að <b>auka náms- og starfsmöguleika námsmanna</b> í ljósi þessara aðstæðna</p>	<p><b>1 Sumarstörf fyrir námsmenn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>2.200 m.kr. verður veitt í sérstakt átak til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn hjá hinu opinbera, eða sem nemur <b>3000 störfum</b></li> </ul>
<p><b>2 Sumarnám á framhalds- og háskólastigi</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>800 m.kr. verður veitt til að bjóða upp á <b>sumarnám á framhalds- og háskólastigi</b></li> <li>Bæði <b>bók- og starfsnám í staðar- og fjarnámi</b></li> </ul>
<p><b>3 Framlag til nýsköpunarsjóðs námsmanna</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>300 m.kr. framlag til NSN fyrir <b>þrjú mánaða laun til ungra frumkvöðla</b><sup>2</sup></li> <li>Áhersla á frumkvöðlamennsku og <b>nýsköpun</b></li> </ul>

<sup>1</sup> Sem dæmi má nefna að í tveimur könnunum Stúdentaráðs Háskóla Íslands sem framkvæmdar voru á undanförunum vikum kom fram að 40% stúdenta við Háskóla Íslands voru ekki komnir með sumarstarf

<sup>2</sup> Framlög til Nýsköpunarsjóðs námsmanna voru aukin um 100 m.kr. í fyrsta hluta svo heildaraukning nemur 400 m.kr.

Fram að því að aðgerðarpakinn var kynntur var viðvera Stúdentaráðs í fjölmiðlum mikil eins og fram hefur komið í kafla ársskýrslunnar um könnun vegna sumarstarfa og stöðu stúdenta hér að framan. Í kjölfar seinni aðgerðarpakkans var svo haft samband frá Mbl.is en RÚV höfðu samband við Landssamtök íslenskra stúdenta til að óska eftir viðbrögðum. Stúdentaráð sendi umsögn vegna seinni aðgerðarpakkans, enda þó um verulega fjármuni til sumarstarfa stúdenta hafi verið að ræða var kröfu ráðsins um atvinnuleysisbætur og fjárhagsöryggi ekki mætt.

### SUMARNÁM

Ein af boðuðum aðgerðum stjórnvalda var aukið sumarnám við háskólana. Stúdentaráð skilaði álitinu sínu með ályktun um sumarnám sem finna má undir útgefið efni til Háskóla Íslands. Stjórnvöld skólans tóku undir með ályktuninni og voru sammála henni.

Gagnvart stjórnvöldum ítrekaði Stúdentaráð að eftir hrún var sérstaklega aukið við framboð sumarnáms. Skiptar skoðanir eru á því hve vel sú aðgerð heppnaðist samkvæmt upplýsingum SHÍ. Grundvallarmunur er á stöðu stúdenta nú og þá, en á þeim tíma áttu stúdentar rétt á



atvinnuleysisbótum yfir sumartímamann 2009. Aukið framboð sumarnáms var því viðbótaraðgerð, en sumarið 2020 eru engin björg til staðar handa atvinnulausum stúdentum, því að með lögum nr. 134/2009, sem tóku gildi 2010 var réttur námsmanna til bótanna svo afnuminn.

Stúdentaráð spurði einnig sérstaklega úti afstöðu stúdenta til sumarnáms í síðari könnun ráðsins og var eftirfarandi eftirtektarvert:

- Spurt var hvernig stúdentum litist á þá hugmynd að stúdentar **framfleyti sér í sumarnámi með láni** frá LÍN:
  - 27.5% sögðu það vera mjög góða hugmynd, 18,4% sögðu það vera góða hugmynd, flestir voru hlutlausir eða 31,5%, 9,5% sögðu það vera slæma hugmynd og 12,7% töldu það vera mjög slæma hugmynd.
- Spurt var hvort þátttakandi myndi **sjálfur sækja sér námslán til að framfleyta sér** með sumarláni
  - Aðeins 9% sögðu já
  - 35.6% stöðu Nei, þó ég væri atvinnulaus
  - 22% sögðu já en bara ef þeir fengu ekki vinnu
- Spurt var hvernig stúdentum litist á þá hugmynd að bjóða uppá sumarnám við HÍ
  - 49,4% sögðu það vera mjög góða hugmynd, 23% sögðu það vera góða hugmynd, 22% voru hlutalaus og 6% töldu það vera slæma eða mjög slæma hugmynd.
- Spurt var hvort **þátttakandi myndi sjálfur** sækja sér sumarnám (20 ECTS) við Háskóla Íslands ef það stæði til boða:
  - 25% sögðu já
  - 35% sögðu já en bara ef þeir væru atvinnulausir
  - 9% sögðu nei þó ég væri atvinnulaus
  - 22% sögðu veit ekki

---

#### LÍN OG ÚRRÆÐI ÞEIRRA

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna samþykkti heimild fyrir sjóðinn að taka til greina annars konar staðfestingar skóla á ástundun nemenda en vottorð um loknar einingar. Óski námsmaður þess verður tekið mið af umsóttum einingafjölda námsmanns í samræmi við lánsáætlun hans fyrir misserið. Það sama á við ef námsmaður veikist af veirunni og getur þess vegna ekki sótt skóla í lengri tíma þannig að það hafi áhrif á námsframvindu hans

Stjórn sjóðsins samþykkti að lengja umsóknarfrest vegna námslána, sem var 15. apríl fyrir vormisseri, til 1. maí.


Stúdentaráð lagði áherslu á það í sínum aðgerðarþakka frá 12. apríl 2020 að námslán sem stúdentar ættu von á eftir vorönnina yrðu greidd út strax auk þess að frítekjumarkið yrði að hækka fyrir komandi skólaár. Þá yrði að breyta reglum um lánsrétt vegna sumarnáms til að það myndi í raun gagnast stúdentum.

---

#### FS OG ÚRRÆÐI ÞEIRRA

Forseti SHÍ lagði til við framkvæmdarstjóra og stjórnarformann FS að FS myndi slaka á námsframvindukröfum. Þá lagði forseti til að einhverskonar afsláttur eða dreifing á leigugreiðslum myndi standa stúdentum til boða. Mikið var rætt um tillögurnar innan stjórnar og með góðum stuðning fulltrúa stúdenta í stjórn FS urðu þær að veruleika. Því til viðbótar var

samþykkt að hámarksdvalartími myndi ekki hafa áhrif á dvöl stúdenta þessa önnina. Nánar tiltekið var samþykkt að:



- Hluti af greiðslum verður dreift, þ.e.a.s. 25% leigu má dreifa fyrir apríl, maí og júní en þurfa að hafa greitt upp þann 30. júní hið síðasta til að geta endurnýjað samning sinn við FS
- Þessi önn telur ekki inni hámarksdvalartíma og fólki verður því ekki vísað út þó það hafi verið að klára hámarksdvalartíma sinn.
- Stúdentar þurfa ekki að ná 40 einingum fyrir allt skólaárið heldur bara 20, svo einingarnar sem fólk náði núna á síðustu önn duga

FS á hrós skilið fyrir að hafa tekið við sér og brugðist við ábendingum og óskum SHÍ.

#### DOWN DOG YOGA APP

Framkvæmdastýra SHÍ átti frumkvæði að því að leitast eftir samstarfi við Down Dog Yoga appið og tryggði hún þannig stúdentum við Háskóla Íslands frían aðgang að því til 1. júní. Andleg og líkamleg heilsa var Stúdentaráði umhugað og stóð hugur stúdentaráðs til þess að bæta í verkfærakistu stúdenta til að takast á við erfiða tíma.

#### AUKIN ÚRRÆÐI SÁLFRÆÐIRÁÐGJAFARINNAR

Eftir fyrri könnun SHÍ sem sýndi fram á mikla vanlíðan stúdenta voru niðurstöðurnar sendar neyðarstjórn HÍ, náms- og starfsráðgjöf skólans og sálfræðingum skólans. Í kjölfarið réðst sálfræðiráðgjöfin í að efla þjónustu sína með dyggum stuðningi meistaranema í sálfræði, eða yfir 30 nemum sem buðu sig fram Þar sem háskólinn lokaði í samkomubanninu fór öll sálfræðiráðgjöf fram í gegnum netið. Áherslan var á svokallaða „telehealth“ sem mætti kannski kalla vefheilsu eða fjarheilbrigði. Sálfræðinemarnir veiti fjarmedferð í gegnum öruggan hugbúnað. Handleiðsla sálfræðinemanna fór líka fram í fjarskiptum, aðallega á fjarfundum sem haldnir eru reglulega. Fjöldi mála nálgadist 140 þegar það var gert og var það fjölgun frá árinu áður sem var 116.

#### ALDURSGREININGAR UNGRA HÆLISLEITENDA

Vísað er til umfjöllunar í ársskýrslu SHÍ 2018-2019 vegna frekari forsögu málsins en afstaða Stúdentaráðs hefur verið skýr í langan tíma. Verður hér stiklað á stóru og aðalatriðin dregin fram en hér er um að ræða gríðarstóran sigur fyrir stúdentabaráttuna, sem var komið í höfn á þessu ári.

Barátta Stúdentaráðs gegn framkvæmd Háskóla Íslands á ósiðlegum og vísindalega ónákvæmum rannsóknum á fylgdarlausum börnum og ungmennum á flóttu skilaði sér. Tanngreiningar til að aldursgreina flóttafólk fyrir Útlendingastofnun munu ekki lengur fara fram innan HÍ.

Háskóli Íslands hefur aldursgreint fylgdarlaus börn og ungmenni sem koma hingað í leit að hæli í áraraddir. Aldursgreiningin hefur farið fram með rannsóknaraðferð sem ráðgjafa- og siðfræðihópur evrópsku akademíu barnalækna, Bresku tannlæknasamtökin, Rauði krossinn á Íslandi, UNICEF, barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna og barnaréttardeild Evrópuráðsins mæla gegn og telja ýmist brjóta gegn siðferði eða vera of ónákvæmar rannsóknir til að þær teljist réttlætanagerar. Afstaða Stúdentaráðs var sú að við vorum á móti því að Háskóli Íslands framkvæmi svo umdeildar rannsóknir en umfram það vorum við mótfallin því að Háskóli Íslands hafi verið settur í þá stöðu, gagnvart einhverjum viðkvæmasta hópi samfélagsins, að koma að málum þeirra með hætti sem hefur mögulega neikvæðar afleiðingar á þeirra ferli og líkamlega og andlega heilsu.

Þrátt fyrir þá mótstöðu SHÍ frá síðasta starfsári, samdi Háskóli Íslands við Útlendingastofnun um að tanngreina hælisleitendur, nánar tiltekið í mars 2019. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Í júní 2019 birti European Student's Union einróma stuðningsyfirlýsingu við Stúdentaráð um að HÍ eigi að hætta að tanngreina hælisleitendur. Stuðningsyfirlýsingin kom til eftir að Stúdentaráð lagði til að Landssamtök íslenskra stúdenta myndu óska eftir stuðningi frá Evrópu við afstöðu Stúdentaráðs. Frumvarp um breytingu á lögum um útlendinga kom fram á Alþingi haustið 2019. Stúdentaráð fékk beiðni frá Alþingi um að skila inn umsögn og gerðum við það þar sem við ítrekuðum þá afstöðu að Háskóli Íslands eigi ekki að koma að þessu ferli Útlendingastofnunnar sem getur haft neikvæðar afleiðingar á mál fylgdarlausra ungmenna.

Við sendum áskrun á háskólaráð um að hætta að aldursgreina fylgdarlaus hælisleitendur þann 30. nóvember 2019. Viðbrögð við þeirri áskrun voru heldur fátækleg og því efndi Stúdentaráð, ásamt No Borders Iceland, til mótmæla á Háskólatorgi þann 3. febrúar 2020. Mótmælin voru haldin eftir samráð við No Borders og eftir að SHÍ fékk upplýsingar þess efnis að aðilar sem gengist hafa undir aldursgreiningarnar hafi verið því samþykkir að slíkur viðburður yrði haldinn. Mótmælin leiddu til mikillar fjölmiðlaumfjöllunar en háskólaráð, sem hefur ákvörðunarvald um hvort HÍ haldi áfram að tanngreina fyrir Útlendingastofnun, átti fund í 6. febrúar og í byrjun mars þar sem tanngreiningarnar voru m.a. á dagskrá. Niðurstaða háskólaráðs var að stöðva tanngreiningar í Háskóla Íslands!



Stúdentaráð Háskóla Íslands

**STÚDENTARÁÐ FAGNAR!**

# HÍ HÆTTIR AÐ TANNGREINA!

Tveggja ára barátta stúdenta fyrir mannúðlegri háskóla hefur skilað árangri!



Fyrirnefnda áskrun SHÍ er að finna í kafla ársskýrslunnar um útgefið efni. Til viðbótar við ofangreint ferli funduðu forseti og varaforseti með hópi á vegum HÍ og fulltrúum Útlendingastofnunnar, ásamt umboðsmanni barna, þar sem við komum sjónarmiðum okkar á framfæri. Þá fundaði forseti SHÍ reglulega með rektor á skólaárinu þar sem þetta mál var ávallt rætt.

## SKRÁSETNINGARGJÖLD

Á fundi háskólaráðs 6. febrúar 2020 var tekin umræða um hækkun skrásetningargjalda við HÍ í 104 þúsund krónur. Sagði í fundargerð háskólaráðs að fram hafi komið í minnisblaði að skrásetningargjaldið ætti að vera um 104.000 kr. árið 2020 og um 107.000 kr. árið 2021 „ef miðað er við forsendur núverandi fjárlaga um verðhækkanir og gert ráð fyrir 3% hækkun verðlags á milli ára. Í ljósi þessa er mikilvægt að óskað verði eftir viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fjárhæð skrásetningargjalds fyrir árið 2021. – Eftir umræður var samþykkt með átta atkvæðum að fela rektor að taka málið upp við rektora annarra opinberra háskóla og við mennta- og menningarmálaráðherra, en fulltrúar stúdenta greiddu atkvæði á móti.”




Skrásetningargjöld eru ekki nýtt mál á borði Stúdentaráðs en það kom síðast upp þegar gjaldið var hækkað árið 2014. Í grófum dráttum lagðist Stúdentaráð þá gegn gjaldinu og kvartaði til háskólaráðs vegna fjárhæðarinnar. Háskólaráð vísaði kvörtuninni frá og var þá kvörtun beint til umboðsmanns Alþingis vorið 2014. Haustið 2014 var sú kvörtun þó dregin til baka og aðhafðist umboðsmaður því ekki frekar í málinu. Þessi upplýsingaöflun um ferli skrásetningarmálsins fór fram á vegum skrifstofu SHÍ, strax í kjölfar fundar háskólaráðs 6. febrúar 2020. Skrifstofa SHÍ ráðfærði sig svo einnig við sérfræðinga í stjórnsýslurétti og fundaði með aðstoðarmanni umboðsmanns Alþingis til að upplýsa sig betur um fyrra málið og hver næstu skref gætu verið. SHÍ óskaði svo eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra þann 24. febrúar vegna málsins. Boðað var til sérstaks Stúdentaráðsfundar vegna málsins, ásamt samgöngumálum við HÍ, sem fór fram þann 26. febrúar 2020.

Skrifstofa SHÍ var á þeim buxunum að enn mætti draga lögmæti gjaldsins í efa og var því ný kvörtun til umboðsmanns Alþingis samin og borin undir Stúdentaráð sem samþykkti hana einróma. Kvörtunin var send í nafni framkvæmdarstýru SHÍ enda fyrirséð að umboðsmaður myndi ekki ljúka afgreiðslu málsins á þessu skólaári, og var það ætlan framkvæmdarstýru að halda störfum hjá skrifstofu Stúdentaráðs áfram næsta skólaárið.

Auk kvörtunar SHÍ til umboðsmanns Alþingis var gefin út yfirlýsing um skrásetningargjöldin og ráðist í dreifingu á myndefni í þeim tilgangi að vekja athygli á því í hvað skrásetningargjöldin fara í raun og til að varpa því fram hve fráleit hugmynd það er að hafa skrásetningargjöld í opinbera háskóla 104 þúsund krónur eins og átti að ræða samkvæmt fundargerð háskólaráðs.

Fjölmiðlarnir mbl.is, RÚV og Vísir fjölluðu um afstöðu SHÍ gegn skrásetningargjöldunum. Sérstakt bréf var sent mennta- og menningarmálaráðherra með fundarbeiðni og var fundarbeiðni okkar svarað. Á fundinn mættu forseti, varaforseti og lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs. Fulltrúar SHÍ voru fullvissaðir um að ekki yrði ráðist í þessa hækkun fyrir næsta skólaár. Mikilvægt er að halda kvörtun SHÍ til umboðsmanns til streitu svo úr því verði skorið hvort kostnaðarliðir að baki skrásetningargjaldi í Háskóla Íslands standist lög. Ef það verður niðurstaða umboðsmanns leggur forseti SHÍ 2019-2020 til að næst verði ráðist í að þrýsta á Alþingi til þess að þrengja lagaheimildir háskólanna til að rukka svo há skrásetningargjöld. Það er ljóst að opinberir háskólar á Íslandi eru eftirbátur Norðurlandanna þegar kemur að aðgengi að háskólamenntun og því þarf að breyta.



Í stuttu máli fólk kvörtunin í sér í megindráttum að Stúdentaráð dregur í efa að hluti þeirra tölulíða sem eru tilgreindir í viðauka B við reglur nr. 244/2014 um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl., falli undir kostnað sem felur í sér þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknastarfsemi í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla. Tiltók SHÍ sérstaklega 1., 4., 6., 9., og 10. tl. reglnanna. SHÍ vísaði m.a. í álit Umboðsmanns Alþingis nr., 3805/2003, nr. 836/1993, nr. 6533/2011. Þá bar ráðið það saman við reglur nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla þar sem nemendaframlagi úr ríkissjóði er ætlað að standa undir öllum venjulegum kostnaði skóla vegna kennsluþáttarins. Kvörtunina er að finna á skrifstofu Stúdentaráðs.

Brýnt er að fylgja málinu eftir, hvort sem í ljós komi að það þurfi fyrst frekari afgreiðslu háskólaráðs eða ekki.

#### NÝTT LÁNASJÓÐSFRUMVARP – MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Frumvarp um nýtt lánasjóðskerfi kom inná samráðsgáttina á þriðjudagskvöldið 9. júlí 2019. Nýju kerfi átti að fylgja nafnabreyting á sjóðnum, Stuðningssjóður íslenskra námsmanna.

Forseti og lánasjóðsfulltrúi sendu strax beiðni um upplýsingar til fjármálaráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytis enda töldum við nokkuð gagnrýnisvert að frumvarpið byggði á rökum sem vísuðu til gagna sem voru ekki opinber.

Við svörum svo fjölmiðlum eftir bestu getu, t.d. á MBL og RÚV. Haft var í huga að það væri mikilvægt að vera í forystu í umræðunni en á sama tíma væri um veigamiklar breytingar að ræða sem þurfti að ná vel utan um og rýna mjög vel áður en eitthvað yrði gefið út sem lýsti efnislegri afstöðu stúdenta. SHÍ hélt upplýsingafund 18. júlí fyrir alla stúdenta vegna frumvarpsins þar sem farið var hlutlægt yfir þær breytingar sem snertu stúdenta í HÍ. Daginn eftir voru drög að umsögn send á stúdentaráðsliða og loks var fundur Stúdentaráðs 22. júlí. Á fundinum var hver kafli ræddur fyrir sig, farið yfir breytingatillögur og kosið um hvern kafla fyrir sig. Loks var kosið um umsögn ráðsins í heild sinni sem var einróma samþykkt. Það var virkilega ánægjulegt

Frumvarp um Menntasjóð námsmanna kom svo fram í Nóvember, sem ver endurgerð á Stuðningssjóði íslenskra námsmanna. Enn byggði frumvarpið á gögnum sem voru ekki opinber og kærði Stúdentaráð drátt á veitingu upplýsinga og ganga sem ráðið hafði óskað eftir frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og skikkaði nefndin ráðuneytið til að veita SHÍ gögnin. SHÍ samdi umsögn um frumvarpið sem byggði á umsögn sumarsins um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna. Hröð og skilvirk vinnubrögð voru leiðarljósið og eftir samþykki Stúdentaráðs á umsögninni var hún send strax á alla þingmenn. Aðeins klukkutíma síðar var frumvarpið til umræðu á Alþingi. Þar var vitnað beint í okkar afstöðu og beinlínis lesið uppúr henni og því ljóst að við vorum búin að vera leiðandi í umræðunni beinlínis frá fyrstu skrefum. Fjölmiðlaumfjöllun og herferð ráðsins vegna þess má finna í kaflanum hér að neðan. Við vorum svo kölluð fyrir allsherjar- og menntanefnd Alþingis með innan við 24 klst fyrirvara en forseti og lánasjóðsfulltrúi mættu þangað og sátu fyrir svörum. Fundurinn varð tæplega klukkutími að lengd en átti að vera um 20 mínútur. Við gátum því ekki klárað viðræður við nefndina en okkur var lofað að við yrðum kölluð inn aftur. Það hefur þó ekki enn verið gert, þrátt fyrir beiðnir okkar um það, enn sem komið er.

## HERFERÐIR

### LÍN HERFERÐ

Á landsþingi LÍs 2019 var samþykkt í verkáætlun LÍs að farið yrði í herferð vegna lánasjóðsins þar sem von væri á nýju frumvarpi um sjóðinn. Stúdentaráð hefur undanfarin ár unnið mjög náið með LÍs og auglýsingastofunni Jónsson & Le Macks sem útbjó allt auglýsingaefni fyrir herferðina. Það fyrirkomulag var að SHÍ fjármagnaði kostnað við auglýsingastofuna en LÍs fjármagnaði annan kostnað. Forseti SHÍ og lánasjóðsfulltrúi SHÍ funduðu því með auglýsingaskrifstofunni og sáu um samskipti við hana, bæði varðandi Instagram story, Facebook Cover photos og almenna hönnun á efni fyrir herferðina.

Áhersla var á að stúdentar sætti sig ekki við núverandi vaxtafyrirkomulag eins og frumvarpið birtist fyrst, heldur þurfi að fjárfesta í menntun með vaxtaþaki. Grafík herferðarinnar var sett upp í auglýsingaskilti við strætóstöðvar í Reykjavík og einnig var keyptur auglýsingatími á stórum LED skiltum. Plaköt voru prentuð út fyrir alla skóla til dreifingar og búið var til auglýsingaefni fyrir samfélagsmiðla. Staðið var fyrir greinaskrifum þar sem farið var djúpt ofan í áherslur aðildarfélaganna vegna nýs frumvarps um Menntasjóð námsmanna og kröfur stúdenta. Jóna Þórey forseti SHÍ og Marinó Örn lánasjóðsfulltrúi SHÍ fóru í viðtal í útvarpsþættingum Harmageddon. Forseti SHÍ fór í viðtal í Speglinum, birtist í 10 fréttum RÚV, beina útsendingu hjá Stöð 2, viðtal á Rás 2 o.fl. Fjölmíðlaumfjöllun var góð þegar kemur að afstöðu stúdenta vegna frumvarpsins. Vegna COVID-19 hefur frumvarpið tafist töluvert nú á vorþingi 2020. Það er enn von Stúdentaráðs að viðeigandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu áður en það verði að lögum, svo stúdentar komi í raun betur útúr nýju kerfi en því kerfi sem nú er við lýði.



## GEÐHEILBRIGÐISMÁL

### STARFSHÓPUR UM GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNSTU INNAN HÍ

Í kjölfar mikils þrýstings frá stúdentum um bætt úrræði innan Háskóla Íslands í upphafi 2018 ákvað Háskóli Íslands að setja á laggirnar starfshóp um geðheilbrigðisþjónustu og myndi sá hópur hafa um 20 milljónir úr Aldarafmælisjóði til ráðstöfunar. Forseti Stúdentaráðs, Jóna Þórey Pétursdóttir, tók við sæti Elísabetar, fyrrum forseta, í þessum hópi. Starfshópurinn átti að sjá um hvernig fjármagninu yrði varið næsta árið í geðheilbrigðismál. Eftirfarandi hlutir voru framkvæmdir á starfsárinu:

- Einn nýr sálfræðingar ráðnir inn á vorönn 2020 en hann átti að ráða á vorönn 2019. Eftir tafir á málinu og þrýsting stúdenta gekk ráðningin loksins í gegn.
- Fjölbreyttum úrræðum var viðhaldið -hópmeðferð fyrir háskólanemendur og keyra átti 4-6 hópa á einu ári með um 20 manns í hverjum hópi. Aðsókn í þessa hópa var ágæt en dró aðeins úr frá fyrra ári.
- Forvarnarstarf - starf Hugrúnar styrkt fjárhagslega og í fyrsta sinn styrkti starfshópurinn hugleiðsluhóp háskólanema.
- SÁLRAEKT – hópmeðferðarúrræði á vegum sálfræðiráðgjafar sálfræðinema.

- Sálfræðiráðgjöfin var eflað í mars 2020 vegna COVID-19 faraldursins og virkilega slæmrar líðan stúdenta sem kom í ljós í könnun sem SHÍ sendi á alla nemndur skólans.

Forseti Stúdentaráðs fagnar mjög áframhaldandi þjónustu og umbótum sem á henni urðu á þessu starfsári, svo sem með styrkingu hugleiðsluhóps háskólanema og viðbótarþjónustu sálfræðiráðgjafarinnar. Á árinu var samþykkt ályktun Stúdentaráðs um nauðsyn fyrir heilsugæslu á háskólasvæðið og í góðum samskiptum við kennara í félagsráðgjöf má leita leiða til að auka þjónustu við nemendur með verknámi eða starfsnámi félagsráðgjafa fyrir stúdenta.

#### NIÐURGREIDD SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA FYRIR SHÍ

Í upphafi árs 2019 tók forseti Stúdentaráðs ákvörðun um að halda áfram niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu fyrir öll þau sem stafa innan Stúdentaráðs. Öll þau sem starfa fyrir hönd Stúdentaráðs, hvort sem það er Stúdentaráðsliði, nefndarmeðlimur, háskólaráðsfulltrúi stúdenta eða fulltrúar á öðrum vettvöngum, eiga rétt á tíma hjá Sálfræðiráðgjöf Háskólans sér að kostnaðarlausu, ef viðkomandi vill ræða málefni sem snúa að starfi sínu fyrir ráðið. Þetta geta t.d. verið samskiptaörðugleikar, árekstrar í starfi, hvers lags hindranir eða aðrar ástæður. Þetta var hugsað sem handleiðsla fyrir Stúdentaráðsliða. Tímarnir eru svo niðurgreiddir af Stúdentaráði og nafnleyndar gætt.

#### HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæðismál og stúdentabúðir eru ávallt stór hluti af hagsmunabaráttu stúdenta og var starfsárið í ár þar engin undanþága.

#### GAMLI GARÐUR

Frekari uppbygging stúdentabúða við Gamla garð hefur einkennt síðustu þrjú ár hjá Stúdentaráði. Kynningu á nýju deiliskipulagi lauk í júní 2019 og barst aðeins ein athugasemd. Framkvæmdir hófust svo í desember 2019 við mikinn fögnuð.

Um er að ræða gríðarlegan sigur fyrir stúdenta og er vísað í ársskýrslur síðustu tveggja ára vegna ferils þess máls. Stúdentaráðsliðar fengu kynningu á ferli málsins á skiptafundi Stúdentaráðs í maí 2019. Taldi forseti SHÍ mikilvægt að öll gerðu sér grein fyrir vinnunni sem að baki þessu máli liggur og að vel yrði haldið á spöðunum í framhaldinu. Með góðum samskiptum við FS gátum við verið fullviss um að ferli málsins væri í góðum farveg þar til framkvæmdir hófust loks í desember 2019.





## ÖNNUR HÚSNÆÐI

Framkvæmdir við Sæmundargötu 20, urðu til þess að opnað var fyrir skráningu í nýjar stúdentabúðir þar í janúar 2020. Stærstu stúdentagarðr landsins, um 250 íbúðir, voru því teknir í gagnið á árinu.

Á starfsárinu var jafnframt hafist handa við deiliskipulagsvinnu vegna 160 íbúða í Skerjafirði sem fengust úthlutaðar 2018-2019.

Forseti SHÍ átti fund með bæjarstjóra, byggingarstjóra, formanni skipulagsnefndar og formanni bæjarráðs Kópavogs í maí 2019 vegna hugmynda um uppbyggingu stúdentabúða í Kópavogi, á Kársnesi þar sem fyrirhuguð bygging brúar er á næsta leyti. Aðilar voru sammála um að slík uppbygging væri nauðsynleg en valið stendur milli BN og FS. FS er nú þegar í miklum byggingarfasa á mörgum stöðum og hefur BN sömuleiðis hafið undirbúningsvinnu við framkvæmdir. Þegar brú verður komin milli Kársness og Reykjavíkur er ljóst að samgöngur til HÍ yrðu mjög auðveldar og væri raunhæfur möguleiki fyrir fólk þar að viðhalda bíllausum lífsstíl. Forseti SHÍ hvetur því komandi Stúdentaráð til að huga áfram að þessum möguleikum.

## SAMGÖNGUMÁL

### U-PASS/SAMGÖNGUKORT

Skipaður var samráðshópur um bílastæðamál á háskólaþingi í maí 2019. Stúdentar höfðu aðkomu að hópnum en Ari Guðni Hauksson, fulltrúi stúdenta í Skipulagsnefnd Háskólaráðs, var skipaður og höfðu stúdentar rétt á varafulltrúa í nefndinni. Upplag fundanna var að bílastæðagjöld ættu að vera tekin upp á háskólasvæðinu. Fyrir hönd stúdenta var lagt áhersla á að samtímis því ættu stúdentar og starfsfólk fá svokallaðan U-passa. U-passi á að vera umhverfisvænt samgöngukort sem háskólinn myndi útvega öllum stúdentum og starfsfólki gjaldfrjálst eða á mjög hagstæðu verði. Umræður nefndarinnar voru á hugmyndastigi um sumarið. Vinnan fól í sér samningsviðræður við Strétó bs. og mögulega sveitarfélögin og ríkið sem kæmu að niðurgreiðslu á strætókortum. Á sama tíma mun HÍ líklegast þurfa að leggja út fjármagn á móti en mikill vilji hefur verið hjá skólanum til þessa.

Um haustið fóru útfærslur á meira flug og skilaði hópurinn af sér tillögum um útfærslur í febrúar 2020 sem fólu í sér samgöngukort fyrir stúdenta, nefnt H-passi eða háskólapassi, í 12 mánuði á aðeins 5.000kr. Slíkt samgöngukort hefur verið í stefnu SHÍ í 2 ár núna, umtalað sem umhverfispassi/U-passi, og því mikið fagnaðarefni að sjá að skólinn tók vel í þær tillögur. Samhliða þessu yrði sett gjaldskylda á öll bílastæði á lóðum skólans. Með þessu myndi HÍ hætta að greiða með samgöngumáta einkabílsins og þess í stað greitt með umhverfisvænni samgöngum og skilaði Stúdentaráð jákvæðri umsögn vegna málsins sem má finna undir útgefið efni Stúdentaráðs.



Áður en Stúdentaráð skilaði inn umsögn sinni var haldinn opinn stúdentafundur um tillögur háskólans þann 25. febrúar 2020 þar sem tillögurnar voru kynntar hlutlægt af sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs skólans og formanni starfshópsins. Þar gátu stúdentar spurt nánar úti tillögurnar og komu margar gagnlegar ábendingar fram. Allt sem fram kom á fundinum var svo lagt fyrir Stúdentaráð á fundi ráðsins daginn eftir og var umsögn ráðsins samin með umærður og ábendingar almennra stúdenta í huga.

Þegar skýrsla þessi er rituð virðist stefna í miklar framfarir í samgöngumálum stúdenta og er mikilvægt að stuðla að góðu samtali milli Strætó bs. og Stúdentaráðs þar sem hagsmunir stúdenta eru ávallt að leiðarljósi.

#### SAMGÖNGUMANNVIRKI OG GÖNGULEIÐIR

Forseti SHÍ átti fund með bæjarstjóra, byggingarstjóra, formanni skipulagsnefndar og formanni bæjarráðs Kópavogs í maí 2019 vegna samgöngumála milli Kópavogs og háskólans. Þá var rætt um stúdentaþúðir á kársnesi í göngufjarlægð við fyrirhugaða brú og féll það í góðan jarðveg.

Þá átti forseti SHÍ, fulltrúi stúdenta í skipulagsnefnd háskólasvæðisins og stúdentaráðsliði og oddviti Röskvu, Eyrún Baldursdóttir fund með samgöngustjóra Reykjavíkurborgar þar sem ræddar voru hugmyndir um gönguleiðir á háskólasvæðinu, sérstaklega við Sturlugötu, milli Þjóðarbókhöllu og háskólasvæðisins í október 2019. Farið yfir spurningar vegna apps fyrir almenningsamgöngur, U-passi ræddur o.fl. Gönguleið Sturlugötu við Aragötu var sett á lista yfir aðgerðir vegna umferðaröryggismála í kjölfar fundarins. Ferli fór af stað til að skoða hraðaminnkandi aðgerðir á Sæmundargötu, þverun yfir Suðurgötu að Þjóðarbókhöllu þarf að bíða vegna framkvæmda Borgarlínu sem gert er ráð fyrir að hefjist 2021. Gott er að halda samtali við umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar áfram og fylgja þessum málum eftir.

#### GLEÐIGANGAN 2019



Á fundi Stúdentaráðs 27. júní 2019 var einróma samþykkt að Stúdentaráð myndi ganga í Gleðigöngunni 2019. Jafnréttisnefnd ráðsins sá um skipulagningu og utanhald í samstarfi við SHÍ. Í stefnu Stúdentaráðs um hinsegin málefni segir meðal annars að nauðsynlegt sé að SHÍ sé í góðum samskiptum við hinsegin nemendur og hagsmunasamtök þeirra, t.d. Q-félag hinsegin stúdenta og

Samtökin 78. Gangan gekk vonum frammar og útvegði jafnréttisnefnd efni í skiltagerð sem fór fram stuttu fyrir gleðigöngu. Þá útvegði nefndin líka marglita glimmer sem öll í Stúdentaráði gátu fengið í göngunni. Öll gengu í svörtu og heppnaðist dagurinn virkilega vel. Skiltin eru enn til á skrifstofu SHÍ og er mælt með því að þau verði endurnýtt. Fulltrúaráð LÍS vildi einnig ganga í göngunni og voru þau boðin velkomin með SHÍ og gengu félögin saman. Mælt er með að haldið verði í þennan viðburð.

## HÁSKÓLINN OKKAR

Í ár var átaki frá því í fyrra haldið áfram sem miðar að því að auka þátttökulýðræði innan Háskóla Íslands og auka aðgengi allra að hagsmunabaráttu stúdenta, í samstarfi við Reykjavíkurborg sem sá um alla uppsetningu á heimasíðunni og viðmótinu fyrir verkefnið en það er unnið að fyrirmynd Betri Reykjavík.

Meginmarkmið okkar er að valdefla stúdenta og hvetja til lýðræðislegrar þátttöku, tengja stúdenta saman til að rökraða og forgangsraða málefnum okkar til þess að bæta háskólann okkar og umhverfi. Með þessu vonast Stúdentaráð sömuleiðis til að standa fyrir raunverulegri og aðgengilegri hagsmunabaráttu sem vonandi allir stúdentar geta staðið á bakvið.

Samráðsvettvang Stúdentaráðs þar sem öllum er frjálst að senda inn hugmyndir til 6. nóvember 2019. Í nóvember kom frumvarp um Menntasjóð námsmanna inn og var því ekki efnt til seinni atkvæðagreiðslu um þær hugmyndir sem bárust eins og til stóð. Frekar var unnið úr þeim hugmyndum sem borist höfðu fyrir 11. nóvember og unnið sérstaklega úr þeim hugmyndum sem höfðu fengið flest „like“. Sú hugmynd var aukið aðgengi erlendra nema að orðabókum. Hafa hagsmunafulltrúi og alþjóðafulltrúi SHÍ fylgt því eftir.



**JAFNRÉTTI**

MÁ GERA BETUR?

Er jafnrétti tryggt í kennslu,  
félagslífi, aðgengi?  
Við viljum heyra frá þér!  
Tengill í bio



## OKTÓBERFEST 2019

Októberfest var haldið í sautjándra skiptið helgina 5. – 7. september 2019. Í annað sinn réði Stúdentaráð inn starfsmann í verktakavinnu fyrir hátíðina. Auglýst var eftir starfsmanni í júlí 2019 og stjórn Stúdentaráðs ákvað að ráða Guðnýju Ljósbrá Hreinsdóttur í verkefnið annað árið í röð. Helstu verkefni hennar og ábyrgðarsvið voru samskipti við verktaka, umsjón með markaðsmálum, almennt utanumhald um Októberfest og samantekt og skýrslugerð eftir hátíðina. Neðangreind samantekt er þó mat og samantekt forseta vegna hátíðarinnar en skýrslu starfsmanns Októberfest má finna á skrifstofu SHÍ.

Frá fimmtudegi 5. september til laugardagsins 7. september 2019 fór Októberfest SHÍ fram í sautjándra skipti. Hátíðin er haldin af háskólanemum fyrir háskólanema og því fá allir stúdentar að kaupa sér miða. Aðrir þurfa að sýna fram á 20 ára aldur. Hátíðin var í lok nýnemaviku skólans sem lukkaðist mjög vel enda um að ræða stærsta og fyrsta félagslega viðburð háskólanema sem var almennt ánægja með að myndi setja punktinn yfir i-ið í nýnemavikunni.

Í þessari skýrslu verður farið yfir miðasölu, samskipti við íbúa í nágrenni hátíðarinnar, öryggismál, umhverfi, hávaða og kvartanir og aðgengi á hátíðina. Auk þess verður farið yfir samskipti við helstu samstarfsaðila og loks verða niðurstöður teknar saman.

Líkt og í fyrra var auglýst eftir samskiptafulltrúa Októberfest. Guðný Ljósbrá sótti um stöðuna á ný, fékk starfið og gat byggt ofan á það sem hún hafði lagt grunn að í fyrra. Verkefni hennar fólust í samskiptum við verktaka, markaðsmálum og utanumhaldi samfélagsmiðla. Þetta tók álag af skrifstofu Stúdentaráðs sem gat sinnt fleiri málum en eingöngu Októberfest á þessum árstíma.

Fimmtudaginn 29. ágúst kl 09:50 hófst miðasala í Stakkahlíð og á Háskólatorgi. Miðasala stóð yfir frá 09:50-14:00 í Stakkahlíð virka daga fram að hátíð. Á Háskólatorgi stóð miðasala frá 09:50 til 14:50 virka daga fram að hátíð nema til kl. 16:00 á miðvikudegi og fimmtudegi. Þá fór miðasala fram í VRÍI frá 09:50-14:00 frá mánudeginum 2. september til miðvikudagsins 5. september. Haft var samráð við umsjónarmenn bygginganna og Önnu Birnu Halldórsdóttur á Þjónustuborði Háskólatorgs og markaðs- og samskiptasvið.

Áður en miðasala hófst í byggingum skólans hafði miðasala farið fram á tix.is til að minnka örtröð í skólanum. Auk þess hélt Stúdentaráð úti miðasölu í HR til þess að stúdentar þar gætu tryggt sér miða þar en þyrftu ekki að koma sérstaklega á Háskólatorg. Miðasala í HR stóð yfir frá fimmtudeginum 29. ágúst fram að hátíð sem er þónokkrum dögum lengur en fyrri ár og minnkaði álag í HÍ.

Miðasala gekk hratt og vel og er það að stórum hluta Guðnýju Ljósbrá að þakka og góðri markaðssetningu á hátíðinni. Á fimmtudagsmorgni þann 5. september var hátíðin sögð uppseld. Sú ákvörðun litaðist af samræðum við Heilbrigðiseftirlitið um að stytta hátíðarhöldin. Þau stóðu til 01 á fimmtudegi í fyrra en 23:30 sama dag í ár og voru til 03 í fyrra á föstudegi og laugardegi en til 01 í ár. Með því að stytta hátíðarhöldin er áfengissala minnkuð og hátíðin haldin í enn betri sátt við nágranna. Hátíðarsvæðið var stækkað í ár, þ.e.a.s voru borð og stólar tekin úr stærsta tjaldinu og færðir í hliðartjald svo meira rými var fyrir standandi og sitjandi auk þess að nýtt matartjald var sett upp þar sem eingöngu var aðstaða fyrir sitjandi ásamt edrúbar. Þar sem tími hátíðarhaldanna var stytur um tvær klukkustundir í ár frá fyrra ári voru einhverjar líkur á að fleira fólk væri á svæðinu á sama tíma. Því var ákveðið að tilkynna um uppselda hátíð á fimmtudagsmorgni til að hafa varann á, þrátt fyrir stærra svæði.

Eftir fimmtudagskvöldið var svo hægt að sjá hvernig fjöldinn rúmaðist á stækkuðu svæði á skemmri tíma. Þar sem fimmtudagskvöldið gekk mjög vel og svæðið var rúmt var ákveðið að setja fleiri miða í sölu. Bæði því nemendur sem áttu miða en komust svo ekki á hátíðina voru farnir að selja miðana sína á okurverði þar sem nafnabreytingar voru ekki heimilar og því svæðið reyndist vel þrátt fyrir styttri tíma. Fjöldinn fór að sjálfsögðu ekki upp yfir það sem var rætt um heldur var fyrst og síðast ákveðið að auglýsa að hátíðin væri uppseld til að auka eftirspurn á næsta ári þrátt fyrir að þá muni hátíðin aðeins standa til 23:30 og til að kanna hvernig nýtt skipulag svæðisins kæmi út.

---

#### NÁGRANNAGANGA

Í ár líkt og í fyrra var gengið í hús í nágrenni hátíðarinnar við Oddagötu, Aragötu, Bjarkargötu, Tjarnagötu, Fjólugötu, Smáragötu og Sóleyjargötu með miða þar sem eftirfarandi upplýsingar komu fram:

„Kæru nágrannar

Eins og þið eflaust vitið mun **Októberfest Stúdentaráðs Háskóla Íslands** fara fram um næstu helgi á lóðinni fyrir framan Háskólann. Hátíðinni mun óhjákvæmilega fylgja hávaði sem gæti borist til nærliggjandi húsa.

Við í Stúdentaráði viljum því biðjast fyrirfram afsökunar á þeim óþægindum sem það kann að valda og bendum á að hafa samband við okkur í netfangið shi@hi.is ef þið viljið koma athugasemdum á framfæri. *Við vekjum athygli á því að hátíðinni lýkur klukkutíma fyrir aðfaranótt laugardags og sunnudags en fyrri ár.*

### **Hátíðin mun standa yfir á eftirfarandi tímasetningum:**

Fimmtudagurinn 5. september - 20:00-01:00

Föstudagurinn 6. september - 21:00-02:00

Laugardagurinn 7. september - 21:00-02:00

Okkar allra bestu kveðjur,  
Stúdentaráð Háskóla Íslands”

Eftir að bréfunum hafði verið dreift var gerð breyting á skipulagi dagskrár og var hún stytta um klukkutíma á föstudegi og laugardegi frá því sem tilkynnt hafði verið en um 1,5 klst á fimmtudegi. Samtals um 2 klst frá fyrra ári.

Alls var gengið í um 140 hús í nágrenninu sem var aukið frá því í fyrra og langt umfram það sem er tilgreint í samningi við HÍ að þurfi. Við gengum í hús viku áður en hátíðin hófst.

Þá var óskað eftir því við Félagsstofnun stúdenta að þau auglýsi til íbúa stúdentagarða í nágrenni við hátíðina að hátíðin væri að fara í gang og að allt ónæði væri afsakað fyrirfram. Þeim barst engin kvörtun.

---

### **TÁLMANIR OG ÖRYGGISMÁL**

Uppsetning á svæðinu fór fram frá 1. september til 4. september. Exton og Stúdentaráð unnu að uppsetningu hátíðarinnar og mætti Stúdentaráð á þriðjudegi 3. september og miðvikudegi 4. september til að leggja gólf í tjöldum, setja upp grindverk í kringum svæðið, ferja birgðir o.fl.

Svæðið var sett upp í samræmi við leyfi frá borginni og uppsetningu síðasta árs. Tálmanir voru því sambærilegar þeim sem höfðu verið árið áður. Sátt hafði skapast um þær milli lögreglu og slökkviliðs í fyrra og var samskonar fyrirkomulag því sett upp í ár. Þannig var tryggt að tálmanir væru fullnægjandi um leið og aðgengi sjúkra- og leigubíla yrði gott.

Í miðasölu, við afhendingu armbanda og við inngang á hátíðina var ávallt spurt um skilríki og þeir sem voru undir tvítugu fengu sérstaka gerð af armbandi sem gerði þá starfsmönnum barsins auðveldlega kleift að aðgreina þau frá þeim sem hafa náð aldri til að kaupa vínveitingar. Einungis háskólanemar undir tvítugu var heimilt að kaupa miða á hátíðina, annars gildi tuttugu ára aldurstakmarkið fyrir alla aðra.

Líkt og fyrri ár leggur Stúdentaráð upp úr því að öryggi allra sé tryggt á hátíðinni. Í samstarfi við *Druslugönguna* voru hengd upp plaköt með upplýsingum um hvað hátíðargestir getu gert ef þeir verða fyrir hvers kyns kynferðislegri áreitni og/eða ofbeldi. Þá var haft samband við

forsvarsmenn forvarnarátaksins *Eitt líf* og bleik armbönd voru gefins við innganginn. Kamrarnir voru allir upplýstir og voru bæði kynjaskiptir kamrar og kynlausir. Öryggisgæsla var í kringum kamrana.

Líkt og fyrri ár greiðir Stúdentaráð fyrir öryggisgæslu í byggingum skólans á meðan hátíðinni stendur og var skertur opnunartími þessa daga. Engar kvartanir bárust ráðinu vegna þess.

Eitt tilfelli kom upp í fjölmiðlum um atvik á hátíðinni. Skilið var við það í sátt við lögreglu og þolanda. Stúlkan er nemandi í HR sem fékk höfuðhögg og var gerandanum vísað af hátíðinni samstundis af öryggisvörðum og armbandið klippt af honum. Stelpan kenndi ekki Októberfest um neitt heldur gerandanum. Við ákváðum þó að endurgreiða henni fyrir miðann sinn, tjáðum henni að við hörmum að þessi eini einstaklingur hafi tekið af henni þessa skemmtun og að ofbeldi væri að sjálfsgöðu ekki liðið á okkar viðburðum. Við buðum henni á Októberfest á næsta ári og á tónleika með Friðriki Dór þann 28. september 2019. Hún skildi sátt við hátíðina og okkur og ljáði engum þar um það sem gerðist. Vísir greindi frá atvikinu og í þeirri sömu frétt kom einni fram rangfærsla sem er rétt að leiðrétta um að það hafi komið upp slagsmál á hátíðinni. Öryggisverðir vísuðu drengjum út sem voru að athafna sig í gamnislag, drengirnir höfðu þá samband við lögregluna á svæðinu til að komast aftur inn á hátíðina þar sem þeim hafði verið vísað út fyrir misskilning. Eftir að öryggisverðir og lögregla höfðu rætt saman komust þau að því að öryggisverðir hátíðarinnar hefðu gengið lengra en nauðsyn krafði í sinni gæslu og þessir strákar væru vinir og væru ekki til vandræða svo þeim var hleypt aftur inn

---

#### UMHVERFI OG RUSL

Minningarlundur um fórnarlömb voðaverkanna í Útey var sérstaklega hafður í huga þegar svæðið var girt af við uppsetningu á hátíðinni. Þá fóru Stúdentaráðsliðar ásamt skrifstofu Stúdentaráðs hvern morgun sem hátíðin stóð yfir um svæðið og um háskólasvæðið allt og týndu rusl. Á föstudegi var mætt um 07:30 til að týna rusl og á laugardegi var mætt um 10:30. Nánar tiltekið var farið um hátíðarsvæði, malarstæði, aðalbyggingu, Háskólatorg, Árnagarð, Gimli og Odda, Þjóðminjasafnið og í kringum Gamla Garð alla daga. Engar kvartanir eða athugasemdir komu vegna þessa í ár.

Á sunnudeginum 8. september kl. 15:00 mættu fulltrúar úr Stúdentaráði og skrifstofu til að taka hátíðina niður og taka síðasta ruslið.

---

#### HÁVAÐI OG KVARTANIR

Hátíðinni berast árlega einhverjar kvartanir vegna hávaða frá tilteknum aðilum. Í ár barst ein athugasemd fyrirfram sem var send Stúdentaráði og rektor. Brugðist var við því og hafði dagskrá hátíðarinnar þegar verið stytt þegar sá aðili beindi því til rektors að hátíðin ætti að standa skemur. Engar athugasemdir hafa borist frá þeim aðila eftir hátíð eða eftir að hún hófst svo Stúdentaráði sé kunnugt.

Þá barst árlegt bréf frá Bindindisfélagi Íslands. Í ár voru settar fram harðorðar yfirlýsingar gagnvart fyrrverandi forseta Stúdentaráðs og núverandi borgarstjóra Reykjavíkur meðal annars en SHÍ taldi ekki nauðsyn á að svara því bréfi.

Ein athugasemd barst svo á fimmtudagskvöldið. Þá var framkvæmd hávaðamæling við hús þess kvörtunaraðila. Mælingin var undir stöðlum reglugerðar og því var ekkert frekar gert í því af hálfu hátíðarinnar.

Engar frekari athugasemdir bárust en sú eina á fimmtudagskvöldið vegna hávaða. Engin umræða varð í Facebook hópum eins og kom upp í fyrra. Við teljum að stytting hátíðarinnar um tvo klukkutíma hafi unnið með okkur í ár. Þá sé ekki nauðsynlegt vegna skipulags eða vegna nágranna hátíðarinnar að stytta hana enn frekar en gert var í ár. Hins vegar kunni það að leiða til enn betra sambands við nágranna hátíðarinnar auk þess að drykkja kann að minnka sem hefur þó ekki verið til vandræða hingað til. Við trúum því að stytting hátíðarinnar gæti verið af hinu góða þó hún sé ekki nauðsynleg.

---

#### AÐGENGI

Skrifstofa Stúdentaráðs hafði samband við Margréti Lilju, fulltrúa stúdenta í ráði háskólans um málefni fatlaðs fólks, en hún er í hjólastól, til að fá ábendingar um aðgengi á hátíðina og hvað þurfi sérstaklega að hafa í huga til að gera enn betur en fyrri ár.

Hún sendi Stúdentaráði eftirfarandi:

- Aðgengileg salerni (vel merkt)
- Gott undirlag - gras og mól hentar mjög illa fyrir hjólastóla.
- Posar í þægilegri hæð eða færanlegir. Einnig seðlar með upplýsingum um drykki og verð þar sem það er oft erfitt að sjá hvað er í boði þegar barborðin eru há. Einnig ef það er dimmt væri gott ef það væri einhver lausn á því að hjólastólanotendur verði sýnilegir fyrir bar starfsfólki ef barborðin eru há. T.d. skær lit armbönd eða annað.
- Ókeypis inn fyrir aðstoðarfólk
- Þ merkt bílastæði nálægt inngangi
- Gott væri ef það væri aðgengilegur pallur þar sem gott er fyrir fólk í hjólastól að sjá atriði á sviðinu. Það minnkar slyshættu ef það verður troðningi og fólk verður ölvað.
- Og að sjálfsgöðu auglýsa að hugað verður að aðgengi þar sem þá mæta fleiri og geta skemmt sér eins og allir aðrir

Forseti SHÍ sendi þessi ráð til verktakanna og óskaði eftir að það yrði tekið tillit til þeirra. Við fengum upplýsingar frá skólanum að mól á malarbílastæðinu hafi verið þétt verulega svo hún ætti að vera betri. Öll önnur atriði voru tekin til skoðunar og virt að því undanskildu að ekki tókst að koma fyrir aðgengilegum palli fyrir fólk í hjólastól við sviðið og tóku verktakar hátíðarinnar ábyrgð á því. Neyðarútgönguleiðir komu í veg fyrir það og hefði þurft að skipuleggja tjöldin með öðrum hætti. Þar sem ekki tókst að tryggja aðgengilega palla var ákveðið að bjóða þeim sem voru í hjólastól og höfðu keypt sér miða að fá endurgreitt og nýtti einn aðili sér það boð.

---

#### HELSTU SAMSTARFSADILAR

Þeir aðilar sem Stúdentaráð hefur verið í samskiptum við fyrir hátíðina eru þeir sömu og árið áður, þ.e.a.s:

- Paxal ehf.: verktakarnir sem sáu um uppsetningu á hátíðinni sjálfri og allan búnað
- Íslenska Gámafélagið: sá um alla sorphirðu
- Veitingaþjónusta: Sex mismunandi matarvagnar voru á svæðinu

- Þjónustuborð Háskólatorgs: Góð samskipti áttu sér stað við Önnu Birnu vegna miðsölu á HT, og bárust engar athugasemdir þaðan.
- Umsjónarmenn fasteigna: varðandi miðasölu í byggingum háskólans
- Markaðs- og samskiptasvið: Stúdentaráð fékk tónlistaratriði til að spila í hádeginu á miðvikudegi á Háskólatorgi og var mikil ánægja með það frá markaðs- og samskiptasviði. Tónlistaratriðið í ár var Jóhannes Gauti, þekktur undir listamannanafninu Skauti. Þá var Björn Gíslason, kynningar- og vefritstjóri, ánægður með yfirtöku Stúdentaráðs á aðgangi Háskóla Íslands á Instagram. Stúdentaráð sá einnig um upplýsingabásinn á Háskólatorgi á mánudeginum og um gönguferðir um háskólasvæðið á mánudegi og þriðjudegi.
- Framkvæmda- og tæknisvið: Samskipti voru við Sigríði Sigurðardóttur og sérstaklega Laufeyju Sigurðardóttir upp á samstarfssamnings við HÍ.
- Heilbrigðiseftirlitið: Vegna lengdar hátíðarinnar og hávaðamælinga.
- Reykjavíkurborg: Vegna leyfis fyrir hátíðinni.
- Lögreglan: Lögregla sinni einu máli á bráðamóttöku LSH. Það þurfti aldrei að kalla lögreglu inná hátíðarsvæðið. Þá fengum við ekki vitneskju af neinum hávaðakvörtunum til lögreglu en ein kvörtun barst til Stúdentaráðs og fóru verktakar og hávaðamældu þar og var hávaði ekki nálægt hávaðamörkum.
- Slökkvilið: Tryggðu að verktakar gættu að öryggi hátíðargesta við uppsetningu og hvernig aðkoma fyrir sjúkrabíla ætti að vera.
- Félagsstofnun stúdenta: Í samstarfi við þau fór fjöldapóstur á íbúa Stúdentagarða. Ekki ein kvörtun hefur borist til þeirra.
- Öryggismiðstöðin: Sáu um alla öryggisgæslu á vegum Stúdentaráðs og fór það í gegnum Laufeyju Sigurðardóttur.

---

#### NIÐURSTAÐA OG UMRÆÐUR

Hátíðin gekk gott sem snuðrulaust fyrir sig. Engin atvik komu upp af hálfu skipuleggjenda hátíðarinnar eða Stúdentaráðs sem þurfti að breyta eða bæta á næsta ári. Það sem hefði mátt betur fara þegar kemur að skipulagi hátíðarinnar er að tjöldin hefðu mátt vera jafn stór þar sem erfitt var að gera ráð fyrir hve margir myndu sækja hvern listamann. Eitt tjaldið gæti tæmst meðan meiri hluti gesta fer í annað tjaldið. Þetta atriði er komið til skila til verktakanna og þeir hafa þegar fjárfest í nýju tjaldi svo bæði tónleikatjöldin verða jafn stór á næsta ári. Að öðru leyti kom eitt atvik upp á uppseldri hátíð sem var á ábyrgð þess einstaklings sem ákvað að beita aðra manneskju ofbeldi og harmar Stúdentaráð það, öryggi gesta er í fyrirrúmi og var brugðist við í samræmi við það.

Ein kvörtun barst á fimmtudegi en engar á föstudegi né laugardegi sem við teljum vera framtíð hátíðarinnar enda mun hún ekki standa lengur en þetta á næsta ári, jafnvel aðeins til 23:30. Markmið hátíðarinnar er að stytta lengd hennar í nokkrum skrefum til að koma sem allra best til móts við nágranna hátíðarinnar og minnka áfengisneyslu á hátíðinni um leið og sem flestir háskólanemar geta notið tónlistarinnar og samverunnar.

Mitt mat er að breytingar á skipulagi hátíðarinnar og þá sérstaklega á lengd hátíðarinnar sé öllum til góða. Tjöldin voru betur skipulögð nú, markaðssetning og miðasala fór betur fram en á síðustu árum og snyrtimennska á hátíðarsvæðinu var í fyrirrúmi. Framtíð hátíðarinnar sé matarvagnar á hátíðarsvæðinu með tónlistaratriðum sem hefjast uppúr 19:30 og standa til miðnættis. Með því móti verður hátíðin að samkomustað fyrir stúdenta til að borða saman og



njóta ljúfra tóna í meiri sátt við nágranna hátíðarinnar. Þannig munu nemendur skólans halda í þennan stærsta og skemmtilegasta félagslega viðburð skólaársins sem hefur fest sig í sessi í háskólalífi stúdenta.

## 100 ÁRA AFMÆLI STÚDENTARÁÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS

Þann 11. desember 2020 verða 100 ár liðin frá stofnun Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Stúdentaráð stóð í tilefni þess fyrir aldarafmæli ráðsins. Í stefnumótunarferð ráðsins 29.-30. júní 2019 var fjallað um mögulegt afmælishald á árinu 2020 þar sem sammælt var um að veglega þyrfti að halda uppá afmælið. Forseti ráðsins og forseti félagslífs- og menningarlífsnefndar Jessý Jónsdóttir, lögðu fram tillögu á fundi Stúdentaráðs þann 21. ágúst 2019 um að stofna skyldi starfshóp til þess að halda utan um skipulag afmælisins. Dagskrá afmælisárs Stúdentaráðs var því mótuð í samvinnu við Stúdentaráðsliða, nefndarmeðlimi starfshópsins og átti Stúdentaráð í góðu samstarfi við fulltrúa frá Háskóla Íslands og samstarfsaðila ráðsins.

Rektorsskrifstofa samþykkti að styrkja afmælisverkefni Stúdentaráðs í samstarfi við RÚV en RÚV samþykkti að gera 60 mínútna þátt um 100 ára sögu Stúdentaráðs. Þær Vigdís Hafliðadóttir og Ingileif Friðriksdóttir eru áætlaðar sem þáttastjórnendur.

Samkeppni var haldin um sérstakt afmælislogo Stúdentaráðs. Skilyrðin voru að það þyrfti að byggja á merki félagsins. Varð það merki sem þessi ársskýrsla ber fyrir valinu af afmælisnefnd SHÍ en hönnuður þess var Sandra Canico.

Þá sá Jóna Þórey, forseti ráðsins, um undirbúningsvinnu fyrir fyrsta afmælispartyið fyrir hönd Stúdentaráðs ásamt skipulagsnefnd 100 ára afmælis SHÍ en hana skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti stýrði nefndinni
- Ingveldur Gröndal (Vaka)
- Ellen Geirsdóttir (Röskva)
- Þórólfur Sigurðsson, stúdent sem sótti um í gegnum shi@hi.is

Haldið var afmæli í Gamla bíó þann 31. janúar 2020 þar sem DJ Vala opnaði húsið, GDRN mætti og tróð upp m.a. með nýjum lögum og lokuðu Bjartar Sveiflur kvöldinu. Miðaverð fyrir stúdenta var 1.500 kr en 2.000 kr fyrir aðra. Þrenna styrkti hátíðarhöldin og var einnig unnið með Mekka til að tryggja góð kjör handa stúdentum á barnum. Mikið fjör og góð skemmtun varð staðreynd og heppnaðist viðburðurinn vel.



Afmælisnefndin hafði haft fyrirætlanir um að halda viðburð með öllum fyrrum formönnum og forsetum SHÍ en vegna COVID-19 varð sá viðburður ekki að veruleika á starfsárinu 2019-2020.

## VERKFAÐI FYRIR LOFTSLAGIÐ

Verkfall fyrir loftslagið, setti stóran svip á fyrri hluta starfsársins. Á síðasta starfsári kom forseti Stúdentaráðs að því að koma því af stað, ásamt formanni LÍS, og tók forseti ráðsins 2019-2020 sæti í skipulagshópnum fyrir verkfallið. Aðrir sem komu að verkfallinu voru Ungir umhverfissinnar og Samband íslenskra framhaldsskólanema. Forseta umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ var einnig bætt við í skipulagshóp verkfallanna.



Fyrsta verkfallið var haldið á Austurvelli föstudaginn 22. febrúar 2019 en á fyrsta verkfallið söfnuðust um 450 ungmenni og stúdentar saman. Síðan þá hafa verkföll fyrir loftslagið átt sér stað á hverjum föstudegi á Austurvelli, milli klukkan 12-13, og því verður ekki hætt fyrir en töluverðar og róttækar aðgerðir hafa átt sér stað í átt að betri heim og bjartari framtíð. Allsherjarverkföll fara fram þegar boðið er til þeirra af Gretu Thunberg eða Fridays for Future hreyfingunni og þann 24. maí 2019

fór eitt slíkt fram þar sem forseti SHÍ opnaði verkfallið, formaður SÍF lokaði því og Sprite Zero Klan tróð upp í lok verkfallsins. Þar mættu um 1000 manns.

Hagsmunabaráttan í kringum verkfallið hefur haldið áfram og eflst enn frekar. Forseti Stúdentaráðs fundaði með Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra, í tvígang með Guðmundi Inga umhverfiráðherra, með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og Sigurði Inga samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Landvernd og öðrum hagsmunafélögum. Forseti Stúdentaráðs mætti sömuleiðis í fjölmörg viðtöl ásamt öðrum skipuleggjendum og hélt einnig ávarp á verkföllum.

Allsherjarverkfallsvika var haldin 20. – 27. september eins og fram kemur í næsta kafla. Þá var allsherjarverkfall haldið 29. nóvember 2019. Skiltagerð fyrir afmælisverkfall loftslagsins fór fram og var sérstakt afmælisverkfall haldið. Á skiltagerðina mættu fjölmiðlar og kom forseti SHÍ fram í beinni útsendingu Stöðvar 2, enda hafði samdægurs komið út skýrsla sem sýndi fram á að Ísland væri að standa sig einna verst allra þjóða í að tryggja framtíð barna sinna þegar kæmi að sjálfbærni viðmiðum.

Þegar COVID-19 skall á gaf verkfallið, ásamt börnum og ungmönnum sem hafa staðið að því, út yfirlýsingu um neyðarástand og hvaða áhrif það getur haft. Þá færðust verkföllin á netheima þegar COVID-19 faraldurinn stóð sem hæst og voru öll hvött til þess að hafa áhrif og halda verkföllum áfram í gegnum netheima. Skipulagshópur verkfallanna ákvað að minnka áherlsu á aðkomu þeirra félagasamtaka sem skipuleggja verkföllin og breyta heiti like-síðunnar á Facebook og öðrum merkingum tengudm verkföllum úr “Loftslagsverkfall - Ísland” í “Loftslagsverkfall - Fridays for Future Ísland”.

## ALLSHERJARVERKFAVALLSVIKA

Í september 2019 tók SHÍ þátt í alheimsverkfallsviku og kom að skipulagi vikunnar með ríkum hætti. Undirbúningur vikunnar fólkst í vikulegu fundarhaldi, hugmyndavinnu og samstarfi við m.a. Landvernd, LÍS, verkalyðsfélög og þjóðþekkta einstaklinga. Verkfallsvikann hófst föstudaginn 20. september 2019 og stóð yfir til 27. september. Á loftslagsverkfallinu á Austurvelli hinn 20. september hófst loftslagsverkfallsvikann með veglegri dagskrá og útsendingu á Sjónvarpi Símanis:



Klukkan 17:00 þann 20. september var gengið frá Hallgrímskirkju að Austurvelli. Þegar á Austurvöll var komið fór fram dagskrá þar sem tónlistaratriði í bland við ræðufólk ljáðu málstaðnum lið: Ræðufólk: Kári Stefánsson, Sævar Helgi Bragason, Eydís Blöndal. Tónlistarfólk: Friðrik Dór, Högni Egilsson, GDRN, Krummi Björgvinsson, Jóipé X Króli. Ungt ræðufólk: Daði Víðisson, Ida og Elís, Ásthildur Emelía, Jökull. Ákall verkfallsins var í þetta sinn að eldri kynslóðin og allir þeir sem hafa hingað til fylgst með skuli nú styðja baráttu ungs fólks fyrir framtíð sinni í verki. Þau sem eldri eru láti sig málið varða, mæti á verkfallið og taki undir kröfuna um áhrifameiri aðgerðir stjórnvalda í baráttunni við loftslagsvána.

Þessa viku hélt skipulagshópur loftslagsverkfallsins í samstarfi við Landvernd af stað með þjóðaráttak í undirskriftasöfnun til þess að óska eftir róttækum aðgerðum í þágu loftslagsmála. Undirskriftasöfnunin var heyjuð undir formerkjunum „Þess vegna skrifa ég undir“. Greinarskriftaráttak fór af stað og skrifaði Forseti SHÍ grein um unga samviskusendiherra, oddviti Röskvu og forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta.

Dagskrá var hvern dag í loftslagsvikunni með viðburðum um allt höfuðborgarsvæðið, skiltagerð fór fram. Málþing voru haldin. Viðburðir sem tengdust Háskóla Íslands og Stúdentaráði sérstaklega var loftslagsdagur Stúdentaráðs og Háskóla Íslands en þá tók ráðið og fulltrúar HÍ höndum saman og plökkuðu á Háskólasvæðinu, söfnuðu rusli og hreinsuðu til ásamt því að planta trjám. Auk þess hélt umhverfis- og auðlindafræðideild HÍ málþing um aðgerðir í loftslagsmálum undir yfirskriftinni *Er ábyrgðin bara unga fólksins* en þar var forseti Stúdentaráðs með erindi og kom fram í pallborðsumræðum. Auk þess fór fjöldi viðburða fram eins og vísindakaffi undir yfirskriftinni *Hvað á Ísland að heita þegar allur ís er farinn*, skiltagerðir o.fl. Forseti SHÍ og fulltrúi LÍS mættu í podcastið *Dramacastið* í tilefni loftslagsverkfallsins. Myndlistakonann Hrund Atladóttir tók yfir ljósahjúp Hörpu föstudagana 20. og 27. september. Í vikunni var einnig bíllausi dagurinn.



Í lok vikunnar eða eftir allsherjarverkfallið föstudaginn 27. september fóru átta fulltrúar úr okkar röðum fund með forsætisráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra, fjármálaráðherra og samgöngu- og sveitastjórnarráðherra um næstu skref Íslands í loftslagsmálum. Við lögðum eftirfarandi kröfur fram: 1. Að Ísland lýsi yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og að þeirri yfirlýsingu fylgi aðgerðir sem sjá til þess að kolefnislosun landsins minnki um a.m.k. 5% árlega. 2. Stjórnvöld fylgi ráðleggingum milliríkjanefndar SP (IPCC) um að árlegar fjárfestingar í aðgerðir gegn hamfarahlýnun af hálfu hins opinbera og fyrirtækja séu samtals 3,5% af landsframleiðslu. Því miður skrifuðu ráðherrar ekki undir. Kröfurnar og tillöguna er að finna undir útgefið efni í ársskýrslu þessari.

## VIÐURKENNINGAR STÚDENTARÁÐS VEGNA LOFTSLAGSVERKFAÐANNA

### SAMVIKUSENÐIHERRA AMNESTY

Þau félög sem stóðu að skipulagningu loftslagsverkfallanna hlutu viðurkenningu frá Amnesty á Íslandi fyrir störf í þágu loftslagsmála. Greta Thunberg hlaut viðurkenninguna á alþjóðavísu og ákvað Amnesty á Íslandi að heiðra félögin sem hafa staðið að loftslagsverkföllunum hérlandis. Það var gríðarlegur heiður og voru félögin stolt af viðurkenningunni öll sem eitt.



Viðburðurinn fór fram í Bíó Paradís, þann 16. september 2019, á degi íslenskrar náttúru og fengu félögin fyrir skilti og plöntur.

### MAÐUR ÁRSINS 2019

Loftslagsverkfallið var valið maður ársins 2019 hjá fréttastofu Stöðvar 2, Vísi og Bylgjunni Skipuleggjendur verkfallanna, SHÍ, Ungir umhverfissinnar, LÍS og SÍF voru virkilega stolt af þessum heiðri og fögnuðu honum. Þessi heiður er barnanna og ungmennanna sem hafa mætt alla föstudaga frá febrúar á 2019.



Sem maður ársins var loftslagsverkfallinu boðið að koma fram í Kryddsíldinni á stöð 2 á gamlársgag. Fyrir hönd hópsins talaði Þorgerður María, ritari Ungra umhverfissinna. Undirbúningur fyrir Kryddsíldinna fór fram í sameiningu UU, LÍS og SHÍ og heppnaðist innkoma Þorgerðar svo vel að talað var um að loks hafði hiti færst í leikinn í þættinum. Loftslagsverkfallið lagði áherslu á að besta leiðin til að styðja verkföllin og krefjast róttækra aðgerða gegn hamfarahlýnun er að mæta á verkföllin!

## VÍSÓ Í SHÍ

Sérstaklega vel tókst til að halda vísindaferð í Stúdentaráð í fyrsta sinn. Meðal þess sem gert var til að laða stúdenta að var Kahoot og happadrætti en í báðum tilfellum var iPhone í vinning sem SHÍ útvegaði út frá samstarfssamningi SHÍ og Símans.

Forseti SHÍ gerði skýrslu um utanumhald vísósins sem finna má á skrifstofu SHÍ en hér verður stutt samantekt uppúr þeirri skýrslu. Þegar undirrituð var í Stúdentaráði 2018-2019 og forseti sviðsráðs FVS lagði sviðsráðið fram [tillögu á 10. fundi ráðsins](#) um að kannaður yrði grundvöllur fyrir því að halda vísindaferð Stúdentaráðs á vegum félagslífs- og menningarnefndar í samráði við skrifstofuna. Tillagan kom fram í febrúar 2019 og endaði ekki á að vera sérlega heppilegur tími til að framkvæma slíka hugmynd í kjölfarið. Ég tók hana því upp aftur í stefnumótunarferð ráðsins sumarið 2019 og bar upp hvort Stúdentaráðsliðum þætti fýsilegt að halda slíkan viðburð til að auka sýnileika SHÍ. Þá var einnig rætt hvort réttlæt看legt væri að verja fjármunum í áfengi vegna viðburðarins en meginstefna skrifstofu SHÍ sé að það sé ekki gert. Umræður þar voru jákvæðar og því fundaði ég með forseta Félagslífs- og menningarnefndar Jessý Jónsdóttur um að leggja fram tillögu við ráðið að skrifstofa Stúdentaráðs í samstarfi við félagslífs- og menningarnefnd héldi vísó í Stúdentaráð. Ég og Jessý lögðum slíka [tillögu fram](#).

Um leið og samþykki ráðsins lá fyrir var viðburðurinn kynntur þeim nemendafélögum sem hægt var að kynna fyrir að slík vísó yrði haldin. Í kjölfarið áttu Jessý og ég í miklum og góðum samskiptum um fyrirkomulagið og var dagsetning, fjöldi o.fl. ákveðin á okkar fundum í samráði við nefndina. Umræður voru um að byrja vísóið á Litla torgi, halda ferð upp á skrifstofu þar sem fólk myndi fá glaðning og enda á Stúdentakjallarannum. Það var þó talið of flókið ferli. Auk þess kostaði að leigja Litla torg svo við ákváðum að halda okkur eingöngu við Stúdentakjallarann.

Á fundi með formönnum allra nemendafélaga þann 27. ágúst var farið yfir vísóið og það kynnt og hlaut góðar móttökur. Ölgerðin og Síminn komu að vísó-inu og áttu þátt í því að gera það jafn vel heppnað og raun bar vitni. Viðburðinum var komið upp á Facebook í hádegi þriðjudags eftir Októberfest, sem var þriðjudagurinn fyrir vísóið. Það var haldið föstudaginn eftir Otkóberfst, s.s. 13. september frá 17-19. Skráning var opin á viðburðinum með Google forms og var birt daginn eftir að hann kom inn, þ.e.a.s. á miðvikudegi. Óskað var eftir nafni, netfangi og nemendafélagi. Á aðeins klukkutíma voru 90 manns búnir að skrá sig og fljótlega var uppselt en við Jessý höfðum talað saman um í samstarfi við kjallarann að 120-150 manns væri algjört hámark. Þá fylltist í vísó-ið sem var framfar vonum skrifstofu SHÍ en mjög gaman að sjá.

Vísó-ið var vel heppnað og var verkaskipting góð milli skrifstofu og félagslífs- og menningarnefndar. Nefndin sá um leiki og verðlaun meðan skrifstofa sá um samskipti við Stúdentakjallarann vegna matar, drykkja og að taka frá borð.



Ýta hefði mátt á þá sem voru ekki á vísóinu til að fara úr sætunum á þeim borðum sem voru frátekin fyrir vísó. Leikurinn var svo endurtekinn í janúar 2020 og fylltist vísó-ið aftur. Farið var eftir samskonar tímalínu og í fyrra skiptið en kynning forseta SHÍ á viðburðinum var nú á ensku – mælt er með því að a.m.k. annað vísóið verði á ensku. Enn að nýju hlaut viðburðurinn góðar móttökur.

## AÐRIR VIÐBURÐIR OG AÐKOMA STÚDENTARÁÐS

### LOFTSLAGSRÁÐSTEFNA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA - COP25

Þann 2. desember til 8. desember 2019 sótti forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í gegnum Nordic Climate Action Week í Stokkhólmi. Um var að ræða milliveg fyrir Norðurlöndin til að sækja ráðstefnuna og þurfa ekki að fljúga jafn langt og ella en geta samt sótt ráðstefnuna. COP25 átti nefnilega fyrst að fara fram í suður ameríku, en vegna ástandsins þar í landi var hún færð til Madrid. Engu að síður var áfram sérstök leið fyrir fulltrúa Norrænu landanna að sækja ráðstefnuna.

Forseti SHÍ var skipuð Key Note Listener af Norrænu ráðherranefndinni. Varforseti SHÍ gerði ekki athugasemdir við að stíga hlutverk starfandi forseta meðan ráðstefnunni stóð. Í hlutverki Key Note Listener var að fylgjast með ráðstefnunni, koma því áleiðis hvað væri að fara þar fram og hvernig við teldum að málum miðaði. Kynningarmyndbönd og kynningarefni kom frá Key Note Listeners en við tókum einnig þátt í viðburðum og panel umræðum. Þann 2. desember 2019 fór fram panel með ráðherrum mánudaginn 2. desember í Norrskan House. Ráðherra frá svíþjóð, Isabella Lövin og frá Íslandi, Sigurður Ingi Jóhannsson tóku einnig þátt. Næstu daga tók við eftirfylgni með ráðstefnunni og frásögn frá því á samfélagsmiðlum. Lokaviðburðurinn var Panel og Podcast með Key Note Listeners Norðurlandanna þar sem farið var yfir hvernig gekk. Mikið ánægja var með þennan viðburð og var hann töluvert betri en mánudagsviðburðurinn.



Það var mikill heiður fyrir Stúdentaráð að leitað hafi verið til ráðsins vegna þessa og jákvætt að litið sé til ráðsins þegar kemur að ungu fólki sem lætur sig loftslagsváanna varða. Ljóst er að Stúdentaráð er að beita sér langt út fyrir veggi háskólans sem er þróun af hinu góða. Ráðið hefur sannarlega skipt sköpum í því að vekja athygli á loftslagsvánni og hefur eftir því verið tekið. Skýrsla um ferlið er aðgengileg á skrifstofu Stúdentaráðs.

### JAFNRÉTTISÞING FORSÆTISRÁÐUNEYTISINS

Forseti Stúdentaráðs fékk boð um að tryggja aðkomu ungs fólks að skipulagningu jafnréttisþings forsætisráðuneytisins sem fór fram í febrúar 2020. Áherslan var á tengsl loftslagsvánnar og jafnréttismála og þar sem ungt fólk hefur verið leiðandi í þeirri baráttu og Stúdentaráð verið eitt skipuleggjanda loftslagsverkfallanna, var leitað til okkar til að móta dagskrá þingsins. Enn á ný er SHÍ að hafa áhrif á samfélagið og stóru myndina og er leitað til okkar vegna þess.

Jafnréttisskrifstofa og jafnréttisráð héldu utan um skipulagninguna og leitaði forseti SHÍ til Landssamtaka íslenskra stúdenta við hugmyndavinnu að dagskrá. Samstarfið gekk vel og var síðasti hluti dagskrár jafnréttisþingsins skipulögð af stúdentum undir yfirskriftinni hvað brennur á ungu fólki. Forseti SHÍ var svo panelstýra á þinginu þar sem Aðalbjörg Egilsdóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ, Eydís Blöndal aktívisti og Karen Björg Þorsteinsdóttir uppistandari með meiru tóku þátt eftir að hafa flutt örerindi. Erindin voru; Útlitskröfur í umhverfisvænu samfélagi Ógnar veganismi karlmennskunni?, Er líkami minn ekki nógu umhverfisvænn? Þá var þinginu slitið með uppistandinu Fyndnustu mínar.

## STÚDENTARÁÐSFUNDIR

Á starfsári Stúdentaráðs 2019-2020 voru haldnir samtals 10 löglegir fundir Stúdentaráðs, að undanskildum kjörfundi og skiptafundi. Einn lagabreytingarfundur var haldinn en mæting á hann var ekki lögleg, og voru því lagabreytingar kynntar óformlega á fundinum en teknar til rafrænnar atkvæðagreiðslu. Í tvígang var gerð tilraun til að fá stúdentaráðsliða til að greiða atkvæði rafrænt en þátttakan var ekki nægileg og því þarf að greiða atkvæði um þær breytingar á nýju starfsári. Allar fundargerðir frá fundum ráðsins eru aðgengilegar á heimasíðu Stúdentaráðs, [student.is](http://student.is)

### KJÖRFUNDUR 13. MARS 2019

Kjörfundur Stúdentaráðs var haldinn 13. mars 2019. Þetta var í fyrsta sinn sem sérstakur kjörfundur var haldinn. Á kjörfundi var kjörið um forseta, varaforseta, lánasjóðsfulltrúa og hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs. Tilnefnt var í nefndir Stúdentaráðs, kosið var um varafulltrúa í Stúdentaráði og fulltrúaráði LÍS. Nýr forseti tók formlega við fundarstjórn og sömuleiðis tók nýtt Stúdentaráð formlega við atkvæðum af fráfarandi ráði.

Á fundinum var lögð fram ein tillaga sem má finna í viðauka B.

### SKIPTAFUNDUR 13. MAÍ 2019

Skiptafundur var haldinn 13. maí 2019. Á fundinum var ársskýrsla 2018-2019 kynnt, nýtt Stúdentaráð tók við, farið var yfir praktísk atriði til nýrra Stúdentaráðsliða, tímalínu stóru mála síðasta árs og var að lokum opinn dagskrárliður þar sem spurningar til nýrrar skrifstofu um allt milli himins og jarðar voru heimilaðar.

Á fundinum var lögð fram ein tillaga sem má finna í viðauka B.

### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 27. JÚNÍ 2019

Fyrsti fundur Stúdentaráðs var haldinn 27. júní 2019. Lítið þokaðist áfram í málefnum lánasjóðs íslenskra námsmanna þó von hefði verið á frumvarpi um nýtt lánasjóðskerfi í júní 2019. Á fundinum var tilnefning SHÍ í ráð um málefni fatlaðs fólks afgreidd, ráðning starfsmanns í stöðu samskiptafulltrúa Októberfest afgreidd og tilnefningar stúdenta í stjórn FS kynntu sig.

Á fundinum var lögð fram sameiginleg tillaga af oddvitum beggja fylkinga í sameiningu við forseta SHÍ sem má finna í viðauka B.

### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 22. JÚLÍ 2019

Annar fundur Stúdentaráðs var haldinn 22. júlí. Nýtt frumvarp um lánasjóðskerfi íslenskra námsmanna hafði þá komið fram og forseti og lánasjóðsfulltrúi SHÍ höfðu lagst yfir málið og samið drög að umsögn, fylgiskjal og drög að ályktun. Umsögnin var lögð til umræðu, kafla fyrir kafla og breytingartillögur teknar fyrir. Loks var kosið um hvern kafla fyrir sig og svo

umsögnina í heild sinni þar sem umsögnin var samþykkt einróma. Tillaga var lögð fram af skrifstofunni um myndatöku Stúdentaráðs, Vísó í Stúdentaráð og ferli við tilnefningu Stúdentaráðs til LUF um ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum sem var nýjung á þessu ári.

Tillögur sem lagðar voru fram á fundinum má finna í viðauka B.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 21. ÁGÚST 2019

Þriðji fundur Stúdentaráðs var haldinn 21. ágúst. Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektror og Jón Atli Benediktsson rektor, mættu á fundinn og kynntu stefnu Háskóla Íslands. Kosið var um fulltrúa stúdenta á Háskólaþing, lagabreytingatillögur voru teknar fyrir sem má finna í viðauka C, kosið var um verklagsreglur Stúdentaráðs í fyrsta sinn í langan tíma sem finna má í viðauka D, kosið var um fulltrúa Stúdentaráðs í ritstjórn Stúdentablaðsins, varafulltrúa í Stúdentaráð á Heilbrigðisvísindasviði, kosið um stofnun starfshóps um 100 ára afmæli Stúdentaráðs og lögð var fram tillaga vegna úthlutunarreglna FS til bóta fyrir doktorsnema af forseta ráðsins sem var samþykkt.

Á fundinum voru bornar upp tillögur sem má finna í viðauka B.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 25. SEPTEMBER 2019

Fjórði fundur Stúdentaráðs fór fram 25. september. Á fundinum kynnti Félagsstofnun stúdenta sína starfsemi, Jóhanna Bernharðsdóttir kynnti niðurstöður rannsóknar á geðheilbrigði stúdenta við Háskóla Íslands, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs kynnti verkefni um sjálfbodaðaverkefni stúdenta, fulltrúar á Menntavísindasviði lögðu fram tillögu um áskorun jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands sem má finna í viðauka B, Umhverfis- og samgöngunefnd og fjölskyldunefnd SHÍ kynntu niðurstöður stefnumótunar sinnar frá stefnumótunarferð ráðsins um sumarið.

Á fundinum voru bornar upp tillögur af Stúdentaráðsliðum sem má finna í viðauka B.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 22. OKTÓBER 2019

Fimmti fundur Stúdentaráðs fór fram 22. október. Á fundinum fengu Stúdentaráðsliðar kynningu á Tengslatorgi, afleysingastofunni frá Reykjavíkurborg og háskólanum okkar. Þá var farið yfir niðurstöður stefnumótunarferðar Stúdentaráðs frá alþjóðanefnd, fjármála og atvinnulífsnefnd og umhverfis- og samgöngunefnd. Fjármálaáætlun SHÍ var kynnt, lagabreytingar voru teknar fyrir vegna bókfærðra mála sem var nýjung í fundarsköpum stúdentaráðs – til þess gert að auka skilvirkni í störfum ráðsins, Tillaga var borin upp um tímasetningu kosninga til Stúdentaráðs fyrir árið 2020 og var tveimur tillögum frestað sem þó höfðu borist fyrir fundinn. Tillögurnar má finna í viðauka B

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 21. NÓVEMBER 2019

Sjötti fundur Stúdentaráðs fór fram 21. nóvember. Á fundinum fengu stúdentar kynningu á Kveikju, nýju námskeiði á sviði samfélagslegrar nýsköpunar, jafnréttisnefnd kynnti niðurstöður stefnumótunarferðar og lagði forseti umhverfis- og samgöngunefndar fram tillögu um fleiri störf á sviði umhverfismála við HÍ. Þá lagði forseti SHÍ til að FEDON fengi áheyrnarfulltrúa í stjórn Stúdentaráðs, tillaga var lögð fram um áskorun til háskólaráðs um að hætta aldursgreiningum við HÍ, tillaga var lögð fram um stuðning við fatlaðanemendur og var Menntasjóður námsmanna til umræðu. Veitt var kynning um hinseginmál og var lögð fram tillaga um Student Hardship Fund að erlendri fyrirmynd. Kjör í kjörstjórn hafði borist fyrir fund sem bókfærð mál en þurfti að taka til atkvæðagreiðslu og var því tekið fyrir á fundinum sjálfum. Þá var eitt bókfært mál um vísó í stúdentaráð samþykkt.



Á fundinum voru tillögur bornar upp af Stúdentaráðsliðum undir önnur mál, sem má nálgast í viðauka B.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 16. DESEMBER 2019

Sjöundi stúdentaráðsfundurinn þann 16. desember 2018, fór í kynningu á Aurora samstarfsneti háskóla í Evrópu sem Háskóli Íslands er hluti af, framtíð þess og hvaða aðkomu Stúdentaráð hefur haft að stúdentaráði Aurora. Þá voru fjármál skrifstofu stúdentaráðs rædd og að fundi loknum voru haldin litlu jól þar sem Stúdentaráðsliðar gerðu sér glaðan dag saman.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 21. JANÚAR 2020

Áttundi fundur Stúdentaráðs fór fram 21. janúar 2020. Á fundinum var nýtt kosningakerfi stúdentaráðs kynnt, fulltrúar stúdenta í háskólaráði komu og kynntu sig. Landsþing LÍS var rætt og kynnt og var ákveðin skipan landsþingsfulltrúa Stúdentaráðs. Canvas, nýtt námsumsjónarkerfi var kynnt fyrir stúdentaráðsliðum og voru minnisblöð vegna aldursgreininga og Menntasjóð námsmanna til umræðu. Samþykkt var að ráðast í mótmæli í samstarfi við No Borders, sem leituðu til skrifstofu SHÍ vegna vilja þeirra sem hafa verið aldursgreindir til þess að SHÍ og No Borders vinni opinberlega saman. Auk þess var ályktun um heilsugæslu á háskólasvæðið lögð fram og samþykkt.

Þrenn önnur mál voru lögð fram á fundinum og má finna þær tillögur í viðauka B.

Tillögur má nálgast í viðauka B

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 18. FEBRÚAR 2020

Níundi fundur Stúdentaráðs fór fram 18. febrúar 2020. Á fundinum var greitt atkvæði um aðgerðaráætlun HÍ í loftslagsmálum, Hugrún geðfræðslufélag var með kynningu og greiddi SHÍ atkvæði um að styðja við herferð Hugrúnar, rætt var um aldursgreiningar, ársreikningur 2019 var kynntur, fjárhagsáætlun SHÍ var kynnt og staða stúdenta í stéttarfélagum einnig og var tillaga vegna þess samþykkt. Þá var kosið um annan fulltrúa stúdenta í ráð um málefni fatlaðs fólks þar sem forseti SHÍ og sitjandi fulltrúi stúdenta í ráðinu töldu nauðsynlegt að tryggja annan fulltrúaa í ráðið og fékkst breyting á reglum HÍ samþykkt þess efnis.

Tvær tillögur bárust undir önnur mál og má nálgast þær í viðauka B

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 26. FEBRÚAR 2020

Tíundi, og jafnframt síðasti löglegi fundur starfsársins, var haldinn 26. febrúar 2020. Á fundinum var rætt um skrásetningargjöld við HÍ og fyrirhugaða kvörtun Stúdentaráðs til umboðsmanns Alþingis. Stúdentaráð samþykkti á fundinum að leggja einróma gegn hækkun skrásetningargjaldanna og að ráðist yrði í að vekja athygli á þeim forsendum sem að baki skrásetningargjaldinu eru í dag. Þá voru samgöngumál rædd þar sem beiðni um umsögn stúdentaráðs barst frá háskólanum vegna gjaldskyldu á bílastæðum og tilkomu samgöngukorts handa stúdentum. Samþykkti Stúdentaráð drög að umsögn með tilmælum um að framhaldið og útfærsla þurfi að vera unnin með stúdentum.

#### STÚDENTARÁÐSFUNDUR 9. MARS 2020

Ellefti fundur stúdentaráðs var lagabreytingafundur en vegna veikinda varð hann ekki löglegur. Stúdentar fengu kynningu á lagabreytingum og sérstaklega breytingum á stúdentasjóði. Fór því atkvæðagreiðsla um tillögurnar fram með rafrænum hætti en ekki nógu margir stúdentaráðsliðar greiddu atkvæði og var því þar með frestað.

#### KJÖRFUNDUR STÚDENTARÁÐS 20. APRÍL 2020

Kjörfundur Stúdentaráðs var haldinn 20. apríl 2020. Ný lög, sem voru samþykkt árið 2019, tóku gildi eftir kosningarnar 25. og 26. mars.

Þetta var í annað sinn sem kjörfundur er haldinn en tilgangur þess að aðskilja kjörfund og skiptafund er sá að skapa skipatímabil milli kjörna fulltrúa innan Stúdentaráðs og tryggja þannig betri samfellu í starfi.

Á kjörfundinum var forseti, varaforseti, lánasjóðsfulltrúi og hagsmunafulltrúi SHÍ kjörnir fyrir starfsárið 2020-2021. Eftirfarandi aðilar hlutu kjör:

- Isabel Alejandra Díaz, forseti
- Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti
- Mikael Berg Steingrímsson, hagsmunafulltrúi
- Sara Þöll Finnbogadóttir, lánasjóðsfulltrúi

Kjörnir fulltrúar, og nýtt Stúdentaráð, hefja því störf eftir skiptafund Stúdentaráðs sem verður haldinn í maí 2020.

Á fundinum voru jafnframt varafulltrúar fyrir nýja Stúdentaráðsliða kjörnir, kjörið var um tilnefningar fylkinga í nefndir Stúdentaráðs og að lokum var lögð fram tillaga um hvernig Stúdentaráð tilnefnir í stjórn FS, sem má finna í viðauka B.

#### SKIPTAFUNDUR STÚDENTARÁÐS MAÍ 2020

Skiptafundur Stúdentaráðs 2020 fór fram í. maí en þá komu fráfarandi og verðandi Stúdentaráð saman þar sem formleg skipti áttu sér stað. Ársskýrsla þessari var kynnt og fráfarandi Stúdentaráðsliðar deildu með nýjum fulltrúum alls konar fróðleik og visku fyrir komandi starfsár.

#### AÐRIR FUNDIR

##### OPINN ALMENNUR STÚDENTAFUNDUR UM SAMGÖNGUMÁL 25. FEBRÚAR 2020

Kynning frá framkvæmda- og tæknisviði Háskóla Íslands um tillögur að framtíð bílastæðamála og samgöngupassa, umræður og opnað fyrir tillögur fundarmanna.

Ástæða fundarins var að kynna vinnu Vatsmýrahópsins sem er vettvangur fulltrúa frá HÍ, LSH, borgarinnar og HR. Hópurinn hafði starfað í 2 ár og á þeim tíma skoðað samgöngur á svæðinu og farið í heilmikla greininagurvinnu. Samstarfshópurinn fékk samgönguyfirvöld með sér til að finna leiðir til að mæta fyrirsjánlegum vexti í umferð í Vatnsmýrinni. Tillaga hópsins er að gjaldskylda verði tekin upp á öllum bílastæðum á lóðum HÍ. Samhliða því yrði samgöngukort eða H-passi tekinn upp fyrir stúdenta á 5þúsund krónur fyrir 12 mánuði.

Góðar ábendingar og umræður mynduðust á fundinum sem urðu svo að grundvelli umsagnar Stúdentaráðs sem finna má undir útgefið efni í ársskýrslu þessari, til viðbótar við athugasemdir stúdentaráðsliða.


##### UPPLÝSINGAFUNDUR STÚDENTARÁÐS VEGNA FRUMVARPS UM STUÐNINGSSJÓÐ NÁMSMANNA

Opinn fundur handa stúdentum skólans var haldinn í júlí þegar frumvarp um Stuðningssjóð námsmanna kom út. Farið var yfir efni frumvarpsins og það kynnt í meginatriðum áður með hlutrænum hætti áður en umsögn var gefin út. Stúdentaráðsliðar fjölmenntu á fundinn en einnig

almennir stúdentar. Fundurinn var vel heppnað framtak og undirbjó stúdentaráðsliða fyrir umræður á stúdentaráðsfundi.

## ÚTGEFIÐ EFNI STÚDENTARÁÐS

AKADEMÍAN 2019



## STÚDENTABLAÐIÐ



## UPPLÝSINGABÆKLINGUR UM KOSNINGAR TIL STÚDENTARÁÐS OG HÁSKÓLARÁÐS

Vegna nýs kosningafyrirkomulags til Stúdentaráðs og þar sem aðeins er kosið til háskólaráðs á öðru hverju ári var ráðist í vinnu við að vekja athygli á kosningum til Stúdentaráðs og Háskólaráðs. Stúdentaráð gaf út upplýsingabækling sem byggði á uppsetningu sambærilegs bæklinga sem gefin var út 2018. Forseti SHÍ sá um endurgerð texta og upplýsinga sem fram þurftu að koma í bæklingnum og sá framkvæmdastýra Stúdentaráðs um uppsetningu á honum.

Í bæklingnum var fyrirkomulag kosninga til Stúdentaráðs og Háskólaráðs, hlutverk Stúdentaráðs og Háskólaráðs útskýrð á mannamáli. Upplýsingar um fulltrúa í Stúdentaráði, sviðsráðum, háskólaráði og nefndum Stúdentaráðs og Háskólaráðs komu fram í bæklingnum. Leitast var við setja allar upplýsingar fram á skýran og myndrænan máta.



KOSNINGAR TIL STÚDENTARÁÐS & HÁSKÓLARÁÐS



Hingað til hafa kosningar til Stúdentaráðs falið í sér að þeir fulltrúar sem kosnir eru inn á sínu sviði taka bæði sæti í Stúdentaráði og sviðsráði síns sviðs. Á þessu er gerð sú breyting að fulltrúum fækkað úr 27 í 17 og nú munu þeir fulltrúar sem ná kjöri aðeins vera skyldaðir til að sitja í Stúdentaráði.

Til nánari útskýringar ber að tilgreina að sviðsráðin eru smærri einingar, hingað til 5 fulltrúar á hverju sviði en 7 á Félagsvísindasviði. Þar sem kjörir fulltrúar hittast reglulega og vinna að mállefnum sem eru sérstök fyrir þeirra svið. Öll sviðsráðin hafa svo myndað

Stúdentaráð Háskóla Íslands þar sem almennt er fjallað um stærri mál, sameiginleg fyrir hagsmunum stúdenta sama á hvaða sviði þeir eru. Kosningin í ár mun fela í sér að stúdentar á hverju sviði fyrir sig kjósa sína fulltrúa í Stúdentaráð og verða þeir 17 (3 á hverju sviði og 5 á Félagsvísindasviði) í stað 27. Þessir fulltrúar kjósa sér forseta hvers sviðsráðs innan síns sviðs, aðeins sá aðili mun vera skyldaður til að taka sæti í sviðsráði og mun sá aðili stýra stórum þess. Á kjörfundi Stúdentaráðs mun Stúdentaráð svo kjósa 4 fulltrúa í hlutfalli við kosninganilurastöður á því sviði, sem taka sæti í sviðsráði til viðbótar við forseta sviðsráðsins.

### BREYTINGAR Á SKIPULAGI

Þannig verða 5 aðilar í öllum sviðsráðum skólans og þurfa þeir aðilar ekki endilega að eiga sæti í Stúdentaráði líka.

Með þessum hætti geta þeir aðilar sem sitja í Stúdentaráði fremur sinnt nefndarstjórnun ráðsins og sérhæfing í þeim málaflokkum verður efið. Aðilar sem kosnir eru inn í sviðsráð geta þá sérhæft sig í málum síns sviðs og með þessu er vonast til þess að auka skilvirktu í hagsmunabaráttu stúdenta. Það skal

þó tekið fram að þeir fulltrúar sem bjóða sig fram til Stúdentaráðs og ná kjöri geta að sjálfstöðu einnig boðið sig fram til að sitja í sviðsráðinu á kjörfundi SHÍ eftir kosningar. Breytingin er einfaldlega sú að nú hafa Stúdentaráðslíðar val um hvort þeir sitji bæði í SHÍ og sviðsráði, eða eingöngu í SHÍ og hafa þá meiri rými til að sinna t.d. nefndarstjórn fyrir SHÍ – sem samstaða hefur myndast um að sé nauðsynlegt að efla.

**Kosningin felur í sér að stúdentar á hverju sviði fyrir sig kjósa sína fulltrúa í Stúdentaráð**

Útgáfan fór aðeins fram á netinu í gegnum issuu og var bæklingnum dreift með tölvupósti til allra stúdenta. Þar sem COVID-19 setti strik í reikninginn og skólahaldi var slitið um miðjan mars fyrir kosningar var ekki prentað neitt eintak af bæklingnum.



**Yfirlýsing Stúdentaráðs**  
**- Vegna stöðu á ráðningu sálfræðinga við Háskóla Íslands -**

*12. júlí 2019*

Stúdentaráð lýsir yfir áhyggjum af töfum á ráðningu sálfræðings við Háskóla Íslands.

Fyrir rúmlega ári síðan eftir baráttu stúdenta um bætta geðheilbrigðisþjónustu lofuðu stjórnvöld HÍ að tveir sálfræðingar yrðu ráðnir til starfa til viðbótar við þann eina sem þegar starfaði við skólann. Því stóð til að fjölga sálfræðingum í 50% stöðu úr einum í þrjá. Loforðið hefur ekki verið uppfyllt þar sem ekkert bólar á ráðningu þriðja sálfræðingsins.

Frá því að Stúdentaráð hóf að vekja athygli á bágrri geðheilsu stúdenta, skorti á þjónustu HÍ við stúdenta í þeim efnum og þörf á úrbótum hefur farið af stað áttak í geðheilbrigðismálum stúdenta við Háskóla Íslands. Stúdentar kröfðust aukins fjármagns í málaflökkinn og hlustuðu yfirvöld skólans sem skilaði sér í um 20 milljón króna aukningu í málaflökkinn innan HÍ. Þá hefur baráttu stúdenta til dæmis skilað þeim árangri að nú er boðið uppá hópnámskeið í hugrænni atferlismeðferð á vegum sálfræðinga skólans, hópnámskeið Sálræktar þar sem nemandur í klínískri sálfræði hafa fengið aukin tækifæri til verklegrar þjálfunar um leið og stúdentar fá aukinn aðgang að meðferðarúræðum. Námskeiðin hafa skilað árangri. Nemandur sem klára meðferðirnar mælast með minni kvíða og þunglyndiseinkenni en við upphaf meðferðar. Aðgerðirnar skipta máli og baráttu stúdenta hefur skilað sér í beinum áhrifum á líðan nemenda við skólann.

Vilji háskólans til að mæta kröfum stúdenta hefur að mörgu leyti verið til fyrirmyndar. Því er miður að sjá svo mikla töf á jafn mikilvægum þætti þess að vinna að bættri geðheilbrigðisþjónustu stúdenta og ráðningu sálfræðings til starfa við skólann er. Skrifstofurými og húsnæði hefur verið sá þáttur sem hefur haft mest áhrif á töf málsins. Miklar hræringar hafa verið innan skólans í skipulagi á húsnæði og skrifstofurými fyrir starfsfólk á liðnu ári og því furðar Stúdentaráð sig á því að ekki hafi verið gert ráð fyrir skrifstofurými undir þrjá sálfræðinga við þá vinnu.

Stúdentaráð ítrekar að leggja þarf áherslu á að gera betur í málefnum tengt geðheilsu stúdenta. Fjölgun sálfræðinga úr einum í þrjá er bara byrjunin að mati Stúdentaráðs og ætti að vera komin í höfn. Það er nauðsynlegt að skólinn haldi vel utan um þær aðgerðir sem var lofað fyrir rúmlega ári síðan.

## ÁLYKTUN

### VEGNA FRUMVARPS UM STUÐNINGSSJÓÐ ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

23. júlí 2019

Stúdentaráð telur að innleiðing námsstyrkja sé stórt skref í rétta átt. Undanfarinn áratug hefur endurskoðun námslánakerfisins staðið til og er jákvætt að frumvarpsdrög hafi nú verið birt. Stúdentaráð telur þó nauðsynlegt að slík heildarendurskoðun sé ekki einungis skref í rétta átt, heldur til þess fallin að leysa úr þeim djúpa ágreiningi sem ríkt hefur um getu Lánasjóðsins til að sinna hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður. Óvissan sem námsmenn búa við leysist ekki ef ný lög kalla á frekari kröfugerð og hagsmunabaráttu af hálfu hagsmunasamtaka þeirra.

#### Vextir

Stúdentaráð leggst fyrst og fremst gegn öllum hækkunum vaxta á námslánunum. Andstaða Stúdentaráðs við vaxtahækkanir byggir á sömu gildum og lánasjóðurinn sjálfur - jafnrétti til náms.

Stúdentaráð gerir verulegar athugasemdir við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á vaxtakjörum námslána. Verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd mun núverandi 1% vöxtum verða skipt út fyrir breytilega vexti. Á breytileg vaxtakjör leggst vaxtaálag sem stjórn ákveður á hverju ári. Þessi breyting hefur í för með sér aukna óvissu fyrir lánþega auk þess sem vænta má þess að vextir á námslánunum hækki.

Að mati Stúdentaráðs er nauðsynlegt að setja hámark á vexti námslána til að lágmarka þá áhættu sem fellur á herðar stúdenta við lántöku og treysta möguleika fólks til að endurgreiða lánin. Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra skylt að skipa nefnd sem endurskoðar fyrirkomulag vaxta ef verðtryggðir vextir fara upp fyrir 4% eða óverðtryggðir yfir 9%. Það ferli er ófullnægjandi, flókið og ófyrirsjáanlegt.

Hækkun vaxta kann að stuðla að markmiðum um að námslánakerfið standi undir sér. Við hæfi er að spyrja hvort slíkt félagslegt jöfnunarkerfi eigi að standa undir sér eða hvort sjónarmið um þjóðhagslega hagkvæmni náms eigi ekki að veða þyngra. Sé breyting vaxtafyrirkomulagsins til komin vegna skorts á fjármagni til LÍN telur Stúdentaráð augljóst að auka þurfi fjárframlög til námsaðstoðar á Íslandi.

#### Tekjutenging

Stúdentaráð telur tekjutengda endurgreiðslu lána vera mikilvæga svo sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu sem jöfnunarsjóður með sem bestu móti. Frumvarpið boðar breytingu á fyrirkomulagi tekjutengingar þannig að hún eigi aðeins við um þá sem ljúka námi fyrir 35 ára aldur eða á því aldursári. Aukin greiðslubyrði þeirra einstaklinga sem hefja nám síðar en kostur gefst getur stuðlað að skertum félagslegum hreyfanleika og soun hæfileika þeirra



einstaklinga sem ekki hafa kost á að sækja háskólanám án tekjutengingar. Á þetta sérstaklega við um fólk sem sækir sér menntun í þeim fögum sem ekki bjóða upp á mikla tekjumöguleika. Of fastar skorður eru settar í þessari grein frumvarpsins. Rýmka þarf rétt lángreiðenda til tekjutengdra afborgana.

#### Framfærslulán

Stúdentaráð gerir athugasemdir við framfærslulán eins og þau birtast í 2. gr. frumvarpsins og skýringum með ákvæðinu. Fjárhagserfiðleikar voru þriðja algengasta ástæða þess að rof verður á námsferli íslensks stúdents í a.m.k. tvær annir skv. könnun [Eurostudent](#). Markmið frumvarpsins um hvata fyrir námsmenn til að klára á réttum tíma verður ekki að veruleika nema það sé öruggt að stúdentar geti framfleytt sér á meðan á námi stendur. Því er fullt tilefni til endurskoðunar framfærslulána og grunnframfærslu en ekki er farið fram á hana í frumvarpsdrögunum.

#### Mánaðarlegar greiðslur

Stúdentaráð telur jákvætt að frumvarpið geri ráð fyrir mánaðarlegum greiðslum námslána til stúdenta en gerir athugasemd við að aðeins sé heimild til ákvörðunar um það handa stjórn. Stúdentaráð telur ákvæðið of opið og að tryggja þurfi rétt lántaka betur eigi að taka upp samtímagreiðslur.

#### Undanþágur um námsframvindu og niðurfelling lána við námslok

Stúdentaráð gerir athugasemdir við að undanþágur um hvort stúdent hljóti niðurfellingu láns við námslok verði að hluta til háð ákvörðun sjóðsstjórnar í úthlutunarreglum ár hvert enda séu þær bundnar undanþágum sem eiga við um námsframvindu. Þetta veldur því að forsendur stúdents við upphaf náms um skilyrði og undanþágur til að hljóta 30% niðurfellingu á höfuðstóli lánsins við námslok eru ekki skýrar. Stúdentaráð telur í ljósi þess mikilvægt að við mat á námsframvindu sé ávallt litið til þeirra undanþága sem eru lántaka hagstæðastar.

#### Foreldrar í námi

Stúdentaráð telur ósamræmi milli 16. gr. frumvarpsins og 4. gr. þess. Að frumvarpinu óbreyttu gæti barnastyrkur foreldra takmarkast við ákveðinn fjölda eininga sem nær ekki fjölda lánshæfra eininga hjá sjóðnum. Það veitir foreldrum ekki jafnt aðgengi að námi að njóta ekki barnastyrks fyrir jafn mörgum einingum og hægt er að fá lán fyrir samkvæmt úthlutunarreglum ef þær yrðu hærri.

Stúdentaráð gerir einnig athugasemd við að eingöngu þeir foreldrar í námi sem taka lán hjá sjóðnum eigi rétt á barnastyrk. Verði stúdent foreldri í námi má gera ráð fyrir að sá stúdent verði fyrir auknum útgjöldum hvort sem viðkomandi hafi þegið námslán eða ekki. Því telur SHÍ að svigrúm eigi að vera til að veita barnastyrki óháð því hvort foreldrar séu á námslánum eða ekki.



### Sjóðsstjórn

Í gildandi lögum er SHÍ tryggt sæti í stjórn sjóðsins en 32. gr. frumvarpsins leggur til þá breytingu að LÍS tilnefni þrjá fulltrúa stúdenta í sjóðsstjórn. Ef SHÍ verður ekki tryggð aðkoma að stjórn með lögum yrði fulltrúi tæplega 13.000 stúdenta, u.þ.b. 70% stúdenta landsins, í stjórn sjóðsins í hættu. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að fulltrúi SHÍ eigi sæti í sjóðsstjórn með lögum sjóðsins.

### Nafn, hlutverk og markmið sjóðsins

Stúdentar telja ljóst að LÍN hefur ekki þjónað hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður með góðu móti. Því gerir Stúdentaráð athugasemd við að nafnbreyting sjóðsins og orðalagsbreyting á hlutverki hans séu ekki efnisbreytingar.<sup>1</sup> Það skýtur skökku við að í greinargerð og almennum athugasemdum með frumvarpinu sé ítrekuð áhersla á að því sé ætlað að tryggja jafnrétti til náms og að stúdentar geti framfleytt sér á sama tíma og grunnhlutverki sjóðsins og markmiðum hans sé ekki breytt efnislega.

Stúdentaráð bendir á að enn mun stór hluti námsmanna eingöngu vera lántakar hjá sjóðnum.<sup>2</sup> Umfram það eru þeir sem fá niðurfellingu á hluta námsláns enn á lánum hjá sjóðnum fyrir 70% höfuðstólsins. Því er sjóðurinn vissulega enn lánasjóður. Þá ítrekar Stúdentaráð að til þess að stúdent geti klárað nám á „réttum“ tíma og hlotið 30% niðurfellingu er nauðsynlegt að búa þannig um hnútana að stúdentar geti framfleytt sér meðan á námi stendur.<sup>3</sup> Niðurfelling hluta höfuðstóls er mikilvægasta kjarabót sem frumvarpið boðar en til þess að hún geti orðið að veruleika fyrir sem flesta stúdenta skortir raunverulegar breytingar á hlutverki og markmiði sjóðsins.

### Önnur atriði

Til viðbótar við framangreint telur Stúdentaráð rétt að halda á lofti ýmsum jákvæðum breytingum sem frumvarpið boðar, t.d. handa foreldrum með innleiðingu barnastyrkja í stað viðbótarlána vegna barna. Þá er jafnari dreifing á stuðningi við námsmenn jákvæð og fagnar Stúdentaráð 30% niðurfellingu höfuðstóls námslána. Framangreindar athugasemdir eru til þess gerðar að jákvæðar breytingar á kerfinu skili sér til námsmanna og falli ekki í sömu gryfjur og gildandi kerfi hefur skapað fyrir námsmenn eða búi til nýjar.

Stúdentaráð vísar að öðru leyti til umsagnar ráðsins sem send var í samráðsgátt 23. júlí 2019.

<sup>1</sup> Sjá 1. og 30. gr. frumvarpsins og athugasemdir með ákvæðum.

<sup>2</sup> Hér er miðað við gögn [Hagstofunnar](#) um brautskráningarhlutfall í þriggja ára Bachelor námi 2004-2017 en brautskráðir með Bachelor gráðu þremur árum eftir innritun var 33.3% og þremur árum eftir innritun voru 41% enn í námi. Sex árum eftir innritun hins vegar voru 67% brautskráðir með bachelor gráðu.

<sup>3</sup> Sjá umfjöllun um framfærslulán.



## STUÐNINGSYFIRLÝSING

Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir fullum stuðningi við bréfi Kennarasambands Íslands, dags. 26. ágúst 2019, um að kynjafræði verði gerð að skyldufagi í kennaranámi við Háskóla Íslands.

Ísland er ekki jafnréttisparadís og það er lengra í land en gert er ráð fyrir. Réttindabarátta jaðarsettra hópa er nauðsynleg og varðar öll. Með kynjafræði sem skyldufag fyrir kennararnema geta þau haft áhrif á nemendur sína með markvissri jafnréttismenntun þvert á námsgreinar. Nánast allt hefur kynjafræðilegar hliðar og fátt er henni óviðkomandi. Kennarar eru fyrirmyndir sem nemendur leita oft til ráða hjá bæði þegar kemur að málefnum innan veggja skólans og utan. Kennarar þurfa að vera tilbúnir að svara spurningum um málefni fólks í jaðarsettum hópum eða kynjafræðinnar almennt. Kennarar vinna með stórum hópi fólks sem tilheyrir mismunandi hópum samfélagsins. Margbreytileikinn er alls staðar og kennarar þurfa að vera tilbúnir að koma til móts við fjölbreytta hópa í fjölmenningsamfélagi, þar með talið samstarfsfólk, nemendur og fjölskyldur. Kynjafræðin fer yfir réttindabaráttu fatlaðs fólks, hinsegin fólks, svarts fólks, fólks af erlendum uppruna og fleiri félagslega áhrifaþætti. Fordómar, ofbeldi, mismunur og óráreiti á sér stað alls staðar í samfélaginu. Það skiptir máli að byrja snemma. Kynjafræðileg nálgun kennara væri hluti af snemmtækri íhlutun, að taka á fordómum, einelti, niðrandi orðræðu og mismunur eins snemma og hægt er. Með kynjafræði sem skyldufag læra kennarar sjálfir að bera virðingu fyrir margbreytileikanum og eru því hæfari til þess að koma til móts við fjölbreytta nemendahópa.

Með kynjafræði sem grundvöll þá fyrst getur jafnrétti orðið að veruleika. Stúdentaráð Háskóla Íslands hvetur rektor, stjórn skólans og stjórn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands að setja í forgang myndun áætlunar sem skilar kynjafræði sem skyldufagi í kennaranámi sem fyrst.

Reykjavík, 16. október 2019

## TILLAGA

### -Regluverk um kynjamerkingar klósetta-

Seinustu ár hefur umræðan um kynlaus klósett verið mikil í deigluinni. Margt trans fólk telur sig ekki öruggt á kyngreindum almenningssalernum og upplifir vanlíðan þegar það neyðist til þess að kyngreina sjálf sig.

Viðleitni stjórnvalda hefur aukist til að koma til móts við þennan hóp samfélagsins sem hefur setið eftir og birtist það meðal annars með vinnu við frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði. Í takt við tímam verður því að huga að fleiri atriðum sem snúa að þessum málum og kemur þar regluverk um kynjamerkingar klósetta óhjákvæmilega upp. Umræðan um kynlaus klósett, og í raun kynlaus rými, er ekki ný af nálinni en með frumvarpinu má finna fyrir von um að viðhorf séu raunverulega að breytast og ætti því að vera kominn tími á að taka loksins á málum um kynjamerkingar klósetta.

1. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða ætti að breyta þannig að heimilt verði fyrir stærri vinnustaði að hafa ókyngreind salerni og snyrtingu.

<i>Núverandi grein</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p><b>21. gr. Almenn ákvæði.</b></p> <p>1. Greiður aðgangur skal vera að salerni og snyrtingu, þó ekki þannig að beint samband sé við matsal eða vinnurými.</p> <p>2. Á vinnustöðum skulu einungis notuð vatnssalerni.</p>	<p><b>21. gr. Almenn ákvæði.</b></p> <p>1. Greiður aðgangur skal vera að salerni og snyrtingu, þó ekki þannig að beint samband sé við matsal eða vinnurými.</p> <p>2. Á vinnustöðum skulu einungis notuð vatnssalerni.</p> <p><i>3. Einstaklingssalerni teljast salerni og snyrting í sér herbergi með klósetti og handlaug.</i></p>
<p><b>22. gr. Salernafjöldi.</b></p> <p>1. Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.</p>	<p><b>22. gr. Salernafjöldi.</b></p> <p><i>1. Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur þarf aðeins að aðgreina salerni og snyrtingu fyrir hvort kyn þegar ekki er um einstaklingssalerni að ræða.</i></p>
<p><b>22. gr. Salernafjöldi</b></p>	<p><b>22. gr. Salernafjöldi</b></p>

*4. Í opinberum byggingum, þar sem gert er ráð fyrir aðgangi annarra en starfsmanna, skal gera ráð fyrir að minnsta kosti einu ókynjuðu salerni.*

## RÖKSTUÐNINGUR

Kynlaus rými skipta gifurlegu máli þegar kemur að öryggi, þægindum og aðgengi fólks sem ekki fellur inn í tvíhyggjuhugmyndir samfélagsins hvað varðar kyn. Mörg dæmi eru til um trans fólk sem hreinlega sleppa því að nota almenningssalerni til þess að forðast óþægilegar aðstæður á kynjamerktum salernum. Könnun sem gerð var árið 2015 í Bandaríkjunum á 27.715 trans einstaklingum frá öllum fylkjum leiddi í ljós að 59% hafði sleppt því að nota almenningssalerni síðasta árið til þess að forðast óþægilegar aðstæður, þriðjungur sleppt því að borða eða drekka til þess að minnka líkurnar á að þurfa að nota almenningssalerni og 8% höfðu glímt við einhverskonar þvagfæra- eða nýmasýkingar í kjölfar þess að halda of mikið í sér.<sup>1</sup> Aðrir hópar geta einnig hagnast á slíkum salernum, t.d. foreldrar með börn, eldra fólk eða einstaklingar sem þurfa á aðstoðarfólki, mögulega af öðru kyni, að halda.

Umræðan um fjölgun kynlausra rýma innan stofnanna hefur eflst með árunum og sífellt fleira fólk kallar eftir þeim. Stofnanir, þrátt fyrir að vera opnar fyrir þessum breytingum, geta lítið gert vegna reglugerða um salernisaðstæður. Með 1. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða er lögð skylda á vinnustaði til að aðgreina salerni og snyrtingar eftir kyni í ákveðnum tilfellum. Nánar tiltekið segir: Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.

Fyrirspurn var send á Vinnueftirlitið um hvort lagður sé sá skilningur í framangreint ákvæði að einstaklingssalerni, þ.e. handlaug og klósett í einu herbergi, skuli einnig merkt eftir kynjum. Auk þess laut fyrirspurnin að afleiðingum við frávikum frá þessum kynjamerkingum og þá hvort Vinnueftirlitið leggi áherslu á að áminna og sekta vinnustaði yrdi ákvæðinu ekki fylgt eftir. Svar Vinnueftirlitsins var á þá leið að öll salerni og snyrting skuli aðgreind ef fleiri en 5 karlar og 5 konur starfa á vinnustaðnum að staðaldri. Þar af leiðandi fellur Háskóli Íslands þar undir og þau einstaklingssalerni sem þar eru. Þá sagði í svari Vinnueftirlitsins að ef eftirlitsferðir stofnunarinnar beri með sér að ákvæði reglugerðarinnar séu ekki uppfyllt myndi eftirlitið gefa Háskólanum fyrirmæli um úrbætur. Ef ekki er bætt úr þrátt fyrir ítrekanir hafi stofnunin heimild til að beita þvingunaraðgerðum, þ.e. álagningu dagsakta. Þetta gerir stofnunum afskaplega erfitt fyrir að koma til móts við ákall trans fólks, sem og annarra, um bætt aðgengi að salernisaðstöðu.

Undirrituð hvetja því Vinnueftirlitið til þess að taka ofangreindar breytingartillögur til skoðunar.

<sup>1</sup> *The Report of the 2015 U.S. Transgender Survey*. National Center for Transgender Equality, bls. 229

*Þessi breygingartillaga er ekki ófrávíkjanleg að orðalagi. Tilgangur þessa erindis er sá að stjórnvöld komi til móts við trans fólk, sýni öllum skilining og afnemi viðurlög við því að hafa kynlaus klósett.*

Jóna Þórey Pétursdóttir, f.h. Stúdentaráð Háskóla Íslands

Valgerður Hirst Baldurs, f.h. Q - félag hinsegin stúdentna

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir, f.h. Jafnréttisnefnd SHÍ

Hanna Ragnarsdóttir, f.h. Jafnréttisnefnd HÍ

Ugla Stefanía Kristjönu Jónsdóttir, f.h. Trans Ísland

5. nóvember 2019

## Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna

Stúdentaráð telur að innleiðing námsstyrkja sé stórt skref í rétta átt og er endurskoðun námslánakerfisins löngu tímabær. Á sama tíma er fyrir séð að nýtt kerfi boðar mikla óvissu fyrir endurgreiðendur námslána sem hægt væri að leysa með því að fjárfesta í menntun.

Vaxtafyrirkomulag námslána í fyrirhuguðu námslánakerfi er óásættanlegt. Vextir á námslánnum munu fara úr því að vera fastir í 1%, eins og hefur verið í gildandi umhverfi, í að verða hærri, breytilegir og án hámarks. Þá er ákvörðun vaxtastigs námslána háð ófyrirsjáanlegum breytum og er áhættu sjóðsins vegna vaxtamismunar útlána hans og námslána varpað á herðar stúdenta. Þessar breytingar munu fyrirsjáanlega gera nýtt kerfi töluvert óhagstæðara en núverandi kerfi fyrir stóran hluta stúdenta.

Stúdentaráð gagnrýnir ófrávikjanlegt markmið frumvarpsins um að námslánahlutinn *skuli standa að fullu undir sér og að lána hlutinn verði sjálfbær*. Ítrekað er vísað til þess að vaxtafyrirkomulagið sem boðað er sé forsenda þess að nýtt kerfi gangi upp og að þessu markmiði verði náð. Þessu markmiði má ekki vera stillt skörinni ofar en hagsmunum stúdenta. Að mati Stúdentaráðs eru rök um sjálfbærni lána hlutans samhliða markaðsvæðingu vaxtakjara yfirlýsing yfir þá staðreynd að enginn vilji er til staðar til að auka námsstuðning á Íslandi, enda miðar frumvarpið einungis að því að dreifa þeim stuðningi sem þegar er til staðar á jafnari hátt. Tekjur ríkissjóðs af nýja kerfinu geta verið u.þ.b. 1-3 milljarðar króna á ári skv. mati um þjóðhagslegan ávinning af kerfinu, unnið af Summu ráðgjöf ehf. Á sama tíma standa útgjöld ríkisins til námslánakerfisins í stað. Hér er því glatað færi ríkisins á að fjárfesta í menntun og eftir stendur að stúdentar landsins njóta ekki góðs af tekjuaukningu ríkissjóðs sem námslánakerfið mun skila.

Framfærslulánum, markmiði og hlutverki sjóðsins eða stjórnar hans er ekki breytt frá frumvarpsdrögum sumarsins. Því stefnir ekki í að breytingar verði á högum stúdenta meðan námi stendur. Til þess að stúdentar eigi kost á því að klára nám á réttum tíma og njóta góðs af 30% niðurfellingu höfuðstóls við námslok verður að tryggja möguleika þeirra á að framfleyta sér á námstíma.

Stúdentaráð leggur til að fjárfesting í menntun verði leiðarljós þingsins við meðferð þessa frumvarps. Þeir milljarðar sem kerfið skilar ríkissjóði ár hvert skuli renna aftur í námslánakerfið og tryggja fyrirsjáanleika fyrir greiðendur námslána svo vaxtastig verði ekki án hámarks. Umfram það vísar Stúdentaráð til umsagnar ráðsins við Menntasjóð námsmanna, dags. 5. nóvember 2019, sem finna má á [student.is](http://student.is).

## ÁLYKTUN

### um þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku fyrir háskólanemendur

21. janúar 2020

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku eða heilsugæslu fyrir háskólanemendur.

Heilbrigði stúdenta hefur verið Stúdentaráði hugleikið undanfarin ár. Frá 2018 hefur Stúdentaráð Háskóla Íslands vakið athygli á bágrri stöðu stúdenta þegar kemur að geðheilbrigðismálum. Í kjölfarið hefur skólinn tekið vel við sér á mörgum vígvöllum, þó með fastri eftirfylgni Stúdentaráðs, en nú í janúar 2020 tók þriðji sálfræðingurinn til starfa við skólann sem ráðinu hafði verið lofað frá hausti 2018. Hefur sálfræðingum við skólann því fjölgað úr einum í þrjá á tveggja ára tímabili. Auk þess hafa öðrum úrræðum í HÍ handa stúdentum fjölgað þegar kemur að andlegri heilsu.

Betur má þó ef duga skal. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að búa vel um stúdenta í háskólasamfélaginu og efla það samfélag með öllum tiltækum leiðum. Þörf á þjónustu á háskólasvæðinu er mikil enda fjöldi stúdenta sem fer um það daglega og búa margir þeirra á stúdentagördum á svæðinu. Í nokkurn tíma hefur endurskipulagning háskólasvæðisins og framtíð þess verið í deiglu innan stjórnsýslu skólans. Í ljósi þess telur Stúdentaráð mikilvægt að ítreka þörf á þjónustu handa stúdentum á háskólasvæðinu, en sú þjónusta sem er hve mest aðkallandi er heilbrigðisþjónusta.

Í [rannsókn](#) frá árinu 2011 sem unnin var við Háskóla Íslands var þörf háskólanema fyrir sérstaka heilbrigðismóttöku könnuð.<sup>1</sup> Niðurstöður hennar gefa til kynna að þátttakendur rannsóknarinnar, stúdentar, hafi mikla þörf fyrir sérstaka heilbrigðismóttöku. Nánar tiltekið þurfti meirihluti þátttakenda á heilbrigðisþjónustu að halda á árinu fyrir kömunina en rúmlega helmingur beið með að leita eftir heilbrigðisþjónustu og var meginástæða þess kostnaður. Niðurstöður könnunarinnar sýndu einnig yfirgnæfandi vilja þáttakenda til að leita á móttöku þar sem þjónustan væri veitt af nemendum Háskóla Íslands undir leiðsögn kennara. Auk þess sýndi könnunin að stór hópur stúdenta er án heimilislæknis, einkum erlendir stúdentar, og hafa þeir því ekki greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum.

Geðheilbrigðismál og aukið aðgengi að úrræðum fyrir ungt folk til að takast á við andlega heilsu er forgangsmál. Vert er að rifja upp [rannsókn](#) frá 2018 þar sem fram kom að 34,4% nemenda í HÍ, HR og HA mældust yfir klínískum mörkum þunglyndis og tæp 20% yfir

<sup>1</sup>1. tbl. Tímariti hjúkrunarfræðinga, 91. árg 2015, sjá bls 54 og áfram, Sóley S. Bender o.fl.

klínískum mörkum kvíða. Stúdentaráð hefur síðan þá fengið frekari kynningu á öðrum rannsóknum sem eru nú til úrvinnslu á geðheilsu stúdenta í Háskóla Íslands og samkvæmt frumniðurstöðum þeirra rannsókna er marktækur munur á kvíða, streitu og þunglyndi háskólanema við HÍ, miðað við sama aldurshóp á landsvísi. Þörfin á heilbrigðisþjónustu handa háskólanemum til að takast á við þennan vanda er til staðar. Heilbrigðismóttaka myndi auka aðgengi stúdenta að úrræðum til að kljást við þennan vanda. Þá hefur þessi vandi verið tilgreindur sem ein skýring brottfalls úr háskólanámi<sup>2</sup> svo ef úrræði verða fleiri, betri og aðgengilegri má vona að það breytist.

Rannsóknir hafa sýnt að ungmenni séu ólíklegust af aldurshópum til að leita á heilsugæsluna.<sup>3</sup> En munu úrræði á háskólasvæðinu breyta því og skila árangri? Stúdentaráð telur fordæmi fyrir því. Aukin sálfræðiþjónusta í Háskóla Íslands frá árinu 2018 hefur svo sannarlega skilað árangri og má taka dæmi um að skor þátttakenda í HAM hópmeðferðum, sem boðið er uppá innan skólans, lækkuðu að meðaltali um 4,5 stig á þunglyndiskvarða og 4,4 stig vegna kvíða frá upphafi meðferðar. Aðsókn í Hugleiðsluhóp HÍ, ókeypis hugleiðslu á vegum stúdenta, hefur margfaldast á undanförunum árum og áfram mætti telja. Ljóst er að stúdentar sækja í aðgengileg úrræði í háskólasamfélaginu og skila þau sér.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að mikilvæg leið fyrir heilsugæsluna til að nálgast ungmenni sé í gegnum skóla.<sup>4</sup> Ísland hefur í raun þá sérstöðu að ekki er boðið uppá nemendaheilsugæslu á háskólastigi.<sup>5</sup> Fyrirgreind rannsókn frá 2011 gefur skýra mynd af þörf á heilbrigðismóttöku fyrir stúdenta og með hvaða hætti hún gæti verið. Flestir vildu hafa þjónustu milli 16-19 og höfðu flestir áhuga á fjölþættri þjónustu.<sup>6</sup>

Stúdentaráð telur því ljóst að þörf er á sérstakri heilbrigðismóttöku fyrir háskólanema sem verði best fyrir komið á háskólasvæðinu.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs*

<sup>2</sup> Blaðsíðu 55 í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 1. tbl. 91. árg. 2015

<sup>3</sup> Samkvæmt rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 framkvæmd af Rúnari Vilhjálmsyni o.fl.

<sup>4</sup> Samkvæmt rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 framkvæmd af Rúnari Vilhjálmsyni o.fl.

<sup>5</sup> Samkvæmt rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 framkvæmd af Rúnari Vilhjálmsyni o.fl.

<sup>6</sup> Blaðsíðu 58 í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 1. tbl. 91. árg. 2015.

## STUÐNINGSYFIRLÝSING við fatlaða stúdenta vegna aðgengismála við Háskóla Íslands.

4. febrúar 2020

Háskóli Íslands er stærsta menntastofnun landsins í ríkiseign og ætti að sýna gott fordæmi hvað varðar aðgengi fyrir fatlað fólk. Stúdentaráð veit því miður til þess að langveikir og fatlaðir stúdentar hafa talið sig knúna til að hætta í námi þar sem kennslustofur og kennsluhættir eru óaðgengilegir. Í 24. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir í 1. tölulið:

*Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Þau skulu, í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri, koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar...*

Of oft velur fatlað fólk að hefja nám við aðrar menntastofnanir vegna skorts á aðgengi við Háskóla Íslands. Það er óásættanlegt að fatlað fólk geti ekki gengið að því sem vísu að komast inn í byggingar og fyrirlestrasali þar sem kennsla á sér stað í HÍ. Hjólastólanotendur eiga ekki að þurfa að sitja til hliðar án námsaðstöðu í fyrirlestrum og eiga fatlaðir stúdentar ekki að þurfa að sitja undir daglegu örareiti í Háskóla Íslands. Aðgengi að menntun er þó margþættara en það að komast í byggingar. Punktaletur, leiðarlínur, tulkapjónusta og aðgangur að auðlesnum texta er einnig baráttumál þegar kemur að auknu aðgengi fyrir öll við Háskóla Íslands. Mörg námskeið bjóða ekki upp á upptökur á fyrirlestrum og þar af leiðandi ná fatlaðir stúdentar ekki að fylgja námskrá þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda eða læknisheimsóknna. Í c-, og d-lið 2. tl. 24. gr. segir að aðildarríki skuli tryggja:

- c) að að viðkomandi einstaklingur njóti viðeigandi aðlögunar til þess að þörfum hans sé mætt,*
- d) að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning, innan hins almenna menntakerfis, til þess að stuðla að haldgóðri menntun þess,*

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur að gera þurfi betur og lýsir yfir stuðningi við þá stúdenta sem hafa orðið fyrir barðinu á óaðgengilegum aðstæðum í HÍ í sinni breiðustu mynd. SHÍ vill útrýma mismunun vegna fötlunar innan Háskóla Íslands en á meðan ekki er ráðist í fullnægjandi aðgerðir til að bæta stöðu og aðgengi fatlaðra stúdenta mun mismunun halda áfram að eiga sér stað.



## Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna skrásetningargjalda

26. febrúar 2020

Stúdentaráð leggst afdráttarlaust gegn hækkun skrásetningargjalda við Háskóla Íslands. Ráðið telur hækkunina vera til þess fallna að skerða aðgengi að námi og minnka félagslegan hreyfanleika í íslensku samfélagi. Ákvörðun um slíka hækkun yrði skref afturábak og myndi leiða til þess að þeir þröskuldar sem liggja að háskólamenntun hækki.

Stúdentaráð telur ljóst að fjárframlög ríkisins til háskóla þurfi að hækka, m.a. til að ná yfirlýstum markmiðum ríkisstjórnarinnar um að fjármögnun háskólastigsins verði á pari við það sem gerist á norðurlöndunum árið 2025, og tekur undir [yfirlýsingu háskólaráðs](#) frá 6. febrúar vegna þess. Á sama tíma ítrekar Stúdentaráð að ekki er rétt að sækja það fé beint í vasa núverandi eða tilvonandi stúdenta.

Af könnun EUROSTUDENT VI, frá 2017, um stöðu stúdenta á Íslandi má sjá að fjárhagsáhyggjur og mikil atvinnuþátttaka stúdenta eru tvær helstu áskoranir íslenskra stúdenta. Þá eru fjárhagsáhyggjur þriðja algengasta ástæða þess að íslenskir stúdentar tefjast í námi um eitt ár eða meira. Í könnunni kemur fram að 34,8% stúdenta mátu fjárhagsstöðu sína alvarlega, 43% mátu háskólanám sitt þannig að þau þurfi að stunda það af mikilli ákefð (high intensity) á sama tíma og 49,5% stúdenta [vinna](#) með skóla og [meirihluti](#) þeirra sem gegna launuðum stöðum vinna yfir 20 klukkutíma á viku. Það skýtur því skökku við að auka álögur sem stúdentar komast ekki hjá að greiða til að stunda nám. Slík hækkun mun eingöngu auka á þennan vanda sem er hluti af háskólasamfélaginu á Íslandi í dag og helsta áskorun íslenskra stúdenta.

Almennt tíðkast hvorki að innheimta skrásetningar- né skólagjöld af stúdentum í opinberum háskólum á Norðurlöndunum. Þar sem telja má einhverskonar sambærileg gjöld vera til staðar, t.d. í Noregi, er um að ræða gjöld á bilinu 4.100 - 22.000 íslenskar krónur samkvæmt fulltrúum landssamtaka stúdenta Noregs, margfalt lægri en tíðkast hefur hérlendis.

Umfram andstöðu Stúdentaráðs við hugmyndir um hækkun skrásetningargjalds telur Stúdentaráð rétt að fá úr því skorið hvort þær forsendur sem liggja að baki skrásetningargjaldinu í dag standist lög um opinbera háskóla. Mun ráðið leita leiða til að fá úr því skorið.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands*  
*Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti*



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

## STUÐNINGSYFIRLÝSING við kjarabaráttu hjúkrunarfræðinga

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir ályktun hjúkrunarráðs Landspítala frá 5. desember 2019 og lýsir yfir áhyggjum af töfum við gerð kjarasamninga við hjúkrunarfræðinga sem hafa verið sammingslausir í tæpa 10 mánuði, frá því að gerðardómur frá árinu 2015 féll úr gildi.

Mikill skortur er á hjúkrunarfræðingum og er vandi Landspítala að hluta til fölginn í því. Stúdentaráð telur það því brýnt að stjórnvöld hlusti á raddir hjúkrunarfræðinga og leggi áherslu á að bæta vinnuaðstæður, laun þeirra og kjör sem eru lakari en sambærilegra stétta, ætli þau sér að sporna gegn flóttu úr stéttinni og auka aðsókn í nám í hjúkrunarfræði.

Hjúkrunarfræðinemar kynnst starfsemi spítalans vel á meðan á námi stendur, mörg starfa þar meðfram námi auk þess sem launalaust, klínískt verknám fer að miklu leiti fram á Landspítala.. Verðandi hjúkrunarfræðingar eru því fullmeðvitaðir um ástandið og finna fyrir álaginu á eigin skinni. Í íslenski [rannsókn](#) frá árinu 2019 kemur fram að 31% hjúkrunarfræðinema finnur fyrir mikilli streitu í námi og 38% nýútskrifaðra töldu sig vera að miklu leyti útbrunna vegna námsins. Kennaranemar á fimmta ári fá greidd laun fyrir starfsnám sitt og er það liður í því að auka aðsókn í námið. Þær forsendur hljóta einnig að gilda fyrir hjúkrunarfræðinema og ítrekar Stúdentaráð því afstöðu sína til þess að klínískt verknám eigi að vera metið til launa jafnt og eining og hvetur stjórnvöld til þess að fjárfesta í menntun hjúkrunarfræðinga samhliða því að bæta kjör þeirra.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) hefur tileinkað árið 2020 hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum. Stúdentaráð skorar á stjórnvöld að nýta árið vel og ganga til samninga við hjúkrunarfræðinga sem fyrst.

## Skilaboð frá skrifstofu Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna Covid-19 og samkomubanns

13. mars 2020

Kæru stúdentar. Ljóst er að samkomubann, sem taka á gildi þann 16. mars nk., hefur þau áhrif að háskólum landsins verður lokað. Kennsla og viðburðir innan Háskóla Íslands leggjast af meðan samkomubannið stendur yfir og munu allar byggingar vera lokaðar nemendum.

Staðan er fordæmalaus og hvetjum við stúdenta til að sýna skilning og tillitsemi. Þá minnum við á tilmæli embættis Landlæknis og að handþvottur er mikilvægasta sýkingarvörnin og hvetjum við stúdenta til að sýna samfélagslega ábyrgð. Virðum samkomubannið til að draga úr smithættu og gæta að nágunum og þeim sem verst eru útsettir fyrir veirusýkingunni.

Nokkur mál sem snerta stúdenta beint:

- LÍN hefur samþykkt að taka til greina annars konar staðfestingar skóla á ástundun nemenda en vottorðum um loknar einingar. Þetta er gert til þess að bregðast við aðstæðum nemenda sem mögulega geta ekki sinnt námi sínu vegna röskunar á hefðbundnu skólastarfi vegna kórónaveirunnar, COVID-19. Við beinum stúdentum á vef lin.is fyrir nánari upplýsingar
- Eðli málsins samkvæmt mun Félagsstofnun stúdenta ekki halda úti veitingastarfsemi, undir það fellur einnig Stúdentakjallarinn

Við hvetjum stúdenta sem eru í vinnu, t.d. hlutastörfum, þjónustustörfum eða öðrum störfum sem samkomubannið hefur áhrif, til að leita til sinna stéttarféлага telji þau launatap eða aðrar afleiðingar bitna á sér.

Þá hvetjum við nemendur til að huga að samnemendum sínum, standa saman og styðja erlenda nema, skiptinema og þá sem hafa minna tengslanet hérlendis.

Stúdentaráð gætir að hagsmunum nemenda við Háskóla Íslands og á skrifstofu ráðsins er starfandi hagsmunafulltrúi stúdenta. Telji stúdentar að á réttindum þeirra sé brotið hvetjum við til þess að senda fyrirspurn á netfang Stúdentaráðs á shi@hi.is. Það er markmið Stúdentaráðs að takmarkanir sem samkomubannið hefur í för með sér hafi sem minnst áhrif á námsframvindu nemenda.

Jóna Þórey Pétursdóttir  
forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

## Kröfur Stúdentaráðs vegna stöðu háskólastigsins og stúdenta á tímum COVID-19

11. apríl 2020

Framundan eru skrýtnir tímar. Mikil óvissa ríkir í samfélaginu, sérstaklega meðal námsmanna. Með hækkandi atvinnuleysi hvetur Stúdentaráð stjórnvöld til að leita allra leiða við að koma í veg fyrir atvinnuleysi stúdenta í sumar. Samtímis ítrekar Stúdentaráð þá skýlausu kröfu að stúdentum verði veittur réttur til atvinnuleysisbóta fyrir komandi sumar. Nauðsynlegt er að tryggja fjárhagsöryggi stúdenta í sumar og tryggja þeim einhver björg. 40% stúdenta við HÍ hafa ekki fengið vinnu í sumar og segja aðeins tæp 6% stúdenta að þeir hafi geta nýtt sér úrræði stjórnvalda sem komið hafa fram nú þegar<sup>1</sup>. Gera þarf betur og óskar Stúdentaráð eftir auknu samráði við útfærslur þeirra tillagna sem stjórnvöld vinna að.

Það þarf ekki að leita lengra aftur í tímann en til 2009 til að sjá hve nauðsynlegt það er að huga sérstaklega að menntakerfinu á óvissutímum sem þessum. Gríðarleg fjölgun nemenda á háskólastigi varð á árunum eftir hrun og því hvetur Stúdentaráð til innspýtingar fjármagns í háskólastigið strax, svo það sé undirbúið fyrir fjölgun nemenda. Reynslan sýnir að aukning varð á skráningu [aftur í nám](#) og [fjölgaði nýnemum](#) mikið með auknu atvinnuleysi þjóðarinnar. Í dag eykst atvinnuleysi hratt og [mældist 5%](#) í febrúar sl. og nálgast óðum [hlutfall atvinnuleysis stuftu eftir hrun](#).

Aukið fjármagn til háskólastigsins á þessum tímum er nauðsynlegt til að tryggja gæði náms og getu þess til að sinna fjölgun nemenda með góðu móti. Þá þarf einnig að tryggja fjármagn í lánasjóðskerfi námsmanna svo þeir geti framfleytt sér í námi fyrir næsta skólaár.

Stúdentaráð er í daglegum samskiptum við fjölda stúdenta og er vel til þess fallið að átta sig á þeim vanda sem stúdentar Háskóla Íslands standa nú frammi fyrir. Óöruggir og örvæntingarfullir stúdentar sem vita ekki hvort þeir munu missa húsnæði sitt eða hvort þeir muni eiga fyrir nauðsynjum leita til okkar því stjórnvöld hafa ekki lagt fram neinar aðgerðir sem gagnast þeim í raun. [Niðurstöður könnunar SHÍ](#) sýna að rúmlega 43% stúdenta við HÍ eiga erfitt með að mæta útgjöldum næsta mánaðar eða segjast ekki geta það. Um 2/3 stúdenta merkja líðan sína 5 eða lægri á skalanum 1-10. 63% stúdenta segjast uplifa kvíða á stigi 7 eða hærra á skalanum 0-10. Fjárhagsáhyggjur, húsnæðisöryggi, kvíði og vanlíðan eru áberandi. Á þessum tímavarki leggur Stúdentaráð því fram eftirfarandi kröfur.

<sup>1</sup> Könnun Stúdentaráðs um líðan stúdenta og sumarstörf á tímum COVID-10, framkvæmd 6. – 8. apríl 2020

- Ríki og sveitarfélög:
  - **Stúdentar þurfa réttindi til atvinnuleysisbóta.**
    - Stúdentar sem voru áður í hlutastörfum en misst hafa vinnu sína eigi rétt á atvinnuleysisbótum vegna þeirra starfa fram til 1. júní. Tryggingargjald er greitt af launum stúdenta líkt og annarra launamanna og er það því sanngjörn krafa að þeir eigi rétt á atvinnuleysisbótum til samræmis við aðra.
    - Stúdentar sem vinna ekki með námi og hafa ekki orðið fyrir tekjutapi standa einnig frammi fyrir óvissuástandi í sumar þar sem sumarstörf þeirra eru mörg hver í uppnámi. Því þarf að tryggja stúdentum almennt atvinnuleysisbætur frá 1. júní til 31. ágúst nk.
  - Aukinni aðsókn í háskóla landsins þarf að fylgja aukið fjármagn. Því krefst SHÍ þess að fjárveitingar til háskólastigsins verði auknar.
    - Þegar ekki fylgdi fullnægjandi fjármagn með fjölgun stúdenta eftir hrun vó það að innviðum skólans. HÍ er enn að stíga uppúr álagi sem fylgdi undirfjármögnunartímabili og sýnir reynslan að stúdentum verður að fylgja fjármagn.
  - Sveitarfélög og ríki ráðist í sameiginlegt átak um fjölgun þekkingardrífinna sumarstarfa.
  - Ríkisstofnanir geti sótt um sérstakt fjármagn til ráðninga á sumarnemum, t.d. þannig að móttframlag ríkisins komi til í gegnum Vinnumálastofnun vegna hvers sumarstarfsmanns.
  - Nemendum bjóðist styrkur / laun fyrir að vinna að eigin nýsköpunarverkefnum yfir sumartímamundir leiðsögn sérfræðinga á borð við Icelandic Startups.
  - Húsaleigubætur verði hækkaðar tímabundið. Það úrræði mun gagnast bæði stúdentum í stúdentaíbúðum en einnig á almennum leigumarkaði.
  - Fyrirtækjum verði veittur styrkur fyrir fjölgun sumarstarfsfólks í afmörkuð verkefni sem tengjast námi þeirra. Hæfniskröfur í störf verða að vera í samræmi við námsleiðir þeirra sem ráðnir verða og veitir ríkið styrk sem samsvarar helmingi atvinnuleysisbóta. Útfæra þyrfti lágmarksráðningartíma, starfshlutfall og önnur atriði í góðu samráði við hagaðila.
- Háskóli Íslands sérstaklega:
  - Skrásetningargjöld verði felld niður í opinbera háskóla á næsta skólaári.
  - Nemastöðum hjá rannsóknarsetrum Háskóla Íslands, sem staðsett eru um land allt, verði fjölgað.
  - Gera þarf stutt og hagnýtt nám aðlaðandi og aðgengilegt.

- Stúdentar geti unnið að meistaraverkefnum á sumarönn. Stúdentar sem unnið hafa að bakkalár og meistaraverkefnum á seinasta skólaári verði veittur möguleiki á að skrá sig í frekara nám þó svo að lokaverkefni séu enn í vinnslu.
- Eftir hrun var sérstaklega aukið við framboð sumarnáms. Aukið framboð sumarnáms leysir ekki fjárhagsvanda stúdenta og stöðu þeirra á vinnumarkaði en telur SHÍ að ef vel tekst til geti sá kostur hugnast einhverjum. Frekari skuldetning stúdenta með námslánunum er þó ekki aðlaðandi fyrir marga en aðeins 9% svarenda í könnun Stúdentaráðs frá 8. apríl svöruðu því játandi þegar spurt var hvort þeir myndu sækja um lán hjá LÍN vegna sumarnáms. 22,4% sögðu, já en bara ef ég væri atvinnulaus. Óhjákvæmilegt er að margir stúdentar í sumarnámi þyrftu námslán til að framfleyta sér. Þessi valkostur myndi því helst henta þeim sem þegar eru á námslánunum og myndu geta stýtt tíma sinn í háskólanámi með námi á sumarönn.
- LÍN:
  - Lánasjóður íslenskra námsmanna greiði námslán sem stúdentar eiga von á eftir vorönnina strax. 44% stúdenta telur sig eiga erfitt með að eiga fyrir útgjöldum næsta mánaðar eða segjast ekki geta það.
  - Huga þarf sérstaklega að frítekjumarki námslána fyrir þá sem koma af vinnumarkaði. Fyrirséð er að margir sem misst hafa atvinnu leiti í nám í haust og án hækkunar frítekjumarksins er hætt við að þeir hafi ekki færi á því að framfleyta sér með námi vegna mikillar skerðingar á námslánunum.
    - SHÍ krefst þess að frítekjumark fyrir þau sem koma af vinnumarkaði verði hækkað úr þreföldu í fimmfalt frítekjumark.
  - Stúdentaráð leggur að lokum áherslu á að fyrirætlanir sem aðeins veita námsmönnum meiri lán og skuldir verða aldrei fýsileg lausn. Því eru fyrirvarar settir við að lán verði að lausn og ætti frekar að huga að styrkjum, t.d. frá LÍN.

Grípa þarf strax til aðgerða til að mæta þeim hópi sem sér ekki fram á að geta staðið undir útgjöldum sínum. Þeir stúdentar sem eru í hlutastarfi vinna með námi því þeir eiga ekki aðra möguleika á að framfleyta sér. 47% stúdenta komast ekki af fjárhagslega án hlutastarfa sinna. Ástæður þess að stúdentar vinna með námi er í 86% tilvika til að eiga fyrir reglulegum útgjöldum [og segja 71% námsmanna](#) að án launaðs starfs hefðu þeir ekki efni á að vera í námi. Þá segist rúmlega fjórðungur þeirra sem vinna hlutastörf að sér hafi verið sagt upp vegna COVID-19 og tæp 27% hafa verið lækkuð í starfshlutfalli.

Stúdentaráð ítrekar nauðsyn réttinda til atvinnuleysisbóta á þessum tímum enda er það öryggisnet sem þarf að vera til staðar. Á það bæði við um þau sem misst hafa hlutastörf sín en líka til að tryggja fjárhagslegt öryggi stúdenta í sumar. Tæp [70% íslenskra námsmanna](#) vinna með skóla og greiða af því skatta líkt og aðrir. Samt hafa stúdentar ekki leyfi til að sækja um

atvinnuleysisbætur vegna þess að þeir eru ekki í „virkri atvinnuleit“. Gera þarf undanþágu á skilyrðum laga nr. 45/2006 um atvinnuleysisstryggingar og veita stúdentum öryggi á komandi sumri. Eigi stúdentar ekki almennan rétt á atvinnuleysisbótum á þessum tímum er ljóst að þeir stúdentar sem ekki fá sumarstörf verða mjög illa staddir og munu ekki eiga fyrir helstu nauðsynjum eða leigu sinni.

## UMSAGNIR/ÁSKORANIR STÚDENTARÁÐS TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS

### ÁSKORUN

*til háskólaráðs Háskóla Íslands*

*30. nóvember 2019*

**Með einróma samþykki Stúdentaráðs Háskóla Íslands skorar ráðið hér með á háskólaráð Háskóla Íslands að endurnýja ekki samning við Útlendingastofnun um aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum með tanngreiningum.**

Þann 7. mars sl. samþykkti háskólaráð að Háskóli Íslands skyldi gera samkomulag við Útlendingastofnun um verksamning um klíniska munnholsskoðun og röntgenmyndatöku. Samkomulagið skyldi gilda í eitt ár og verða tekið til endurskoðunar þremur mánuðum fyrir lok samningstímans. Nú nálgast sá tími endurskoðunar og telur Stúdentaráð rétt að ítreka afstöðu sína, sem hefur hlotið stuðning [Landssamtaka íslenskra stúdenta](#), [European Student's Union](#) ásamt fulltrúum starfsfólks og nýdoktora við Háskóla Íslands á [Menntavísindasviði](#), [Hugvísindasviði](#) og [Félagsvísindasviði](#) samkvæmt undirskriftalistum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggst einróma gegn því að Háskóli Íslands komi að aldursgreiningum á fylgdarlausum hælisleitendum með tanngreiningum. Háskólinn á fyrst og fremst að vera menntastofnun og það er hvorki í samræmi við stefnu skólans né er til fyrirmyndar fyrir störf og stöðu HÍ í samfélaginu, að taka sér hlutverk með þessum hætti í ferli fylgdarlausra ungmenna sem hingað koma í leit að hæli. Sem æðsta opinbera menntastofnun landsins ber HÍ að vernda og styðja ungmenni í leit að öruggara lífi. Þá stundar fræðafólk innan HÍ rannsóknir og fræðastörf sem tengjast hælisleitendum á sama tíma og stofnunin er skuldbundin til að taka þátt í rannsóknum á tönnum þessara hópa sem hafa áhrif á málsmeðferð þeirra hérlendis.

Með [yfirlýsingu](#) Stúdentaráðs, dags. 27. september 2018, lagðist ráðið gegn samningsgerð HÍ við Útlendingastofnun um aldursgreiningar í skólanum og harmaði að HÍ hafi staðið að aldursgreiningum fram að því án samnings. Forsaga málsins er þar rakin og vísar SHÍ í yfirlýsinguna vegna þess. Þegar háskólaráð samþykkti svo undirritun þjónustusamnings við Útlendingastofnun gaf Stúdentaráð út [yfirlýsingu](#), 14. mars sl., og lýsti yfir vonbrigðum með ákvörðunina. Það hafi verið SHÍ þungbært að æðsta vald háskólans hafi samþykkt að Háskóli Íslands taki sér stöðu með þeim hætti sem samningurinn greinir í málefnum hælisleitenda hérlendis. Stúdentaráð vísar í þá yfirlýsingu og ítrekar efnistöð hennar. Stúdentaráð Háskóla Íslands sendi [umsögn](#) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga þann 9. október sl. þar sem ráðið ítrekaði m.a. þá afstöðu sína að Háskóli Íslands ætti ekki að koma að málefnum fylgdarlausra hælisleitenda með þeim hætti sem skólinn hefur gert hingað til.

Í ljósi alls framangreinds, yfirlýsinga ráðsins og breiðs stuðnings við þær, skorar Stúdentaráð á háskólaráð Háskóla Íslands til að endurnýja ekki samning við Útlendingastofnun um að skólinn aldursgreini fylgdarlausa hælisleitendur.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs*



## Ályktun SHÍ vegna sumarnáms á tímum COVID-19

April 2020

Stúdentaráð áréttar kröfu sína um réttindi stúdenta til atvinnuleysisbóta á tímum COVID-19. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að tryggja þann rétt í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 að minnsta kosti til og með 31. ágúst nk.

Aðrar hugmyndir um aðgerðir til að koma til móts við erfiðar aðstæður stúdenta á vinnumarkaði hafa komið fram á sjónarsviðið. Þar á meðal sú hugmynd að háskólar bjóði upp á enn frekara nám í sumar sem gæti komið í stað vinnu. Við þessa hugmynd gerir Stúdentaráð nokkrar athugasemdir:

- Frekari skuldsetning stúdenta með námslánunum er ekki aðlaðandi fyrir marga.
- Eftir virkilega erfiða vorönn 2020 fyrir stúdenta, þar sem kvíði, streita og álag hefur verið [í áður óþekktu hámarki](#), er ólíklegt að margir telji fýsilegt að halda beint áfram með sumarönn.
- Aðstæður eru enn ófyrirsjáanlegar í samfélaginu og óljóst er hvernig kennslu yrði fyrirkomið. Heilt skólaár er að baki og stefna flestir á áframhaldandi nám skólaárið 2020-2021. Því myndi þessi valkostur þýða að þegar aðeins mánuður er eftir af vorönn 2020 þyrftu stúdentar að skuldbinda sig til að stunda nám fimm annir í röð sem gæti virkað letjandi.
- Gríðarlega skammur tími er til stefnu til skipulagningar á frekara námi í sumar. Slíkt álag á starfsfólk og stjórnslu skólans, ofan á það álag sem nú þegar ríkir vegna ástandsins, er í besta falli óheppilegt og gæti komið niður á gæðum náms.
- Sumarmisseri hentar barnafólki, sem getur ekki treyst á leikskóla yfir sumartímann, sérstaklega illa, en vert er að benda á að um [34% stúdenta á Íslandi](#) eru foreldrar. Þá hentar úrræðið illa stúdentum af landsbyggðinni sem geta ekki varið sumrinu með fjölskyldum sínum í heimabyggð.

Stúdentaráð leggur áherslu á að aukið sumarnám leysir ekki fjárhagsvanda stúdenta og stöðu þeirra á vinnumarkaði en telur að ef vel tekst til geti þessi kostur hugnast einhverjum. Aukið sumarnám gæti þó aðeins verið *hluti* af aðgerðum sem koma til móts við stúdenta á þessum tímum og ítrekar Stúdentaráð að tryggja þarf stúdentum einhver björg og nauðsynlegt fjárhagsöryggi. Það munu réttindi til atvinnuleysisbóta í sumar gera, sérstaklega fyrir þau sem þurfa hvað mest á aðstoð að halda.

Fyrir hönd Stúdentaráðs  
Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

## UMSAGNIR STÚDENTARÁÐS TIL ALÞINGIS OG STJÓRNVALDA



9. október 2019

**Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining með heildstæðu mati).**

*Þingskjal 115 — 115. mál.  
150. löggjafarþing 2019–2020*

Stúdentaráð Háskóla Íslands þakkar allsherjar- og menntanefnd Alþingis fyrir beiðni um umsögn ráðsins um frumvarp þetta.

Stúdentaráð Háskóla Íslands gaf út yfirlýsingu þann 27. september 2018 vegna aðkomu Háskóla Íslands að aldursgreiningum á fylgdarlausum hælisleitendum hérlendis, sjá fylgiskjal. Í stuttu máli kemur þar fram að aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum, sem ekki gátu sýnt fram á skilríki sem Útlendingastofnun taldi fullnægjandi, höfðu farið fram innan veggja Háskóla Íslands. Stúdentaráð lýsti yfir andstöðu sinni við að Háskóli Íslands kæmi að þessum rannsóknum. Ástæður þess voru helst að háskólinn eigi fyrst og fremst að vera menntastofnun og það sé hvorki í samræmi við stefnu skólans né til fyrirmyndar fyrir störf HÍ og stöðu hans í samfélaginu, að taka sér hlutverk með þessum hætti í ferli fylgdarlausra ungmenna sem koma hingað í leit að hæli. Auk þess vísaði Stúdentaráð til ónákvæmni niðurstaðna rannsókna, deilna um siðferðislegt réttmæti þeirra og að brotið væri á vísindasiðareglum skólans með framkvæmd þeirra. Stúdentaráð vísaði einnig til laga um háskóla og þeirrar þjónustu sem þeim ber að veita samfélaginu og sjálfstæði háskóla sem lögunum er ætlað að tryggja svo að stjórnvöld hlutist ekki til um rannsóknir eða fræðilegt starf innan skólanna.

Þessi umsögn Stúdentaráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining með heildstæðu mati) er unnin út frá áðurnefndri yfirlýsingu ráðsins frá 2018. Þá er einnig stuðst við [álit fulltrúa stúdenta](#) í Háskólaráði, Benedikt Traustasonar, frá 1. mars 2019.

### I. Rannsóknir hingað til og alþjóðleg viðmið

Stúdentaráð fagnar áherslum frumvarpsins á tilmæli frá Evrópuráðinu, Evrópuráðsþinginu og ráðherranefnd Evrópuráðsins um að vafa um aldur skuli meta umsækjendum um hæli í hag og að beita skuli heildstæðu mati til að komast að aldri þeirra en ekki tanngreiningum.

Við þetta vill Stúdentaráð bæta að Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur talað gegn notkun líkamsrannsóknna t.d. á tönnum, sambærilegum þeim sem stundaðar eru á Íslandi og HÍ framkvæmir. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur það hlutverk að fylgjast með hvernig Barnasáttmálanum er framfylgt í hverju aðaldarríki fyrir sig og koma með tillögur til úrbóta: „States should refrain from using medical methods based on, inter alia, bone and dental exam analysis, which may be inaccurate, with wide margins of error, and can also be traumatic and lead to unnecessary legal processes.“<sup>1</sup>

Líkt og fram kemur í leiðbeiningum EASO, Stofnun Evrópusambandsins um aðstoð við hælisleitendur, um aldurgreiningar eru röntgenmyndatökur ekki metnar heppilegasta leið til líkamsskoðunar í öllum tilfellum og er sú aðferð sett skör neðar en notkun segulómmynda (MRI) og ætti að taka mið af því við nýja framkvæmd aldurgreininga. Þá bendir Stúdentaráð á að við þessar breytingar og endurskoðun er edlilegt að tryggja að best interest assessment (BIA) verði framkvæmt áður en ákveðið er að fara í aldurgreiningar með líkamsrannsóknnum.<sup>2</sup> Ekki er ljóst hvort 1. gr. a. í frumvarpinu þar sem fram kemur “aldurgreiningu með heildstæðu mati” feli í sér BIA.

## II. Upplýst samþykki

Í greinargerð frumvarpsins segir að líkamsrannsókn skal eingöngu framkvæma ef fyrir liggur upplýst samþykki barns og/eða þess sem gætir hagsmuna barnsins. Stúdentaráð dregur í efa þá staðhæfingu að upplýst samþykki barns, eins og vísað er til þess í frumvarpinu, geti legið fyrir í þessum aðstæðum.

Í upplýstu samþykki felst almennt að viðkomandi eigi rétt til að neita eða hætta þátttöku á hvaða stigi rannsóknarinnar sem er og á þátttakan að vera óþvinguð. Benda má á að skv. vísindasíðareglum HÍ á viðkomandi að geta hætt við að undirgangast rannsókn án neikvæðra afleiðinga fyrir hann. Þá hefur fulltrúi stúdenta í Háskólaráði átt samtöl við Umboðsmann barna og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands þar sem fram hefur komið að ómögulegt sé að fá upplýst, óþvingað samþykki frá fylgdarlausu barni á flóttu. Auk þess megi ætla að samþykki sem einstaklingur veitir, í þvingaðri stöðu sem þessari þar sem hinn kosturinn er að vera vísað úr landi, muni aldrei vera upplýst.

## III. Hver framkvæmir líkamsrannsóknir

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins skal líkamsrannsókn vera framkvæmd af sérfræðingum í tannlækningum, eða eftir atvikum læknum, sem eru *tilnefndir af stjórnvöldum* og skal líkamsrannsókn að auki ávallt fara fram í viðurvist sérfræðings á sviði sálfræði barna og unglunga eða í félagsráðgjöf.

<sup>1</sup> [Joint general comment No. 4 \(2017\) of the Committee on the Protection of the Rights of All Migrant Workers and Members of Their Families and No. 23 \(2017\) of the Committee on the Rights of the Child on State obligations regarding the human rights of children in the context of international migration in countries of origin, transit, destination and return](#)

<sup>2</sup> [EASO practical guide on age assessment, 2. útgáfa](#)

Líkt og áður segir hafa líkamsrannsóknir, sem hafa verið framkvæmdar með rannsóknum á tönnum hælisleitenda með röntgenmyndgreiningu, farið fram innan Háskóla Íslands hingað til. Stúdentaráð leggst gegn því að þeirri framkvæmd verði haldið til streitu. Stúdentaráð telur að Háskóli Íslands sé fyrst og fremst menntastofnun sem sinnir kenndu og rannsóknum á því sviði til varðveislu þekkingar og sköpunar fyrir samfélagið. Háskóli Íslands hefur lýst yfir áhuga á að styðja betur við fjölskyldur innflytjenda og gera menntun fyrir þann hóp aðgengilegri. Sú afstaða rímar vel við skilgreint hlutverk hans en aðkoma Háskólans að tanngreiningum sem getur haft neikvæð áhrif á þá sem undirgangast þær, skýtur skökku við í því samhengi.

Háskólinn hefur á undanförunum árum öðlast mikla alþjóðlega athygli, alþjóðlegir nemendur koma í auknum mæli til Íslands til að stunda nám við skólann og þar á meðal eru innflytjendur. Þessir einstaklingar, sem verið er að aldursgreina, geta orðið framtíðarstúdentar við skólann og er Stúdentaráði umhugað um að skólinn sé aðgengilegur og opinn öllum. Nú þegar hefur fengist staðfest dæmi þess að barn fór í aldursgreiningu út frá tannþroska við Háskóla Íslands og lýsti því yfir að það muni aldrei stíga fæti inn í skólann né heldur sækja menntun við hann. Er þetta dæmi um ástæðu þess að skólinn ætti alfarið að halda sér utan við þetta ferli, enda ættu allir að geta litið til skólans sem fyrirmyndarstofnun sem fagni fjölmenningu og fjölbreytileika í íslensku samfélagi.

Háskóli Íslands er burðarás í íslensku menntakerfi bæði þegar kemur að rannsóknum og kenndu og ber af þeim sökum ríka ábyrgð gagnvart samfélaginu. Sú ábyrgð kann að birtast með ýmsum hætti en Stúdentaráð telur hana ekki felast í því að beita fylgdarlausu hælisleitendur, einhvern viðkvæmasta hóp samfélagsins, líkamsrannsóknum sem hafa áhrif á umsóknarferli þeirra um hæli hérlendis.

Töluverður hluti starfsfólks skólans taldi sig knúð til að skrifa undir undirskriftalista, sjá [hér](#), [hér](#) og [hér](#), sem starfsmenn og nýdóttar settu af stað. Þar er lýst yfir andstöðu við að skólinn framkvæmi aldursmat út frá tannþroska á fylgdarlausum börnum á flóttu. *Með því sé skólinn að taka að sér verkefni sem hvorki fellur undir hlutverk hans og marknið né samrýmist stefnu hans.* Þá séu rannsakendur sem starfa innan skólans að vinna við rannsóknir sem miða að því að skýra og aðstoða þennan hóp samfélagsins og því sé *ekki ábyrgt fyrir skólann að taka sér stöðu í málefnum hælisleitenda með þessum hætti.* Niðurstöður rannsókna geta, þegar allt kemur til alls, verið notaðar gegn þeim sem undir hana gangast og leitt til þess að viðkomandi séu sendur úr landi. Það eru því ekki eingöngu stúdentar skólans sem eru mótfallin því að HÍ komi að þessu ferli heldur einnig starfsfólk og nýdóttar skólans.

Auk framangreinds tóku Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) undir gagnrýni Stúdentaráðs með [yfirlýsingu](#) þess efnis. Að beiðni Stúdentaráðs fór LÍIS með erindi á aðalfund European Student's Union (ESU) þar sem óskað var eftir því að ESU tæki afstöðu til aðkomu HÍ í málum fylgdarlausra hælisleitenda. ESU [gaf út einróma ályktun](#) um málið og studdu afstöðu Stúdentaráðs um að Háskóli Íslands ætti ekki að koma nálægt þessu ferli fylgdarlausra hælisleitenda hér á landi. Á aðalfundi ESU eru fulltrúar um 20 milljón stúdenta.

#### IV. Niðurlag

Stúdentaráð hvetur allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis til þess að gæta að sjálfstæði háskóla, taka tillit til vilja stúdenta, starfsfólks, LÍS og ESU og þess sem að framan er rakið með því að tilgreina í greinargerð að vikja skuli frá þeirri framkvæmd sem hingað til hefur viðgengist þegar kemur að líkamsrannsóknum og gæta þess að Háskóli Íslands verði ekki hluti af umsóknarferli fylgdarlausra hælisleitenda hérlendis. *Tilnefning stjórnvalda samkvæmt frumvarpinu skuli því ekki ná til starfa og rannsókna innan Háskóla Íslands.*

Stúdentaráð ítrekar afstöðu sína um að Háskóli Íslands ætti ekki að taka þátt í aldursgreiningum, hvorki með beinum né óbeinum hætti.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

*Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs*

Tenglar sem vísað er til í umsögninni:

Minnihlutaálit Benedíkts Traustasonar fulltrúa stúdenta í Háskólaráði:

[https://www.hi.is/sites/default/files/petura/seralit\\_01.03.18\\_0.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/petura/seralit_01.03.18_0.pdf)

*Undirskriftalistar starfsfólks og nýðkora:*

Félagsvísindasvið: <https://stundin.is/grein/8084/>

Hugvísindasvið: <https://stundin.is/grein/7982/>

Menntavísindasvið: <https://stundin.is/grein/7929/>

Stuðningsyfirlýsing Landssamtaka íslenskra stúdenta:

[http://studentar.is/frettir-og-greinar/2018/11/7/stuningsyfirlsing-ls-vi-sh-vegna-tanngreininga-hlisleitendum-innan-hskla-slans?fbclid=IwAR2Yk9P14e\\_MnbbEhrK5biNvfyFUcCAac4HSlqU\\_D2XwzLrXE-3C4OyJxM](http://studentar.is/frettir-og-greinar/2018/11/7/stuningsyfirlsing-ls-vi-sh-vegna-tanngreininga-hlisleitendum-innan-hskla-slans?fbclid=IwAR2Yk9P14e_MnbbEhrK5biNvfyFUcCAac4HSlqU_D2XwzLrXE-3C4OyJxM)

Yfirlýsing European Student's Association:

<https://www.esu-online.org/?policy=bm76resolution-regarding-the-university-of-iceland-ui-performing-age-assessment-via-dental-x-rays-on-unaccompanied-asylum-seeking-minors-as-a-service-to-the-icelandic-directorate-of-immigration&fbclid=IwAR0UqobD-MK5hsw0TYsT0OpLjXn6VTPiLh0Tfw9Q2itOhnT-R8mR7M6WUw>

**Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands**  
við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð,  
með síðari breytingum nr. 111/2016 (rýmri skilyrði), 92. mál.

*17. október 2019*

Stúdentaráð Háskóla Íslands þakkar Efnahags- og viðskiptanefnd fyrir beiðni um umsögn ráðsins varðandi frumvarpið.

Stúdentar sem halda í nám erlendis, hvort sem um er að ræða grunn-, framhalds- eða sérnám, myndu njóta góðs af því að krafa um samfellda nýtingu viðbótargjalds verði felld brott. Styður því SHÍ þá breytingu sem lögð er til. Þá veitir frumvarpið eðli málsins samkvæmt aukinn aðgang ungs fólks að úrræðum sem auka getu þess til húsnæðiskaupa og sjálfstæðis sem er jákvætt.

SHÍ tekur undir þau sjónarmið að námslán og stofnun fjölskyldu getur verið þung byrði og að á þeim tíma sé þörfin hvað mest á úrræðum sem léttir til með fólki.

Markmið frumvarpsins og þær breytingar sem þar koma fram stuðla að auknu frelsi og sveigjanleika í húsnæðis kaupum, þ.á.m. fyrir ungt fólk, og hvetur SHÍ til þess að frumvarpið verði samþykkt.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands*  
*Jóna Dórey Pétursdóttir*



## Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um þingsályktunartillögu um niðurfellingu ábyrgða á eldri námslánnum, þingskjal 180 - 179. mál

18. október 2019

Stúdentaráð fagnar þingsályktunartillögu um niðurfellingu eldri ábyrgðarskuldbindinga vegna námslána hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þá tekur Stúdentaráð undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð að ábyrgðarfyrirkomulagið hafi ekki verið í samræmi við sjónarmið um jafnrétti allra til náms.

Óréttlátt er að hluti lánasafns LÍN lúti enn kröfum um ábyrgðarmenn eftir setningu laga nr. 78/2009. Áréttað skal að það óréttlæti er á höndum löggjafarvaldsins þó Lánasjóðurinn sjálfur sé oft gagnrýndur vegna þess. Brýnt er að takast á við þessa mismunun, en vænta má að útgjöld vegna afskrifta á lánnum aukist ef ábyrgðir verða felldar niður. Slíkt má ekki bitna á stúdentum framtíðarinnar í formi skertra réttinda til töku námslána, það fjármagn verður að koma til viðbótar við önnur framlög til Lánasjóðsins.

Vert er að benda á að flækjur geta fylgt niðurfellingu sem þessari. Þegar lögnum var breytt árið 2009 var gert ráð fyrir að hægt væri að krefja námsmenn um ábyrgð fyrir námslánnum samkvæmt kröfum sem koma fram í úthlutunarreglum. Þær kröfur eru nú að lántakendur séu ekki á vanskilaskrá né í vanskilum við sjóðinn þegar sótt er um nýtt lán, bú þeirra sé ekki í gjaldprotameðferð og hafi ekki áður verið tekið til gjaldprotaskipta, svo og að sjóðurinn hafi ekki áður þurft að afskrifa lán gagnvart viðkomandi. Við útfærslu á niðurfellingum eldri ábyrgða má vænta þess að án svipaðs ákvæðis fyrir eldri skuldabréf ykist afskriftarkostnaður ríkissjóðs vegna niðurfellingarinnar töluvert.

Útfæra þarf atriði sem þetta nánar á nákvæman hátt ef eldri ábyrgðir af námslánnum verða felldar niður, ellegar taka ákvörðun um að rétt sé að afnema með öllu ábyrgðir af námslánnum sem veitt voru fyrir árið 2009 með tilheyrandi kostnaði vegna afskrifta.

Að lokum vill Stúdentaráð ítreka þá skoðun sína að ábyrgðarmannakerfið sem við lýði var fyrir árið 2009 hafi ekki verið í samræmi við þau jafnréttissjónarmið sem sjóðurinn byggist á. Hvetur Stúdentaráð til þess að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Marínó Örn Ólafsson

## Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um nýtt leiðanet Strætó bs.

2. nóvember 2019

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggur áherslu á að almenningssamgöngur og vistvænir samgöngukostir almennt eigi að vera aðgengilegir handa stúdentum. Nemendur Háskóla Íslands þurfa að komast á milli staða á skilvirkan máta, hratt og örugglega án óþarfa kostnaðar fyrir umhverfið og fjárhagslega fyrir þá sjálfa. Markmið stúdentaráðs er að nemendur geti nýtt sér umhverfisvænni samgöngumáta og gera háskólasvæðið aðgengilegra fyrir þá aðila. Þá er vert að nefna að Stúdentaráð stefnir að innleiðingu samgöngukorta fyrir stúdenta að fyrirmynd U-pass sem þekkist erlendis sem veitir ekki eingöngu aðgang að strætó heldur einnig öðrum samgöngukostum á borð við deilihjól og rafhlaupahjólaleigur.

Neðangreindar áherslur á fyrstu hugmyndir um nýtt leiðakerfi strætó eru í samræmi við ofangreint og stefnu Stúdentaráðs í umhverfis- og samgöngumálum. Í henni felst að þjónusta stúdenta á stúdentagörðum og í grennd við háskólasvæðið þurfi að vera aðgengileg til að draga úr þörf á notkun einkabílsins og gera aðra kosti meira aðlaðandi.

### I Grandi - HR

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggur sérstaka áherslu á að braut I Grandi - HR er nauðsynleg bót við strætó kerfið sem ætti að innleiða hið snarasta. Þó leggur SHÍ til að skoða hvort leiðin geti tekið hring í gegnum Þorragötu, Njarðargötu og upp Eggertsgötu og þaðan af fara Suðurgötu og Hjarðarhaga til þess að sinna stúdentagörðum á Eggertsgötu, þar sem hjónagarðar og fjölskyldugarðar eru staðsettir, enn betur en stoppin á Suðurgötu skv. gildandi tillögu.

Að koma leið frá háskólasvæðinu og Stúdentagörðum á Granda yrði mikil bót fyrir stúdenta á stúdentagörðum meðan enn er ekki hægt að koma upp lágvörverslun á háskólasvæðinu til að þjónusta stúdenta á stúdentagörðum, sem verða um 1.800 talsins í janúar 2020, til viðbótar við íbúa í Skerjafirði og vesturbæ sem hafa ekki aðgang í göngufjarlægð að matvörverslun.

### Engin stofnleið beint frá Digranesi/Austurbæ Kópavogs

Stúdentaráð bendir á að auka megi aðgengi úr austurbæ Kópavogs og nágrenni við Álfhólsveg til Háskóla Íslands til muna ef N-Ásgarður - Háskólinn í Reykjavík myndi halda áfram að Háskóla Íslands. Þá má einnig skoða hvort O-Hamraborg - Vatnsendi ætti að halda áfram að HÍ. Eins og staðan er núna sé a.m.k. vert að skoða að engin leið fer beint úr austurbæ Kópavogs í Háskóla Íslands heldur mun ávallt þurfa að stoppa og taka tvær ferðir sem gerir kerfið óhjákvæmilega minna aðlaðandi en ella.

### Mikilvægi háskólasvæðisins sem þungamiðja stofnleiða





Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráð fagnar því hversu margar stofnleiðir er áætlað að munu eiga leið í gegnum háskólasvæðið. Það verður mikil bót fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands auk allra þeirra sem eiga leið á stærsta vinnustað landsins. Við leggjum áherslu á að leiðum sem eiga leið um svæðið verði alls ekki fækkað heldur frekar fjölgað til þess að tengja enn fleiri hverfi höfuðborgarsvæðisins beint við HÍ.

Auk þess teljum við mjög jákvætt að færa mögulega fjölförnu stoppistöð háskólasvæðisins frá Hringbraut og á Suðurgötu. Það bætir bæði aðgengi íbúa stúdentagarðanna að strætó og þeirra sem sækja nám í flestum byggingum svæðisins.

*Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Aðalbjörg Egilsdóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs*

## Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um grænbók um fjárveitingar til háskóla.

7. febrúar 2020

Stúdentaráð fagnar áformum um endurskoðun fjárveitinga til háskóla. Sóknarfæri er til staðar, sérstaklega með endurskoðun reiknilíkansins fyrir háskólana, nemendur þeirra og samfélagið í heild sinni. Grænbókin sjálf virðist vel unnin og er upplýsandi og góð dæmi eru tekin um aðgerðir og stefnur í samanburðarríkjum. Mikilvægt er að mati Stúdentaráðs að sá grunnur sem lagður er í grænbókinni að frekari stefnumótun verði nýttur með hagsmuni samfélagsins, háskólanna og sérstaklega nemenda þeirra að leiðarljósi. Telur Stúdentaráð því aðkomu fulltrúa nemenda að stefnumótunarferlinu í kjölfar grænbókarinnar mikilvæga þegar henni verður komið við.

Gott samráð á milli stjórnvalda, háskólanna og nemenda í framhaldinu er lykilatriði til að afstaða sem ánægja er með verði tekin til hinna ýmsu markmiða og hvata sem talað er um í grænbókinni. Skiptar skoðanir geta verið um hve mikið háskólastigið skal þjóna þörfum atvinnulífsins auk markmiða um aldur námsmanna og námsframvindu þeirra. Þar koma ýmsir þættir málinu við og vanda verður til verka við sköpun hvata fyrir háskólana. Lykilatriði er að þeir hvatar sem innbyggðir verða í fjárveitingar stuðli að auknum gæðum náms og rannsókna en ekki eingöngu hagræðingu. Á þetta sérstaklega við um hvers kyns aðgangsstýringu, þar sem jafnrétti til náms verður að veða þungt.

Líklegt er að sátt ríki þegar um að draga úr magnhvata reiknilíkansins. Í því skyni tekur Stúdentaráð áformum um að fjölga þeim þáttum sem til skoðunar koma við fjárveitingar háskóla fagnandi. Til að treysta rekstrargrundvöll skólanna og minnka breytileika í fjárveitingum er þá að öllum líkindum hentugast að fara þá leið sem samanburðarríkin hafa farið og auka hlutfall fastrar fjármögnunar og annarrar fjárveitingar sem er ekki jafnbreytileg og þættir reiknilíkana. Þannig mætti væntanlega tryggja rekstrargrundvöll fámennra deilda með fyrirsjáanlegri hætti en nú er.

Það vakti athygli Stúdentaráðs að í flestum samanburðarríkjum virðist fyrirkomulag fjárveitinga vera á þá leið að sértekjur vegna skólagjalda einkarekinna háskóla dragist að minnsta kosti að hluta til frá fjárveitingu hins opinbera. Telur Stúdentaráð slíka ráðstöfun bæði hagkvæma, þar sem þá losnar um fjármagn sem nýta má til að vinna að ákveðnum markmiðum, og sanngjarna gagnvart hinum opinberu háskólum sem ekki hafa sértekjumöguleika skólagjaldanna.

Að mörgu er að hyggja í framhaldinu og mun Stúdentaráð fylgjast með á öllum stigum til að standa vörð um hagsmuni stúdenta. Umsögn þessi er birt með fyrirvara um frekari athugasemdir á síðari stigum.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs*

**Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna  
Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024**  
*Mál nr. 10/2020*

Drög að Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 14. janúar 2020. Markmið áætlunarinnar um jákvæða byggðapróun eru góð og við fyrstu sýn er jákvætt að sjá áherslu á betri almenningssamgöngur. Þróun byggðar, almenningssamgangna og þjónustu í Reykjavík er Stúdentaráði Háskóla Íslands hugleikið og leggur Stúdentaráð því áherslu á eftirfarandi.

**Leiðarljós svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins**

Þau sex atriði sem eru tiltekin sem leiðarljós svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins ríma vel við áherslur Stúdentaráðs um að nútímasamgöngur, útivistarsvæði og þjónustukjarnar séu mikilvægir þættir til að hafa í huga við uppbyggingu og framtíðarskipulag, sérstaklega þegar hugað er að miðsvæði borgarinnar. Um 1.600 stúdentar búa á háskólasvæðinu við Háskóla Íslands í stúdentaíbúðum og geta leiðarljósin skipt sköpum fyrir þróun þess svæðis.

**Atvinna- og nýsköpun**

Á blaðsíðu 14 í sóknaráætluninni koma fram punktar um vilja samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í málefnum nýsköpunar. Hér telur Stúdentaráð rétt að benda á yfirlýsingu ráðsins um heilbrigðismóttöku fyrir háskólanemendur. Fram kemur í yfirlýsingunni að rannsókn<sup>1</sup> sem framkvæmd var í HÍ sýndi þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku fyrir nemendur. Útfærslan gæti verið ný af nálinni og í raun gefið færi á nýsköpun um hvernig heilbrigðisþjónusta er veitt. Þátttakendur í rannsókninni sögðust t.d. vilja leita á sérstaka heilbrigðismóttöku þar sem nemar myndu veita þjónustuna undir leiðsögn.

Það eru því ekki aðeins færi á að auka nýsköpun í velferðarmálum til að skapa fjölbreyttari þjónustu við aldraða, eins og fram kemur í áætluninni, heldur ætti einnig að huga að ungu fólki, sem er sá hópur sem síst er líklegur til að leita sér lækniástoðar og á heilsugæslur.<sup>2</sup> Stúdentaráð leggur því til að til viðbótar við hóp aldraðra sé lögð áhersla á að bæta þjónustu við ungt fólk og stúdenta undir meginflokknum “Velferð&samfélag” og nota til þess nýsköpun.

<sup>1</sup> Blaðsíðu 55 í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 1. tbl. 91. árg. 2015

<sup>2</sup> Samkvæmt rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 framkvæmd af Rúnari Vilhjálmssyni o.fl.

### Umhverfis- og samgöngumál

Stúdentaráð tiltekur í fyrsta lagi að megináhersla á að samhæfa meðferð úrgangs á höfuðborgarsvæðinu yrði til bóta fyrir HÍ og stúdentagarða og hvetur til þess að hafðar séu hraðar hendur í þeirri vinnu. Þá telur SHÍ að útfærsla þessa atriðis megi ganga lengra en að *“skoða sameiginlega úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu”*. Nauðsynlegt er að samhæfa, samræma og einfalda flokkun á höfuðborgarsvæðinu hið fyrsta.

Í öðru lagi fagnar Stúdentaráð öðrum fjórum megináherslum sóknaráætlunarinnar. Mannkynið stendur frammi fyrir neyðarástandi í loftslagsmálum og telur Stúdentaráð umhverfis- og samgöngumál eiga að vera í forgangi við eftirfylgni áætlunarinnar.

Varðandi samgöngur, bls. 21, vill Stúdentaráð benda á að mikilvægt er að hafa í huga að tryggja aðgengi að almenningssamgöngum samhliða því að þeim sé komið á. Í því samhengi bendir Stúdentaráð á stefnu ráðsins í umhverfis- og samgöngumálum um að stúdentar hafi aðgengi að Umhverfispassa/U-passa sem tryggi þeim aðgang að almenningssamgöngum, á borð við strætó, rafmagnshlaupahjól, deilibíla og Borgarlínu, á viðráðanlegu verði. Til þess að mælanlegt markmið sóknaráætlunarinnar í umhverfis- og samgöngumálum um fjölgun farþega um 30% þarf að gera almenningssamgöngur bæði aðlaðandi og aðgengilegar og telur Stúdentaráð U-passi fyrir stúdenta geta spilað þar gríðar stórt hlutverk. Þá muni það einnig vinna að markmiði 7 um að minnka kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins.

Til viðbótar við þetta styður Stúdentaráð markmið um fjölgun göngu- og hjólréiðiferða innan höfuðborgarsvæðisins en þessu þarf óhjákvæmilega að fylgja framkvæmdir sem auðvelda hjólréiðafólki og gangandi vegfarendum för sína. Stúdentaráð hefur komið athugasemdum sínum áleiðis til skipulagssviðs borgarinnar um göngu- og hjólaleiðir á háskólasvæðinu sem ráðið vonast til að sjá verða að veruleika sem fyrst. Styður ráðið því markmiðið um fjölgun þessara ferða en ítrekar að bæta þarf úr aðstæðum til að markmiðið verði að veruleika.

Háskóli Íslands og stúdentagarðar við skólann eru algjörlega miðsvæðis og getur skipulag, þjónusta og samgöngur til og frá svæðinu spilað gríðarstórt hlutverk í framtíð höfuðborgarsvæðisins. Því þurfa hagsmunaaðilar að leggjast á eitt og gera háskólamenningu og háskólasamfélagið þannig að auðvelt sé að vera umhverfisvænn.

### Velferð og samfélag

Stúdentaráð telur hér rétt að ítreka það sem fram hefur komið um að ekki er aðeins nauðsyn á fjölbreyttari þjónustu fyrir aldræða heldur einnig ungt fólk og sérstaklega stúdenta.

Samkvæmt [rannsókn](#) frá 2018 mældust 34,4% nemenda í HÍ, HR og HA yfir klínískum mörkum þunglyndis og tæp 20% yfir klínískum mörkum kvíða. Stúdentaráð hefur síðan þá

fengið frekari kynningu á öðrum rannsóknum sem eru nú til úrvinnslu á geðheilsu stúdenta í Háskóla Íslands og samkvæmt frumniðurstöðum þeirra rannsókna er marktækur munur á kvíða, streitu og þunglyndi háskólanema við HÍ, miðað við sama aldurshóp á landsvísu. Þá hefur fram komið að rannsóknir hafa sýnt að ungmenni séu ólíklegust af aldurshópum til að leita á heilsugæsluna.<sup>3</sup> Rannsóknir hafa einnig sýnt að mikilvæg leið fyrir heilsugæsluna til að nálgast ungmenni sé í gegnum skóla.<sup>4</sup> Ísland hefur í raun þá sérstöðu að ekki er boðið uppá nemendaheilsugæslu á háskólastigi.<sup>5</sup> Stúdentaráð telur því ljóst að þörf er á sérstakri heilbrigðismóttöku fyrir háskólanema á háskólasvæðinu og hvetur borgina til að huga að því að koma til móts við þá þörf í sóknaráætluninni. Slíkt úrræði felur í sér inngríp snemma á lífsleiðinni og rímar því vel við vilja til að *“auka forvarnir og snemmtæka íhlutun í velferðarmálum”*.

#### Samantekt

Stúdentaráð telur margt gott koma fram í sóknaráætluninni. Á sama tíma eru fleiri sóknarfæri í boði, studd rannsóknum, sem má færa inn í áætlunina. Þegar kemur að bættri þjónustu, umhverfisvænu samfélagi, minnkun kolefnisspors og aukinni hamingju er mikilvægt að líta til þess að nauðsynjar á borð við matvörur og heilbrigðisþjónustu eru stúdentum fjarlægjar í dag. Almenningsamgöngur í næstu matvöruverslun eru ekki nógu góðar og er aðgengi stúdenta að heilsugæslu ekki gott.<sup>6</sup> Í dag er hagkvæmasta leið þeirra stúdenta sem búa á háskólasvæðinu til að sækja sér nauðsynjar, á borð við matvöru, að aka með einkabíl á Granda og versla þar. Þá er ekki heilsugæsla í göngufæri fyrir þessa stúdenta og telur stúdentaráð færi og nauðsyn á að heilbrigðisþjónustu og matvöruverslun verði komið á svæðið. Slíkt gæti myndað þjónustukjarna á svæðinu fyrir þá 1.600 stúdenta sem þar búa, dregið úr þörf þeirra á einkabílum, auk þess að þúsundir starfsfólks og stúdenta sem koma á háskólasvæðið hvern dag gætu nýtt sér þjónustuna. Hér fara því meginflokkar sóknaráætlunarinnar um *umhverfis- og samgöngumál og velferð og samfélag saman*.

<sup>3</sup> Samkvæmt rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 framkvæmd af Rúnari Vilhjálmssyni o.fl.

<sup>4</sup> Samkvæmt rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 framkvæmd af Rúnari Vilhjálmssyni o.fl.

<sup>5</sup> Samkvæmt rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 framkvæmd af Rúnari Vilhjálmssyni o.fl.

<sup>6</sup> 40% íslenskra nema í könnun frá 2011 höfðu ekki heimilislækni á höfuðborgarsvæðinu og 70% erlendra nema, Tímariti hjúkrunarfræðinga, 1. tbl. 91. árg. 2015

## Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna draga að tillögu til þingsályktunar um Menntastefnu 2030

7. mars 2020

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir orð [draga að tillögu](#) til þingsályktunar um að öll eigi að hafa jöfn tækifæri til náms því öll geta lært og öll skipta máli. Samkvæmt tillögunni skal menntastefna til ársins 2030 endurspegla leiðarljósið allir geta lært sem felur í sér áherslu á virka þátttöku allra í lýðræðissamfélagi sem byggir á jafnrétti og mannréttindum, heilbrigði og velferð og sjálfbærni. Mun Stúdentaráð hafa það að leiðarljósi við gagnrýnda skoðun tillögunnar.

Tillagan felur vissulega í sér falleg orð og göfug markmið. Stúdentaráð leggur á sama tíma áherslu á að þær aðgerðir sem koma til í háskólakerfinu í dag munu þá þurfa að samrýmast þessum orðum og markmiðum stefnunnar. Ber hér að nefna að umræða um hækkun skrásetningargjalda við Háskóla Íslands, stærsta opinbera háskóla landsins, myndi vinna þvert gegn þessu leiðarljósi stefnunnar.

### Jöfn tækifæri til menntunar

Í kafla B um Jöfn tækifæri til menntunar, nánar tiltekið á bls. 3, í tillögunni kemur fram að *unnið verði markvisst að vitundarvakningu þjóðarinnar um mikilvægi menntunar alla ævi*. Fagnar Stúdentaráð markmiðinu en bendir á að það er þvert á þær hugmyndir sem fram koma í greinargerð með frumvarpi um Menntasjóð námsmanna, þar sem áhersla er lögð á að þjóðfélagslegur ábati af því að mennta einstaklinga yfir 60 ára aldri sé ekki eins mikill og ef um yngri einstaklinga er að ræða. Kemur þar nánar tiltekið fram að *“Séu einstaklingar þegar komnir á síðari hluta starfsævi sinnar þegar þeir sækja sér menntun má ætla að menntunin skili sér í minna mæli aftur til þjóðfélagsins þar sem færri ár eru eftir af starfsævi þeirra”*. Í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna er nánar tiltekið gerð sú breyting á námslánakerfinu að takmörk eru fyrir því hvaða aldurshópar geti sótt sér nám með stuðningi ríkisins í formi námslána. Auk þess eru aldurstakmörk sett á fýsilegustu kjör námslánanna, þar sem aðeins þau sem útskrifast 35 ára eða yngri hafa kost á að njóta tekjutengdra afborgana. Aðilar yfir 36 ára þurfa að greiða lánið til baka óháð tekjum sínum og er það óhjákvæmilega þungbærari kostur í flestum tilfellum.

Í sama kafla á bls. 4 segir að *“Auknar væntingar verða gerðar til nemenda um þrautseigju árangur í námi og að ljúka námi á tilsettum tíma að teknu tilliti til þarfa og aðstæðna”*. Leggur Stúdentaráð hér áherslu á að slíkar væntingar verða aldrei að veruleika þegar kemur að nemendum í háskólum landsins ef ekki koma til róttækar breytingar á þeirra

námsumhverfi og stuðningi sem stúdentar geta sótt sér meðan námi stendur. Stúdentaráð vísar því í [umsögn ráðsins](#) um Menntasjóð, bls. 1-2, og nauðsynlegar breytingar á framfærslulánum í því frumvarpi. Íslenskir stúdentar hafa miklar fjárhagsáhyggjur og mikil atvinnuþátttaka stúdenta er ein helsta áskorun þeirra. Fjárhagsáhyggjur eru þriðja algengasta ástæða þess að íslenskir stúdentar tefjast í námi um eitt ár eða meira. Í könnunni kemur fram að 34,8% stúdenta mátu fjárhagsstöðu sína alvarlega, 43% mátu háskólanám sitt þannig að þau þurfi að stunda það af mikilli ákefð (high intensity) á sama tíma og 49,5% stúdenta [vinna](#) með skóla og [meirihluti](#) þeirra sem gegna launuðum stöðum vinna yfir 20 klukkutíma á viku. Þessum auknu væntingum verður ekki mætt nema námsumhverfi stúdenta verði bætt til muna, til dæmis með hærri framfærslu frá LÍN og þar með auknum fjárframlögum til lánasjóðsins.

Í 6. kafla greinargerðar með tillögunni um jöfn tækifæri til náms er aðalumfangllunin um aðgerðir á háskólastigi um stuðningskerfi námsmanna. Þar segir t.d. að koma þurfi til námsstuðningskerfi sem sátt skapist um. Til að sátt megi ríkja um slíkt kerfi meðal námsmanna leggur Stúdentaráð áherslu á [umsögn ráðsins vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna](#). Þer þar hæst að vaxtakjör eru án vaxtahámarks og þarf ekki mikið til að vaxtakjör námslána éti upp ávinning niðurfellingar hluta námslánsins fyrir endurgreiðendur.

### Umhverfismál og loftslagsváin

Loftslagsverkföll ungs fólks hafa nú staðið yfir í rúmt ár hérlendis. Skipuleggjendur verkfallanna hafa verið Stúdentaráð Háskóla Íslands, Landssamtök íslenskra stúdenta, Samband íslenskra framhaldsskólanema og Ungir umhverfissinnar. Samtök stúdenta og nemenda hafa því krafist þess hvern föstudag að stjórnvöld taki til aðgerða í þágu loftslagsins vegna loftslagsvárlinnar. Grunnskólabörn hafa mætt hvern föstudag og ræða þau þar helst um að vilja fá betri fræðslu og menntun um loftslagsmál og umhverfið. Telur Stúdentaráð því mikilvægt að leggja áherslu á þau málefni í menntastefnu til 2030, enda nauðsynlegt að stjórnvöld tryggi með óyggjandi hætti að fræðsla og þekking komandi kynslóðar á þessum málum verði aukin á öllum skólastigum, svo sú kynslóð sé sem best til þess búin að takast á við loftslagsvandann sem hún erfir frá eldri kynslóðum.

Stúdentaráð telur þá sýn fara saman við meginmarkmið stefnunnar (markmið C) um að námskrá, námsumhverfi og námsmat styðji við hæfni til framtíðar. Þessu til viðbótar telur Stúdentaráð þau markmið sem fram koma á bls. 7 um *áhrif nemenda á eigið nám og nemendalýðræði* af hinu góða þar sem fram kemur að hvetja þarf fólk á öllum aldri til að taka virkan þátt í samfélaginu, ræða og greina viðkvæm álitamál og taka þátt í að móta og taka mikilvægar ákvarðanir. Þó menntastefnan tali almenns eðlis um t.d. skipulag en snertir síður á einstaka fögum eða þáttum kennslu, teljum við að í ljósi þess neyðarástands sem við stöndum

nú frammi fyrir sé nauðsyn að grípa til ráða sem þessa. Ætti stefnumótun um umhverfisvitund og loftslagsvána t.d. vel heima undir C kafla um að námskrá styðji við hæfni til framtíðar. Þessi áhersla menntastefnunnar rímar vel við áherslu Stúdentaráðs um að hlustað sé á kröfur loftslagsverkfallsins og þeirra nemenda sem þangað hafa komið til að krefjast aðgengi að menntun vegna várinnar og umhverfismála ásamt kraftmeiri aðgerðum stjórnvalda.

Umfram það telur Stúdentaráð líklegt að ef nemendur hefðu haft frekari aðkomu að mótun stefnunnar hefðu umhverfismál verið fyrirferðamikil, auk þess að greinargerð tilgreinir að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sé til hliðsjónar við gerð stefnunnar. Í 5. kafla greinargerðar stefnunnar, á bls. 11, segir einnig að áhersla sé lögð á að íslenskt menntakerfi sé sem best í stakk búið til að takast á við ófyrirséðar breytingar og áskoranir framtíðarinnar. Eigi það að vera raunin telur Stúdentaráð ekki hægt að ganga fram hjá málaflökki umhverfis- og loftslagsmála við stefnugerðina.

### Geðheilsa og þjónusta við stúdenta

Stúdentaráð fagnar markmiði um samstarf, samráð og samþættingu innan og milli kerfa eins og fram kemur á bls. 8 í kafla C. Stúdentaráð hvetur til þess að horft sé til yfirlýsingar ráðsins [um heilsugæslu fyrir háskólanema](#) þar sem ljóst er að hægt sé að tvinna saman starfsnám undir handleiðslu í heilbrigðisvísindum, félagsráðgjöf og þjónustu fyrir nemendur sem nauðsyn er fyrir. Þá þarf að efla sálfræðiþjónustu og geðheilbrigðisþjónutsu í menntastofnunum landsins, vert er að rifja upp [rannsókn](#) frá 2018 þar sem fram kom að 34,4% nemenda í HÍ, HR og HA mældust yfir klínískum mörkum þunglyndis og tæp 20% yfir klínískum mörkum kvíða. Gera þarf betur í þessum efnunum og þarf ríkið að taka af skarið.

### Verk- og starfsnám

Stúdentaráð telur nauðsynlegt að fjalla um verk- og starfsnám á háskólastigi í breiðari skilningi en eingöngu vegna kennaranema. Verknám, sérlega í námi í heilbrigðisvísindum, er krefjandi, ólaunað og veldur nemendum mikilli streitu í dag. Mætingarskylda í ólaunuðu verknámi er há, t.d. [95% vegna hjúkrunarfræðinema í HÍ](#), og er þar með útilokað fyrir summa hverja, og þá sér í lagi foreldra, að uppfylla kröfur námsins. Stúdentaráð samþykkti einnig einróma á fundi sínum í febrúarlök að breytinga sé þörf á fyrirkomulagi starfsnáms í heilbrigðisvísindum, enda mætingarkröfur óraunhæfar og mjög streituvaldandi. Þá er starfsnám sem boðið er upp á í hinum ýmsu námsgreinum of oft ólaunað, t.d. fyrir nema í lögfræði hjá ráðuneytum ríkisins, þvert á gagnrýni [BHM](#) og [LÍS](#). Stúdentaráð telur nauðsynlegt að menntun með verk- og starfsnámi sé viðurkennd í menntastefnu 2030 og fái





pláss í umræðunni hjá stefnumótun ríkisins. Þá telur Stúdentaráð rétt að samtök nemenda komi að þeirri stefnumótun.

## Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysisstryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall)

150. löggjafarþing 2019-2020

Þingskjal 1128 - 664. mál

17. mars 2020

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggur áherslu á að hugað sé að stúdentum við breytingu á lögum um atvinnuleysisstryggingar og aðgerðum ríkisins vegna COVID-19 sjúkdómsins. Ljóst er að háskólum landsins hefur verið lokað í fjórar vikur vegna COVID-19. Hefur það reynt töluvert á stúdentum, sérstaklega þá stúdentum sem vinna nú að lokaverkefnum. Kvíða margir fyrir framhaldinu, óvissu um námslok og öðru sem framtíðin ber í skauti sér. Háskólasamfélagið hefur þó tekið höndum saman og eru öll að gera sitt besta í að bregðast við þessum fordæmalausu óvissutímum og reynt er að tryggja eðlilega námsframvindu. Stúdentaráð hvetur ríkisstjórnina og þingheim til að gera sitt í að koma til móts við stúdentum.

### Stúdentar og atvinnuleysi

Til að gera grein fyrir umsögn Stúdentaráðs telur ráðið nauðsynlegt að rekja stöðu stúdentum stuttlega, sérstaklega þegar kemur að geðheilbrigði, stöðu á vinnumarkaði, fjárhag og atvinnuleysisbótum.

Samkvæmt [rannsókn](#) frá 2018 um geðheilbrigði stúdentum kom fram að 34,4% nemenda í HÍ, HR og HA mældust yfir klínískum mörkum þunglyndis og tæp 20% yfir klínískum mörkum kvíða. Stúdentaráð hefur síðan þá fengið frekari kynningu á öðrum rannsóknum, sem eru nú til úrvinnslu, á geðheilsu stúdentum í Háskóla Íslands. Ráðið fékk kynningu á frumniðurstöðum sem sýna að marktækur munur er á kvíða, streitu og þunglyndi háskólanema í HÍ, miðað við sama aldurshóp á landsvísi og mælast stúdentar HÍ þar hærrí í öllum tilvikum. Það er því nauðsynlegt að stúdentar fái skýr og aðgengileg svör frá stjórnvöldum um sína stöðu og dregið verði sem mest úr þeirri óvissu sem við þeim blasir, sem allra fyrst.

Ljóst er að lántökum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna hefur fækkað svo um munar á undanförunum árum og eru því sífellt færri stúdentar sem treysta á framfærslu LÍN. Þá skal einnig benda á að raunveruleiki margra stúdentum er þannig að framfærsla námslána dugar þeim ekki og vinna því lántakar margir hverjir einnig með námi. Fjárhagsferfiðleikar stúdentum eru nú þegar þriðja algengasta ástæða þess að stúdentar tefjast í námi í eitt ár eða meira, samkvæmt [EUROSTUDENT VI](#), sjá bls. 12.

Stúdentar á Íslandi vinna almennt mikið með námi, sérstaklega í samanburði við Norðurlöndin. Samkvæmt EUROSTUDENT VI, sjá [hér](#), eru aðeins 31.8 % stúdenta ekki í neinni vinnu meðan námi stendur. Þá vinna 49.5% stúdenta allt skólaárið með námi og 18.7% stúdenta vinna stöku sinnum með námi eða “occasional paid job”. Af þeim 49.5% stúdenta sem eru í reglulegri vinnu með námi, verja þeir að meðaltali [26 klst á viku](#) í vinnu og er því ljóst að um hlutastörf er að ræða að stóru leyti hjá þeim hópi. Ástæður þess að stúdentar vinna með námi er í 86% tilvika til að eiga fyrir reglulegum útgjöldum [og segja 71% námsmanna](#) að án launaðs starfs hefðu þeir ekki efni á að vera í námi. Er því ljóst að grípa þarf þennan hóp þegar kemur að stöðu þeirra á vinnumarkaði vegna COVID-19 svo námsferill og framvinda þeirra fari ekki í uppnám.

#### Varðandi 1. gr. a. (XII.)

Helsta athugasemd Stúdentaráðs lýtur að fyrstu málsgrein a-liðar frumvarpsins.

Skilyrði ákvæðisins eru þau að það eigi við um aðstæður þeirra sem falla undir 17. gr. laganna vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Ljóst er að 17. gr. laganna, eins og hún stendur í dag, tekur til þeirra sem falla undir 3. gr. laganna um launamenn en þeir eru skilgreindir þannig: *Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði og greitt er tryggingagjald vegna starfsins samkvæmt lögum um tryggingagjald.* Þessu til viðbótar gerir a-liður frumvarpsins það að skilyrði að fyrra starfshlutfall þarf að hafa lækkað hlutfallslega um 20% hið minnsta og launamaður haldið að lágmarki 50% starfshlutfall. Þar með er gildissvið a-liðar frumvarpsins orðið mjög þröngt. Ljóst er að einstaklingar sem ákvæðið nær til mega minnst hafa verið í 70% starfshlutfalli til að eiga rétt á úrræðinu.

Sé meðalnámsmaður sem vinnur allt skólaárið með námi, samkvæmt EUROSTUDENT, settur inn í þetta dæmi er ljóst að úrræðið gagnast honum ekki. Sá hópur ver að meðaltali 26 klst. á viku í vinnu. Sé gert ráð fyrir 40 klst. vinnuviku (eins og meðalvinnuvikan var þegar EUROSTUDENT var framkvæmd), í fjórar vikur hvern mánuð (160 klst. vinnumánuð) er um að ræða starfshlutfall upp á 65%.

Sé meðalnámsmaður, óháð vinnu allt skólaárið eða tilfallandi vinnu með skóla, settur inn í dæmið er ljóst að sá er algjörlega útilokaður frá úrræðinu. [Slíkur meðalnámsmaður ver 15 klst. í vinnu vikulega](#) og ef gert er ráð fyrir samskonar forsendum og að framan er viðkomandi í starfshlutfalli upp á 37,5%.

Almenn skilyrði þess að launamaður eigi rétt á atvinnuleysistryggingum má finna í 13. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Eitt skilyrði þeirra er að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr. laganna. Stúdentar teljast ekki vera í virkri atvinnuleit og eiga almennt ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Telur Stúdentaráð því ljóst að hvorki frumvarpið, né lög nr. 54/2006 geti gripið þá stúdentu sem munu missa starfshlutfall eða störf vegna COVID-19. Á sama tíma er ljóst að yfirgnæfandi meirihluti stúdentu sem vinna með námi gera það til að eiga fyrir nauðsynlegum útgjöldum og til að eiga efni á að stunda nám sitt.

Stúdentaráð telur nauðsynlegt að ráðist verði í aðgerðir til að koma til móts við stúdentu og býður ráðið fram krafta sína við samningu þeirra aðgerða. Leggur Stúdentaráð til samningu sér frumvarps vegna þess eða eftirfarandi úrbætur á frumvarpi þessu:

#### **Hugmyndir að úrbótum:**

Ljóst er að sú aðgerð sem léttir undir með flestum þeim sem ekki falla undir skilyrði fyrstu málsgreinar, er að lækka starfshlutföllin sem tilgreind eru í ákvæðinu. Stúdentaráð vill koma þeim athugasemdum á framfæri að slík lækkun hefði lítil áhrif fyrir þá stúdentu sem vinna lítið með námi en þurfa þó nauðsynlega á þeim tekjum að halda. Leggur því Stúdentaráð til sértækari breytingar:

Stúdentaráð veltir upp hvort rétt sé að víkka gildissvið a. (XIII.) þegar kemur að stúdentum. Hægt væri að bæta við málsgrein sem gæti tæki á því að skilyrði um hlutfallslega lækkun starfshlutfalls um 20% hið minnsta og að halda þurfi 50% starfshlutfalli, eigi ekki við um stúdentu.

- Stúdentar gætu verið skilgreindir samkvæmt greinargerð með frumvarpinu, sem hver sá sem skráður var í háskólanám á skólaárinu 2019-2020. Í ljósi óvissuástandsins er ekki talið ráðlegt að skilgreina stúdentu út frá námsframvindu sinni á árinu. Sjúkra- og endurtektarpróf vegna haustannar hafa flest ekki farið fram og má hér benda á að LÍN hefur þegar gert undanþágur á kröfum sínum um námsframvindu þegar kemur að lánsrétti og útborgun námslána.
- Hvers kyns lækkun á starfshlutfalli þeirra stúdentu sem flokkast sem launamenn skv. 3. gr. laganna, og þurfa að taka á sig kjaraskerðingu í formi minnkaðs starfshlutfalls vegna tímabundins rekstrarvanda fyrirtækis þess sem þeir starfa hjá, ætti að vera bætt með atvinnuleysistryggingum.
- Stúdentaráð telur einnig að þeim stúdentum sem sagt er upp störfum vegna tímabundins rekstrarvanda fyrirtækis þess sem þeir starfa hjá, ættu að eiga rétt á atvinnuleysistryggingum í samræmi við starfshlutfall síðustu þriggja mánaða.

- Er hér um að ræða örlítið aðrar áherslur en frumvarpið tilgreinir nú, enda aðeins rætt um minnkað starfshlutfall í frumvarpinu sem gerir þá ráð fyrir að viðkomandi muni em vera í einhverju starfshlutfalli. Raunin er þó sú að margir stúdentar eru í litlu starfshlutfalli eða undir 40% og standa líkur til þess að fyrirtæki þurfi að grípa til þess að minnka tímabundið eða draga alveg úr vinnu hlutastarfsfólks. Ættu þeir stúdentar engu að síður að geta treyst á að stjórnvöld grípi þá einstaklinga.

Stúdentaráð telur mögulegt að koma þessum breytingum í gegn með frumvarpinu sem um ræðir en leggur áherslu á að ráðið er einnig opið fyrir sérstöku frumvarpi sem tekur á þessum vanda stúdenta. Stúdentaráð leggur áherslu á samráð við samningu og útfærslu þeirra leiða. Býður ráðið fram krafta sína í slíka samvinnu.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

*Jóna Þórey Pétursdóttir  
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

## Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna annars aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar

22. apríl 2020

Stúdentaráð Háskóla Íslands harmar að stúdentum sé ekki veittur réttur til atvinnuleysisbóta í sumar með öðrum aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar vegna efnahagsáhrifa COVID-19. Atvinnuskapandi úrræði ríkisstjórnarinnar er gott skref en SHÍ vonar þó að til staðar sé pólitískur vilji ríkisstjórnar Íslands til þess að tryggja námsmönnum það fjárhagsöryggi sem þeir hafa kallað eftir.

Stúdentar eru fjölbreyttur hópur. Þeir standa misvel félagslega, eiga misgott bakland og munu ekki allir komast að í þau atvinnuskapandi úrræði sem stjórnvöld hafa boðað. Það er þess vegna sem Stúdentaráð hefur stutt og stöðugt krafist atvinnuleysisbóta, samhliða aðgerðum sem sporna gegn atvinnuleysi. Til jafns við aðra greiða stúdentar sem vinna með námi, tryggingargjald af launum sínum sem standa á undir atvinnuleysistryggingasjóði. Á sama tíma eiga stúdentar engan rétt úr sjóðnum. Öllum landsmönnum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna atvinnuleysis samkvæmt stjórnarskrá, en eins og staðan er í dag verða stúdentar án atvinnuleysisbóta og þess öryggisnets sem þær veita þegar þörfin er mest.

Þegar atvinnuleysi stefnir í 17% gefur augaleið að grípa þarf til aðgerða. 18-24 ára einstaklingum í atvinnuleit hefur fjölgað mest af öllum aldurshópum, eða um 52% frá febrúarmánuði samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar, en tölfræði yfir atvinnuleysi á Íslandi tekur ekki til námsmanna. Samkvæmt könnun SHÍ frá því í aprílbyrjun voru 40% stúdenta HÍ ekki komnir með sumarstarf. Í HÍ stunda nám rúm 13.000 manns og er 40% þeirra, um 5.200 manns. Því er um að ræða þúsundir námsmanna til viðbótar við þessar tölur Vinnumálastofnunar, sem vilja vinna en eru án starfs í sumar. Atvinnuskapandi úrræði ríkisstjórnarinnar fyrir námsmenn hljóða uppá um 3.500 sumarstörf ef framlög sveitarfélaga koma til.

Leiðir ríkisstjórnarinnar um sumarstörf, og það fjármagn sem lofað hefur verið, er vissulega hluti þess sem við höfum kallað eftir og því ber að fagna. Á sama tíma grípa aðgerðirnar ekki alla og þeir stúdentar sem eftir standa hafa engin fjárhagsleg úrræði. Stúdentar sem ekki eiga bakland eða eru verr staddir félagslega, lenda undir. Til SHÍ leita stúdentar sem sjá ekki fyrir sér að eiga í sig og á, eiga ekki fyrir skrásetningargjöldum, námsbókum eða almennum lífsnauðsynlegum útgjöldum í sumar og næsta haust. Betur má ef duga skal.

Stúdentaráð ítrekar kröfur ráðsins 12. apríl og Stúdentaráð hvetur stjórnvöld til þess að gefa stúdentum sama kost og aðrir landsmenn, á úrræði atvinnuleysisbóta ef allt annað þrýtur



**Umsögn Stúdentaráðs vegna tillögu til þingsályktunar um  
aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19 heimsfaraldursins**

*150. löggjafarþing 2019-2020*

*Þingskjal 1251 - 723. mál*

*Apríl 2020*

Til samræmis við [kröfur Stúdentaráðs frá 12. apríl](#) sl., útgefnu efni ráðsins frá [30. mars](#) og [22. apríl](#), er þingheimur hvattur til að samþykkja 4. t.l. tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19-heimsfaraldursins um að námsmönnum verði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta frá 1. júní til 31. ágúst 2020.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

*Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti*

## Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19

Þingskjal 1268 — 733. mál.  
150. löggjafarþing 2019-2020

4. maí 2020

### Um 1. tl. tillögunnar

Stúdentaráð hvetur Alþingi til þess að samþykkja 1. ml. 1. tl. [tillögunnar](#) um að tryggja námsmönnum rétt til atvinnuleysisbóta. Tillagan er í samræmi við [kröfur Stúdentaráðs frá 12. apríl sl.](#), útgefnu efni ráðsins frá [30. mars](#) og [22. apríl](#).

Til jafns við aðra, greiða stúdentar sem vinna með námi tryggingargjald af launum sínum sem standa á undir atvinnuleysisstryggingasjóði. Á sama tíma eiga stúdentar engan rétt úr sjóðnum. Hæglega væri hægt að rökstyðra réttindi þessa hóps til atvinnuleysisbóta, auk þess á nám að teljast vera full vinna. Öllum landsmönnum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna atvinnuleysis samkvæmt 76. gr. Stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944, en eins og staðan er í dag verða stúdentar án atvinnuleysisbóta þegar þörfin hefur sjaldan verið meiri. Því ættu óvenjulegar aðstæður og skylda íslenskra stjórnvalda til að tryggja rétt landsmanna til viðunandi lífsafkomu að verða til þess að stúdentar hafi þennan rétt komandi sumar.

Í desember 2009 var sú breyting samþykkt á atvinnuleysisstryggingarkerfinu að námsmenn geti ekki talist tryggðir innan þess, sjá [lög nr. 134/2009](#). Sumarið 2009 stóð réttur námsmanna til atvinnuleysisbóta því óhaggaður, sem er sumarið eftir hrun og SHÍ telur sambærilegt þessu sumri. Líta ætti til réttar stúdenta til atvinnuleysisbóta sumarið 2009 og fyrr og gera lagaumhverfið þannig að stúdentar fái aftur rétt til atvinnuleysisbóta. Eurostudent hefur sýnt að [71%](#) námsmanna á Íslandi telji að án launaðs starfs hefðu þeir ekki efni á að vera í námi.

[Fjölgun](#) hefðbundinna atvinnuleitenda eftir aldri frá febrúar var mest meðal yngsta aldurshópsins 18 til 24 ára eða um 52%. Þessar sláandi tölur um atvinnuleysi í landinu innihalda ekki atvinnulausa stúdenta. Tæp 70% stúdenta vinna þó með námi, sbr. [Eurostudent](#) og [könnun SHÍ](#). Við spurðum þann hóp sem vinnur með námi, hvort þeir kæmst af fjárhagslega án hlutastarfsins en 47% sögðust ekki geta það. 38% sögðust geta komist af en eiga erfitt með það. Aðeins 16% segjast komast auðveldlega af án hlutastarfsins. Eurostudent hefur sýnt að [71%](#) námsmanna á Íslandi telji að án launaðs starfs hefðu þeir ekki efni á að vera í námi.

Samkvæmt könnun SHÍ frá apríl byrjun, eru 40% stúdenta HÍ ekki komnir með sumarstarf en voru að leita sér að starfi. Í HÍ stunda rúm 13.000 manns nám og er 40% þeirra, um 5.200



manns. Á landinu öllu eru rúmlega 17.000 stúdentar og 40% þeirra er um 7.000 einstaklingar. Sem fyrr segir er könnunin frá byrjun apríl og taka þessar tölur því mið af stöðunni áður en gríðarlegt magn hópuppsagna fór af stað í íslensku samfélagi. Þá kann að vera að staðan sé jafnvel verri í öðrum háskólum:

- [LHI, könnun frá 17-20 apríl.](#)
  - *Eimungis 14,2 eru komin með tryggða sumarvinnu og önnur 20% telja sig líklegast með öruggt sumarstarf. Af því leiðir að 65,8% eru óörugg með vinnu í sumar.*
  - *70,8 % telja aðstæðurnar vera hafa áhrif á möguleika sína á sumarstarfi nima í sumar, 13,3% eru óviss.*
  - *81,1% upplifa auknar fjárhagsáhyggjur vegna COVID-19, að litlu, einhverju eða mjög miklu leiti. Stærstur er síðast nefndi hópurinn en tæp 35% upplifa mjög mikla auknar fjárhagsáhyggjur*

Tæp 20% stúdenta HÍ óttast að einhverju leyti að þeir **missi húsnæði sitt**. Þá spurðum við úti fjárhagsáhyggjur á skalanum 1-10 og höfðu 53% stúdenta **fjárhagsáhyggjur** á stigi 6 eða yfir. Foreldrar höfðu töluvert meiri áhyggjur sem og einstaklingar í leiguhúsnæði en í báðum þessum hópum voru 64-65% svarenda með fjárhagsáhyggjur á stigi 6 eða yfir. Foreldrar í námi á Íslandi er rúmlega þriðjungur námsmanna skv. könnun Eurostudent. Eins og staðan er í dag er því um fjölskyldur að ræða sem horfa margar fram á framfærslulaust sumar.

Krafa stúdenta um rétt til atvinnuleysisbóta er ekki lögð fram í hugsunarleysi eða tómarúmi. Staðan er einfaldlega þannig að margir standa frammi fyrir gríðarlegri óvissu og þrá öryggi, þrá að vita að þeir geti átt fyrir grunnþörfum barna sinna, leigu sinni, þrá að vita að þeir geti haldið áfram námi næsta haust en þurfi ekki að skrá sig úr námi til að geta skráð sig á atvinnuleysisbótaskrá og þar með haft aðgang að einhverskonar framfærsluaðstoð ríkisins. Námsmenn án framfærslu mun verða byrði á samfélaginu og sveitarfélögunum og það mun leiða til brottfalls úr námi. Samstarfsnefnd háskólastigsins sem skipuð er öllum rektorum háskóla landsins styður erindi stúdenta um að stúdentum verði gefinn rýmri réttur til atvinnuleysisbóta í lögum um atvinnuleysistryggingar skv. [bréfi\\*](#) frá 26. mars. Samstarfsnefndin metur það svo að það er **nauðsynlegt á þessum óvissutímum að standa vörð um fjárhagsöryggi stúdenta**.

Hvað seinni tillöguna í 1. tl. varðar telur Stúdentaráð hugmyndina áhugaverða en jafnframt þarf að huga vel að útfærslu hennar. Skilningur Stúdentaráðs er sá að með tillögunni sé gert ráð fyrir að Lánasjóðurinn taki sér að vissu marki hlutverk Vinnumálastofnunar í hlutabótaleiðinni. Hér þarf að huga að því hvort framfærslustyrkir af þessu tagi eigi að vera háðir lántöku, hvort sem er yfir sumarið eða á fyrri skólaönnunum. Nú þegar er í boði fyrir námsmenn að fá lán fyrir námi á sumarönn en framfærslustyrkur af þessu tagi væri þá sérstakur að því leyti að um væri að ræða lán eða styrk frá Lánasjóðnum sem ekki væri háð

námsframvindu yfir aðstoðartímann. Aðgerð af þessu tagi væri því óvenjuleg en að mati Stúdentaráðs ekki óskynsamleg. Góð eiginfjárstaða sjóðsins býður upp á tímabundna útvíkkun réttinda hjá sjóðnum og ef vilji löggjafans er til þess að sjóðurinn rói á þessi mið er Stúdentaráð til reiðu búið að taka þátt í útfærslu úrræði síns.

### Um 2. tl. tillögunnar

Stúdentaráð hvetur til samþykktar á 2. tl. tillögunnar um að bæta geðheilbrigðisþjónustu námsmanna. Tillagan er í samræmi við herferð Landssamtaka íslenskra stúdenta sem Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur tekið þátt í. Í dag starfa þrír sálfræðingar við Háskóla Íslands í 50% starfi hver. Þeim er ætlað að þjónusta 13.000 nemendur og eru biðlistar í einstaklingsviðtöl því skiljanlega langir. Önnur úrræði á borð við HAM-hópmeðferðir og sálfræðiráðgjöf klínískra sálfræðinema standa stúdentum einnig til boða og hefur áttak Stúdentaráðs í geðheilbrigðismálum sem staðið hefur yfir síðustu 3 ár, skilað góðum árangri innan Háskóla Íslands. Betur má ef duga skal og eru enn stúdentar sem komast ekki að í sálfræðiráðgjöf eða geðheilbrigðisþjónustu sem þó sækjast eftir því. Framtaki sem háskólinn hefur staðið undir sjálfur og sinnt vel ber ríkinu að styðja og gera enn hærra undir höfði.

### Um 5. tl. tillögunnar

SHÍ hvetur til samþykktar á 5. tl. tillögunnar um að efla rannsóknarsjóði enn frekar og ætti að huga sérstaklega að fjármagni í grunnrannsóknir.

### Að lokum

Leiðir ríkisstjórnarinnar um sumarstörf, og það fjármagn sem lofað hefur verið, er vissulega hluti þess sem við höfum kallað eftir og því ber að fagna. Á sama tíma grípa aðgerðirnar ekki alla og þeir stúdentar sem eftir standa hafa engin fjárhagsleg úrræði. Stúdentar sem ekki eiga bakland eða eru verr staddir félagslega, lenda undir. Til SHÍ leita stúdentar sem sjá ekki fyrir sér að eiga í sig og á, eiga ekki fyrir skrásetningargjöldum, námsbókum eða almennum lífsnaðsynlegum útgjöldum í sumar og næsta haust. Betur má ef duga skal.

Stúdentaráð ítrekar [kröfur ráðsins](#) 12. apríl og Stúdentaráð hvetur allsherjar- og menntanefnd Alþingis til þess að gefa stúdentum sama kost og aðrir landsmenn, á úrræði atvinnuleysisbóta ef allt annað þrýtur.

Fyrir hönd ráðsins

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

## SJÓÐIR STÚDENTARÁÐS

### HRAFNKELSSJÓÐUR

Forseti Stúdentaráðs situr sem formaður sjóðsstjórnar Hrafnkelssjóðar. Hrafnkelssjóður var stofnaður 1930 af hjónunum Ólafíu Guðfinnu Jónsdóttur og Einari Þorkelssyni til minningar um son þeirra, Hrafnkel Einarsson. Við stofnun sjóðsins 1930 var ákveðið að Hrafnkelssjóður yrði virkur þegar öld væri liðin frá fæðingu Hrafnkels, 13. ágúst 2005. Veittur hefur verið styrkur úr sjóðnum sex sinnum og á þessu starfsári var sjöunda styrkveitingin.

Auglýst var eftir umsækjendum fyrir sjöundu styrkveitingu sjóðsins í gegnum almennan háskólapóst, í Stúdentablaðinu, á heimasíðu Stúdentaráðs og á samfélagsmiðlum. Úthlutun verður 13. ágúst 2020.

### STÚDENTASJÓÐUR

#### Í stjórn Stúdentasjóðs 2019-2020 sátu:

- Egill Örn Richter
- Lenya Rún
- Magdalena Katrín Sveinsdóttir
- Eva Ragnarsdóttir Kamban
- Ásdís Erla Jóhannsdótti
- Mikael Rafn Línberg Steingrímsson
- Embla Dís

Á árinu var áfram notast við rafrænar umsóknir og lagt til að umsækjendur notuðust við Google Drive og Dropbox til að gera nauðsynleg fylgiskjöl aðgengileg. Ef vandkvæði komu upp fyrir úthlutanir í tengslum við skýringar á lögum og reglum sjóðsins tók stjórn afstöðu í sameiningu áður en úthlutun hófst. Ef vandkvæði komu upp meðan á úthlutun stóð tók stjórn einnig afstöðu í sameiningu um þau vandkvæði.

Dagsetningar á úthlutunarfundum stjórnar stúdentasjóðs 2018-2019:

- 29. október 2018
- 17. desember 2018
- 14. mars 2019
- 14. maí 2019

Nánari skýrslu um störf stjórnar er að finna á skrifstofu SHÍ.

## SAMSTARFSAÐILAR STÚDENTARÁÐS

### NEMENDAFÉLÖG OG ÖNNUR FÉLÖG INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í upphafi starfsárs var lögð mikil áhersla á að efla samskipti Stúdentaráðs við nemendafélög og upplýsa þau um allar boðleiðir ásamt starfi ráðsins.

Í upphafi haustannar 2019 var boðað til fyrsta nemendafélagsfundarins, en öll nemendafélög innan Háskólans voru boðuð og máttu tveir fulltrúar frá hverju félagi sækja fundinn. Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 27. ágúst í HT-101 Haldin var stutt kynning á Stúdentaráði og skrifstofu Stúdentaráðs. Þá var farið yfir Októberfest, staða alþjóðlegra nema

kynnt, vísó í Stúdentaráð kynnt og farið yfir helstu hagsmunamál framundan og var hagsmunafulltrúi SHÍ með sérstaka kynningu.

Fundurinn var auglýstur með tölvupósti og á sameiginlegri Facebook síðu nemendafélaganna og SHÍ. Sá vettvangur nýttist vel þar sem nemendafélögin gátu átt í samskiptum sín á milli auk þess sem Stúdentaráð gat miðlað efni til nemendafélaganna.

Annar fundur fór fram 14. nóvember og var þá tilkynnt um nýtt kosningafyrirkomulag, vísó í stúdentaráð voru rædd og fengu nemendafélögin kynningu á Tengslatorgi. Þriðji fundurinn fór fram 22. janúar og var þá farið nánar yfir hvernig kosningar virka til Stúdentaráðs, rætt var um 100 ára afmæli Stúdentaráðs, farið var yfir þrennó í Vísó og boðið uppá spurningar. Fjórdi fundur með nemendafélögum féll niður vegna COVID-19.

## REKTOR

Forseti Stúdentaráðs átti reglulega fundi með rektor Háskóla Íslands, Jón Atla Benediktssyni. Mikil samstarfvilji var hjá rektor við stúdenta og gátu stúdentar átt opið og hreinskilið samtal á reglulegum fundum þeirra. Afhenti forseti SHÍ þar oft og tíðum formlega ályktanir, umsagnir eða yfirlýsingar ráðsins. Forseti SHÍ gat tekið stúdenta eða annað starfsfólk skrifstofu SHÍ með á fundi og nýttu Röskvuliðar sér það boð eitt sinn. Þá var framkvæmdastýra SHÍ viðstödd fund vegna fjármögnunar SHÍ svo dæmi séu tekin. Mælt er með því að halda reglulegum fundartímum með rektor áfram næsta árið.

Á þessu starfsári lagði forseti SHÍ áherslu á stuðning rektors við málflutning stúdenta vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna og skrifuðu rektor og forseti SHÍ sameiginlega grein vegna málsins. Umhverfis- og loftslagsmál voru fyrirferðarmikil, krafa um yfirlýsingu skólans um neyðarástand og tillaga SHÍ að aðgerðaráætlun skólans vegna loftslagsvánnar, stuðning skólans vegna loftslagsverkfallanna svo dæmi séu tekin. Rætt var um 100 ára afmæli SHÍ og hlaut Stúdentaráð stuðning rektors fyrir verkefni með RÚV til þess að gera 60 mínútna þátt um 100 ára sögu Stúdentaráðs og var stúdentum lofað frekari stuðningur vegna aldarafmælisins. Mikið var rætt um Grósku og Vísindagarða og framvindu þeirra verkefna og starfsemi þar. Óskað var eftir stuðningi rektors við að tryggja stúdentum fýsileg kjör í World Class sem átti að koma á háskólasvæðið og gekk það vel, tafir á opnun stöðvarinnar vegna COVID-19 hafa þó tafið framvindu þess máls. Staða geðheilbrigðismála stúdenta voru rædd og tafir á ráðningu þriðja sálfræðingsins vegna húsnæðisaðstöðu gerðar rektori ljósar sem leystist í kjölfarið. Aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum voru tíðræddar á fundunum og afstöðu SHÍ gegn aðkomu skólans að þeim haldið uppi. Afstaða stúdenta gegn hækkun skrásetningargjalda og bílastæðamál voru rædd svo dæmi séu tekin.

## STJÓRNSÝSLA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Gott samtal við aðra starfsmenn stjórnarsýslu Háskólans er mikilvægur þáttur í hagsmunabaráttu stúdenta og til þess að auka skilning stjórnarsýslunnar á starfsemi Stúdentaráðs. Reglulegir fundir áttu sér stað með skrifstofu Alþjóðasamskipta, framkvæmda- og tæknisviði auk markaðs- og samskiptasviðs. Rektorsskrifstofan í heild sinni var sömuleiðis mjög hjálpleg.

## LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

Á starfsárinu myndaðist gott samstarf við forystu LÍS, þá sérstaklega milli meðlima SHÍ í fulltrúaráði og nýs forseta LÍS, Sigrúnu Jónsdóttur, en hún tók við sæti forseta eftir afsögn forseta LÍS Sonju Bjargar. LÍS og SHÍ skipulögðu áfram loftslagsverkfallið og unnu saman að

herferð vegna Menntasjóðsnámsmanna, Hugrúnar geðfræðslufélags og fleiri verkefna yfir árið. Huga þarf að sögu félaganna og er mikilvægt að treysta samstarf milli forystu SHÍ og LÍS strax í upphafi starfsárs.

Stúdentaráð á tvo fulltrúa í fulltrúaráði LÍS sem funda einu sinni í mánuði. Þar mæta fulltrúar frá öllum aðildarfélögum LÍS og ræða málefni LÍS sem og málefni aðildarfélaganna. Elísabet Brynarsdóttir, fyrrum forseti SHÍ, og Jóna Þórey Pétursdóttir sitjandi forseti SHÍ, áttu sæti í fulltrúaráði LÍS starfsárið 2019-2020.

#### LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA

Stúdentaráð á einn fulltrúa innan fulltrúaráðs LUF (Landssambands ungmennafélaga) sem situr í ár í senn. Skv. lögum Stúdentaráðs er sá fulltrúi valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn. Í ár sat Benedikt Traustason, varaforseti sem fulltrúi SHÍ í ráðinu og Guðjón Björn Guðbjartsson hagsmunafulltrúi tók varasæti. Fulltrúaráð miðar við að funda að minnsta kosti fjórum sinnum yfir árið. LUF býður öllum aðildarfélögum sínum uppá að taka þátt í Leiðtogaskóla Íslands (LSÍ), árlegu verkefni þeirra sem býður félögum aðildarfélaga að þjálfa persónulega hæfni sína, efla tengslanet, deila reynslu, auka getu og valdefla sig á sviði leiðtogahæfni.

#### FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

Á starfsárinu átti skrifstofa Stúdentaráðs í nánum og góðum samskiptum við skrifstofu Félagsstofnunar stúdenta og ljóst að samstarfið skiptir stúdenta miklu máli.

Forseti Stúdentaráðs situr sem áheyrnarfulltrúi í stjórn FS sem hefur mjög jákvæð áhrif á starfið, þar sem forseti SHÍ getur þá lagt til tillögur til stjórnar beint og farið með mál frá stjórn til Stúdentaráðs. Þá voru tíðir fundir forseta Stúdentaráðs með framkvæmdastjóra FS varðandi hagsmunamál stúdenta á borð við uppbyggingu stúdentaíbúða.

FS fagnaði opnun stærstu stúdentagarða landsins með opnun Mýrargarðs og ávörpuðu borgarstjóri og rektor samkomuna sem og Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS. Félagsstofnun stúdenta stendur fyrir öflugum starfi og hafa stúdentar mikinn hljómgrunn varðandi starfsemi þeirra. Á þessu starfsári var hlustað vel á raddir stúdenta og voru margir sigrar sem unnust á árinu. Þar á meðal má nefna:



- Réttur doktorsnema til hámarkstíma var aukinn til jafns við aðra stúdenta
- Skóflustunga var tekin við Gamla Garð
- Einn heitur réttur og ein súpa ávallt vegan í boði í Hámu
- 5 nýjum vegan samlokum var bætt við í Hámu
- Fjölgun vegan salata á salatbarnum og fleiri vegan réttir á kjallaranum komu einnig fram í ár.
- Plasthnífapör voru fjarlægð
- Sala á vatni í flöskum var hætt
- Prófpölysurar voru í fyrsta sinn líka vegan

## FYRIRTÆKI

Vel hafði gengið að snúa rekstri Stúdentaráðs við frá því að Röskva tók við meirihluta í Stúdentaráði 2017. Þar til í ár hafði sú vinna einkennst af gerð samstarfssamninga við fyrirtæki á almennum markaði. Skilmálar samninganna eru að jafnaði bundnir trúnaði og verða þeir því ekki til umfjöllunar, en sá siður hefur verið á að Stúdentaráðsliðum og fleirum sem þessir samningar kunna að verða geta skoðað samningana á skrifstofu Stúdentaráðs. Í ár voru gerðir samningar við Símann, Landsbankann og var enn í gildi samningur við Atlandsolíu frá því í fyrra. Í ár lagði skrifstofa Stúdentaráðs hins vegar uppúr að endursemjja við Háskóla Íslands um fjárveitingar skólans til Stúdentaráðs og dró því úr umsvifum Stúdentaráðs við einkafyrirtæki frá síðasta ári.

## KJÖRSTJÓRN OG KOSNINGAR 2020

Á Stúdentaráðsfundi þann 21. nóvember 2019 samþykkti Stúdentaráð eftirfarandi fulltrúa í kjörstjórn SHÍ fyrir árið 2020; Albert Guðmundsson, Elísu Björg Grímsdóttur Jón Birgi Eiríksson og Ragnar Auðun Árnason sem jafnframt var kjörin forseti hennar. Ragnar og Elísa voru tilnefningar Röskvu samtaka félagshyggjufólks við Háskóla Íslands en Albert og Jón tilnefningar Vöku félagi lýðræðissinnaðra stúdenta. Á fundi Stúdentaráðs var lagabreyting þess efnis að seinka kosningum til Stúdenta- og háskólaráðs samþykkt, ákveðið var því að halda kosningarnar 25. og 26. mars.

## FUNDIR KJÖRSTJÓRNAR

### 9. janúar

Kjörstjórn hittist á skrifstofu SHÍ þann 9. janúar 2020, var þetta fyrsti fundur kjörstjórnar. Skrifstofa Stúdentaráðs er staðsett á 3. hæð Háskólatorgs, Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík. Gestir fundarins voru þær Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs og Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir, fráfarandi forseti kjörstjórnar.

Farið var yfir tímalínu sem að fyrrum kjörstjórn vann eftir og Málfríður fór yfir vafamál síðast árs. Þá hafði Kristján Orri Víðisson, formaður kjörstjórnar 2018 einnig sent skýrslu kjörstjórnar frá því ári og var hún einnig skoðuð. Farið var yfir næstu skref kjörstjórnar, ákveðið var að halda fund Seinni partinn í janúar og halda hann með fulltrúa Upplýsinga- og tæknisviðs Háskóla Íslands sem sjá um framkvæmd kosninganna.

Tengiliðir inn í fylkingarnar sem kjörstjórn hafði samband við voru:

Fyrir hönd Vöku: Ingveldur Anna Sigurðardóttir, formaður Vöku

Fyrir hönd Röskvu: Rebekka Karlsdóttir, forseti Röskvu.

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í kærunefnd, í samræmi við d-lið 65. Gr. laga SHÍ:

- Sigmar Aron Ómarsson.
- Jóhannes Tómasson.
- Kristín Una Pétursdóttir.

Dagsetningar sem Stúdentaráð hafði lagt til fyrir kosningarnar þ.e.a.s. 25.-26. mars 2020 og haft var samband við formenn beggja fylkinga til upplýsingar.

Einnig var sett upp tímalína til að vinna eftir út frá lögum SHÍ og skýrslu kjörstjórnar frá 2018 og 2019.

- Fá aðgang að kjörstjórnar emaili
- Ákveða dagsetningar
  - 25. og 26. mars
- Skipa kærunefnd
- Ræða við Upplýsinga- og tæknisvið HÍ sem og Nemendaskrá
- Tilkynna framboðsfrest (senda út tölvupóst í vikunni, 3. mars)
  - Semja tölvupóst sem sendur verður út
- Fá lista hjá nemendaskrá
  - Helga Lind Mar, framkvæmdastjóri SHÍ fær hann
- Ákveða hvenær kjörskrá þarf að vera komin á skrifstofu SHÍ svo hægt sé að skoða hana
- Ákveða hvenær framboðsfrestur rennur út. Vera á skrifstofu SHÍ milli 16 og 18 og svo fara yfir undirskriftir eftir það
- Ákveða hvenær frestur til að kæra kjörskrá rennur út
- Hafa þrífukosningar vikunni fyrir kosningar
- Skila skýrslu kjörstjórnar 20. apríl

## 21. janúar

Þrír fulltrúar kjörstjórnar (Ragnar, Albert og Jón) hittu Hörð starfsmann Upplýsinga- og tæknisviðs HÍ til þess að fara yfir kosningakerfið. Síðan var stefnan sett á að hitta starfsmenn nemendaskrár, eftir nokkra tölvupósta og símhringingar í nemendaskrá tókst forseta kjörstjórnar loksins að hafa upp á Kristínu skrifstofustjóra. Hún taldi ekki nauðsynlegt að hittast og sendi forseta kjörstjórnar verklagsreglur varðandi kjörskrána.

## 2. mars

Kjörstjórn hittist í fundarherbergi SHÍ og samdi m.a. tölvupóst til allra nemenda HÍ og lýsti eftir framboðum til Stúdenta- og háskólaráðs.

## 3. mars

Sendur var eftirfarandi tölvupóstur á alla nemendur HÍ.

**- ENGLISH VERSION BELOW -**

*Kæru nemendur,*

***Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) lýsir hér með eftir framboðum til Stúdentaráðs og háskólaráðs árið 2020. Þar munu nemendur hvers fræðasviðs kjósa sér fulltrúa í Stúdentaráð með því að velja á milli frambjóðenda af sínu sviði. Að auki kjósa nemendur Háskóla Íslands tvo aðalfulltrúa og tvo varafulltrúa sem sitja í háskólaráði HÍ til næstu tveggja ára.***

*Kosningarnar verða haldnar miðvikudaginn 25. og fimmtudaginn 26. mars n.k. Þær eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, Ugluna ([www.ugla.hi.is](http://www.ugla.hi.is) <<http://www.ugla.hi.is/>> ), frá kl. 09:00-18:00.*

*Framboð til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu uppfylla reglur Kafla IX. laga SHÍ um Kosningar og kjörstjórn.*

*Skilafrestur framboða er til kl 18:00, 16. mars 2020.*

*Kjörstjórn mun taka á móti framboðum á 3. hæð Háskólatorgs á skrifstofu SHÍ, frá klukkan 16:00-18:00 síðasta framboðsdaginn, og verður ekki tekið við framboðum eftir þann tíma. Komi upp vandkvæði skal hafa samband við formann kjörstjórnar, Ragnar Auðun Árnason, í gegnum netfangið [kjor@hi.is](mailto:kjor@hi.is) <<mailto:kjor@hi.is>> .*

*Kjörskrá mun liggja frammi á skrifstofu Stúdentaráðs þann 11. mars og skulu kærur vegna kjörskrár hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl 12:00 þann 18. mars. Á kjörskrá eru þeir nemendur sem skráðir eru í nám við Háskóla Íslands skólaárið 2019-2020 og hafa ekki afskráð sig af úthringilista, sbr. tölvupóstur til nemenda mánudaginn 24. febrúar sl.*

*Vakin er athygli á því að eftir almennar kosningar til kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs er haldinn skiptafundur Stúdentaráðs þar sem fram fer kosning á forseta, varaforseta, hagsmunafulltrúa og lánasjóðsfulltrúa SHÍ. skv. Kafli VI laga SHÍ*

*Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands árið 2020 skipa Albert Guðmundsson, Elísa Björg Grímsdóttir, Jón Birgir Eiríksson og Ragnar Auðun Árnason (formaður).*

*F.h. Kjörstjórnar SHÍ,*

*Ragnar Auðun Árnason*

*[kjor@hi.is](mailto:kjor@hi.is) <<mailto:kjor@hi.is>>*

*- - ENGLISH VERSION - -*

*Elections to the Student and University Council 2020.*

*The elections for the Student Council and the University Council will be held on 25th and 26th of March. Candidacy for the elections shall be handed the Election Board at the Student Council office (located at the third floor in Háskólatorg) from 4pm to 6pm on the 16th of March.*



*If any difficulties arise, please contact the Election Board. See information below.*

*The elections will be online and students vote through Ugly (ugla.hi.is), the intra web of the University. The election days will be on the 25th and 26th of March and will be open online between 9am to 6pm. If, for some reason, you are unable to vote on the election days, the Election Board can be contacted, for further help and advice at [kjor@hi.is](mailto:kjor@hi.is) <<mailto:kjor@hi.is>>.*

*The list of those eligible to vote is available at the Student Council office, there you can make sure you are on the list or make requests to be added to it. Such requests shall be made before noon on the 18th of March. Everyone who has been registered at the University of Iceland in the school year of 2019-2020 is eligible to vote. Further requirements and conditions for the candidacy are to be found in chapter IX. in the Statute of the Student Council.*

*After the election for the Student Council and the University Council there will be held a Student Council meeting where the new Student Council members will vote for a chairman, vice-chairman, student rights and student loan officers.*

*On behalf of the Election Board,*

*Ragnar Auðun Árnason, chairman of the election board*

### **9. mars**

Kjörstjórn barst spurning um hvort nemandi í þverfaglegu námi mætti velja á hvaða lista hann væri, kjörstjórn taldi réttast að nemandinn veldi hvaða sviði hann tilheyrði, þar sem hann væri nemandi á tveimur sviðum.

### **11. mars**

Framboðum var tilkynnt að hægt væri að nálgast kjörskrá á skrifstofu SHÍ klukkan 17:00, að því gefnu að framboðslistum væri skilað inn. Tveir fulltrúar kjörstjórnar (Ragnar og Jón) mættu upp á skrifstofu SHÍ til þess að taka við framboðum. Tvö framboð skiluðu inn listum á öllum sviðum (Röskva og Vaka), allir listar voru samþykktir án athugasemda og fengu framboðin aðgang að kjörskrá. Farið var yfir verklagsreglur Nemednaskrár um meðferð kjörskrá með fulltrúum fylkinganna, f.h. Röskvu, Rebekka Karlsdóttir og f.h. Vöku, Ingveldur Anna Sigurðardóttir. Hægt var að koma andmælum varðandi kjörskrá til 10. janúar, engin andmæli bárust.

### **13. mars**

Samkomubann tók gildi á Íslandi, forseti kjörstjórnar hafði samband við fulltrúa fylkinganna og bað þá um að virða reglur samkomubannsins.

### 16. mars

Send var ítrekun á nemendum um að frestur tli þess að skila inn framboði rynni út sama dag, engin fleiri framboð bárust. Þá skiluðu framboðin inn meðmælendalistum, báðir listar voru samþykktir með nokkrum athugasemdum sem komu ekki að sök.

Það fólst í því að Vaka skilaði inn rúlega 120 undirskriftum fyrir framboðslista til stúdentaráðs, en Röskva skilaði inn mun fleiri undirskriftum, þ.e. 15 á hvern frambjóðanda og þar munu allar slíkar undirskriftir hafa borist af viðkomandi sviðum. Kjörstjórn fór yfir það og eftir yfirferðina tók það gott og gilt í ljósi síðasta málsliðar lagagreinarinnar sem fjallar um undirskriftirnar. Rökin voru þau að síðasti málsliðurinn trompi það sem kemur að framan enda sé það sértæk regla gagnvart því sem kom fram á undan. Þ.e.a.s. bjóði fylking fram á öllum sviðum, þá eiga að nægja 120 undirskriftir í heild. Kjörstjórn bendir samt Stúdentaráði að skýra þurfi lagagreinin.

### 19. mars

Kjörstjórn barst ábending um að frambjóðandi væri að brjóta reglur er varða sóttkví, kjörstjórn hafði samband við fulltrúa þeirrar fylkingar sem einstaklingurinn tilheyrir og bað um að reglurnar yrðu virtar. Einstaklingurinn var ekki meðvitaður um að hann ætti að vera í sóttkví og brást skjótt við.

### 20. mars

Kjörstjórn hélt fund á skrifstofu SHÍ ásamt framkvæmdastjóra SHÍ, Helgu Lind Mar. Farið var yfir framkvæmdir kosninganna vegna samkomubanns. Þá prófuðu fulltrúar kjörstjórnar kosningakerfið og gekk það eins og í sögu.

### Kjördagar 25. og 26. mars

- Kvartanir bárust kjörstjórn frá báðum fylkingum varðandi brot á 33. gr. d. laga SHÍ um áróður á kjörstað. Ákveðið var vegna samkomubanns og í ljósi þess að Háskólinn var lokaður nemendum að auglýsingar þar hefðu ekki áhrif á framgang kosninganna.
- Ábending barst um að frambjóðandi Röskvu væri að benda á að hægt væri að blanda listum ef fólk vildi kjósa af sitthvorum listanum. Kjörstjórn sagði frambjóðandanum að það væri ekki boðlegt og sendi póst á alla nemendum um að frambjóðendur mættu ekki legg til við kjósendur að raða á lista. Ekki komu frekari ábendingar og aðhafðist kjörstjórn því ekki meira.
- Kjörstjórn barst ábendingar um að fylkingarnar hefðu hringt of oft í einhverja nemendum, kjörstjórn ítrekaði við fylkingarnar um að virða verklagsreglur Nemendaskrár.

Kjörstjórn fór út að borða á Le Cock og í drykki á íslenska barnum. Þar voru úrslitin opnuð og var kostnaður 38.880 kr.-. Farið var að lokinni máltíð og tilkynnt um úrslit fyrir

fylkingunum, þar sem einungis 17 einstaklingar fulltrúar fylkinganna voru í sitthvorri kosningamiðstöð til þess að virða samkomubann.

Tillögur kjörstjórnar að úrbótum:

- Skýra ákvæði laga SHÍ um til hlýðandi stuðning framboða, sbr. 37. gr. e.
- Skýra þarf hvenær framboð geta nálgast kjörskrá og að það sé á sama tíma og stuðning við framboðslista og framboðslistum er skilað inn.

### **Verkferill við afhendingu kjörskrár til SHÍ.**

**Unnið og samþykkt af Jónasi Má Torfasyni, frkv.stj. SHÍ skólaárð 2018-2019, Birni Atla Davíðssyni lögfr. HÍ og Kristínu Jónasdóttur, skrifst.stj. Nemendaskrár HÍ.**

*(Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs)*

Stúdentaráð Háskóla Íslands skuldbindur sig til að tryggja eftirfarandi, svo að meðferð kjörskráar fyrir Stúdentaráðskosningar árið 2019 verði í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga:

- Með kjörskrá (eða hér eftir „gögnin“) er átt við lista af nemendum sem skráðir voru til náms við Háskóla Íslands í upphafi árs sbr. reglur Stúdentaráðs um framkvæmd kosninga til Stúdentaráðs, ásamt kennitölu þeirra og fræðadeild.
- Gögnin eru afhent framkvæmdastjóra Stúdentaráðs af Nemendaskrá Háskóla Íslands. Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs ber ábyrgð á framkvæmd samkvæmt þessari yfirlýsingu.
- Framkvæmdastjóra er heimilt að afhenda gögnin til kjörstjórnar Stúdentaráðs og Upplýsingatæknisviðs HÍ til notkunar við framkvæmd kosninga. Vinnsla takmarkast við það sem nauðsynlegt telst til að framkvæma kosningar samkvæmt reglum Stúdentaráðs og eðli máls.
  - Kjörskránni skal fargað að kosningum loknum undir eftirliti framkvæmdastjóra Stúdentaráðs.
- Kjörskráin verður einungis afhent frambjóðendum kosninga til notkunar í kosningabaráttu að gættum skilyrðum persónuverndarlaga nr. 90/2018, sér í lagi reglur um afhendingu á nemendaskrá til notkunar í markaðstilgangi sbr. 5. mgr. 21. gr. laganna, ásamt viðeigandi ákvæðum fjarskiptalaga.
  - Áður en slík skrá er afhent skal haldinn fundur með forsvarsmönnum framboða, þar sem farið er yfir heimila og óheimila notkun á kjörskrá í markaðstilgangi.
    - Þar skal m.a. fara yfir hverskonar vinnsla á gögnum er heimil, hvaða kröfur eru gerðar fyrir afhendingu gagnanna og hvaða öryggiskröfur eru gerðar um varðveislu gagnanna. Afhenda skal forsvarsmönnum framboðanna skriflegar leiðbeiningar um ofangreint.
    - Forsvarsmönnum framboða skal m.a. gert viðvart um að öllu jöfnu er óheimilt að hringja oftar en þrisvar sinnum í sama einstakling.

- Forsvarsmenn framboða fá gögnin einungis afhent að því uppfylltu að unnið sé drengskaparheit um meðferð upplýsinganna samkvæmt fyrirmælum laga og að fyrir liggi hvar gögnin verða hýst og hver muni hafa aðgang að þeim á meðan kosningatímabil stendur yfir. Framboð skulu halda vinnsluskrá sem vinnsluaðili ber ábyrgð á, á meðan gögnin eru enn í þeirra vörslu.
- Forsvarsmenn framboða fá gögnin einungis afhent að því skyldu að skipaður hefur verið sérstakur ábyrgðarmaður gagnanna. Hlutverk hans verður að ábyrgjast rétta meðferð gagnanna og að ábyrgjast að allar kvartanir sem framboðið verður var við í markaðsstarfsemi sinni sé komið áleiðis til kjörstjórnar og framkvæmdastjóra Stúdentaráðs.
- Gögnunum skal fargað að kosningum loknum undir eftirliti framkvæmdastjóra Stúdentaráðs.
- Stúdentaráð afhendir einungis kjörskrá í báðum ofangreindum tilvikum að gengið sé úr skugga um að skrárnar séu hýstar á fullnægjandi máta, þar sem ábyrgðarmaður skv. c-lið 2. gr. hér að ofan getur stýrt hver hefur aðgang að gögnunum.
- Allar kvartanir sem berast framboðum og kjörstjórn skulu skráðar sérstaklega og viðeigandi upplýsingum komið til annarra framboða, svo að önnur framboð sem bjóða fram í kosningunum sé gert viðvart um kvörtunina og þeim gert að taka viðkomandi út af sinni skrá á ábyrgð ábyrgðarmanns.
- Stúdentaráð skal halda vinnsluskrá sem ábyrgðaraðili þar til gögnunum hefur verið tryggilega fargað af öllum ofangreindum aðilum og Stúdentaráði. Stúdentaráð heldur vinnsluskrá f.h. kjörstjórnar.
  - Stúdentaráð mun ekki afhenda kjörskrá öðrum en þeim sem tryggilega hafa boðað framboð sitt samkvæmt lögum Stúdentaráðs og kjörstjórn.

*F.h. kjörstjórnar*

*Ragnar Auðun Árnason, forseti kjörstjórnar*

## VIÐAUKI A – ÁRSSKÝRSLUR SVIÐSRÁÐA

### SVIÐSRÁÐ FÉLAGSVÍSINDASVIÐS

#### Ársskýrsla sviðsráðs Félagsvísindasviðs 2019-2020

##### Meðlimir:

Róbert Ingi Ragnarsson – Forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs

Ingveldur Anna Sigurðardóttir – Umsjónaraðili samfélagsmiðla

Viktor Örn Ásgeirsson - Umsjónarmaður fulltrúaráðs

Tinna Líf Jörgensdóttir

Úlfur Traustason

Lilja Guðmundsdóttir

Adda Malín Villhjálmisdóttir – (Kom inn í stað Margrétar Óskar Gunnarsdóttur 25.9.2019)

Fulltrúar skiptu með sér ritara embættinu í kjölfar afsagnar Margrétar Óskar.

##### Hlutverk ráðsins:

Hlutverk sviðsráðs er að gæta hagsmuna stúdenta innan sviðsins og vera málsvari stúdenta í stjórn sviðsins sem og nefndum þess. Sviðsráð fundaði, samkvæmt verklagsreglum sviðsráðs, að staðaldri hverju sinni fyrir hvern Stúdentaráðsfund. Að því sögðu þá voru einhverjir fundir sem féllu niður og aðrir sem bættust við vegna anna. Að auki var upplýsingaflæði frá forseta sviðsráðs og sviðsráðsins skýrt í gegnum samfélagsmiðla.

##### Fjármunum varið:

Óskað er eftir því að hér geri nefndir grein fyrir fjármunum sem var varið í verkefnið, styrkjum sem þær fengu fyrir verkefninu o.þ.h og gefi upp hvort nefndin komi út í plús, mínus eða á sléttu.

Sviðsráð lagðist ekki í nein átök sem kröfðust herferða en upp kom sú hugmynd að framleiða stutt myndskaið varðandi aðgengi í byggingar sviðsins. Ákveðið var að hætta við þá framkvæmd sökum þess að starfshópur um málefni fatlaðs fólks hafði verið settur á laggirnar. Hér eru því allir útgjaldaliðir sviðsráðs 2019-2020.

*Gjöld: 0 kr.*

*Tekjur: 0 kr.*

*= 0 kr.*

##### Nefndir Félagsvísindasviðs:

Á félagsvísindasviði eru starfandi tvær nefndir sem stúdentar eiga sæti í ásamt því að eiga sæti í stjórn sviðsins og fulltrúa í stúdentasjóð.

Fulltrúi sviðsráðs í stjórn Félagsvísindasviðs var Róbert Ingi Ragnarsson og Tinna Líf Jörgensdóttir var varafulltrúi hans.

Fulltrúi sviðsráðs í kennslunefnd sviðsins var Nanna Hermannsdóttir

Fulltrúi sviðsráðs í jafnréttisnefnd sviðsins var Elín Huld Melsteð

Fulltrúi sviðsráðs í Stúdentasjóð var Egill Örn Richter

Fulltrúar í skemmtinefnd sviðsráðs voru Margrét Ósk (Seinna, Ingveldur Anna) og Tinna Líf Jörgensdóttir.

### Verklagsreglur

Verklagsreglur voru samþykktar af ráðinu á skiptafundi með einni viðbót um skemmtinefnd sem tók til starfa og stóð fyrir einum viðburði á árinu fulltrúum ráðsins til mikillar ánægju. Reglurnar má nálgast [hér](#)

### Hvað gekk vel og hvað má gera betur:

Óskandi hefði verið að fleiri mál hefðu getað unnist á misserinu. Meginþorri tímans fór í stærri verkefni eins og sjúkra- og endurtektarpróf sem voru tekin fyrir á hverjum einasta stjórnarfundum Félagsvísindasviðs frá því um miðjan nóvember. Samskipti milli sviðsráðs og nemendafélaga hveirrar deildar gengu vonum frammar og er þá helst að þakka Viktori Erni og utanumhaldi hans á fulltrúaráði sviðsins.

Samskipti milli sviðsráðsforseta og fulltrúa sviðsráðs í kennslunefnd gengu vel og fékk forseti uppfærslur eftir hvern einasta fund.

### Sjúkra- og endurtektarpróf

Meginþorri starfsárs forseta sviðsráðs fór í að halda áfram að reyna að breyta tímasetningum sjúkra- og endurtektarprófa. Ferli málsins verður hér lauslega rakið og þó svo að vel hafi tekist til á starfsárinu og litlir sigrar náðst er enn þó nokkuð í land og því er nauðsynlegt fyrir verðandi sviðsráðsforseta að halda málinu til streitu.

Á starfsárinu 2018-2019 framkvæmdi sviðsráð könnun til þess að kanna vilja stúdenta fyrir því að breyta tímasetningu sjúkra- og endurtektarprófa á sviðinu. Könnunin sýndi að yfirgnæfandi meirihluti væri fyrir breytingunum þrátt fyrir að stjórn sviðsins gæfi til kynna að ýmsir kvillar kynnu að vera á breytingunni. (Niðurstöður má nálgast [hér](#).)

Í kjölfar könnunarinnar var málið tekið til umfjöllunar af kennslusviði en þó gafst ekki nægur tími fyrir breytingarnar. Því var fyrsta verk núverandi sviðsráðsforseta að ráðast samstundis í verkefnið og hófst vinna varðandi hvernig best væri að útfæra breytinguna. Forseti sviðsráðs átti í góðu samstarfi við Róbert H. Haraldsson, forseta kennslusviðs Háskólans, og loks leit tillagan sem átti að leggja fyrir Háskólaráð þar sem breytingin krefst lagabreytingar á lögum Háskólans. Tillagan hlaut góðan hljómgrunn meðal sviðsráðsfulltrúa en því miður má ekki hið sama segja um stjórn sviðsins. Því var ákveðið að hver og ein deild tæki málið til umfjöllunar og skilaði inn umsögn. Sviðsráð lagði í þá vinnu í gegnum fulltrúaráðið að senda staðlaða umsögn til fulltrúa stúdenta á deildarfundum sem þau gætu nýtt sér skildi málið vera tekið til umfjöllunar. Allt kom fyrir ekki og að lokum var sú ákvörðun tekin af sviðinu að skila inn álitum til Háskólaráðs þar sem tillagan hlaut ekki hljómgrunn, sviðsráð skilaði sér álitum og forseti sviðsráðs kvittaði ekki undir umsögn sviðsins.

Innan Háskólaráðs gerðist það þó að tillagan fór í gegn með undanþáguheimild sem ætluð var til þess að þóknast félagsvísindasviði. Þrátt fyrir að sviðið komi ekki til með að nýta sér breytt lög á komandi starfsári þá er nauðsynlegt að verðandi sviðsráð haldi áfram vinnunni sem hefur nú þegar verið unnin og leiði málið til lykta. Þetta ætti að vera fyrsta verk sviðsráðs, að ráðast í þetta svo við getum loksins klárað málið sem hefur verið eitt stærsta hagsmunamál stúdenta seinustu ára.

## Inspira/rafræn próf

Sviðsráð hélt fund með fulltrúaráði þar sem brýnt var fyrir þeim að nauðsynlegt væri að beita þrýstingi á deildir til þess að taka upp rafrænt prófahald. Einnig var tekið þátt í að framleiða stutt myndskleið fyrir kennara til þess að útskýra kosti rafræns prófahalds og hversu ánægðir stúdentar væru með kerfið. Þó eru enn einstaka aðilar innan Háskólans sem neita að taka upp nútímalegri kennsluhætti sem þessa og því mikilvægt að raddir stúdenta séu enn háar, samræmdar og sterkar þegar kemur að málinu. Málið er komið í ágætis farveg og í raun nálægt því að vera fullklárað en pressan verður að halda áfram á næsta ári.

## Aðgangshnappur á lesstofuna í Gimli

Eftir ötula baráttu og allt of löng tölvupóstsamskipti tókst Lilju Guðmundsdóttur með mikilli þrautsegju að koma hnappi fyrir hreyfihamlaða á lesstofuna í Gimli. Þetta er einn liður í því að bæta aðgengi allra að Háskólanum en enn er langt í land í að tryggja að aðgengi sé fullnægjandi.

## Atvinnudagar

Að halda atvinnudaga fyrir sviðið er hugmynd sem hefur verið í þróun frá starfsárinu 2018-2019. Í ár var gerð tilraun til þess að samtvinna daganna við atvinnudaga sem haldnir eru af Fjármála- og atvinnulífsnefnd SHÍ og Tengslatorgi. Sviðsráð Félagsvísindasviðs 2019-2020 telur að vænlegast sé slíkt fyrirkomulag haldist ekki til streitu og að sviðsráðið haldi frekar eigin viðburði tengda atvinnulífinu. Æskilegast væri að sú vinna myndi hefjast strax þegar næsta sviðsráð tekur við keflinu. Þó ber að hafa í huga að þegar sviðsráð gerði tilraun til þess að boða til vísindaferðar fyrir stúdenta sviðsins þá reyndist skráning dræm og ekki gekk að manna ferðina sem var að lokum felld niður.

Ekki eru allir sviðsráðsfulltrúar þó sammála um að sviðsráð eigi að halda eigin atvinnudaga. Forseti fjármála og atvinnulífsnefndar sem heldur atvinnudaga og situr jafnframt í sviðsráði félagsvísindasviðs er ósammála og nefnir sér til stuðnings að sviðsráð hefur nóg annað á sinni könnu en það getur vissulega hjálpað til t.d. með því að auglýsa viðburðinn til nemendafélaga. Að auki má beina þeim tilmælum næstu fjármála og atvinnulífsnefndar að bjóða einum fulltrúa úr hverju sviði á skipulagsfund með sér í byrjun árs til þess að Atvinnudagar geti höfðað til sem flestra stúdenta.

## Þing félagsvísindasviðs

Í ár fengu fulltrúar sviðsráðs boð á þing félagsvísindasviðs. Það mætti þó beina því til sviðsins að skipulag og utanumhald með þingboði mætti vera talsvert betra þar sem allir þinggestir fengu senda dagskrá fyrir þingið sem haldið var 3 árum áður. Vissulega fyndið en ekki vænlegt til vinnings. Þema þingsins var svo kallaður Open access gagnagrunnur sem gæfi stúdentum kleift að nálgast gögn þeim að kostnaðarlausu án þess að þurfa að fara í gegnum sjóræningjasíður. Það er fyrst og fremst markmið greinaskrifa að stuðla að aukinni þekkingu samfélagsins og því væri það mikil kjarabót, ekki bara fjárhagslega heldur einnig félagslega, ef sviðið myndi ráðast í slíkt verkefni.

## Nýnemadagar

Nýnemadagar voru haldnir á sviðinu eins og venja hefur verið fyrir. Að auka sýnileika Stúdentaráðs var eitt af höfuðmarkmiðum fráfarandi skrifstofu og því hélt forseti SHÍ ræðu á nýnemadögum til að kynna hvað Sviðsráð er og hvaða hlutverki stúdentaráð gegnir. Því miður forfallaðist forseti sviðsráðs á kynninguna en hann hefur þó enga trú á öðru en að forseti SHÍ hafi staðið sig með þryði og komið skilaboðum áleiðis.

## Nýstarlegir kennsluhættir

Námskeiðið Almenn lögfræði var tekin algjörlega í gegn eftir lista sviðsráðsins starfsársins árið á undan. Hafsteinn Dan sem fór með yfirumsjón á námskeiðinu á mikið lof skilið fyrir sína vinnu og eru stúdentar gríðarlega ánægðir með hans framlag til þess að bæta og nútímavæða kennsluhætti innan Háskólans. Stofnaður var rýnihópur um námskeiðið og stefnt er að því á næsta ári að heimfæra þessa kennsluhætti yfir á önnur námskeið innan sviðsins. Meðaleinkunn var hærri en áður, fall minna og almenn ánægja meðal stúdenta, ef marka má orðið á götunni, var mun meiri en árin áður.

### Sýnileiki á samfélagsmiðlum

Sýnileiki stúdentaráðs er fósenda þess að bæta aðengi að því til þess að geta vera stúdentum innan handa ef eitthvað bjátar á. Sviðsráð Félagsvísindasviðs var öflugt í því að deila fregnum frá stúdentaráði og lagðist í það að kynna hvern og einn aðila innan ráðsins. Ásamt því voru ályktanir um hin ýmsu mál birtar á síðunni til þess að upplýsa stúdenta um helstu málefni líðandi stunda.

### Aðgengi að gömlum prófum

Safnað var saman gögnum frá hverri deild um að gengi að eldri prófum og voru niðurstöðurnar efni sem kom fulltrúum á óvart. Að jafn mikill mismunur sé á milli deilda innan sama sviðs og raun ber vitni er óboðlegt og því ætti komandi sviðsráð að ráðast í að því sé breytt til hins betra.

### COVID

Heimfaraldur setti stórt strik í reikninginn þegar kom að hagsmunabaráttunni sem átti að eiga sér stað. Fulltrúar sviðsráðs áttu fjarfund með Daða Má Kristóferssýni, forseta sviðsins, Elvu Ellertsdóttur, starfsmanns á stjórnsýslu sviðsins og deildarstjóra Stjórn málafræðideildar og Kolbrúnu Eggertsdóttur, gæðastjóra sviðsins. Helstu umfjöllunarefni þar inni voru óvissan sem hafði skapast vegna faraldursins og hæg viðbrögð Háskólans. Fundurinn gekk vel og var hlustað á og tekið undir kröfur stúdenta. Kröfurnar voru fyrst og fremst að ná að eyða óvissunni sem hafði skapast í ástandinu. Var þar vitnað í könnun Stúdnetaáráðs sem sýndi fram á að einn helsti kvíðavaldurinn vegna faraldursins var óvissan sem hann hafði skapað og hægagang Háskólans til að grípa til aðgerða. Svo vitnað sé í Daða Má „*ákvörðunin sem er tekin þarf ekki að vera fullkomin en hún þarf að vera tekin hratt til að eyða óvissunni um framhaldið.*“

Að auki fór sviðsráð fram á að reglur um tvífall yrðu afnumdar þeim deildum sem við á að minnsta kosti meðan ástandið væri sem stóð. Það er því góður grundvöllur fyrir því að afnema reglurnar að öllu leytiá komandi starfsári. Fjarnám er nú orðin venjan í öllum Háskólanum og því ekkert til fyrirstöðu þegar ástandið gengur yfir að boðið verði upp á alvöru fjarnám við Háskólann en þó þarf að brýna mikilvægi stafrænna kennsluhátta töluvert betur til einstakra kennara. Sumir hafa staðið sig vel en aðrir alls ekki og það á ekki að vera spurning um heppni hvort stúdentar geti stundað námið. Breytingar verða að sjálfsögðu á prófafyrirkomulagi og lokaskilum verkefna. Skilafrestur var færður um nokkrar vikur og prófahald verður að öllu leyti rafrænt, sem hefði þó vonandi verið venjan í hefðbundinni prófatíð. Próftími verður þó lengdur töluvert því flestir þurfa að þreyta prófin heima hjá sér og verða flest prófin gagnapróf. Enn sem komið er hafa engin lokapróf verið haldin og því verður að bíða og vona að allt fari að óskum.

### Lokaorð

Að hafa fengið tækifæri til þess að sinna þessu embætti hefur verið bæði gefandi en þó erfitt á köflum. Mikilli reynslu hefur verið safnað og mörg verk unninn. Ég geng sáttur frá borði, stoltur af mínu framlagi til



hagsmunabaráttu stúdenta og vona að sú vinna sem ég hef lagt grundvöll fyrir muni nýtast komandi sviðsráði. Að auki vil ég óska verðandi sviðsráðsforseta góðs gengis í þeim málum sem hann tekur sér fyrir hendur og ítreka þau tilmæli sem ég hef áður beint til hans að ef eitthvað bjátar á þá getur hann leitað til mín.

Það verður spennandi að sjá hvernig til tekst á næsta ári. Ég vil líka þakka fráfaramandi sviðsráðsfulltrúum fyrir samstarfið á liðnu ári og ég óska þeim alls hins besta á komandi tímum.

Fyrir hönd sviðsráðs

*Róbert Ingi Ragnarsson, forseti sviðsráðs félagsvísindasviðs*

## SVIÐSRÁÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS

### EFNISYFIRLIT

1.	Störf sviðsráðs .....	138
1.1.	Hlutverk sviðsráðs .....	138
1.2	Fulltrúar í sviðsráði HVS 2019-2020 .....	138
1.3	Fulltrúaskipti .....	138
1.4.	Embætti innan sviðsráðs.....	138
2.1	Fulltrúar í nefndum HVS:.....	139
3.1.	Fundahald.....	139
3.2.	Aðrir fundir .....	139
2.	Viðburðir á vegum sviðsráðs .....	139
2.1.	Nýnemadagur HVS .....	139
2.2.	Heilsudagurinn 2020 .....	140
2.3.	Atvinnudagur heilbrigðisvísindasviðs .....	140
3.	Verkefni sviðsráðs .....	140
3.1.	Hinseginþekkingarkönnun .....	140
3.2.	Könnun um upptöku fyrirlestra .....	140
3.3.	Sýnileiki sviðsráðs .....	140

3.4.	Mætingarskylda í klínískt nám.....	141
3.5.	Hagsmunagæsla.....	141
4.	HEILÓ fulltrúaráð .....	141
	Fylgiskjöl .....	141
	Fylgiskjal 1 – Verklagsreglur sviðsráðs .....	141
	Fylgiskjal 2 – Stefna sviðsráðs 2019-2020.....	142

---

## STÖRF SVIÐSRÁÐS

---

### HLUTVERK SVIÐSRÁÐS

Samkvæmt 17. grein laga Stúdentaráðs skal sérhvert sviðsráð gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Skal sviðsráð vera sjálfstætt í sínum störfum nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Sviðsráð skal setja sér verklagsreglur um störf ráðsins í upphafi hvers starfsárs.

---

#### 1.2 FULLTRÚAR Í SVIÐSRÁÐI HVS 2019-2020

Aðalfulltrúar:

Eyrún Baldursdóttir (R)  
Azra Crnac (V)  
Freydís Þóra Þórsdóttir (R)  
Vigdís Ólafsdóttir (R)  
Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (V)

Varafultrúar:

Athena Neve Leex (R)  
Tinna Alicia Kemp (V)  
Arnaldur Gylfi Þórðarson (R)  
Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir (R)  
Jóna Margrét Hjaltalín Hlynisdóttir Arndal (V)

---

#### 1.3 FULLTRÚASKIPTI

Athena Neve Leex tók við sem varafultrúi Eyrúnar Baldursdóttur í stað Þórunnar Egilsdóttur í ágúst 2019.

---

#### 1.4. EMBÆTTI INNAN SVIÐSRÁÐS

Forseti sviðsráðs: Eyrún Baldursdóttir  
Ritari: Vigdís Ólafsdóttir  
Fulltrúi sviðsráðs í HEILÓ fulltrúaráði: Azra Crnac  
Markaðsstjóri: Ragna Kristín Guðbrandsdóttir

---

#### FULLTRÚAR Í NEFNDUM HVS:

Framkvæmdasnefnd HVS vegna nýbyggingar við Læknagarð: Eyrún Baldursdóttir

Jafnréttisnefnd HVS: Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir

Kennslumálanefnd HVS: Eyrún Baldursdóttir

Stjórn HVS: Eyrún Baldursdóttir

---

#### 3.1. FUNDAHALD

Sviðsráðsfundir voru 10 talsis og haldnir mánaðarlega. Lögð var fram könnun á facebook hópi sviðsráðs og fundartími boðaður á þeim tíma sem hentaði flestum meðlimum ráðsins. Fundarboð og fundardagskrá voru að jafnaði send út með viku fyrirvara og reynt var að funda fyrir hvern fund Stúdentaráðs. Fundargerðir sviðsráðs eru aðgengilegar inni á google drive aðgangi sviðsráðs.

---

#### 3.2. AÐRIR FUNDIR

##### 3.2.1. FUNDIR MEÐ SVIÐSFORSETA

Gott samstarf var á milli sviðsforseta HVS, Ingu Þórsdóttur og sviðsráðsforseta. Markmið okkar var að halda fjóra sameiginlega fundi sviðsráðs, fulltrúaráðs HEILÓ og sviðsforseta en vegna COVID-19 urðu þeir aðeins tveir. Fundir með sviðsforseta eru stór liður í að efla þátttöku nemendafélaga í hagsmunbaráttu stúdenta

##### 3.2.2. OPINN FUNDUR SVIÐSRÁÐS

Áætlað var að halda opinn fund sviðsráðs í byrjun mars en varð ekki vegna COVID-19. Gott er að halda slíkan fund einu sinni á hvorri önn.

---

#### VIÐBURÐIR Á VEGUM SVIÐSRÁÐS

---

##### NÝNEMADAGUR HVS

Nýnemadagur Heilbrigðisvísindasviðs var haldinn þann 31. ágúst 2019 í Háskólabíó. Hlutverk sviðsráðs var að halda utan um léttar veitingar að kynningu lokinni, sjá um aðkomu nemendafélaganna. Einnig var ósk frá sviðinu að sviðsráð myndi sjá um skemmtun í lok dagsins. Margrét Stefánsdóttir, verkefnastjóri markaðs- og kynningarmála á heilbrigðisvísindasviði sá um skipulagningu viðburðarins.

Sviðsráð hafði útvegar styrki frá fyrirtækjum fyrir því að hafa pylsuveislu fyrir utan Háskólabíó og en við gátum hvergi fengið lánuð eða leigð grill. Endað var á því að sviðið pantaði Dominos pizzur og reyndist það mjög vel, líklega má þó panta um 20 pizzum færri næst.

Þá kynnti forseti sviðsráðs starfsemi þess og forseti Stúdentaráðs kynnti Stúdentaráð og hlutverk þess. Glærुकynningarnar eru aðgengilegar inni á Drive-aðgangi sviðsráðs.

Illa gekk að virkja nemendafélög til þátttöku í nýnemadeginum, þar sem þau voru ýmist að skipuleggja eigin nýnemadag eða langt þar til þau myndu taka á móti sínum nemun. Sviðsráð hvatti nemendafélögin til þess að halda nýnemaviðburði í kjölfar nýnemadags. Ef til vill væri

hægt að finna leið til þess að hafa skemmtun, t.d. með sameiginlegum viðburði í líkindum við Heilóvín.

---

#### HEILSUDAGURINN 2020

Heilsudagurinn er árlegur viðburður sem sviðsráðs heilbrigðisvísindasviðs sér um. Að þessu sinni fór hann fram 20. febrúar 2020 á Háskólatorgi og Litla Torgi. Þema dagsins var geðheilbrigði stúdenta og var málstofa þess efnis haldin á Litla Torgi. Einnig fóru fram heilsufarsmælingar á Háskólatorgi í hádeginu auk þess sem Blóðbíllinn var fyrir utan Odda. Helga Lind Mar, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs, tók myndir. SÍBS lánaði búnað til heilsufarsmælinga.

Kostnaður við viðburðinn var enginn þar sem Heilbrigðisvísindasvið stóð undir kostnaði við kaffiveitingar og enginn kostnaður var við leigu á Litla-Torgi.

---

#### ATVINNUDAGUR HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS

Undirbúningsvinna við atvinnudag heilbrigðisvísindasviðs var hafin en var viðburðinn ekki haldinn. Áætlað var að varpa ljósi á fjölbreytta atvinnumöguleika eftir nám í heilbrigðisvísindum og fá þjóðþekkt einstaklinga sem eru heilbrigðismenntaðir til þess að tala við stúdenta og segja frá því hvernig menntun þeirra í heilbrigðisvísindum nýttist í starfi þeirra.

---

#### VERKEFNI SVIÐSRÁÐS

---

##### HINSEGINÞEKKINGARKÖNNUN

Könnunin var framkvæmd af sviðsráði 2018-2019 en niðurstöður hennar voru kynntar fyrir stjórn heilbrigðisvísindasviðs sumarið 2019. Ákvað stjórn sviðsins í kjölfarið að auka áherslu á hinseginfræðslu á sviðinu í kennsluþróun og er hinseginfræðsla nú hluti af þverfaglegum áfanga sem nemar fara í á 3. eða 4. ári grunnnáms.

---

##### KÖNNUN UM UPPTÖKU FYRIRLESTRA

Könnunin var framkvæmd í október 2019 og send út á bekkjargrúbbur á facebook í samvinnu við nemendafélögin. Svarhlutfall var mjög misjafnt eftir deildum en óánægja var með upptökur í öllum deildum nema hjúkrunarfræðideild. Niðurstöður kannanirinnar voru kynntar fyrir stjórn sviðsins.

---

##### SÝNILEIKI SVIÐSRÁÐS

Sviðsráð fór í myndatöku hjá Andreu Ósk Sigurbjörnsdóttur í nóvember 2019 og í kjölfarið í litla herferð til þess að auka sýnileika ráðsins þar sem við deildum skjali þar sem stúdentar gátu sent ráðinu nafnalaus skilaboð. Skilaði þetta átak sér í því að nemendur sendu meðlimum sviðsráðs skilaboð í auknum mæli og óskuðu aðstoðar í ýmsum hagsmunamálum.

---

### MÆTINGARSKYLDA Í KLÍNÍSKT NÁM

Mikil áhersla hefur verið á mætingarskyldu í klínískt nám. Í haust fór sviðsráðsforseti með tillögu á borð stjórnar sviðsins um að samræma reglur á sviðinu og lækka mætingarskyldu í klínísku námi í 85%. Var henni hafnað. Tillaga um 90% mætingarskyldu allstaðar nema í tannlæknadeild þar sem mæting er nú þegar 85% er tilbúin en hefur ekki verið lögð fram vegna COVID.

---

### HAGSMUNAGÆSLA

Unnið var að ýmsum hagsmunamálum stúdenta í samstarfi við hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs.

---

### HEILÓ FULLTRÚARÁÐ

Lítill virkni hefur verið í HEILÓ fulltrúaráði nemendafélaga á heilbrigðisvísindasviði síðustu ár. Stefnt var að því að endurnýja lög ráðsins, sem ekki hafa verið endurskoðuð síðan 2015, en því miður náðist það ekki. Helsti samráðsvettvangur ráðsins er facebook hópur.

---

### FYLGISKJÖL

---

#### FYLGISKJAL 1 – VERKLAGSREGLUR SVIÐSRÁÐS

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföll sem allra fyrst og boða varfulltrúa í sinn stað.
5. Varafulltrúar sviðsráðsins hafa áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt á fundum sviðsráðsins
6. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
  - a. Á þeim fundi skal fráfarandi forseti sviðsráðs tilnefna nýjan forseta,
  - b. Fulltrúar nýja sviðsráðs kjósa um forseta,
  - c. Kosið skal um ritara,
  - d. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráði.
  - e. Kosið skal um markaðsfulltrúa sviðsráðsins,
  - f. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins
  - g. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
  - h. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
7. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði
8. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti viku fyrirvara, neyðarfund má boða með tveggja sólarhringa fyrirvara
9. Þrír meðlimir sviðsráðs geta kafið forseta um fundarboð.
10. Fundur telst löglegur ef meirihluti aðalfulltrúa er mættur.

11. Fundir eru opnir öllum og haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
12. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki.
13. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum.
14. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.

---

## FYLGISKJAL 2 – STEFNA SVIÐSRÁÐS 2019-2020

### Jafnréttismál

#### Geðheilbrigðismál:

- Fjölga þarf stöðugildum sálfræðinga og meðferðarúrræðum innan HÍ og stórefla geðheilbrigðisþjónustu við stúdenta. Þó að sálfræðiþjónusta klínískra sálfræðinema sé framúrskarandi eiga sálfræðinemar ekki að taka þungann af þessum skorti.
- Geðheilbrigðisfræðslu fyrir bæði starfsfólks og stúdenta í HÍ má bæta. Fræðsla um geðheilbrigðismál getur t.d. verið hluti af endurmenntun kennara, einnig má líta í meiri mæli til Hugrúnar - geðfræðslufélags.

#### Kynjajafnrétti:

- Jafnréttisfræðsla á að vera skylda fyrir bæði stjórnslu og stúdenta HÍ.
- Sviðsráð HVS telur þörf á því að stofna femínistafélag innan sviðsins. Kvenfyrirlitningu, kynbundinni áreitni og karllægum viðhorfum þarf að útrýma í kennslu á sviðinu. Einnig er nauðsynlegt að kvenkyns vísindamönnum sé gert hærra undir höfði.
- Halda þarf áfram að kynna þau úrræði sem eru í boði fyrir nemendur sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni, t.d. með því að gera Fagráð Háskólans enn sýnilegra. T.d. með því að hvetja nemendafélög sviðsins til að hafa úrræði aðgengileg á heimasíðum sínum.

#### Hinseginmál:

- Sviðsráð HVS telur mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn framtíðarinnar séu tilbúnir til þess að þjónusta alla skjólstaðinga sína af virðingu og án fordóma. Til að ýta undir það er mikilvægt að nemendum á sviðinu sé kennt kynlaust fagmál sem gengur ekki út frá gagnkynhneigðu regluverki, kynjatvíhyggju eða forræðishyggju gagnvart þeim sem er fötluð, hinsegin, með geðræn vandamál eða eru af erlendu bergi brotin.
- Við krefjumst þess að allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs viðurkenni mikilvægi hinseginfræðslu. Hún sé aðgengileg nemendum og verði hluti af námskrá.
- Hinseginfræðsla á að vera hluti af endurmenntun kennara.

#### Jafnrétti fólks af erlendum uppruna:

- Sviðsráð HVS telur nauðsynlegt að stúdentar á sviðinu fái fræðslu um stöðu erlendra einstaklinga í heilbrigðiskerfinu og þær hindranir sem þeir mæta. Þetta er mikilvægt til þess að auka jafnrétti þeirra sem ekki hafa fullt tak á íslensku máli og/eða hafa annan menningarlegan bakgrunn.

- Sviðsráð telur mikilvægt að spurningar í prófum séu bæði á íslensku og ensku, en það myndi vera mikil bót fyrir stúdenta sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Sviðsráð HVS telur brýna þörf til þess að auka aðgang erlendra nema að félagsstarfi nemendafélaga og samtaka. Sviðsráð vill hvetja öll nemendafélög og samtök nemenda á sviðinu til þess að hafa efni sitt líka á ensku til þess að auka aðgengi erlendra nema að viðburðum.

#### Málefni fatlaðra:

- Sviðsráð telur nauðsynlegt að gerð sé aðgengisúttekt á byggingum sviðsins og aðgangur fatlaðra sé tryggður að námi og kennslustofum. Staðan í dag er óásættanleg og hafa tafir á uppsetningu lyftu í Eirberg dregist úr öllu hófi.
- Sviðsráð HVS telur einnig nauðsynlegt að allar deildir, kennarar, stjórnslóga og nemendur fái fræðslu um fötlunarförðoma og ableisma. Heilbrigðisstarfsfólk þarf að vera meðvitað um stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu og þær hindranir og förðoma sem það verður fyrir. Við þurfum aukna fræðslu til þess að geta mætt fötludum af fagmennsku og án forræðishyggju.
- Nauðsynlegt að aðgengi að námi á sviðinu verði bætt svo allir geti stundað nám óháð aðstæðum.

#### Fjölskyldumál:

- Á Heilbrigðisvísindasviði eru of margir tímar kenndir eftir klukkan 16.00. Sviðsráð vill afnema skyldumætingu eftir klukkan 16.00 á daginn þar sem hún kemur sér afar illa fyrir foreldra í námi.
- Upptökur á fyrirlestrum og skýr námsmarkmið í kennsluáætlun eru gríðarlega mikilvæg fyrir foreldra í námi.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir foreldra í námi á sviðinu til þess að sinna börnum sínum, t.d. með því að tryggja að skiptiborð og barnastóla í hverri byggingu.

### **Kennslumál**

#### Verklegt/klínískt nám:

- Sviðsráð krefst þess að veikindaréttur í klínísku námi sé í samræmi við það sem er á Norðurlöndunum.
- Álag á nemendur í klínísku námi er of mikið og betur þarf að halda utan um það. Sviðsráð vill tryggja að hvíldartími nema í klínísku námi sé virtur, þak sé sett hversu margar klst megi vinna á viku og svigrúm sé aukið, t.d. fyrir foreldra í námi.
- Sviðsráð vill að nemendur í klínísku námi fái tækifæri til að fylgja leiðbeinendum úr öðrum starfsstéttum innan spítalans, sem gæfi þeim innsýn inn í störf annarra stétta sem getur nýst þeim í starfi.

#### Nútímalegri kennsluhættir:

- Sviðsráð vill að fyrirlestrar séu teknir upp í öllum deildum sviðsins. Markvissar upptökur á fyrirlestrum eru mikilvægt jafnréttismál. Nú þegar er byrjað að taka upp í læknisfræði, hjúkrunarfræði, lyfjafræði og tannlæknisfræði.
- Nemendum á sviðinu á að vera leyft að vera með tölvur í öllum kennslustundum.
- Stefnt er að því að innleiða rafræn próf í HÍ og vill sviðsráð þrýsta á að HVS sé leiðandi í innleiðingu tæknivæddari kennsluhátta.

- Krafa sviðsráðs er að almennt gildi lokapróf ekki meira en 80% af lokaeinkunn. Sviðsráð vill beita sér fyrir meira símati og vendikennslu á sviðinu.
- Sviðsráð vill að hætt sé að draga niður fyrir röng svör í krossaprófum en fjölmargar kennslufræðilegar rannsóknir mæla gegn því.
- Sviðsráð vill beita sér fyrir því að kennslufni sé uppfært ár hvert. Óásættanlegt er að notast sé við gamalt kennslufni sem ekki er í takt við tímann.

#### Sjúkra- og endurtektarpróf:

- Sviðsráð HVS ætlar að beita sér fyrir því að sjúkra- og endurtektarpróf verði í boði í öllum deildum sviðsins
- Sviðsráð HVS vill að endurtektarpróf séu tvisvar á ári í öllum deildum sviðsins, í janúar og í júní. Sviðsráð FVS framkvæmdi könnun árið 2019 sem sýndi skýran vilja stúdenta til þess, og einnig hefur tilraunaverkefni skólans á VON gengið vel.

#### Reynsla metin til eininga:

- Sviðsráð vill fara á fund forseta hjúkrunarfræðideildar og ræða möguleikann á því að sjúkraliðar fái metna grunnáfangu í hjúkrun á grundvelli náms síns og starfsreynslu.

#### Réttindi nemenda:

- Sviðsráð vill að prófasýningar séu haldnar í öllum námskeiðum og að kennarar auglýsi þær fyrir fram, í stað þess að nemendur þurfi að fara fram á þær. Umsjónarkennarar námskeiðsins skulu vera viðstaddir.
- Sviðsráð vill kanna afhverju skólaárið í læknisfræði er ekki í samræmi við aðrar deildir. Sérstaklega þarf að kanna hvaða áhrif þetta hefur á þá læknanema sem taka námslán hjá LÍN.

#### Nemendanúmer:

- Nemendanúmer hafa verið tekin upp alfarið í nokkrum deildum Heilbrigðisvísindasviðs. Einungis á að styðjast við þau við próftöku og verkefnaskil í öllum deildum sviðsins til þess að tryggja sanngirni og hlutleysi gagnvart öllum nemendum og virða rétt þeirra til persónuverndar.
- Nemendanúmer skulu vera notuð í þeim tilgangi sem þau eru hugsuð, til að gæta nafnleyndar nemenda, og skulu þau ekki vera birt öðrum nemendum ásamt einkunnum

#### Gæðamál:

- Fjöldi stundakennara á sviðinu á ekki að koma niður á gæðum náms.
- Sviðsráð krefst þess að ekki sé ósamræmi milli vinnuálags og einingafjölda í námskeiðum. Þetta á sérstaklega við í verklegum áföngum.
- Sviðsráð fer fram á að stundartöflur á vef HÍ, Uglu og í kennsluskrám séu samræmdar en vandamál hafa verið í deildum sviðsins vegna þess og árekstrar myndast.

### **Aðstaða nemenda**

#### Nýtt hús Heilbrigðisvísindasviðs:

- Sviðsráð mun beita stjórnvöld þrýstingi um að fjármagn verði sett til byggingar nýs húss Heilbrigðisvísindasviðs, sem á að vera tilbúið árið 2024.

#### Húsnæði:



- Sviðsráð vill tryggja það að flakk milli bygginga sé sem allra minnst. Þetta hefur lengi verið eitt helsta hagsmunamál minna deilda sviðsins. Enn er til mikils að vinna til þess að tryggja sem besta námsaðstöðu stúdenta í minni deildum.
- Sviðsráð vill að allar deildir sviðsins hafi heimabyggingu þar sem þeir geti fengið lykil að byggingunni.

#### Lesstofur:

- Sviðsráð vill að borðum í lesstofum Læknagarðs sé aftur fjölgað, en þeim fækkaði umtalsvert eftir breytingar.
- Sviðsráð vill að tekið sé tillit til þess gífurlega fjölda sem stundað nám á sviðinu og að fjöldi lesrýma sé í ramræmi við það.

#### Kennslustofur:

- Sviðsráð vill að stúdentar hafi óheftan aðgang að kennslustofum utan kennslustunda, líkt og tíðkast í öðrum skólum og geti pantað stofur og fundarherbergi án endurgjalds.
- Sviðsráð telur nauðsynlegt að kennslustofur sviðsins uppfylli ákveðnar gæðakröfur. Snagar til þess að hengja yfirhafnir, innstungur fyrir tölvur og þess háttar. Einnig er mikilvægt að borð og stólar séu í góðu lagi og nóg af þeim fyrir nemendur. Töflur þurfa einnig að vera í góðu ásigkomulagi.

#### Nemendarymi:

- Meðlimir sviðsráðs vinna nú að því að fá sjálfsala í Eirberg og Stapa.
- Sviðsráð telur nauðsynlegt að stúdentum og nemendafélögum séu útbúin rými í byggingum sviðsins. Stuðlar þetta að aukinni vellíðan og virkni í háskólasamfélaginu.

### **Fjármála- og atvinnulífsmál**

#### Launað verknám:

- Sviðsráð HVS vill berjast fyrir því klínískt verknám stúdenta á sviðinu sé metið til launa sem og eininga. Mennta- og menningarmálaráðherra stefnir á að verknám kennaranema verði launað til þess að auka aðsókn í námið, og liggur því í augum upp að gera slíkt hið sama til þess að auka aðsókn í hjúkrunarfræði og aðrar greinar.
- Það er krafa sviðsráðs að stúdentar í skyldugu starfsnámi á meistaranámi fái greitt fyrir störf sín. Nú fá ljóðmóðurnemar greitt fyrir sín störf, og því við hæfi að aðrir nemar á meistaranámi fái það líka. Ólíðandi er að stúdentar á sviðinu sé nýttir sem ólaunað vinnafli á heilbrigðisstofnunum, heldur á menntun þeirra að vera metin til verðleika.

### **Umhverfis- og samgöngumál**

#### Samgöngur:

- Nauðsynlegt er að tryggja að nemendur og starfsfólk geti nýtt sér strætó og hjóla- og gönguleiðir til þess að komast á milli háskólabygginga á meðan framkvæmdir við LSH og Gömlu Hringbraut standa yfir.

#### Umhverfisvernd:

- Sviðsráð vill að kennsla á sviðinu miði að því að stúdentar, sem framtíðarheilbrigðisstarfsmenn, leitist við að starfa á sem umhverfisvænastan hátt.

- Nauðsynlegt er að tryggja að tunnur fyrir lífrænan úrgang séu aðgengilegar og fjölgi.

Grænkerakostir í Hámu:

- Auka þarf úrval af grænmetis- og vegankostum í Hámu sviðinu öllu. Sviðsráð vill athuga möguleikann á því að fá salatbar í Eirberg.

## SVIÐSRÁÐ HUGVÍSINDASVIÐS

### GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

Hér er búið að taka saman lista yfir gagnlegar upplýsingar til að finna svör við hugsanlegum spurningum sem koma upp.

Listinn er ekki tæmandi og hvetur fráfarandi sviðsráðsforseti verðandi forseta að hafa samband hvenær sem spurningar kunna að koma upp.

1. Sviðsráð heldur úti Google-drifi þar sem hægt er að nálgast öll gögn eins og fundargerðir, ályktanir, verklagsreglur o.fl. Gögn.
2. Fundarstaðir og stofur. Sviðsráðsforseti er sá eini úr ráðinu sem getur pantað stofur. Til að panta fundarstað er haft samband við kennslustofur@hi.is. Það er betra að panta með nokkurra daga fyrirvara en það skal gert úr hi-netfangi og skal kennitala fylgja með.
3. Samskipti sviðsráðs hafa að mestu farið fram í gegnum Facebookhóp ráðsins. Þar eru fundatímar ákveðnir með kosningu, fundir boðaðir, málefni rædd og stúdentaráðsliðar sviðsráðs iðulega minntir á að taka þátt í rafrænum atkvæðagreiðslum.
4. Sviðsráð heldur úti Facebook-síðu. Þar hefur helstu fregnum og áföngum verið flaggað sem og öðru sem sviðsráði hefur verið falið að deila. Einnig hefur sviðsráð nýtt vettvanginn til þess að vekja athygli á mikilvægi hugvísinda.
5. Á starfsárinu sem er að líða stofnaði sviðsráð einnig Instagram þar sem myndir af fundum voru birtar og ýmislegt annað. Derek T. Allen, samfélagsmiðlastjóri sviðsráðs fékk hugmyndina að þessu, stofnaði reikninginn fyrir hönd sviðsráðs og hélt utan um hann. Hugsunin á bak við þann reikning var að vera svolítið persónulegri en á Facebook.

### UM SVIÐSRÁÐ

Hlutverk sviðsráðs er að halda utan um, gæta og bæta hagsmuna nemenda á hugvísindasviði. Meðlimir þess voru fimm talsins.

Meðlimir sviðsráðs fyrir árið 2019-2020:

- Ragnhildur Þrastardóttir, forseti (Röskva)
- Þórdís Dröfn Andrésdóttir, ritari (Röskva)
- Þórhildur Elísabet Þórsdóttir, (Röskva)
- Derek T. Allen, samfélagsmiðlafulltrúi (Vaka)
- Eva Ragnarsdóttir Kamban (Röskva)

Varafulltrúar sviðsráðs fyrir árið 2019-2020

- Þórhildur Elfnardóttir Magnúsdóttir (Röskva)
- Snorri Björn Magnússon (Röskva)
- Katla Ársælsdóttir (Röskva)
- Bjarnveig Björk Birkisdóttir (Vaka)
- Erlingur Sigvaldason (Röskva)

## ÁBYRGÐARHLUTVERK

Forseti sviðsráðs sér um að boða til funda sviðsráðs með tveggja daga fyrirvara. Venja var að halda fundi a.m.k. einu sinni í mánuði. Forseti finnur fundarstað.

Samkvæmt samþykktri tillögu sem sviðsráð félagsvísindasviðs lagði fyrir Stúdentaráð var miðað við að fundir væru viku fyrir stúdentaráðsfundi til að tryggja samráð og samvinnu þegar kemur að dagskrá SHÍ funda. Slíkt fór þó eftir veðrum og vindum innan sviðsráðs hverju sinni.

Forseti sér um að útdeila verkefnum á alla einstaklinga og ganga á eftir þeim verkefnum. Ábyrgðarhlutverk einstaklinga verður að vera skýrt. Forseti sér til þess að góður andi sé við líði og að öllum þyki gott að vinna í sviðsráði.

Ritari sviðsráðs sér um og ber ábyrgð á að fundargerðir séu ritaðar á fundum og haldið til haga. Fundargerðir skulu vera tilbúnar og aðgengilegar þremur dögum eftir fund.

Umsjónarfulltrúi samfélagsmiðla sér um að halda úti Facebook- og Instagramsíðu sviðsráðs. Þetta er bæði mikilvægt hlutverk fyrir ásýnd sviðsráðs sem og svo nemendur viti hvert hægt sé að leita. Fylgjendum Facebook síðunnar fjölgaði um ca. 10% á starfsárinu.

Sviðsráðsmeðlimir sjá um sín verkefni og að ganga á eftir þeim. Sviðsráð er samsett af sviðsráðsmeðlimum og hægt er að koma mörgu í framkvæmd ef að allir hjálpast að við að ná settum markmiðum.

## STEFNUMÁL – HELSTU HAGSMUNAMÁL ÁRSINS

Eftir fyrsta skiptafundinn voru sameinuð stefnumál fylkinga og höfð til viðmiðunar fyrir komandi starfsár. Athuga verður að þau eru ekki tæmandi en einungis samantekt á helstu stefnumálum beggja fylkinga.

Hér má finna upplýsingar um þau stefnumál sem sviðsráð vann í á liðnu starfsári.

**Könnun vegna upptakna fyrirlestra** - Stærsta verkefni starfsársins var könnun sem við sendum út til allra grunnnema á hugvísindasviði. Því stjórnunni Þórdís Dröfn og Ragnhildur. Þar var vilji nemenda fyrir því að fyrirlestrar yrðu teknir upp kannaður, hvaða fyrirkomulag nemendur vildu sjá á því, vilja nemenda fyrir þaki á mætingarskyldu og vægi lokaprófa o.fl. Vilji nemenda hvað varðar upptökur var mjög afgerandi og vildu langflestir fá alla fyrirlestra tekna upp. Með þennan sterka vilja nemenda á bak við okkur fóru Ragnhildur og Þórdís fyrir stjórn sviðsins með niðurstöðurnar og kynntu þeim vilja nemenda. Á stjórnarfundum komu fram misjafnar skoðanir á upptökum fyrirlestra, sumir stjórnarmeðlimir voru jákvæðir, aðrir neikvæðir. Niðurstöður könnunarinnar verða teknar fyrir innan kennslumálanefndar. Ætlunin var að sviðsráðsforseti myndi funda með Veritas, fulltrúaráði hugvísindasviðs, vegna könnunarinnar, en fundurinn hefur ekki verið haldinn þegar þetta er ritað.

**Kennsluþing** - Sviðsráð mætti á kennsluþing hugvísindasviðs og talaði fyrir sínum áherslum, m.a. upptökum á tímum, upptökuprófum og fjölbreyttari kennsluaðferðum.

**Upplýsingaherferð** - Sviðsráð réðst í upplýsingaherferð til þess að vekja athygli nemenda á réttindum þeirra. Að mati sviðsráðs er besta leiðin til þess að réttindi nemenda séu virt að nemendur séu upplýstir um réttindi sín. Því vöktum við athygli nemenda á samfélagsmiðlum á ýmsum réttindum sem gjarnan eru hunsuð. M.a. því að kennsluáætlanir og bókalistar ættu að vera tilbúnir áður en önnin hefst, að nemendur ættu rétt á að fá að sjá prófin sín, brýndum

fyrir nemendum að einkunnir ættu að vera komnar inn í Ugluna eigi síðar en 3 vikum eftir próf á vorönn og 2 vikum eftir próf á haustönn. Viðhöfum nú þegar lagt til við næsta sviðsráð að þetta verði árlegt verkefni enda mikilvægur liður í réttindabaráttu að nemendur séu upplýstir um réttindi sín.

**Inspira** - Við kröfumst þess við stjórn sviðsins að rafræna prófakerfið Inspira yrði innleitt sem allra fyrst. Það fékk góðar undirtektir og hafa kennarar almennt verið jákvæðir fyrir því að taka rafrænt prófakerfi upp en það myndi bæði gagnast nemendum og kennurum. Við vonumst til þess að fleiri kennarar taki Inspira upp í framhaldinu.

**BA ritgerðir** - Ragnhildur lagði fram beiðni fyrir stjórn sviðsins um að upplýsingar um BA ritgerðarskrif yrðu auðveldlega aðgengilegar undir BA-áfanga á Uglu. Utanumhald hefur hingað til verið misjafnlega gott á hugvísindasviði og vildum við með þessu stuðla að því að hver og einn ætti auðvelt með að ganga að upplýsingum um það hvert viðkomandi ætti að leita og hvernig hann ætti að bera sig að við val á leiðbeinanda, ritgerðarefni o.s.frv. Stjórn sviðsins tók vel í þetta og fór erindið fyrir kennslumálanefnd sviðsins sem ætlar að vinna betur með það. Það þarf að fylgja því eftir að nefndin taki þetta upp.

**Málþing** - Sviðsráð hélt fjölsótt málþing sem fjallaði um framtíð hugvísinda og notagildi þeirra í samtíð og framtíð. Þar sköpuðust áhugaverðar umræður á meðal kennara, nemenda og annarra, sér í lagi um kennsluáðferðir og tengsl hugvísinda við atvinnulífið og samfélagið í heild sinni.

**Instagram** - Við gerðum sviðsráð mun sýnilegra og tók sviðsráð ákvörðun um að stofna Instagram. Á samfélagsmiðlum vorum við t.a.m. með upplýsingaherferðina okkar, aðrar gagnlegar upplýsingar fyrir hugvísindanema t.d. Upplýsingar um rafbækur sem nemendur hafa aðgangað og almennt pepp inn í daginn.

**Aðgengileiki** - Við gerðum sviðsráðsmeðlimi aðgengilegri með því að gefa upp persónuleg netföng þeirra og hvetja nemendur til þess að hafa samband ef þeir vildu koma einhverju á framfæri og leggjum til að slíkt verði gert aftur.

**Árnagarður** - Þórhildur Elísabet Þórsdóttir og Þórdís Dröfn settu sig í samband við þau sem hafa umsjón með endurbótum á Árnagarði og hvöttu til þess að ráðist yrði í frekari umbætur. Einnig þrýstum við á að snagar yrðu settir upp í öllum kennslustofum Árnagarðs. Málið er enn í vinnslu og við hvetjum nýtt sviðsráð til þess að halda áfram með það.

**Tanngreiningar** - Sviðsráðsmeðlimur fjölmenntu, ásamt fleiri stúdentaráðsliðum og No Borders Iceland á mótmæli vegna tanngreininga á hælisleitendum. Sviðsráð hugvísindasviðs tók þannig skýra afstöðu með flóttafólki.

**Loftslagsmál** - Einnig voru sviðsráðsmeðlimir duglegir að mæta á loftslagsmótmæli á Austurvelli þar sem aðgerða er krafist í loftslagsmálum

**Nytsemi hugvísinda** - Við gerðum okkar til þess að vekja athygli á hugvísindum og nytsemi þeirra. Snorri Björn tók sig til og ræddi við fólk sem er áberandi í samfélaginu og stundaði nám í hugvísindum. Hann fékk þessa aðila, t.d. Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og Evu Maríu Jónsdóttur fjölmiðlakonu með meiru, til þess að segja sér frá því gagni sem þeir hefðu haft af sinni hugvísindamenntun. Niðurstöðurnar birti Snorri á Facebook og vöktu þær mikla athygli.

**Nýnemadagurinn** - Katla Ársælsdóttir, Eva Kamban og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir gerðu sitt til að fá yfirvöld til að gera breytingar á nýnemadeginum. Við hvetjum nýtt sviðsráð til að reyna að færa daginn enn frekar til nútímans.

**COVID-19** - Sviðsráð barðist ötullega fyrir réttindum nemenda á tímum heimsfaraldurs, þá sérstaklega innan stjórnar sviðsins og kom ábendingum frá nemendum á framfæri þar. Vel var tekið í sjónarmið nemenda.

**Sjúkra og endurtökupróf** - Að sjúkra og endurtökupróf verði haldin í lok beggja anna hefur verið stefnumál til nokkurra ára. Slíkt hefur ekki fengið mikinn hljómgrunn innan stjórnar sviðsins á síðastliðnu ári en fráfarandi sviðsráð hvetur nýtt sviðsráð til að koma málinu í formlegri farveg.

## NEFNDIR OG RÁÐ INNAN HUGVÍSINDASVIÐS

**Stjórn hugvísindasviðs** - Sviðsráð á sæti í stjórn hugvísindasviðs sem. Viðeigandi er að forseti sviðsráðs taki sæti þar en Þórdís Dröfn var þó okkar fulltrúi þar á liðnu starfsári þar sem stjórnin vildi heldur að nemandi við HÍ sæti í stjórninni, Ragnhildur var þó varafulltrúi og í góðum samskiptum við forseta fræðasviðsins. Hún kom reglulega inn á fundi stjórnar. Athugið að sviðsráð á sæti aðalfulltrúa en Veritas sæti áheyrnarfulltrúa. Það þýðir að fulltrúi sviðsráðs er með kosningarétt en ekki fulltrúi Veritas.

**Kennslunefnd hugvísindasviðs** - Sviðsráð á nú sæti í nefndinni og óskaði Alexandra Ýr Van Erven, fyrrum forseti sviðsráðs eftir því. Sviðsráð samþykkti þá ósk en það gæti þó verið heppilegra fyrir næsta ráð að auglýsa sætið á meðal nemenda.

## NEFNDIR INNAN SHÍ

Forseti sviðsráðs hefur sæti í stjórn SHÍ. Þórdís Dröfn Andrésdóttir var varafulltrúi en tók að stórum hluta yfir sæti aðalfulltrúa þar sem Ragnhildur var ekki nemi í HÍ og þótti stjórninni það verri.

Stúdentasjóður SHÍ - einn fulltrúi nemendafélaga á sviðinu var Eva Ragnarsdóttir Kamban en hún var sömuleiðis ritari stúdentasjóðs

## VERKLAGSREGLUR

Verklagsreglur sviðsráðs eru eftirfarandi

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Varafulltrúar sviðsráðsins hafa áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins.
5. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal hann tilkynna forföllin og boða varafulltrúa í sinn stað.
6. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði.
  - a. Á þeim fundi skal fráfarandi formaður sviðsráðs tilnefna nýjan forseta.
  - b. Fulltrúar nýja sviðsráðsins kjósa um forsetann.
  - c. Kosið skal um ritara og samfélagsmiðlastjóra.
  - d. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins.
  - e. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.

- f. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
7. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
  8. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
  9. Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
  10. Fundur telst löglegur ef meirihluti aðalfulltrúa mætir á hann.
  11. Fundir eru opnir öllum og haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
  12. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá samþykki meirihluta.
  13. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínum á faglegum nótum.
  14. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands og réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.
- Sviðsráðsmeðlimir skulu skipta með sér ábyrgð á samfélagsmiðlum sviðsins mánaðarlega.

### SKIPTAFUNDUR

Skiptafundur Sviðsráðs HUGS verður í haldin í maí eða apríl 2020 eftir skiptafund SHÍ þann 13. maí.

Dagskrá skiptafundar verður eftirfarandi:

1. Fundur settur
2. Ársskýrsla afhent.
3. Nýtt sviðsráð tekur við
4. Kjör forseta.
5. Kjör ritara
6. Kjör samfélagsmiðlafulltrúa.
8. Verklagsreglur kynntar og teknar til samþykktar
7. Önnur mál.

## SVIÐSRÁÐ MENNTAVÍSINDASVIÐS

### Ársskýrsla sviðsráðs Menntavísindasviðs

Nýtt sviðsráð tók við vorið 2019. Á skiptafundi var kosið í embætti og var Sigurður Vopni Vatnsdal kjörin forseti sviðsráðs, Kolbrún Lára Kjartansdóttir var kjörin varaforseti sviðsráðs og Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir kjörin ritari sviðsráðs.

### Í sviðsráði Menntavísindasviðs SHÍ skólaárið 2018-2019 sátu:

Sigurður Vopni Vatnsdal, nemi í grunnskólakennslu, forseti

Kolbrún Lára Kjartansdóttir, nemi í leikskólakennarafræði, varaforseti

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir, nemi í tólmstunda- og félagsmálafræði, ritari

Björnfríður Björnsdóttir, nemi í þroskaþjálfarafræði

Hrannar Rafn Jónasson, nemi í grunnskólakennslu

**Varafultrúar voru:**

Ingveldur Gröndal, nemi í tómstunda- og félagsmálafræði

Laufey Ösp Kristinsdóttir, nemi í tómstunda- og félagsmálafræði

Fanney Dóra Veigarsdóttir, nemi í leikskólakennarafræði

Flóki Jakobsson, nemi í grunnskólakennslu

Aníta Hinriksdóttir, nemi í grunnskólakennslu

Á skólaárinu tókst vel að vinna í málefnum stúdenta á Menntavísindasviði og var það vegna samvinnu fulltrúa sviðsráðs. Sviðsráð MVS setti á stað nýja facebook síðu fyrir skólaárið þar sem ekki náðist aðgangur að þeirri gömlu. Síðan var uppfærð reglulega með fréttum og upplýsingum til nemenda. Oft komu skilaboð frá stúdentum í gegnum síðuna sem snerust aðallega að hagsmunamálum og tók sviðsráðið á hverju máli eða beindi þeim til Hagsmunafulltrúa SHÍ þegar þess þurfti. Fulltrúar sviðsráðs tóku einnig að sér sæti í fjölda nefnda á sviðinu, en erfiðlega hefur gengið síðustu ár að fá aðra fulltrúa stúdenta í það. Á nýnemadeginum kynntu svo Sigurður Vopni forseti sviðsráðs og Jóna Þórey Pétursdóttir forseti Stúdentaráðs starfsemi sviðsráðsins og stúdentaráðs fyrir öllum nýnemum á Menntavísindasviði til þess að ýta undir sýnileika Sviðsráðs og Stúdentaráðs.

**Stuðningur við bréf jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands**

Á Stúdentaráðsfundi, þann 25. september lagði Sviðsráðið fram [þessa](#) tillögu um stuðning við bréfi jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands um að kynjafræði verði skyldufag í kennaranámi. Við ítrekuðum í rökstuðningi okkar að sú kennsla er einnig nauðsynleg fyrir alla nemendur sviðsins. Tillagan var samþykkt einróma. Forseti sviðsráðs afhenti einnig Rektor Háskóla Íslands og Stjórn Menntavísindasviðs tillöguna.

**Pop up leikvöllur SHÍ**

Sviðsráð Menntavísindasviðs og Fjölskyldunefnd SHÍ stóð fyrir þessum [viðburði](#) fyrir börn og foreldra í Stakkahlíð. Búið var til pop up leikvöll í Stakkahlíð þar sem notað var opinn efnivið sem hvetur börn til skapandi lausna, eflir hreyfigetu, rýmisgreind og samstarf barna. Viðburðurinn gekk vel og fór mæting fram úr björtustu vonum.

**Skúti**

Skúti er aðstaða fyrir Sviðsráð og nemendafélög MVS sem er notað fyrir fundi og viðburði á vegum þeirra. Skúti er opinn nemendum yfir daginn til þess að koma inn og spjalla í öruggu rými. Nemendafélög og Sviðsráð máluðu einn [vegg](#) í skúta snemma á skólaárinu sem táknaði öruggara rými fyrir hinsegin fólk í Stakkahlíð.

### **Endurtektarpróf**

Eitt af stóru málum Sviðsráðs í ár var að sett yrðu endurtektarpróf á Menntavísindasviði. Barátta Sviðsráðs fyrir því að fá þetta í gegn hefur verið í gangi í það minnst tvö ár og tóks loks að fá það framgengt í ár. Frá og með næsta skólaári verða því endurtökupróf í boði á menntavísindasviði.

### **Réttur stúdenta að sjá eldri próf**

Yfir próf fékk Sviðsráð fjölda skilaboða um að kennarar við MVS væru ekki að fylgja lögum um rétt stúdenta til að sjá eldri próf. Forseti sviðsráðs bókaði á stjórnarfundum Menntavísindasviðs um mikilvægi þess að eldri próf væru stúdentum aðgengileg og vísaði upplýsingalög. Stjórn Menntavísindasviðs tók undir þessa bókun og sendur var póstur á alla kennara sviðsins þar sem að hún ítrekaði rétt stúdenta til þess að sjá eldri próf.

### **Misserisþing Menntavísindasviðs**

Misserisþing Menntavísindasviðs var haldið 9. janúar og fékk sviðsráð það í gegn að hugsjónin um jafnrétti allra til náms haldið uppi á þinginu og voru því Jafnréttismál höfð að leiðarljósi á [þinginu](#). Q - félag hinsegin stúdenta, Margrét Lilja og Sviðsráð tóku virkan þátt í vinnunni sem þar fór fram ásamt því að vera með erindi fyrir kennara og starfsfólk.

### **Fundur með rektori og aðstoðarrektorum Háskóla Íslands**

Sviðsráð Menntavísindasviðs átti innihaldsríkan [vinnufund](#) með rektor og aðstoðarrektorum Háskóla Íslands á árinu. Hagssmunabarátta stúdenta voru á brennidepli, þegar kemur að jafnrétti og kennslu. Á fundinum ræddum um hinseginvænara umhverfi í Stakkahlíð, fjölgun á kynlausum klósettum, um margbreytilegara námsefni og um kynjatvíhyggju í umsóknarformi og á Uglu. Einnig voru aðgengismál í víðum skilningi, mál fjarnema og bæting á staðlotum til umræðu.

### **Mál sem eru í farvegi**

- Staðlotur verði bættar
- Fjölbreytileiki í námsefni



- Áhugasvið þroskahamlaðra stúdenta
- Húsnæðismál á Menntavísindasviði
- Fá fulltrúa stúdenta í nefndir og/eða ráð er varða hagsmuni stúdenta

**Verklagsreglur fyrir Sviðsráð MVS 2019-2020 má nálgast [hér](#).**

## SVIÐSRÁÐ VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS

### GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

Hér er búið að taka saman helstu upplýsingar til að finna svör við hugsanlegum spurningum sem koma upp. Listinn er ekki í neinni ákveðinni röð og er ekki tæmandi.

1. Sviðsráð heldur úti google drive síðu þar sem hægt er að nálgast öll gögn eins og fundargerðir, ályktanir, verklagsreglur o.fl. gögn. Ekki var notað við sérstakt forrit skipulag á vinnu og útbýtingu verkefni en mælt er með að skoða þann möguleika til að fá meiri yfirsýn með vinnu ársins og skilvirkni. Til dæmis væri möguleiki að nýta Teams en hafði sá möguleiki verið ræddur yfir árið.
2. Til að panta fundarstað er haft samband við kennslustofur@hi.is eða þeir bókaðir í gegnum fundarboð og „room list“ í Outlook. Á síðari möguleikinn hlefst við fundarstaði í VR-2 og Tæknigarði. En það hentaði vel þar sem allir fundir sviðsráðs veturinn 2019-2020 voru boðaðir í gegnum Outlook.
3. Almennar fyrirspurnir á sviðið má senda á nemvon@hi.is eða hafa beint samband við einstaklinga sem eiga í hlut.
4. Sameiginlegur vettvangur sviðsráðs hefur verið haldið úti sem hópi á Facebook. Nýtt sviðsráð gerir sinn eigin hóp.
5. Fulltrúaráðið NáttVerk heldur einnig úti hópi á Facebook. Best er að fulltrúi sviðsráðs í NáttVerk búi til nýja síðu fyrir 2020-2021.
6. Sviðsráð heldur úti Facebook síðu. Þar komum við gagnlegum upplýsingum á framfæri til nemenda og segjum frá áföngum sem við náum í gegnum árið. Einnig var stofnaður Instagram aðgangur fyrir sviðsráð sem heitir svidsradvon. Reynt var að sýna einhverja virkni þar en gott væri að auka hana.
7. Sviðsráð stofnaði tölvupóstfang sem notað var til þess að hafa samskipti í tengslum við málefni sviðsráðs. Tölvupóstfangið er svidsradvon@gmail.com og fær nýr forseti sviðsráðs lykilorðið á skiptafundi.
8. Sviðsráð tekur við nafnlausum ábendingum í gegnum Google Forms. Er í description á facebook síðunni en engin fyrirspurn barst á starfsárinu. Það væri hægt að auglýsa vettvanginn betur.
9. Ítarefni skjal. Linkar að stefnum og ýmsum áhugaverðum greinum má finna á drifinu.
10. Málefnamappa sviðsráðs er á drifinu. Mælt er til þess að sviðsráð 2020-2021 búi til sína eigin málefnamöppu/hugmyndabanka og geta þá notast við sama skjal til þess að skilgreina hugmyndirnar. Góð leið til þess að koma hugmyndum á framfarir við sviðsforseta og stjórn sviðsins er að fylla út þetta skjal.

11. Það er mismundandi eftir árum hvort sviðsráð hafi fjármang til ráðstafa en hægt er að leita styrkja til SHÍ eða sviðsins fyrir útgjöld í kringum t.d. viðburði.
12. Endurnýta má kynningar ár frá ári en hægt er að nálgast þær á drifi sviðsráðs.

---

## UM SVIÐSRÁÐ

Hlutverk sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs er að sinna hagsmunagæslu fyrir nemendur á sviðinu. Sviðsráð starfar í umboði nemenda og talar þeirra rödd þegar kemur að hinum ýmsu málum. Sviðsráð sér um bein samskipti við stjórn sviðsins og upplýsir nemendur um þau mál sem eru í brennidepli hverju sinni.

Sviðsráð 2019-2020 tók við þann 15. maí 2019. Sviðsráðsfundir voru haldnir á tveggja vikna fresti út allt starfsárið nema ef eitthvað sérstakt kom upp eins og kosningar eða frí. Í upphafi hvernar annar var valinn fastur fundartími á Doodle eða í gegnum Facebook-poll. Það reyndist vel. Fundir voru ýmist haldnir í VR, Tæknigarði eða Læknagarði.

---

## AÐALFULLTRÚAR SVIÐSRÁÐS 2018-2019

Ásmundur Jóhannsson, forseti (Röskva)  
Guðrún Karítas Blomsterberg, Markaðsfulltrúi (Vaka)  
Aðalbjörg Egilsdóttir (Röskva)  
Jessý Jónsdóttir, Ritari (Röskva)  
Einar Halldórsson (Vaka)

---

## VARAFULLTRÚAR SVIÐSRÁÐS 2018-2019

Salvar Andri Jóhannsson (Röskva)  
Tinna Tómasdóttir (Vaka)  
Rebekka Karlsdóttir (Röskva)  
Sólveig Daðadóttir (Röskva)  
Ernir Jónsson (Vaka)

---

## ÁBYRGÐARHLUTVERK INNAN SVIÐSRÁÐS

**Forseti sviðsráðs** sér um að boða til funda sviðsráðs með tveggja daga fyrirvara. Fundir eiga að vera haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði og forseti finnur einnig fundarstað. Samkvæmt tillögu sem lögð var fyrir á Stúdentaráðsfundi var miðað við að fundir væru viku fyrir Stúdentaráðsfundi til að tryggja samráð og samvinnu þegar kemur að dagskrá SHÍ funda. Forseti sér um að útteila verkefnum á sviðsráðsmeðlimi og ganga á eftir þessum verkefnum. Ábyrgðarhlutverk einstaklinga verður að vera skýrt.

**Ritari Sviðsráðs** sér um og ber ábyrgð á að fundargerðir séu ritaðar á fundum og haldið til haga á drifi sviðsráðs. Fundargerðir skulu vera tilbúnar og aðgengilegar þremur dögum eftir fund.

**Umsjónarmaður samfélagsmiðla/Markaðsfulltrúi** sér um að halda Facebook-síðu og öðrum miðlum uppfærðum með reglulegu millibili. Þetta er mikilvægt hlutverk fyrir ásýnd sviðsráðs VoN og svo að nemendur viti hvert hægt sé að leita ef upp koma mál

**Sviðsráðsmeðlimir** sjá um sín verkefni og að ganga á eftir þeim. Sviðsráð er samsett af sviðsráðsmeðlimum og hægt er að koma mörgu í framkvæmd ef að allir hjálpast við að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að hver og einn sviðsráðsmeðlimur sýni gott frumkvæði.

---

## HELSTU ÁFANGAR OG HAGSMUNAMÁL ÁRSINS

Á 2. fundi sviðsráðs fór fram málefnavinna og stefnumótun. Þar ræddum við hvað einkennir góða hópavinnu og fórum svo í að setja okkur markmið með stefnur fylkinganna til hliðsjónar. Við skilgreindum langtímamarkmið og skammtímamarkmið. Svo komu upp hugmyndir og mál eftir því sem árið leið. Hér að neðan má sjá helstu hagsmunamál og áfanga starfsársins og stöðu þeirra:

## BÚIÐ/FRAMKVÆMT

---

### **Kvenfyrirmyndir í verkfræði og náttúruvísindum gerðar sýnilegri:**

Héldum viðburðinn „Ryðjum veginn: Konur í vísindum og verkfræði” í annað sinn. Þar komu fram 4 konur sem höfðu stundað nám í verkfræði- og náttúruvísindum og hafa þær nú látið til sín taka bæði innan og utan háskólasamfélagsins. Voru þær á mismunandi stað á ferli sínum og sögðu frá sigurum og hindrunum á ferlinum.

**Upplstrarfrí tryggt:** Á 288. Stjórnarfundum stjórnar Verkfræði og náttúruvísindasviðs lögðu fulltrúar nemenda fram [bókun](#) þess efnis ver mikilvægt væri að tryggja nemendum andrými milli síðasta kennsludags og fyrsta prófa í formi, að minnsta kosti, 2 virka daga í upplestrarfrí. Var bókunin undirrituð af stjórnnum allra félaga B.Sc. nema á VoN, en tveir dagar voru valdir til að fá undirskrift allra stjórnna. En eftir að bókunin var lögð fram var ákveðið að breyta henni í tillögu sem samþykkt var af stjórn sviðsins. Það er að segja að minnsta kosti 2 virkir dagar ættu að vera frá síðasta kennsludegi til fyrsta prófadags og kemur það fram í [fundargerð](#) þessa fundar

**Eftirfylgni og ráðgjöf við breytingar á Eðlisfræði 1:** Verkfræði og náttúruvísindasvið fór það verkefni haustið 2019 að breyta Eðlisfræði 1 nemendum til gagns. Í byrjun annar virtust breytingarnar ekki vera skila sér sem kostur fyrir nemendur og óskaði því sviðsráð eftir upplýsinga og meiri aðkomu að málinu. Var því tekið vel og var okkar gagnrýni og ábendingum tekið alvarlega og breytingar gerðar. Í lok annar er margt sem bendir til þess að ný uppbygging áfangans hafi gagnast vel fyrir nemendur sem höfðu þann grunn í eðlisfræði sem mælst er með eða að minnsta kosti smá grunn. Á sama tíma þarf nýtt sviðsráð að vera meðvitað um það að fólk féll fyrr úr áfanganum þetta haust en árin á undan. Samt sem áður var sviðsráð heilt yfir ánægt með breytingarnar og fagnar því að svipaðar breytingar eigi að gera á Stærðfræðigreiningu 1 og Línulegri algebru 1.

**Meira vegan úrval og fjölbreyttari matur í Tæknigarði:** Súpan í tæknigarði varð á þessu skólaári ávallt vegan og salatbar kom þangað á vorönninni sem var mikil búbot fyrir nemendur. En sviðsráðið 2018-2019 ýtti á FS með tölvupóstsamskiptum á bætt veganúrval í Öskju og Tæknigarði en skrifstofa SHÍ ákvað að taka það á sig, starfsárið 2019-2020, samskipti við FS varðandi veganúrval, og gekk það á mörgu leiti vel.

**Stundatöflur kennslustofa komið fyrir í VR-2:** Sviðsráð í samstarfi við nemendapjónustu VoN komu stundatöflum kennslustofa VR-2 fyrir framan þær. Var þetta gert til að auðvelda nemendum að nýta sér þær utan kennslu. Ekki náðist að gera það sama fyrir stofur í Ösku og hvetur fráfarandi sviðsráð að það verðir gert á næsta ári.

**Kynning á sviðsráðsmeðlimum:** Kynningin fór fram á Facebook á tímabilinu 24. febrúar til 20. mars. Var þetta heldur seint þetta árið meðal annars vegna samstarfs við önnur sviðsráð um að vera ekki á sama tíma. Er því ekkert endilega mælt með að þetta sé gert í samstarfi við önnur sviðsráð og helst að þetta verði gert á haustönn.

**Aukin vitund stúdenta á hagsmunamálum:** Sviðsráð hélt kynningu á kynningardegi nýnema sem og á nýnemadögum þar sem nemendum var gert grein fyrir hvert þeir gætu leitað með hvers kyns hagsmunamál stúdenta. Einnig var deilt út ábendingarformi á facebooksíðu sviðsráðs.

**Kynning á launað starfsnám hjá alþjóðastofnum.** Sviðsráð í samstarfi við tengslatörg og alþjóðaskrifstofu voru með kynningu á samstarfi Háskóla Íslands við Evrópsku einkaleyfastofuna (EPO) og Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) og möguleika nemenda á borguðu starfsnámi hjá stofnunum. Aðeins 3 nemendur komu á viðburðinn en þar sem þessi starfsnám mun möguleika verða árlegt hvetur núverandi sviðsráð það næst að reyna gera viðburðinn stærri á næsta ári.

**Nemendaskápar í VR2:** Komu í kjölfar þarfagreiningar sem framkvæmd var af sviðsráði 2017-2018 og þrýsting frá sviðsráði 2018-2019. Þeir komu á ganginn á fyrstu hæð í VR2 vorið 2019 en ekki var búið að opna fyrir skráningar á þeim. Það kom í gagnið veturinn 2019-2020.

**Viðbrögð við Covid-19:** Á seinni hluta vorannar litaðist starf sviðsráðs að miklu leiti af Covid-19. Fulltrúar sviðsráðs í stjórn VoN sátu auka upplýsingafundi með stjórninni og komu áhyggjum nemenda á framfæri þar. Sem viðbragð við Covid-19 og áhyggjur nemenda ákvað sviðsráð að senda könnun til nemenda sviðsins um hvort fjarkennsla væri í boði hjá þeim, ánægju þeirra með kennsluhætti í samkomubanni

og hvernig líðan þeirra væri. Verður farið nánar yfir viðbröð sviðsráð við Covid-19 fyrir neðan í undirkafla.

## Í VINNSLU

Það er undir sviðsráði sem tekur við að velja mál sem þau vilja fylgja eftir á komandi starfsári.

**Aðstöðumál í VR-2:** Sviðsráð talaði mikið fyrir bættri aðstöðu í VR-2, m.a. bættum fyrirlestrasölum og vatnsvél. Framkvæmdir eru hafnar við nýja fyrirlestrasali og samtal við umsjónarmann VR-2 um vatnsvél einnig. Fulltrúar í sviðsráði komu fyrir skiptiborði á einu klósettana á annarri hæð auk þess sem unnið er að kynlausum klósettum.

**Hitinn í Öskju:** Nemendur í stjórn sviðsins töluðu fyrir betra hitastigi í Öskju á stjórnarfundum og fengu það svar að lágt hitastig á veturna væri vegna hönnunargalla og lítið væri hægt að gera í því. Talað var fyrir því að keyptir væru rafmagnsöfnar sem væru á víð og dreif um húsið yfir kaldasta tíma ársins en næsta sviðsráð þarf að ýta á eftir þessu.

**Lesaðstaða fyrir nemendur í Öskju:** Í upphafi skólaárs misstu B.Sc. nemar aðgang að lesstofu í Öskju og fór sviðsráð í vinnu til að bæta úr því. Samtal er langt komið um að nemendur fái aðgang að kennslustofum utan kennslu, fjármagn er tryggt en það á eftir að útfæra þetta almennilega í samstarfi við Sigdís.

**Aðgengis- og húsnæðismál í Háskólabíó:** Sviðsráðið 2018-2019, með ábendingar frá nemendum, tók saman atriði sem bæta þyrfti við Háskólabíó, bæði varðandi aðgengi fólks með fötlun og aðstöðu í fyrirlestrasölum. Búið er að leysa það sem hægt var að gera strax en á döfinni er heildstæð úttekt fagfólks. Veturinn 2019-2020 var verkefnið en í vinnslu þá sérstaklega í Háskólabíó en halda þarf áfram þrýsting á þessi málefni næstu árin.

**Plöntur á lesstofur:** Sviðsráð reyndi að vekja áhuga sviðsforseta á að fá plöntur á lesstofur sviðsins. Undirtekinnar voru frekar dræmar en við höfum ekki skoðað ítarlega möguleikann að fá plastplöntur.

**Þrýstingur á fab lab (design workshop) fyrir nemendur:** Fab lab á háskólasvæðið var hugmynd sem sviðsráð byrjaði að vinna með veturinn 2018-2019 og var svo tekið betur á því veturinn 2019-2020. Var þrýstingur settur á sviðsforseta við hvert skipti sem það var hægt. Í lok starfsárs 2019-2020 var búið að finna húsnæði fyrir verðandi fab lab í VR-3 og verið var að leita af viðbótarfjármagni við auk þess sem háskólinn ætlaði að setja í verkefnið.

**Kennsluverðlaun nemenda:** Sviðsráðið 2018-2019 byrjaði að vinna að hugmynd að Nemendur verðlauna kennara sem þeim finnst hafa

staðið sig vel. Reiknistofnun hafði útvegað þeim tól til þess að framkvæma þetta en það þurfti en að ákveða útfærslu og hverjir koma að því að veita þessi verðlaun. Haustið 2019 byrjaði VoN að veita sín eigin kennsluverlaun þar sem hver deild mátti útnefna tvo kennara sem tilnefningar og áttu nemendur rétt á að útnefnda tvo. Þarf að taka ákvörðun um hvort að kennsluverlaun nemenda falli inn í kennsluverlaun VoN eða hvor þau verði en þróuð sem sér verkefni

**Samstarf við atvinnulífið:** Síðustu ár hafa verið þó nokkrar umræðu innan sviðsráðs að haldinn yrði sér atvinnudagar (e. Career Fair) fyrir nemendur á Von mögulega í samstarfi við FVS og Fjármála og atvinnulífsnefnd. Er hugmyndin að með þessu mætti ýta undir það að fleiri verkefni nemenda á sviðinu væru unnin í samstarf við fyrirtæki og séu í takt við atvinnulífið. En sem komið er hefur hugmyndin ekki verið framkvæmd en helstu erfiðleikar sem komu upp voru samskipti við Fjármála og atvinnulífsnefnd. Ef ætlunina er að framkvæma þessa hugmynd er mælt með því að sviðsráð byrji sem fyrst að móta sína sýn á verkefnið, síðasta lagi í september, áður en haft er samband við aðila til samstarfs, s.s FVS, Fjármála og atvinnulífsnefnd, Jónínu Kárdal á Tengslatorginu og fyrirtæki.

**Nemendur fá fræðslu í jafnréttismálum í upphafi náms:** Sviðsráð talar fyrir því að fá félög á borð við Hugarúnu, Q-félagið og fémínistafélag HÍ til þess að vera með kynningar í byrjun hvers námsferils. Það þarf að passa upp á að það sé rætt fyrir nýnemadagana. Bókun þess efnis er tilbúin en hefur ekki verið sett fram á stjórnarfundum VoN þar sem Covid-19 hefur tekið upp þorra tímans þar.

**Nýtt fyrirkomulag fyrir skipan fulltrúa stúdenta á Sviðsþing:** Sviðsþing er haldið eins sinni til tvisvar á ári. Fer þar sviðsforseti oft á tíðum yfir stöðu sviðsins og helstu má í deiglunni. Fara þar oft á tíðum fram umræður og ákvarðana tókur um stærri málefni sem eiga við sviðið allt í heildinni. Nemendur hafa rétt á fulltrúum á sviðþing og er fulltrúar reiknaði eftir eftirfarandi reglu; nemendur eiga 3 sæti á móti fyrstu 12 föstum starfsmönnum sviðsins – og 1 á móti hverjum 6 eftir það. Í ár höfðu nemendur 48 sæti á þinginu en oft á tíðum er boðað á þingið með frekar skömmum fyrirvara og eftir að manna þessi sæti nemenda. Í ár náðist að fá það fram að sviðþingið fór ekki fram í miðjum prófum nemenda og voru hverju nemendafélagi úthlutað ákveðið mörgum sætum til að fylla og gekk það misvel. Mælt er með því að reynt sé að koma upp varanlegt form á hvernig fulltrúar nemenda eru valdir t.d með því að setja það í hendur nemendafélaga í upphafi annar að skipa nemendur í sæti eða draga úr poti fulltrúa nemenda.

**Rafrænlokapróf:** Byrjað var á árinu að þrýst á og kanna áhuga kennara á að nýta sér prófakerfið Inspira í lagningu lokapróf, þá sérstaklega í forritun og álíka prófum. Fólst þetta í tölvupóstsamskiptum við valda deildarforseta og námsbrautastjóra. Einnig fór fulltrúi sviðsráðs ásamt forseta Nörds á fund með fulltrúum tölvunarfræðinnar að ræð þetta málefni. Þegar þessi skýrsla var skrifuð var ekki komið í ljós hversu mörg lokapróf höfðu farið fram í Inspira eða öðrum rafrænumlausnum vegna Covid-19 en mælt er með að það verður skoðaða.

## EKKI HAFIÐ

---

**Verklegar æfingar og áfangar metnir í samræmi við álag:** Ekki var hægt að komast í það að fullum krafti að þrýsta á að verklegar æfingar og áfangar væru metnir í samræmi við álag. En ef framtíðar sviðsráð ætla að hella sér í þá vinnu er mælt með að könnun um þetta málefni sem framkvæmd var veturinn 2017-2018 verði skoðuð.

**Þrýst á aukið fjármagn frá ríkinu í rannsóknir:** Ekki gafst tími í vetur til að vinna að þessu málefni en umræðu voru um greinarskrif og álíka. Mælt er með að þetta verði tekið fastari tókum á næsta starfsári í samstarfi við réttindaskrifstofuna ásamt fjármögnun háskólans. Er mælt með að þetta verið gert á Haust önn þar sem fjárlög eru afgreidd í nóvember eða desember.

---

## VIÐBRÖGÐ VIÐ COVID-19

Á seinni hluta vorannar litaðist starf sviðsráðs að miklu leiti af Covid-19. Fulltrúar sviðsráðs í stjórn VoN sátu auka upplýsingafundi með stjórninni og komu áhyggjum nemenda á framfæri þar. Þegar þessi skýrsla var rituð voru upplýsingarfundirnir ornir 8 en fulltrúar nemenda sátu á flestum þeim. Í upphafi einkenndust þeir af upplýsingum og umræðu um hvernig viðbrögð sviðsins við breytta kennsluhætti og fjarkennslu. Þegar líða fór á apríl snerist umræðan meira um aðkomu sviðsins að sumarnámi sem menntamálaráðherra boðaði og sumarstörf sem ríkið ætlaði að bjóða stúdentum upp á.

Eftir fyrsta fund nemenda með Sigurði Magnúsi, forseta verkfræði- og náttúruvísindasviðs, og Sigdísí, kennslustjóra sviðsins, var ákveðið að senda könnun til nemenda sviðsins um hvort fjarkennsla væri í boði hjá þeim, ánægju þeirra með kennsluhætti í samkomubanni og hvernig líðan þeirra væri. Ástæðan var lokun Háskóla Íslands vegna samkomubanns sem var yfirstandandi vegna COVID-19 heimsfaraldursins.

Könnunin fór fram dagana 19. - 23. mars í gegnum Google Forms og var dreift til nemendafélaga sem sáu um dreifingu meðal nemenda. Spurningarnar voru 14 og bárust alls 207 svör. Niðurstöðurnar voru á þá leið að fjarkennsla væri komin á í langflestum áföngum, að flestir nemendur væru nokkuð sáttir með fyrirkomulag hennar en að líðan væri almennt ekki góð, stúdentar hefðu áhyggjur af því að þeir eða aðrir flosnuðu upp úr námi, voru með fjárhagsáhyggjur eða aðrar áhyggjur. Einnig var spurt um hvernig nemendum litist á að Staðið/Fallið yrði gefið í einhverjum áföngum og sýndu niðurstöðurnar að meira en helmingi nemenda þætti það gott eða mjög gott.

Niðurstöður könnunarinnar voru mikilvægt töl fyrir fulltrúa nemenda í stjórn VoN til að þrýsta á úrbætur þar sem úrbóta var þörf, sem og fyrir stjórnendur sviðsins og skólans til að útfæra næstu skref. Til að mynda hafði skýrslan áhrif á þá ákvörðun stjórnar skólans að nemendur gætu fengið Staðið/Fallið í áföngum ef þeir óskuðu þess. Hægt er að nálgast nánari niðurstöður hjá Aðalbjörgu Egilsdóttur, fráfarandi fulltrúa í stjórn VoN, ef þörf er á.

---

## NEFNDIR OG RÁÐ

Sviðsráð skipar fulltrúa í eftirfarandi nefndir og ráð. Nánari lýsing á hverju nefndarstarfi kemur eftir upptalninguna.

---

### YFIRLIT

---

#### NEFNDIR INNAN VON

- Stjórn VoN - tveir fulltrúar
  - Aðalbjörg Egilsdóttir og Ásmundur Jóhannsson
- Kennslunefnd VoN – tveir fulltrúar, einn grunnnemi og einn framhaldsnemi
  - Sólveig Daðadóttir
- NáttVerk - einn fulltrúi<sup>1</sup>

---

#### NEFNDIR INNAN SHÍ

- Forseti sviðsráðs hefur sæti í stjórn SHÍ.
  - Ásmundur Jóhannsson
- Úthlutunarnefnd stúdentasjóðs SHÍ - einn fulltrúi nemendafélaga á sviðinu. NáttVerk skipar.<sup>2</sup>
  - Ásdís Erla Jóhannsdóttir

---

#### AÐPJÓÐLEG SAMTÖRF

- Nordtek – einn fulltrúi
  - Salvar Andri Jóhannsson

---

#### LÝSING Á NEFNDARSTARFI SÍÐASTA ÁRS

---

<sup>1</sup> Í ár var ekki forleg stjórn NáttVerk starfandi og því enginn fulltrúi sviðsráðs

<sup>2</sup> Vegna fyrrgreindar ástæðna skipaði sviðsráð fulltrúa nemenda á VoN þetta árið



## STJÓRN VON

Fulltrúar voru Ásmundur Jóhannsson og Aðalbjörg Egilsdóttir. Við gátum boðað varafulltrúa úr sviðsráði eftir þörfum en Jessý Jónsdóttir sat almennt þá fundir sem varafulltrúa þurfti. Stjórn VoN samanstendur af forseta sviðsins (1), deildarforsetum (6) og fulltrúum nemenda (2), en saman hafa fulltrúar nemenda 1 atkvæði.

### Stjórn Von 2019-2020

Dr. Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Verkfræði og náttúruvísindasviðs  
Dr. Rúnar Unnþórsson, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar  
Dr. Magnús Tumi Guðmundsson, forseti Jarðvísindadeildar  
Dr. Snæbjörn Pálsson, forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar<sup>3</sup>  
Dr. Magnús Örn Úlfarsson, forseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar  
Dr. Oddur Ingólfsson, forseti Raunvísindadeildar  
Dr. Guðmundur Freyr Úlfarsson, forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar  
Ásmundur Jóhannsson, fulltrúi nemenda.  
Aðalbjörg Egilsdóttir, fulltrúi nemenda.

Á stjórnarfundum eru helstu málefni sviðsins rædd og ákvarðanir teknar. Oft koma inn einstaklingar úr stoðþjónustu VoN, starfsmenn af öðrum sviðum og víðar úr háskólasamfélaginu til þess að taka þátt í samtalinu. Það er því mjög mikilvægt að hafa fulltrúa á þessum vettvangi til að gæta vel að þeim málum er varða hagsmuni stúdenta. Fundirnir eru haldnir á tveggja vikna fresti, á miðvikudögum kl. 10 - 12. Fulltrúar nemenda fá fundargögn send í pósti frá verkefnastjóra stjórnar sem annast samskipti við nemendur af miklu leiti.

Á stjórnarfundum er farið í öll helstu mál sem snerta sviðið; kennslumál, mannauðsmál, fjármál og rekstur, stefnumótun, húsnæðismál, gæðamál, jafnréttismál, rannsóknir o.s.frv. Hér að neðan má sjá nokkur dæmi um mál sem voru rædd á stjórnarfundum og eru tekin úr fundargerðum.

**Fjármál:** mikið er rétt um fjárhagsstöðu sviðsins á stjórnarfundum þá oft í formi kennslu- eða fjármálaáætlunar næsta árs og fer þessi umræða fram á haustið og tekur mest allt það. En fjárhagsstaða sviðsins hefur ekki verið góð síðustu árin og hefur það valdið því að námskeiða hafa verið felld niður og ný ekki kenndi. Heyrast orðin „Erum við að kenna of mikið“ þó nokkuð oft og þarf næsta sviðsráð að vera meðvitað um umræðuna um meiri samkenndu og niðurlagningu námskeiða. En er þetta gert til að finna fjármagn og koma þeim í vök og námskeið.

**HÍ21** og staða aðgerða innan deilda fyrir akkerisfundi rædd. Mikilvægt að sviðið vinni markvisst að markmiðunum. Einnig byrjað að ræða varðandi HÍ26.

**Nýjar námsleiðir:** rétt var um og samþykktar tvær nýjar námsleiðir á starfsárinu, diplóma í umhverfis og auðlindarfræði og doktorsnám í efnaverkfræði. Voru þær báðar samþykktar með þeim fyrir vara að ekki mynd koma auka fjármagn með þeim til deila þar sem þær væru kenndar.

**Styrking meistaranáms** og aðgerðir 2019. Áhyggjur yfir því að margir MS nemendur skrái sig en fáir brautskráist. Kallað eftir lausnum til þess að styrkja MS námið. Einn möguleiki að fá framhaldsnámið betur á Háskóladaginn m.t.t. skiptináms. Horft var m.a. til þess hversu vel hefur tekist að halda utan um meistaranema í umhverfis- og auðlindafræði og jarðfræði.

**Styrkveitingar til sviðsins:** Mikið var rétt um styrktar veitingar í formi m.a. aðstoðarkennara styrki, rannísstyrkir meðal annars úr tækjakaupasjóð og hvernig markaaætlun sviðsins gæti tekið mið af Horizon Europe 2020-20227 verkefni Evrópusambandsins.

**Heimsmarkmiðin Sameinuðu Þjóðanna** komu oft upp m.a. í tengslum við hvernig mætti bregðast við og nýta heimsmarkmiðið um sjálfbæra þróun þegar kemur að sýnileika rannsókna.

<sup>3</sup> Meðan Dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir er í leyfi

Stjórnvöld eru farin að kalla eftir því að stofnanir máti sig við markmiðin og stjórn VoN er að huga að því hvernig sviðið getur innleitt markmiðin og valið sértæk markmið til að gera sín. Fulltrúar nemenda töluðu fyrir því að með því að auka almenna vitund kennara á heimsmarkmiðunum mætti tengja þau við hvern og einn áfanga.

**Stefna sviðsins í húsnaðismálum** og möguleg útfærsla á henni til lengri tíma. Rætt um hverjar helstu áherslur sviðsins ættu að vera á komandi misserum. Sviðsforseti talar fyrir hugmynd sem hann kallar „TækniTorg“ og vinnur að því að þróa hugmyndir um langtímasýn í húsnaðismálum sviðsins. Einnig var rætt um hvort VoN fengi inni í Grósku og hófust endurbætur á nokkrum húsum sviðsins, m.a. VR-2 og Dunhaga.

**Gæðaúttektir** eru í gangi á sviðinu. Þar fara deildir í innri endurskoðun á gæðamálum. Deildarforsetar almennt ánægðir með úttektirnar.

**Rafrænir kennsluhættir.** Stefnt er að því að taka upp staðlað alþjóðlegt námssumsjónarkerfi. Fáum utanaðkomandi stuðning við innleiðingu. HÍ hefur beint augum sínum að EdX en þar er geta prófessorar hannað rafræn námskeið og nemendur geta valið úr breiðri flóru námskeiða frá hinum ýmsu háskólum. HÍ nú þegar kominn með [þrjá áfanga á vettvanginn](#). Innleiðing Inspera, rafræna prófakerfisins, er nú í fullum gangi og hefur gengið vel. Nemendur og kennarar almennt tekið vel í kerfið. Sérstakur kostur fyrir VoN að hægt er að skrifa langa útreikninga á blöð og skanna inn. Að auki flýttir þetta verulega fyrir yfirferð prófa og sparar pappír í massavís.

**Strategísk störf.** Vegna takmarkaðs fjármagns sviðsins síðustu ár hefur lítið verið ráðið af nýjum kennurum. Háskólinn kallaði eftir því að stjórn sviðsins færi yfir hvað gætu verið strategísk störf fyrir framtíð skólans og varð ljóst að ýmsar námsleiðir á VoN, auk þverfaglegra tækifæra, eru mikilvægar fyrir framtíðina. Rætt var m.a. um mikilvægi rannsókna á norðurslóðum, loftslagsbreytingar, þróun nýrrar tækni o.fl. í þessu ljósi.

**Covid-19.** Vegna aðstæðna tók Covid-19 og viðbrögð við heimsfaraldrinum yfir stóran hluta allra funda á seinni hluta starfsársins. Gott samtal á milli fulltrúa nemenda í stjórn og annarra stjórnarmeðlima var mikilvægt fyrir umræðuna og viðbrögð sviðsins. Rektor og aðstoðarrektor komu inn á einn fund þar sem niðurstöður könnunar sem sviðsráð sendi út voru kynntar og var almennt vel tekið í tillögur nemenda. Mikilvægt er að næsta sviðsráð haldi vel á spöðunum þegar kemur að áframhaldandi viðbrögðum við Covid-19.

## KENNSLUNEFND VON

Fulltrúi var Sólveig Daðadóttir

Á fundum kennslunefndar eru mál tekin ítarlegar fyrir en á stjórnarfundum. Þar er kafað dýpra út í aðgerðir og verkefni er varða kennslumál. Málin eru svo oftast en ekki afgreidd á stjórnarfundum sviðsins. Meðal mála sem nefndin tók fyrir á árinu voru eftirfarandi:

**Kennsluviðurkenning VoN.** Háskóli Íslands hefur frá árinu 1999 veitt starfsmönnum viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í starfi. Kennslunefnd hvers sviðs tilnefnir karl og konu. Í ár var í fyrsta skipti samskonarverlaun veit innan sviðsins, en hver deild gátu tilnefnd tvo kennara og nemendur geta tilnefnt einnig tvo eftir eftirfarandi tilmælum: „Hægt er að tilnefna kennara fyrir lofsverðan árangur eða sérstök nýmæli í þremur flokkum: Kennsla í námskeiðum, leiðbeining lokaverkefna og kennsluþróun.“ En það er kennslunefnd sem ákveður hvaða kennara eiga að hljóta verðlaunina en rödd nemenda fékk þar jafn mikið vægi og aðrir nefndarmeðlimir.

**Kennslumálasjóður HÍ:** Var ræddur inn á fundum og ásamt umsóknum í hann. Fékk þar rödd nemenda gott vægi þegar verið var að forgangsraða umsóknunum.

**Próftökuréttur:** nú er verið að vinna að bættu fyrirkomulag varðandi próftökurétt.

Próftökuréttur er í dag notað í mjög fáum áföngum og lítið sem ekkert samræmi með skilgreiningar á því hugtaki. Á sama tíma verða settar skýrari rammi utan um það hvernig taka á námskeið aftur hafi stúdent ekki náð að ljúka því. Það á ekki að vera geðþóttaákvörðun

einstakra kennara hvaða þætti stúdentar þurfa þreyta aftur. Sviðsráð VoN tók saman greinargerð þar sem afstaða okkar var gerð skýr og hvaða atriði þarf sérstaklega að hafa auga á við endurskipningu próftökuréttar og endurtökum áfanga.

## NÁTTVERK

---

Fulltrúi var –

NáttVerk er fulltrúaráð allra nemendafélaga innan Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs. Meðal markmiða NáttVerk er að hafa sameiginlegan samskiptavettvang og bæta samstarf nemendafélaga við Sviðsráð VoN. Meðal hlutverka NáttVerk er að taka þátt í skipulagningu á Nýnemadögum, halda NáttVerk-leika, skipuleggja útilegu og skipa fulltrúa úr sínum deildum til þess að kynna námið á háskóladögum. Skrifstofa sviðsins er í góðu samstarfi við NáttVerk og fara samskipti mikið fram á Facebook-hóp. Lög NáttVerk má finna á google-drifi sviðsráðs VoN.

Félagið er skipað einum fulltrúa hvers aðildafélags en Sviðsráð VoN er eitt þeirra. Fulltrúi Sviðsráðs í NáttVerk ber ábyrgð á því, skv. 7. grein laga NáttVerks, að skipa aðalfund eigi síðar en 31. maí ár hvert. Að auki sér fulltrúi um að upplýsa meðlimi NáttVerk um þau mál sem SHÍ vinnur að og leita eftir álit og stuðningi NáttVerk í þeim málum sem við koma nemendum á sviðinu.

Ekki var starfandi NáttVerk, á blað, var á þessu ári þar sem lög félagsins fundust ekki þegar sviðsráð byrjaði að leit og var því enginn drifkraftur til að skipta um stjórn eða lífga það aftur við. En sviði sjálfst stofnaði facebook upplýsingahóp sem nefndur var NáttVerk með öllum forsetum nemendafélaga á sviðinu. En sviðsráð nýtti hann einnig til upplýsingagjafar og ásamt því að margir sviðsráðsmeðlimir sátu í stjórnnum nemendafélaga var hægt að nýta þá tenginu í góð verk. Svo sem tillagan að upplestarfrí sem studd var af öllum nemendafélögum sviðsins. Mælir samt sviðsforseti sterklega með að framtíðar sviðsráð taki það á sig að stofna nýja stjórn Náttverks til að eiga í góðu sambandi við nemendafélög en lög Náttverks má finna hér

## NORDTEK

---

Nordtek er nokkurskonar tengslanet (rektora) tækniháskóla á Norður- og Eystrasaltslöndunum. Tengslanetið á að þjóna þeim tilgangi að, meðal annars, vera staður fyrir skóla að kynnast nýjum kennsluháttum og bera saman hvað mismunandi skólar eru að gera varðandi menntun o.fl., ýta undir nýsköpun, að vera þrýstihópur innan landanna og jafnvel alþjóðlegur, ýta undir áhuga ungmenna á verkfræðimenntun á hærra stigi. Samkvæmt upplýsingum sviðsráðs vild núverandi forseti Nordtek jafnframt beita sér meira sem þrýstihóp.

Nordtek hefur verið með allskyns þælingar, eins og kom td hugmynd sem virðist vera í framkvæmd um svokallað "ventura cup" sem væri þá nokkurskonar ráðstefna sem frumkvöðlar gætu sótt á og fengið styrki.

Það er árleg ráðstefna þar sem mæta rektorar, stúdentafulltrúar og fleiri. Nemendafulltrúar veita innsýn nemenda á allskyns hluti á ráðstefnunni. Á ráðstefnunni verður kosið í Nordtek Student Board. Nordtek student board hefur verið svolítill óviss um hlutverkið sitt en það nýjasta sem hefur komið fram þar var að það gæti verið mögulegt tengslanet fyrir nemendur og nemendafélög skólanna.


Árlega hafa tveir fulltrúar nemenda VoN farið ásamt sviðs forseta á árlega ráðstefnu Nordtek. En skólinn hefur sér um mest allan kostnað og upphald nemenda á þessari ráðstefnu. Fulltrúar nemenda hafa almennt verið fráfarandi fulltrúi sviðsráðs í Nordtek og hinn þá sá sem hefur verið valin til að taka við af honum. En í ár hefur ráðstefnunni verið frestað út af Covid-19 og er því mælt með að sviðsráð verði í sambandi við sviðs forseta og Salvar Andra varðandi hvenær næsta ráðstefna verður haldin. En hér má finna vefsíðu Nordtek: <http://nordtek.net/>

## VIÐBURÐIR

### VIÐBURÐIR SVIÐSRÁÐS

## RYÐJUM VEGINN: KONUR Í VÍSINDUM OG VERKFRÆÐI

Sviðsráð skipulagði viðburðinn „Ryðjum veginn: Konur í vísindum og verkfræði” í annað sinn, nú í samstarfi við Ada, hagsmunafélag kvenna í upplýsingatækni við HÍ. Viðburðurinn heppnaðist afar vel og væri gaman að sjá næstu sviðsráð halda honum á lofti. Það er sérstök ástæða til þess að gefa konum í STEM tækifæri og pláss en þegar þetta er skrifað er Verkfræði- og náttúruvísindasvið eina sviðið sem hefur færri konur en karla í námi.



**KONUR Í VERKFRÆÐI  
OG VÍSINDUM**

4. febrúar  
17.30  
Hús Vigdísar  
Veitingar í boði

Auður Önnu Magnúsdóttir  
Hrefna Ásgeirsdóttir  
Lotta María Ellingssen  
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir

### SAMANTEKT

Fyrirmyndir eru mikilvægar og mættu vera fleiri þegar kemur að konum í verkfræði- og náttúruvísindum. Okkur langaði því að draga fram flottar konur úr atvinnulífinu sem eiga það sameiginlegt að hafa stundað nám í þessum greinum til þess að valdefla þær sem eru að stíga sín fyrstu skref. Eins og árið áður vorum við á dagskrá Jafnréttisdaga, sem var afar gott því þá fengum við stofuna frikeypis. Við völdum staðsetningu og tímasetningu, Veröld þriðjudaginn 4. febrúar kl. 17:30, og boltinn fór að rúlla. Sviðið bauðst til þess að greiða fyrir veitingar, sem voru bornar fram eftir viðburðinn.

Fjórar konur urðu fyrir valinu og var auðvelt að fá þær til að taka þátt vegna áhuga á viðburðinum.

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastýra Landverndar

Lotta María Ellingsen, dósent í rafmagns- og tölvuverkfræði við HÍ og Johns Hopkins

Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, Ph.D. í jarðfræði og hluti af CarbFix teyminu

Hrefna Lind Ásgeirsdóttir, M.Sc. í Design and Digital Media, B.Sc. í hugbúnaðarverkfræði og MBA nemi

Fyrirlesarar voru beðnir um að miðla eigin sögu og reynslu og segja frá sigrum og hindrunum á lífsleiðinni og hvernig þær komust á þann stað sem þær eru á í dag. Við auglýstum viðburðinn á [Facebook](#) en þar má finna nánari lýsingar á erindum fyrirlesara.

Viðburðurinn gekk afar vel og var frábært að heyra ólíka sýn kvennanna á stöðu sína innan vísindasamfélagsins og annars staðar. Aðalbjörg hóf viðburðinn með stuttu ávarpi og kynnti

auk þess fyrirlesara til leiks. Í lok hvers erindis stóðu fyrirlesarar fyrir svörum og svo allar saman í lok viðburðarins.

#### HUGMYNDIR AF ÖÐRUM VIÐBURÐUM

---

Ekki náðist að halda opinn upplýsingafund/sviðsráðsfund á þessu starfsári eins og kveðið er á um í verklagsreglum sviðsins, meðal annars vegna Covid-19. Mælt er samt með því að þannig fundur yrði haldinn og má finna dæmi um þannig fund í ársskýrslu sviðsráðs 2018-2019.

---

#### AÐKOMA SVIÐSRÁÐS AÐ VIÐBURÐUM Á SVIÐINU

##### NÝNEMADAGAR

---

**Nýnemadagarnir heppnuðust vel og kynntum við starfsemi sviðsráðs og Stúdentaráðs fyrir nemendum. Ásmundur Jóhannsson var fyrir hönd sviðsráðs og Jóna Þórey Pétursdóttir forseti stúdentaráðs með honum. Þau kynntu starfsemi Stúdentaráðs og sviðsráða og nefndu dæmi um hagsmunamál sem Sviðsráð VoN berst fyrir. Þau ítrekuðu að skrifstofan og meðlimir sviðsráðs séu alltaf til staðar til að aðstoða og opnir fyrir alls kyns ábendingum. Við mælum með því að sviðsráð fjölmenni á nýnemadaga og hafi bás fyrir utan Háskólabíó þar sem nemendur geta komið og spjallað eða spurt spurninga. Við hvetjum sviðsráð til þess að vera sýnilegt og taka þátt í ratleik nemendafélaganna.**

Sviðsráð kom aðeins að undirbúningi og fundaði með kennslumálanefnd þar sem sviðsráðsmeðlimir komu með ábendingar um hvaða upplýsingar væru gagnlegar fyrir nemendur. Að auki var þar rætt um ratleik nemendafélaganna og útfærslu á honum.

##### KYNNINGARFUNDUR FYRIR NÝNEMA

---

Kynningarfundur fyrir nýnema var haldinn í júní 2019. Hann var hugsaður til þess að kynna sviðið, námsbrautirnar og félagslíf fyrir nemendum sem höfðu skráð sig í námið og kynna fyrir þeim rafrænar leiðir útbúnaðar af sviðinu til þess að undirbúa sig í kjarnagreinum yfir sumarið og koma betur undirbúin fyrir haustið. Stúdentaráð, sviðsráð og nemendafélög voru með kynningar á starfsemi sinni. Forseti sviðsráðs fór fyrir hönd sviðsráðs og megin markmiðið okkar var að segja frá því hvað við gerðum, hver við værum og hvernig nemendur gætu nálgast okkur.

##### SVIÐSPING VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS

---

Sviðsþing VoN fer yfirleitt fram tvisvar á skólaári, eitt á haustönn og eitt á vorönn þrátt fyrir að lög HÍ kveði um að nóg sé að halda eitt þing á ári. Þingið er samráðsvettvangur þar sem fram fer umræða um innri málefni fræðasviðsins. Forseti sviðsins boðar til sviðsþings og eiga þar sæti allir fastir starfsmenn sviðsins. Í lögum Háskóla Íslands kemur fram:

*„Auk þess á sæti á fræðasviðsþingi einn fulltrúi nemenda á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan fræðasviðsins, og skulu þeir kjörnir í sérstökum kosningum til eins árs í senn.“<sup>4</sup>*

Að auki kemur fram:

*„Kosningu eða tilnefningu fulltrúa á fræðasviðsþing skal lokið fyrir 1. mars á því ári sem skipunartími sitjandi fræðasviðsþings rennur út og miðast upphaf skipunartímabils við 1. júlí og lok við 30. júní að tveimur árum liðnum.“*

---

<sup>4</sup> [https://www.hi.is/haskolinn/reglur\\_fyrir\\_haskola\\_islands](https://www.hi.is/haskolinn/reglur_fyrir_haskola_islands)

*Eins og áður kom fram var fyrirkomulag ekki með þessum hætti fyrir Sviðsþingin í ár en við mælum með því að næsta sviðsráð skoði þetta í samráði við Sviðsforseta og komi skipun nemenda á Sviðsþing í betri umgjörð.*

*14 Sviðsþing VoN var haldið föstudaginn 9. Nóvember 2018 í Öskju 132. Dagskrá var eftirfarandi:*

12:30 Setning

12:40 Sviðsyfirlit

*Sigurður Magnús Garðarsson, sviðsforseti*

13:00 Rannsóknarstefna deilda og sviða

*Rajesh Rupakhety, formaður Vísindanefndar VoN*

Strategísk svið VoN

Umræða

13:30 Kaffihlé

11:05 Skipan deilda og rannsóknastofnanna VoN

Samantekt úrvinnslu síðasta Sviðsþing

Innlegg frá deildarfundum

Umræður

14:20 Kennsluv

11:50 Önnur mál

12:00 Þingi lýkur

Þingið heppnaðist vel og sköpuðust fínar umræður.

---

## VERKLAGSREGLUR

Stjórn Stúdentaráðs gaf út viðmið að verklagsreglum en það er undir sviðsráð hvers sviðs að móta þær eftir eigin þörfum. Eftirfarandi verklagsreglur voru síðast uppfærðar 12. júní 2018.

---

## VERKLAGSREGLUR SVIÐSRÁÐS VON

- 1) Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
- 2) Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- 3) Forseti ábyrgist fundaraðstöðu.
- 4) Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
- 5) Ritari ábyrgist fundargerðir og skilar þeim innan við viku frá fundi.
- 6) Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
- 7) Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin og boða varfulltrúa í sinn stað með sólarhrings fyrirvara.
- 8) Varfulltrúar hafa rétt á að mæta á alla fundi sviðsráðs og hafa þá áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt. Ef varfulltrúi situr í stað aðalfulltrúa þá hefur hann einnig atkvæðisrétt.
- 9) Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
  - a) Aðalfulltrúar og varfulltrúar fráfarandi og nýkjörins sviðsráðs skulu mæta á skiptafund.
  - b) Fulltrúar nýs sviðsráðs kjósa um forseta og ritara.
  - c) Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráð (NáttVerk). Hann hefur áheyrnar- málfrelsis- og atkvæðisrétt á fundum Náttverk. Aðrir sviðsráðsmeðlimir hafa áheyrnar- málfrelsis- og tillögurétt á fundum NáttVerk.
  - d) Kosið skal um markaðsfulltrúa sviðsráðsins.
  - e) Kosið skal um tvo fulltrúa í stjórn VoN. Æskilegt er að fulltrúarnir komi úr ólíkum deildum og að kynjasjónarmið séu höfð í huga.

- f) Kosið skal um fulltrúa og varafulltrúa í Kennslunefnd VoN sem hefur jafnframt sæti í Kennslumálanefnd SHÍ.
  - g) Kosið skal um fulltrúa í Nemendafélagsnefnd SHÍ.
  - h) Verklagsreglur skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins.
  - i) Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, ásamt almennri lýsingu á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
  - j) Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málstöðu sviðsráðs.
- 10) Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
  - 11) Sviðsráð kys um fulltrúa í Nortek samtökin.
  - 12) Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
  - 13) Fundur telst löglegur ef meirihluti atkvæðabærra fulltrúa er mættur.
  - 14) Fundir eru opnir öllum og haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
  - 15) Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins.
    - a) Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki sviðsráðsmeðlima.
  - 16) Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum.
  - 17) Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.
  - 18) Sviðsráð sér til þess að VoN hafi aðgang að stjórnskiptingu og ábyrgðardreifingu Sviðsráðs og NáttVerk. (Hver skiptir í hvaða nefnd o.s.frv.)
  - 19) Forseti sviðsráðs býr til vettvang fyrir nýskipað Náttverk.
  - 20) Forseti sviðsráðs passar upp á að góður andi sé við lýði í sviðsráði.
  - 21) Á sviðsráðsfundum ríkir skoðanafrelsi og skulu allir fulltrúar sviðsráðs sýna hvort öðru virðingu á fundum sem og á öðrum vettvöngum.

---

## SKIPTAFUNDUR

Skiptafundur Stúdentaráðs fer fram 14. maí 2020. Í kjölfarið verður haldinn skiptafundur sviðsráðs en tímasetning verður auglýst síðar. Dagskrá skiptafunds verður eftirfarandi:

- 1. Fundur settur
- 2. Ársskýrsla og lykilorð af drifi og tölvupósti afhent
- 3. Nýtt Sviðsráð tekur við
- 4. Kjör forseta
- 5. Kjör ritara
- 6. Kjör markaðsfulltrúa
- 8. Verklagsreglur kynntar og teknar til samþykktar
- 9. Önnur mál.

## VIÐAUKI B – TILLÖGUR SAMÞYKKTAR AF STÚDENTARÁÐI

### T I L L A G A

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð og fylkingar þess gangi saman undir merkjum SHÍ í Gleðigöngunni þann 17. ágúst næstkomandi. Auk þess hvetji Stúdentaráð nemendafélög skólans og önnur félög háskólans til þátttöku í göngunni.

### R Ö K S T U Þ N I N G U R

Stúdentaráð hefur beitt sér ötullega fyrir málefnum hinsegin stúdenta innan veggja HÍ sem og utan, t.d. stutt við frumvarp um kynrænt sjálfræði. Undirrituð leggur til að jafnréttisnefnd SHÍ fái það hlutverk að skrá Stúdentaráð til þátttöku og annast allan undirbúning.

Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu 2019-2020  
*Kjörfundi 13. mars 2019*

### - T I L L A G A - -

#### um yfirlýsingu vegna stöðu á ráðningu sálfræðinga við Háskóla Íslands

Lagt er til að Stúdentaráð lýsi yfir áhyggjum af stöðu ráðningu sálfræðinga við Háskóla Íslands. Þá er lagt til að flutningsaðilar tillögunnar semji yfirlýsinguna og leggi fyrir Stúdentaráð með rafrænni atkvæðagreiðslu.

Flutningsaðilar: Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu  
Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ  
Margrét Ósk Gunnarsdóttir, oddviti Vöku.  
*27. júní 2019*

### Skýring

Stúdentar hafa náð gríðarlegum árangri í að þrýsta á bætta geðheilbrigðisþjónustu fyrir stúdenta. Þann 4. apríl 2017 á fundi Stúdentaráðs lögðu Elísabet Brynjarsdóttir og Bjarni Halldór Janusson, fulltrúar beggja fylkinga, fram sameiginlega tillögu þess efnis að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir fjölgun stöðugilda sálfræðinga við Háskóla Íslands og varpi ljósi á bága stöðu nemenda og skólans í þeim efnum. Við umræður um tillöguna á fundinum kom fram að baráttan til að ná árangri í þessum efnum snerist í raun og veru um aukið fjármagn í



þetta málefni. Síðan þá hafa fjárframlög til háskólans aukist og háskólinn veitt 20 milljónum af því fjármagni í þennan málaflokk vegna baráttu og skýrra krafna stúdenta.

Í kjölfarið hafa meðferðarúrræðum sem standa stúdentum til boða fjölgað verulega, t.d. með HAM-hópmeðferðum og verkefninu Sálrækt á vegum sálfræðiráðgjafarinnar. Árangur HAM-námskeiðanna birtist t.d. þannig að skor á GAD-7 (kvíðalista) var í upphafi að meðaltali 11,1 og við lok meðferðar 6,7 og lækkaði því um 4,4 stig að meðaltali. Á PHQ-9 (þunglyndiskvarði) var meðaltalið við upphaf 12,2 og við lok meðferðar 7,7 og lækkaði því að meðaltali um 4,5 stig. Sálrækt sem er áttak sálfræðisþjónustunnar sem fór í gang 2018-2019 hefur einnig skilað miklum árangri. Þátttakendur hafa lýst yfir ánægju með úrræðið í nafnlausri netkönnun og gáfu úrræðinu 9 af 10 í einkunn. Þátttaka í hópmeðferð hjá Sálrækt dró bæði úr þunglyndis- og kvíðaeinkennum skv. stöðluðum matskvörðum úr því að vera alvarleg/miðlungs einkenni í væg á báðum listum.

Þá hefur verið stofnaður starfshópur um geðheilbrigðismál þar sem fulltrúar starfsfólks og stjórnsýslu háskólans ásamt fulltrúa stúdenta eiga sæti en forseti SHÍ situr í hópnum sem fulltrúi stúdenta. Hópurinn vinnur markvisst að því að deila fjármagninu í verkefni sem eiga að bæta geðheilbrigðisþjónustu stúdenta.

Fyrir ári síðan stóð til að ráða tvo sálfræðinga til viðbótar við þann eina sem starfaði við skólann á þeim tíma. Einn sálfræðingur hefur verið ráðinn inn af þessum tveimur en ekkert bólar á hinum. Samkvæmt upplýsingum stúdenta eru ástæður þess að ráðningin tefjist þær að ekki hefur verið hægt að finna útúr því í hvaða skrifstofuhúsnæði viðkomandi sálfræðingur myndi starfa.

Háskóli Íslands hefur gert því hátt undir höfði að verið sé að svara kalli stúdenta með aukinni geðheilbrigðisþjónustu. Þá verður ekki framhjá því litið að HÍ hefur gert margt mjög vel í kjölfar ákalls stúdenta. Hins vegar er töf á ráðningu sálfræðings um heilt ár af framangreindum ástæðum ekki til þess fallin að sýna að málið hafi forgang. Ekkert má gefa eftir og telur Stúdentaráð niðurstöður úr þeim meðferðarúrræðum sem boðið er uppá bera þess merki að margt og mikið er hægt að gera sem getur skipt sköpum við að bæta geðheilbrigðisþjónustu stúdenta.

Því er mikilvægt fyrir Stúdentaráð að fylgja málinu vel eftir. Yfirlýsing um áhyggjur stúdenta af því að málið sé að tefjast og að rúmlega ár hafi liðið frá loforði um þrjá sálfræðinga við skólann án þess að því sé fylgt eftir, er því tímabær og mikilvæg í að sýna samstöðu og vilja stúdenta til þess að gera vel í þessum málum.

---

## TILLAGA

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs finni tíma til myndatöku fyrir Stúdentaráðsliða með rafrænni könnun á Facebook hópi - eða eftir atvikum 365 kerfinu.

**Skýring:**

Í samræmi við umræður um sýnileika Stúdentaráðs í stefnumótunarferðinni þar sem tekið var mjög vel í að Stúdentaráðsliðar myndu fara í myndatöku og skipta öll um prófile á sama tíma í haust og titla sig sem “Stúdentaráðsliði og meðlimiur sviðsráðs FVS” eða “varafulltrúi í Stúdentaráði og sviðsráði FVS” á íslensku og ensku. Hópmyndir sviðsráða yrðu einnig teknar. Einnig yrði haft samráð um instagram post-a.

*Flutningsaðili: Skrifstofa SHÍ  
22. júlí 2019*

#### **- T I L L A G A -**

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands haldi vísindaferð í þeim tilgangi að auka sýnileika ráðsins og kynna störf þess fyrir stúdentum HÍ. Skrifstofa Stúdentaráðs í samstarfi við Félagslífs- og menningarnefnd skal halda utan um skipulag, mætingu og auglýsingu á viðburðinn. Um leið er lagt til að skrifstofu Stúdentaráðs verði veitt heimild til kaupa á áfengi, léttum veitingum og öðru tilheyrandi með hefðbundnum vísindaferðum sem stúdentar eru vanir. Fjárhagsáætlun fyrir vísindaferð yrði lögð fyrir stjórn til samþykkis áður en útgjöld yrðu staðfest.

*Flutningsaðili:  
Jóna Þórey Pétursdóttir forseti SHÍ  
Jessý Jónsdóttir forseti Félagslífs- og menningarnefndar SHÍ  
22. júlí 2019*

#### **Skýring:**

Ofangreind tillaga er til þess að fá samþykki Stúdentaráðs á kaupum á áfengi, léttum veitingum og öðru slíku í þeim tilgangi að auka sýnileika fyrir ráðið. Fyrirtæki og stofnanir nýta sér vísindaferðir óspart til að koma sér á framfæri og er um frábært tækifæri að ræða fyrir Stúdentaráð til að gera slíkt hið sama. Einingar innan Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun HÍ o.fl. hafa boðið uppá áfengar veitingar í vísindaferðum og sambærilegum viðburðum sem eru haldin innan HÍ og eru því fordæmi fyrir viðburðum sem þessum. Tillagan er hluti af kynningarátaki sem skrifstofan er að ráðast í til að auka sýnileika SHÍ og að lokum kosningabátttöku stúdenta. Hún var rædd í þaula í stefnumótunarferð Stúdentaráðs þar sem mikil ánægja var með hugmyndina og mun vinna skrifstofunnar og Félagslífs- og menningarnefndar taka mið af þeim umræðum sem áttu sér stað þar.

Þar sem ætlunin er að stuðla að því að sem flestir hafi kost á að sækja viðburðinn hefur dagsetningin 13. september verið valin. Þá eru nemendur á Menntavísindasviði í staðlotum og ættu vonandi að vera fleiri á höfuðborgarsvæðinu en ella. Fjöldi þeirra sem sækja viðburðinn mun fara eftir samtali við FS vegna afnota af Stúdentakjallaranum og samtölum við rekstrarsvið skólans vegna annarra atriða, t.d. afnota af Litla torgi. Hugmyndir um pubquiz, happdrætti o.fl. eru til umræðu milli skrifstofu og Félagslífs- og menningarnefndar og munu slík atriði vera undir þeim aðilum komin sem skipuleggja viðburðinn.

#### **- T I L L A G A -**

Lagt er til að skipuð verði þriggja manna nefnd til meðferð umsókna í LUF á grundvelli hæfnisramma. Tveir fulltrúar úr Stúdentaráði, einn úr minnihluta og annar úr meirihluta, og einn af skrifstofu Stúdentaráðs, sem hafa ekki hug á umsókn, með aðstoð frá starfsmannastofu háskólans eftir því sem þörf krefur. Nefndin skili svo niðurstöðum til stjórnar SHÍ þar sem

umsækjendur víki á fundi og stjórn fari yfir og staðfesti niðurstöðu nefndar þar sem hæfniskröfur LUF eru umboð frá stjórn.

Þá er lagt til að auglýsingunni verði beint til Stúdentaráðsliða og meðlima skrifstofu Stúdentaráðs.

### Skýring:

Upp hefur komið [ný staða](#) á vegum Landssamtaka Ungmennafélaga (LUF). Engin framkvæmd er til um skipun í stöðuna. Stúdentaráð er aðili að LUF og hefur rétt á að tilnefna einn aðila til LUF. Stúdentaráðsliðar og aðilar af skrifstofu Stúdentaráðs hafa lýst yfir áhuga á stöðunni. Ofangreind tillaga var borin undir þá aðila sem lýstu yfir áhuga sínum á stöðunni og tekur mið af því að gera ferlið sem hlutlausast hvort sem Stúdentaráðsliðar eða meðlimir skrifstofunnar sækja um.

### Hæfniskröfur LUF eru:

- Umboð frá aðildarfélagi LUF.
- Vera á aldrinum 18 (þegar allsherjarþingið hefst 17. september) – 25 ára (á fulltrúaráðsfundi LUF 14. ágúst).
- Hafa þekkingu á mannréttindum ungs fólks (e. Youth Rights).
- Hafa reynslu af hagsmunastarfi ungmennafélaga
- Búa yfir leiðtogaþæfni og frumkvæði
- Hafa vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Viðeigandi menntun sem nýtist í embætti / þekking á Sameinuðu þjóðunum er kostur

Umfram hæfniskröfur LUF er lagt til að Stúdentaráðsliðar og meðlimir skrifstofu Stúdentaráðs séu þeir sem geti sótt um stöðuna. Það er gert með það að leiðarljósi að takmarka umsóknarfjölda auk þess að þeir aðilar hafa nú þegar umboð frá stúdentum háskólans. Auglýsing yrði send af [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is) á netföng þessara aðila.

*Skrifstofa Stúdentaráðs  
22. júlí 2019*

---

## TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands samþykki að skipa skuli starfshóp til að halda utan um skipulag 100 ára afmælisárs Stúdentaráðs.

Um leið er lagt til að skrifstofu Stúdentaráðs verði veitt heimild til kaupa á áfengi, léttum veitingum og öðru tilheyrandi með hefðbundnum veisluhöldum og eftir atvikum þeim viðburðum sem starfshópurinn skipuleggur. Starfshópurinn skal bera slíkar ákvarðanir undir stjórn og skýra nauðsyn á fjárútlátum.

*Jóna Þórey Pétursdóttir forseti SHÍ  
Jessý Jónsdóttir, forseti félagslífs- og menningarnefndar SHÍ  
21. ágúst 2019*

### Skýring:

Tillagan er lögð til í samræmi við 22. grein laga Stúdentaráðs: “*Stúdentaráð felur nefndum og einstaklingum sérstök verkefni með samþykki hverju sinni. Stúdentaráði er einnig heimilt að stofna starfshópa í kringum ákveðin, afmörkuð verkefni. Þessir einstaklingar og starfshópar skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs þegar verkefninu er lokið. Feli*

*verkefnið í sér utanlandsferð á kostnað Stúdentaráðs skal skýrslan vera útarleg og skulu fylgja með bókhaldsupplýsingar.*”

Forseti Stúdentaráðs mun vera í forsæti fyrir starfshópin, leiða störf hópsins og halda utan um þau. Óskað verður eftir einum aðila frá hvorri fylkingu í Stúdentaráði í hópinn og auglýst eftir tveimur aðilum meðal almennra stúdenta. Forseti og aðilar frá báðum fylkingum fara í sameiningu yfir umsóknir almennra nemenda.

Starfshópurinn mun leitast eftir að halda kostnaði í lágmarki, leitast eftir samstarfi við Háskóla Íslands og fyrirtæki um samstarf vegna afmælishaldanna.

Þá mun starfshópurinn vinna að hugmyndum sem litu dagsins ljós í stefnumótunarferð Stúdentaráðs og útbúa starfsáætlun út frá því. Umfram það má hópurinn nýta sér tækifæri sem koma upp í samskiptum við skólann og fyrirtæki vegna afmælisins.

100 ára afmælisár Stúdentaráðs er árið 2020 og því mun afmælið óhjákvæmilega ná til starfsárs næsta Stúdentaráðs. Starfshópnum er þá veitt heimild til að skipta út fulltrúum fyrir nýja aðila vegna skipta í Stúdentaráði

---

## T I L L A G A

### Aukið aðgengi doktorsnema HÍ að stúdentaíbúðum

21. ágúst 2019

*Flutningsaðili: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ*

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir neðangreindri breytingartillögu á úthlutunarreglum Félagsstofnun stúdenta (hér eftir FS). Verði breytingartillagan samþykkt af Stúdentaráði verður hún lögð fyrir stjórn FS sem tekur endanlega ákvörðun um gildi hennar.

[Reglur](#) eru í gildi hjá FS um hámarksdvöl stúdenta á Stúdentagörðum. Markmið reglnanna er að tryggja að sem flestir stúdentar fái að njóta íbúðanna á meðan námi stendur og gæta jafnræðis.

Samkvæmt núgildandi úthlutunarreglum FS miðar hámarksdvöl á stúdentagörðum við hefðbundin námstíma. Stúdent getur þannig dvalið á meðan grunnnámi (BA/BS/BE) sínu stendur *eða* einu framhaldsnámi (meistaránámi *eða* doktorsnámi). Þá getur stúdent dvalið fullan námstíma í grunnnámi *og* einu framhaldsnámi, samanlagt 5 ár *eða* að hámarki 6 ár.

Miðað við núverandi úthlutunarreglur hefur stúdent þó ekki kost á því að dvelja í stúdentaíbúð í einu meistaránámi *og* einu doktorsnámi samfleytt. Ef stúdent hefur ekki dvalið í stúdentaíbúð meðan grunnnámi stendur, neyðist hann til að velja hvort hann dvelji í stúdentaíbúð á meðan meistaránámi sínu stendur *eða* doktorsnámi. Sá stúdent á þá einungis rétt á 2-4 árum á stúdentagörðum.

Lagt er til að úthlutunarreglum FS verði breytt þannig að þeir einstaklingar, sem ekki hafa dvalið í grunnnámi sínu í stúdentaíbúð, hafi kost á að búa í stúdentaíbúð í einu meistaránámi *og* einu doktorsnámi.

Breytingartillagan er eftirfarandi:

Núverandi grein hjá FS	Breytingartillaga
<p>10. Hámarksdvöl</p> <p>Miðað skal við eðlilegan námstíma er hámarksdvöl er metin, þ.e. hversu margra ára nám er lagt að baki meðan á dvöl stendur.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• 3 ára BA/BS = 3 ára hámarksdvöl</li> <li>• 4 ára BS = 4 ára hámarksdvöl</li> <li>• 3 BA/BS/B.Ed + 2 ára MA/MS/M.Ed = 5 ára hámarksdvöl</li> <li>• 4 ár BS+MS = 6 ár</li> <li>• Læknánám = 6 ár</li> <li>• Doktorsnám, 180 ects = 3 ár</li> <li>• Doktorsnám, 240 ects = 4 ár</li> </ul> <p>Endurskráning í nám lengir ekki hámarksdvöl miðað við fyrri nám. Miðað er við eitt grunnám og að hámarki eina námsleið á framhaldsstigi. Doktorsnemar sem þegar hafa dvalið á gördum í grunn- og mastersnámi hafa fullnýtt dvalartíma sinn.</p>	<p>10. Hámarksdvöl</p> <p>Miðað skal við eðlilegan námstíma er hámarksdvöl er metin, þ.e. hversu margra ára nám er lagt að baki meðan á dvöl stendur.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• 3 ára BA/BS = 3 ára hámarksdvöl</li> <li>• 4 ára BS = 4 ára hámarksdvöl</li> <li>• 3 BA/BS/B.Ed + 2 ára MA/MS/M.Ed = 5 ára hámarksdvöl</li> <li>• 4 ár BS+MS = 6 ár</li> <li>• Læknánám = 6 ár</li> <li>• <b>2 ára MA/MS/M.Ed = 2 ár</b></li> <li>• Doktorsnám, 180 ects = 3 ár</li> <li>• Doktorsnám, 240 ects = 4 ár</li> <li>• <b>2 ára MA/MS/M.Ed + 3 ára doktorsnám, 180 ects = 5 ár</b></li> <li>• <b>2 ára MA/MS/M.Ed + 4 ára doktorsnám, 240 ects = 6 ár</b></li> </ul> <p>Endurskráning í nám lengir ekki hámarksdvöl miðað við fyrri nám. Miðað er við að stúdent geti að hámarki nýtt sér dvöl á Stúdentagörðum vegna tveggja háskólagráða. Doktorsnemar sem þegar hafa dvalið á gördum í grunn- og <b>meistaránámi</b> hafa fullnýtt dvalartíma sinn.</p>

## R Ö K S T U Þ N I N G U R

Upp hafa komið tilfelli þar sem stúdent ákveður að dvelja á Stúdentagörðum í fyrsta sinn í meistaranámi sínu. Þegar sá stúdent ákveður svo að halda áfram í doktorsnám hefur hann ekki lengur rétt á dvöl á Stúdentagörðum samkvæmt úthlutunarreglum, þrátt fyrir að hann hefði átt rétt á þremur árum í viðbót hefði hann valið grunnám+meistaránám.

Þessi breytingartillaga er hugsuð til þess að koma til móts við þessa stúdenta. Alþjóðlegir stúdentar hafa fyrst og fremst verið að lenda í þessu og skapar það mjög erfiðar aðstæður fyrir þau að halda áfram námi við Háskóla Ísland þar sem stuðningsnet þeirra getur verið takmarkað og ómögulegt fyrir þau að finna húsnæði. Við viljum stuðla að öflugara doktorsnámi og að stúdentar sem vilja rannsaka og læra við Háskóla Íslands fái sanngjarnt tækifæri til þess.

Breytingartillagan er unnin í samráði við fulltrúa stúdenta í stjórn FS og FEDON - félag doktorsnema og nýrannsakenda við Háskóla Íslands

## T I L L A G A

Meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar leggja til að stúdentaráðsliðar fjölmenni á viðburð 23. september sem tileinkaður verður kolefnisjöfnun á háskólasvæðinu auk þess að fjölmenna

á öll loftslagsverkföll. Auk þess leggjum við til að stúdentaráðsliðar hvetji meðlimi fylkinganna sinna til að fjölmiðla á þessa viðburði.

*Flutningsaðilar:*

*Aðalbjörg Egilsdóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ  
Lena Rut Einarsdóttir Isaksen, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir og Vigdís Ólafsdóttir,  
meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ*

## RÖKSTUÐNINGUR

Stúdentaráð samþykkti að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum í vor og því er eðlilegt að liðar þess fjölmenni á viðburði á vegum nefnda stúdentaráðs eða háskólans sem tileinkaðir eru baráttunni við loftslagsmál. Um er að ræða viðburð sem er liður í því að HÍ fái Grænfánann afhentan næsta vor auk þess sem hann verður haldinn í Gretu-víkunni sem er einnig loftslagsvika háskólans

## TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð óski eftir við stjórn Félagsstofnunar stúdenta að stofnunin fylgi fordæmi Goldsmiths University of London og hætti sölu nautakjöts í Hámu af umhverfissjónarmiðum.

*Flutningsaðili: Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu  
21. ágúst 2019*

## RÖKSTUÐNINGUR

Það er ekki nóg að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum heldur þurfa aðgerðir sem sporna gegn þeim að fylgja orðum. Því skorar undirrituð á Félagsstofnun Stúdenta (FS) að fylgja fordæmi Goldsmiths University of London og hætta sölu nautakjöts í mötuneytum og verslunum sínum. Er þessi tillaga lögð fram til þess að fylgja eftir yfirlýsingu Stúdentaráðs um neyðarástand í loftslagsmálum, en nautakjötsframleiðsla er gífurlega kostnaðarsöm, óumhverfisvæn og krefst mikils vatns og landsvæðis. Sjá t.d. [hér](#).

Á [Stúdentaráðsfundi í október 2018](#) lögðu Röskvuliðarnir Krístrún Helga Valþórsdóttir, Vaka Lind Birkisdóttir og Júlía Sif Liljudóttir fram tillögu um að FS myndi minnka kjötúrval í mötuneytum sínum til helmings og bæta við grænkerakostum til móts við það. Síðan þá hefur skrifstofa SHÍ átt góða fundi FS, þ.á.m. reglulega fundi í sumar með framkvæmdastjóra, rekstrarstjóra veitingasölu og kokkum FS um aukið vegan úrval og plastlausu Hámu. Undirrituð vonast til þess að það samtalið verði til þess að róttækar aðgerðir í umhverfismálum verði að veruleika. Tillaga þessi miðar að því að gefa forystu Stúdentaráðs aukið umboð í samtali sínu við FS um breytingar til hins betra í þágu umhverfisins

## -Tillaga-

Sviðsráð Menntavísindasviðs leggur til að SHÍ lýsi yfir stuðningi við bréfi jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands um að kynjafræði verði skyldufag í kennaranámi. Við viljum að Jafnréttisnefnd SHÍ og Sviðsráð MVS sjái um að skrifa stuðningsyfirlýsingu þar sem Stúdentaráð hvetur stjórnarsýslu Háskóla Íslands og Stjórn Menntavísindasviðs til að taka mark á bréfi nefndarinnar og leiti leiða til að tryggja verðandi og núverandi kennurum kynja- og jafnréttisfræðikennslu.

*Fundur Stúdentaráðs 25. september 2019*

*Flutningsaðili: Sviðsráð Menntavísindasviðs*

## -Rökstuðningur-

Sviðsráð Menntavísindasviðs tekur heilshugar undir bréf jafnréttisnefndar KÍ til stjórnenda háskólanna um kynjafræði- og jafnréttiskennslu í kennaranámi. Fræðslu um kynjafræði, eineltismál, geðheilbrigðismál, hinseginmál, fötlunarförðoma og margt fleira má bæta til muna á Menntavísindasviði og hafa nemendur á öllum námsleiðum sviðsins þegar kallað eftir aukinni áherslu á kynja- og jafnréttisfræðikennslu. Á Menntavísindasviði eru menntaðar margar ólíkar starfsstéttir sem eiga það þó allar sameiginlegt að vera mjög mikilvægar fyrir íslenskt samfélag og okkar framtíðar kynslóðir. Til þess að geta stuðlað að markvissri jafnréttismenntun og tryggja að jafnréttissjónarmið verði eðlilegur hluti af öllu skólastarfi þurfa nemendur á sviðinu að fá kennslu í þeim fræðum.

Birtingarmyndir kynjamisréttis, kynbundinnar mismununar, kynferðislegs áreitiss, kynbundins ofbeldis verða að vera núverandi og framtíðar kennurum augljósar sem og staðalímynda, fordómar í samfélagi, bókmenntum og dægurmiðlum. Þess vegna tekur Sviðsráð Menntavísindasviðs undir bréf jafnréttisnefndar KÍ en við ítrekum samt að sú kennsla er einnig nauðsynleg fyrir alla nemendur sviðsins.

---

## TILLAGA

Hér með er lagt til að SHÍ álykti á þann veg að ráðinu og stjórn SHÍ verði gert skylt að þýða öll opinber gögn sín, þ.m.t. fundargerðir, tilkynningar, auglýsingar o.s.frv. á ensku.

*Flutningsaðilar: Derek T. Allen, stúdentaráðsliði Vöku  
Margrét Ósk Gunnarsdóttir, oddviti Vöku  
Unnið í samstarfi með: Kolfinnu Tómasdóttur, alþjóðafulltrúa SHÍ  
Helgu Lind Mar, framkvæmdastýru SHÍ  
25. september 2019*

## RÖKSTUÐNINGUR

Hagsmunastörf SHÍ skulu unnin í þágu allra nemenda HÍ, einnig þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Augljóst er að erfiðara er að kynna sér störf og tilgang SHÍ eða koma sér inn í mál líðandi stundar ef ekki er aðgengilegur texti á máli sem að flestir einstaklingar skilja. Það er algeng kvörtun hjá erlendum nemum að þeim finnast háskólasamfélagið útilokandi gagnvart þeim. Þýðing á gögnum Stúdentaráðsins væri jákvætt skref í átt að því að takast á við þetta vandamál. Í Háskólanum eru um 1500 nemendur af erlendum uppruna en það eru rúmlega 10% nemenda. Margir þessara nemenda tala enga íslensku og er þar með erfiðara fyrir þá að nýta sér þjónustu Stúdentaráðsins. Jafnframt eru margir þessara erlendra nemenda að læra íslensku í námsgrein að nafni „Íslenska sem annað mál“, vinsælasta námsgrein Háskóla Íslands. Hér glatast tækifæri til að mynda tengsl við þessa nemenda þegar sleppt er að þýða efni okkar yfir á ensku. SHÍ hefur það að opinberri stefnu í alþjóðamáli frá 22. október 2018 að þýða allt efni þess yfir á ensku en ljóst er að ekki er föst regla á þessum málum, en t.a.m. eru fundargerðir ekki þýddar á ensku. Nú þykir okkur löngu tímabært að koma á fastri reglu um að allt efni skuli þýtt á ensku. Í samstarfi við Kolfinnu, alþjóðafulltrúa SHÍ og Helgu Lind, framkvæmdastýru, komumst við að samkomulagi um að best væri að einn aðili skyldi bera ábyrgð á því að fundargerðir SHÍ verði þýddar. Aðilar innan alþjóðanefndarinnar hafa sýnt því áhuga að sjá um þýðingar og tókum við þeim tíðindum fagnandi. Við vorum sammála því að þeir aðilar skyldu bera ábyrgð á þýðingum á fundargerðum SHÍ. Aðilar innan stjórnar Stúdentaráðs skulu þýða tilkynningar og auglýsingar sem birtar eru opinberlega, á ensku.

---

## TILLAGA

Lagt er til að SHÍ í samráði við Upplýsingatæknisviði Háskóla Íslands að útbúa hnapp á Uglu til þess að panta tíma hjá sálfræðing sem starfar á vegum Háskóla Íslands.

*Flutningsaðilar: Ingveldur Anna Sigurðardóttir  
25. september 2019*

## RÖKSTUÐNINGUR

Mikið hefur gerst í geðheilbrigðismálum innan Háskólans. Með tilkomu hnappsins er stúdentum auðveldað að panta sér tíma hjá sálfræðingum skólans og verður þjónustan sýnilegri og aðgengilegri um leið.

Erfitt getur verið að stíga fyrsta skrefið og leita sér hjálpar. Þetta gerir stúdentum auðveldara fyrir með að stíga þetta mikilvæga skref. Með auknu aðgengi að þjónustunni er líklegra að fleiri nemendur nýti sér hana. Eins og fram hefur komið í umræðunni þá má ýmislegt gera til þess að bæta geðheilsu háskólanema og gæti þetta verið eitt þeirra skrefa

---

## TILLAGA

Við undirrituð leggjum til að Stúdentaráð taki þátt í því að beita þrýsting á stjórnarsýslu Háskólans Íslands og styðja þannig við núverandi og verðandi nemendur með þroskahömlun í baráttu þeirra um fjölbreyttara námsframboð. Á grundvelli mannréttinda á fólk með þroskahömlun rétt á aðgengi að námi á öllum skólastigum. Námsframboðið þarf að vera fjölbreyttara þar sem áhugasvið fatlaðs fólks er jafn breitt og áhugasvið ófatlaðs fólks. Okkur finnst að Háskóli Íslands eigi að nota hugmyndafræðina um inngildingu (e. inclusion) í fleiri námsleiðir og auka þannig margbreytileika nemendahópsins í takt við Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands.

*Flutningsaðilar: Andrea Ósk, forseti jafnréttisnefndar SHÍ.  
Sigurður Vopni, forseti Sviðsráðs Menntavísindasviðs  
25. september 2019*

## -Rökstuðningur-

Meginmarkmið starfstengds diplómanáms fyrir fólk með þroskahömlun er að undirbúa nemendur til afmarkaðra starfa sem falla undir fræðasvið menntavísinda þ.e.a.s. störf á leikskólum, frístundaheimilum og á vettvangi fatlaðs fólks. Einnig á að gera nemendum kleift að öðlast hagnýta þekkingu, leikni og hæfni í námsumhverfi án aðgreiningar í því skyni að efla félagslega færni þeirra og auka möguleika þeirra á þátttöku í samfélaginu. Áhugasvið fólks með þroskahömlun er samt sem áður jafn breitt og áhugasvið ófatlaðs fólks. Fólk með þroskahömlun vill líka læra sögu, íslensku, náttúrufræði, táknafræði og margt fleira rétt eins og ófatlað fólk. Aðgengi að námi er samfélagsréttur allra og finnst okkur það byggja á fordómum og mismunum að fólk með þroskahömlun fái ekki velja sér nám eftir sínu áhugaviði. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem var fullgildur árið 2016 á Íslandi stendur að tryggja eigi fötluðu fólki möguleikann á því að hefja almennt nám á háskólastigi til jafns við aðra. Yfir 70% nemenda í Diplómanámi hafa fengið vinnu eftir útskrift við eitthvað sem tengdist náminu þeirra. Það er mun hærra hlutfall en gengur og gerist í atvinnuþátttöku fólks með þroskahömlun. Svo samfélagslegur ávinningur er mikill og rökstyður enn frekar mikilvægi þess að fólk með þroskahömlun fái tækifæri til menntunar.

Háskóli Íslands getur stuðlað að jafnrétti og möguleikum fatlaðs fólks til fullgildrar þátttöku í samfélaginu með því að auka aðgengi á námsframboði fyrir fólk með þroskahömlun. Því finnst



okkur mikilvægt að benda á þennan mismun og að Stúdentaráð taki þátt í því að þrýsta á aðgerðir í málefnum fatlaðs fólks.

---

## TILLAGA

### „Okkar háskóli“

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) leggur til að Stúdentaráð efni til hugmyndasöfnunnar meðal allra stúdenta við Háskóla Íslands.

*Skrifstofa SHÍ  
22. október 2019*

## RÖKSTUÐNINGUR

Ferlið yrði eftirfarandi: opið væri fyrir hugmyndir í lok október í tvær vikur. Eftir að hugmyndasöfnun lýkur yrðu þær útfærðar nánar í samráði við hugmyndasmið sem sendi inn hugmyndina, og ákveðinn fjöldi hugmynda settar fram til almennrar kosningar meðal allra stúdenta Háskóla Íslands sem færu fram í lok nóvember. Eftir niðurstöðu kosninga myndi Stúdentaráð svo framkvæma þá hugmynd sem hlaut flest atkvæði.

Lagt er til að skrifstofu sé falið að halda utan um alla úrvinnslu verkefnisins og uppfæra Stúdentaráð um stöðu jafnóðum. Skrifstofa Stúdentaráðs vill leitast eftir að efla þátttöku stúdenta í starfi ráðsins og vill skrifstofan heyra hugmyndir frá nemendum skólans. Með því að efna til hugmyndasöfnunar meðal allra nemenda er gerð tilraun til að færa hagsmunabaráttuna nær nemendum sem og störf ráðsins. Með þessu vonumst við eftir að efla einnig áhuga nemenda á störfum ráðsins sem og áhuga á hagsmunum okkar sem heild. Um hvað hugmyndirnar eigi að vera yrði í höndum skrifstofu ráðsins og unnið í samráði við oddvita fylkinganna.

Skrifstofa Stúdentaráðs vill leitast eftir að auka þátttökulýðræði innan starfa ráðsins. Þetta er ein útfærsla á því. Sömuleiðis verður fróðlegt að sjá þær hugmyndir sem koma upp frá nemendum, og hvaða hugmyndir fá mestan hljómgrunn. Þannig getur ráðið einnig áttað sig á hvað er í mestum forgangi hjá nemendum. Röskva hafði á stefnuskrá sinni 2016 tillögu um „Betri háskóla“ og Vaka fjallaði um þá hugmynd í kosningabaráttunni 2018. Í ljósi þess telur skrifstofan því vera hljómgrunn innan ráðsins fyrir að Stúdentaráð ráðist í slíka vinnu enda var verkefni sambærilegt þessu samþykkt í fyrra í fyrsta sinn í Stúdentaráði. Þessi útfærsla hefur verið unnin í samráði við starfsmenn skrifstofu borgarstjórnar sem og Róbert hjá fyrirtækinu Íbúar (sjá [ibuar.is](http://ibuar.is)).

Uppsetning á vefsvæði fyrir Stúdentaráð og allt umfang í kringum þessa vinnu er ráðinu að kostnaðarlausu.

---

## TILLAGA

Meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar leggja til að nefndin fái heimild til að stofna tvo starfshópa sem starfi undir nefndinni. Starfshóparnir munu fjalla um ólíka hluti innan málefna umhverfis- og samgöngunefndar, annars vegar samgöngumál og hins vegar viðburði og fræðslu á vegum nefndarinnar og munu meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar vera yfir hvorum starfshópi.

*Flutningsaðilar: Aðalbjörg Egilsdóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ Lena Rut Einarsdóttir Isaksen, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir, Kolbrún Þóra Sverrisdóttir og Vigdís Ólafsdóttir, meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ*  
22. október 2019

### Skýring

Umhverfis- og samgöngumál eru sífellt meira áberandi í samfélagsumræðunni og varð það sér í lagi ljóst þegar umsóknir í nefndina komu fyrir í haust. Vegna þess hve mikill áhugi var á nefndinni langar okkur að stofna starfshópa til að sem flestir geti tekið þátt í störfum nefndarinnar og unnið að umhverfisvænni háskóla. Starfshóparnir hafa þegar verið auglýstar meðal umsækjenda í umhverfis- og samgöngunefnd og er ætlunin að auglýsa þá einnig meðal almennra nemenda.

### TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð samþykki að næstu kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs skuli halda 25. og 26. mars 2020.

22. október 2019

### RÖKSTUÐNINGUR

Samhliða þessari tillögu er nauðsyn að gera lagabreytingatillögu og er hún því lögð fram undir sama dagskrárlið. Sú [lagabreytingartillaga](#) gefur kjörstjórn rými til þess að seinka kosningum frá upphafi febrúar til 26. og 27. mars nk.

### Saga málsins og frekari upplýsingar

#### Ný framkvæmd á skiptum í Stúdentaráði vorið 2019 - skilvirkni

Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands hafa síðustu árið farið fram í fyrstu helgi febrúarmánaðar. Skipulag Stúdentaráðs hefur verið í nokkurri endurskoðun síðastliðið ár, m.a. með því að nú er sérstakur kjörfundur þar sem kosið er til embætta og stuttu síðar er sérstakur skiptafundur þar sem nýkjörnir aðilar og kjörnir fulltrúar á skrifstofu SHÍ taka við. Þess á milli er undirbúningstímabil eða svokallað aðlögunartímabil fyrir nýja fulltrúa til að setja sig inn í málin.

Vorið 2019 voru kosningar 6. og 7. febrúar. Kjörfundur var haldinn 13. mars og skiptafundur 13. maí. Ráðningasamningar gildu til 1. júní en milli skiptafundar og til 1. júní skiptu nýjir og gamlir starfsmenn skrifstofunnar tímum á milli sín þar til eingöngu nýtt starfsfólk var starfandi 1. júní. Því fólst ákveðið aðlögunartímabil í tímabili frá skiptafundi fram að lok ráðningarsamninga.

Reynsla vorsins 2019 frá kosningum fram að skiptum sýndi að of langur tími líður frá kosningum 6. og 7. febrúar fram að skiptum 13. maí og 1. júní. Það er m.a. vegna þess að með þessu fyrirkomulagi myndast 3 og hálfmánaða tímabil þar sem kjörnir fulltrúar ráðsins og skrifstofu sem eru starfandi eru tæknilega séð án umboðs. Þá var hvati um að kosningar væru framundan horfinn sem hafði óhjákvæmilega áhrif á virkni sviðsráða eftir kosningarnar. Það sem var mikið til bóta við þetta fyrirkomulag var að skipti voru í samræmi við skólaárið. Það var sérstaklega gott fyrir skrifstofu ráðsins sem er í mestu samstarfi við skólann, því skrifstofa gat klárað ákveðin verkefni og nýr starfsmaður skrifstofu gat komið inn í nýtt skólaár. Auk þess gat verðandi starfsmaður klárað sín próf og önnur störf og hafið störf hér um sumarið. Því miðar þessi tillaga við að skipti séu áfram í samræmi við skólaárið en seinka ætti kosningum. Er því

ein aðalástæða þessarar tillögu sú að auka skilvirkni í störfum SHÍ og gera það vinnuferli eðlilegra.

Kosningabáttaka lækkaði um 3,4% sl. vor frá fyrra ári enda kom sú staða upp að persónuverndarlög hindruðu aðgang fylkinga að símanúmerum, sem hefur verið helsta leið fylkinga til að ná til kjósenda. Þó gerði skrifstofa ráðsins allt það sem hún gat til að gera númer aðgengileg fyrir fylkingarnar með löglegum hætti.

#### Stuttlega um vinnu málsins innan SHÍ og kosningabáttöku

Í ljósi aðstæðna, þ.e.a.s. minnkandi kosningabáttöku, nýs umhverfis í kringum kosningar vegna persónuverndarlöggjafar, dræmrar kosningabáttöku á Menntavísindasviði auk kvartana þaðan um að hagsmunabarátta stúdenta sé nemendum þar fjarlæg því þau séu mörg fjarnemar, hefur forseti ráðsins talað um frá upphafi kjörs að skoða þurfi aðgerðir til að auka kosningabáttöku.

Hér má ekki gleyma því að einn stærsti þáttur þess að auka kosningabáttöku er að auka sýnileika Stúdentaráðs. Vinna við að auka sýnileika er hafin þar sem forseti ráðsins fór á allar nýnemadagakynningar, hefur farið í stofukynningar á Menntavísindasviði í staðlotum, skrifstofa ráðsins hefur aukið fylgjendur á Instagram um 200 manns, póstað u.þ.b. 16 myndum frá upphafi starfsárs þegar þetta er skrifað, miðað við ca 6 frá síðasta starfsári, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur forseti ráðsins skrifað greinar um málefni sem eru í brennidepli ráðsins á borð við LÍN og umhverfismál, ásamt því að mæta í þau viðtöl fjölmiðla sem hún er boðin í og talað út frá stefnu og ályktunum ráðsins.

Sýnileiki SHÍ er ekki eina ráðið sem má grípa til svo kosningabáttaka batni. Til að vinna að sýnileika SHÍ leitaði forseti til stúdenta og starfsfólks Menntavísindasviðs þar sem fram kom að *stúdentar á MVS hafa kvartað undan tímasetningu kosninganna þar sem þær séu ekki á staðlotutíma. Staðlotur á MVS eru 23-27. mars 2020. Ef kosningar væru á þeim tíma og fylkingar væru með bása þá t.d. myndu töluvert fleiri verða varir við kosningarnar og hafa upplýstar forsendur til þess að taka þátt.* Fyrirkomulag kosninganna sjálfra má skoða, sérstaklega þar sem breytingar voru gerðar síðasta vor. Þegar litið er til kosningabáttöku Menntavísindasviðs má t.d. sérstaklega kanna hvernig sé hægt að koma til móts við þær kvartanir sem stúdentar þar hafa haft uppi um að kosningar séu þeim of fjarlægjar.

Ef kosningar væru í gangi þegar stúdentar MVS væru á staðnum í byggingum skólans yrði óhjákvæmilegra auðveldara fyrir þau að kynna sér málin og taka upplýsta ákvörðun og telur forseti að hlusta beri á þá athugasemd. Sambærilegar kvartanir hafa ekki komið upp á Hugvísindasviði þar sem kosningabáttaka hefur einnig verið dræm. Þar er þó heldur ekki um að ræða stöðu fjarnema og eru ástæður þess að kosningabáttaka þar er dræm ekki jafn skýr. Þó megi velja því upp hve stór hluti sviðsins er eldri nemendur, skiptinemar og erlendir stúdentar. Í því samhengi má geta þess að tilgangur stöðu alþjóðafulltrúa í launað starf á skrifstofu Stúdentaráðs, sem gekk í gegn í fyrsta sinn sumarið 2019, er m.a. að auka aðgengi erlendra nema og skiptinema að starfi SHÍ í allri sinni mynd. Því stendur von til þess að þeir nemar verði í meira mæli varir við starf SHÍ og taki þá vonandi aukinn þátt í kosningum komandi vor.

#### Ferli málsins í grófum dráttum:

Líkt og framan greinir lýsti forseti ráðsins því frá upphafi, nánar tiltekið í kosningaræðu sinni á kjörfundi 13. mars sl., að skoða þyrfti kosningabáttöku til kosninga Stúdentaráðs.

Því var ákveðið að hafa málefnaþing um kosningaþátttöku í stefnumótunarferð ráðsins sem var farin 29. - 30. júní. Þar var rætt um að færa kosningar til 26. og 27. mars þegar Menntavísindasvið er í staðlotum. Niðurstöður umræðna þar voru á þá leið að það myndi eflaust koma eins út fyrir flest svið nema töluvert betur út fyrir Menntavísindasvið þar sem að þá er staðlota í gangi. Þær námsleiðir sem eru í lotukerfum eru almennt í lotum fyrstu helgina í febrúar og verða það líklega einnig 26. og 27. mars svo það kæmi í raun eins út fyrir þær námsleiðir. Einhverjir töluðu um að það gæti verið nálægt lokaprófum en aðrir töluðu um að það henti betur þegar hugað er að lokaprófum.

### Stjórnarfundur 12. ágúst:

Í kjölfarið ræddi forseti ráðsins við forseta sviðanna, sérstaklega forseta sviðsráðs Menntavísindasviðs um stöðuna auk oddvita Vöku. Ákveðið var að taka málið upp á stjórnarfundum SHÍ til umræðu og þar var farið yfir ástæður þess að skoða að halda kosningar 26. og 27. mars. Helstu ástæður þess voru sendar út með fundargögnum á alla aðal- og áheyrnarfulltrúa fyrir stjórnarfund 12. ágúst 2019. Þær má sjá hér:

*Forseti SHÍ hefur viðrað hugmynd um breytta tímsetningu kosninga við forseta sviða og oddvita fylkinganna. Hingað til hafa ekki komið upp alvarlegar athugasemdir við það að kosningar verði 26. og 27. mars í stað 6. og 7. febrúar. Á fundinum ræðum við það nánar og í kjölfarið óska ég eftir því að sviðsráðin taki þetta til umræðu og helst atkvæðagreiðslu. Þá tel ég edlilegt að ef meirihluti deilda/sviða telur að það komi betur út að halda kosningar 26. og 27. mars yrðu þær frekar haldnar þá í stað febrúar.*

*Rök eru bæði þau að á þessum tíma eru staðlotur á MVS en þar hefur kosningaþátttaka verið miklu lægri en á öðrum sviðum, enda mikið um fjarnema og kosningar fara að miklu leyti fram utan þeirra námsumhverfi. Ef þær væru í gangi þegar þau væru á staðnum yrði auðveldara fyrir þau að kynna sér málin og taka upplýsta ákvörðun. Hin ástæðan er sú að skipti í SHÍ og skrifstofu hafa nú verið færð til samræmis við skólaárið sem var mikil bót! Það var miklu rökréttari tími til að skipta á skrifstofu SHÍ út frá samstarfi við háskólann og út frá námi þeirra sem ætluðu að taka sér stöðu á skrifstofunni, þ.e.a.s. gátu viðkomandi klárað prófin áður en þau hófu störf. Þriðja ástæðan er sú að virkni sviðsráða og Stúdentaráðs gæti batnað - haustönn er aðeins 4 mánuðir og þá er komið að janúar sem er undirlagður í kosningaundirbúning og loks kosningar í febrúar. Þá tekur tíma fyrir fólk að ná sér niður og það er ekki lengur með "beint" umboð til að vinna að hagsmunum stúdenta og virkni sviðsráða dalar verluaga eftir febrúar, þó það séu 3 mánuðir eftir af skólaárinu. Með því að seinka kosningum gefst sviðsráðum meiri tími til að vinna að sínum málum, tími milli kosninga(feb) og skipta(mai/júní) yrði styttri en hann var allt of langur núna, og líkur væru á aukinni kosningaþátttöku.*

*Helstu gallar gætu verið að það sé erfitt fyrir einhverjar deildir/svið að heyja kosningabaráttur - sem er þó einnig þannig núna t.d. fyrir ákveðin ár í læknisfræði svo eitthvað sé nefnt.*

Á stjórnarfundinum var það rakið að þetta hafi verið rætt í stefnumótunarferð ráðsins og hafi forseti átt símtal við oddvitana og viðrað hugmyndina við aðra sviðsráðsforseta. Í kjölfar stefnumótunarferðar og þeirra samtala hafi verið rétt að ræða málið á stjórnarfundum. Fyrstu viðbrögð stjórnarmeðlima á fundinum voru að þetta kæmi líklega eins eða betur út fyrir þeirra svið. Rök með og á móti voru stuttlega rædd og farið var yfir framangreindar niðurstöður stefnumótunarferðar. Samhljómur var um að þetta yrði að bera undir sviðsráðin og kanna sérstaklega hvernig tilfærslan kæmi út fyrir ákveðnar námsleiðir. Fundargerð stjórnar var gerð aðgengileg öllum SHÍ liðum með fundarboði septemberfundar þar sem þetta kemur fram, auk þess að forseti hefur minnst á málið undir liðnum tilkynningar á SHÍ fundum þar sem sagt er frá störfum stjórnar.

### Móttökur á sviðunum skv. sviðsráðsforsetum eftir fund stjórnar 12. ágúst

Forseti Stúdentaráðs HÍ óskaði eftir upplýsingum úr fundargerðum sviðsráða þar sem málið hafði verið rætt þar. Auk þess eru upplýsingar úr samskiptum forseta við sviðsráðsforseta.

HVS:

Úr fundargerð: “Dags. fundar: 19.08.2019. Fundarmenn mættir: Eyrún, Freydís, Vigdís, Ragna, Azra, Brynhildur.

#### Tímasetning stúdentaráðskosninga

Hugmyndir eru uppi um það að fresta kosningum þangað til 26. Mars þegar að fjarnemar á menntavísindasviði eru í staðlotu. Þetta er á hugsanlega að gera vegna þess að kosningaþáttaka á Menntavísindasviði er mun lægri en á hinum sviðunum. Helsta vafamálið er hvernig þetta hentar fyrir stúdenta á okkar sviði þar sem verknám og verkefnaálag í kringum það er frekar mikið. Allir tóku vel í að fresta kosningunum.

Úr fundargerð: “Fundardagur 22. sept 2019. Fundarmenn mættir: Eyrún, Freydís, Vigdís, Azra

#### Breyttur tími stúdentaráðskosninga

Umræður um álagstíma á sviðinu og hvort að þessi breyting muni hafa áhrif á kosningaþáttöku fjarnema. Kemur ekki verr út en ekki betur út heldur, fólk almennt til í að prófa nýjan tíma.

Atkvæðagreiðsla: einróma samþykkt að sviðsráð styðji breyttan tíma”

#### HUGS:

Upplýsingar frá forseta sviðsráðs HUGS þann 27. ágúst: “Tillaga um breytingu á kjördögum fór vel í HUGS og var samþykkt einróma.”

Nánar tiltekið stóð í fundargerð þar sem Ev,a Þórdís, Ragnhildur, Þórhildur Elísabet og Derek mættu dags 26. ágúst.

“Kosning um kjördaga.

Kosið var einróma um að færa kosningar fram í lok mars.”

#### MVS:

Hefur verið jákvætt frá upphafi og er einróma samþykki fyrir breyttri tímasetningu þar frá því að hugmyndin kom upp.

#### FVS:

Upplýsingar frá 21. ágúst : “Almennt hlynt en viljum skoða sma hvernig vinnualag er a þessum tíma. Hugmynd um að spjalla við fleiri nemendur til að fá hugmynd um skoðun hins almenna nemandar” Það var látið í hendur þess fulltrúa sem bar það upp að leitast eftir frekari upplýsingum frá öðrum nemendum.

Þá hélt MÓG fundargerð sem beðið er eftir en skv. uppl. frá sviðsráðsforseta fór eftirfarandi fram: “Stutt umræða um ástæðurnar fyrir því að seinka kosningum. Pælingar um hvort það væru einhver verkefnaskil, umræður um námsferðina í stjórnálagfræðinni. Loka niðurstaðan var sú að þetta hafði engin áhrif á sviðið í heild sinni og því sátt um að breyta tímasetningunni. Í umræðum kom fram að þetta gæti bara haft smá áhrif á frambjóðendur vegna einmitt verkefnavinnu og þess háttar. IAS varpaði á seinasta fundi upp pælingum vegna lokaritgerða en hún var upplýst um að þar væru engir þekktir árekstrar.”

#### VoN:

Upplýsingar 21. ágúst: “Fundarmenn mættir: Jessý, Guðrún, Einar, Ásmundur, Salvar, Aðalbjörg.

Blendnar skoðanir, gátum ekki sé að þetta væri meiri álags punktur en núverandi tímasetning, fyrir utan að það er mánuður í próf sem nokkur höfðu smá áhyggjur af. Flest voru sammála rökunum að árið yrði skilvirkara en það gæti kannski orðið erfiðara að fá fólk til að fara í framboð, annars var einn aðili eitthvað á móti þessu úr Röskvu. Flest virtust ekki vera 100% búin að mynda sér skoðun. Aðalbjörg telur bót uppá að skemma ekki önnina Skv. fundargerð voru eftirfarandi taldir gallar fyrir VoN: “Nálægt prófum, Tími er til að vinna upp m.v. febrúar kosningar, Rebekka taldi þetta líklega meiri álagspunktur en deildir sem eru ekki með upplestrarfrí verða kannski fyrir meira álagi.” Að lokum var þó sagt að alltaf sé álagspunktur á VoN og ef tekið sé tillit til raka með því að færa kosningar lýsti engin andstöðu við að færa kosningarnar.

#### Málið var þá aftur á dagskrá á næsta fundi stjórnar 19. september.

Þá höfðu nokkur sviðsráð sem ræddu málið í ágúst rætt það aftur í september, sbr. að ofan, og komu niðurstöður þeirrar umræðu fram á fundi stjórnar 19. september. Fyrir fundinn 19. sept hafði forseti látið formann Vöku vita af því sérstaklega að þetta væri til umræðu og var formanni fylkingarinnar sendar upplýsingar sem höfðu komið fram fyrir stjórnarfundinn 12. ágúst sl. sem oddviti fylkingarinnar hafði einnig fengið á sínum tíma.

Á fundi stjórnar komu jákvæðar niðurstöður umræðna inná sviðunum. Fólk hafði tekið skýrari afstöðu og gáfu öll svið þau svör að sviðsráðin væru jákvæð fyrir því að færa kosningar. Minnst var á að námsferð í stjórn málafræði væri í upphafi mars mánaðar en það var ekki talið hafa áhrif á kosningar. Því lagði forseti SHÍ það til að stjórn í samráði við fulltrúa Vöku myndu útbúa tillögu um að færa kosningar.

#### Samráð við oddvita og fylkingar

Oddvitar fylkinganna voru upplýstir um ofangreinda þróun og fengu fundargögn fyrir stjórnarfundum um stöðu umræðu þessa máls. Þá var lögð áhersla á að sviðsráðin myndu ræða þessi atriði og ákvörðun stjórnar myndi taka mið af því hvað kæmi fram á fundum sviðsráða, þar sem fulltrúar beggja fylkinga eru og fulltrúar frá mismunandi námsleiðum. Umfram það átti forseti símtöl við báða oddvita um málið, fyrst í júní þegar hugmynd um það kom upp og áfram í kjölfarið í upplýsingagjöf til beggja oddvita um framvindu málsins.

Niðurstaða samráðsins var sú að leggja fram tillögu um að ráðast í breytingar á tímasetningu kosninga til að auka skilvirkni Stúdentaráðs og með von um að auka kosningaþátttöku. Til nánari upplýsinga um hvernig kosningaþátttaka hefur verið fylgir neðangreind samantekt:

Þann 7. október 2019 fundaði forseti SHÍ með formanni og varaformanni Vöku sem lýstu áhyggjum af ferlinu. Kom þar á daginn að upplýsingaflæði hafi ekki náð inní fylkinguna þó forseti SHÍ hafi nýtt boðleiðir sínar inní sviðsráðin og oddvita. Forseti lagði áherslu á að hún gæti ekki borið ábyrgð á skort á upplýsingaflæði og því væri best að halda stefnu um að leggja tillöguna til umræðu en þar sem formaður Vöku sé einnig aðalfulltrúi í Stúdentaráði og sviðsráði FVS sé sniðugt að hún leggi fram þær áhyggjur sem fulltrúar Vöku hafa af breyttri tímasetningu kosninga. Þær ástæður sem fjallað var um á fundinum voru: Erfiðara kann að vera fyrir frambjóðendum og þátttakendum í kosningabaráttunni sjálfri að taka þátt enda sé tímasetningin nær lokaritgerðarskilum, páskum og fríum þar sem margir haldi út á land, auk þess að þar sem stjórn fylkingarinnar hafi aðeins orðið almennilega upplýst af ferlinu fyrir tveimur vikum síðan sé of lítil fyrirvari núna til að aðlaga starfsárið og lengja starfstíma núverandi stjórnar sem sé helst til skipuð aðilum sem standa nú í lokaverkefna/ritgerðarskilum á vorönn, þá séu fjarnemar í fjarnámi af ástæðu og hafi ekki samskonar áhuga á hagsmunabaráttu stúdenta og aðrir stúdentar og því sé óeðlilegt að færa kosningar fyrir þann hóp.

#### Þróun kosningaþátttöku:

Þróun kosningaþátttöku hefur verið eftirfarandi:

Hefur lækkað um **7,39%** frá 2015

Hefur lækkað um **4,89%** frá 2014

Kosningaþátttaka SHÍ 2019: 35,78% (-3,4) 4.716 einstaklingar

Persónuverndarlög hindruðu aðgang að símanúmerum

Sviðin

FVS: 36.41%

HUGS: 29.58%

MVS: 28.48%

HVS: 42.68%

VoN: 46.60%

Kosningaþátttaka SHÍ 2018: 39,18% (-1,24)

Sviðin:

FVS: 39.80%

HUGS: 32.75%

MVS: 33.40%

HVS: 48.04%

VoN: 46.20%

Kosningapátttaka SHÍ 2017: 40,42% (-1,15)

Sviðin:

FVS: 39.31%

HUGS: 34.52%

MVS: 33.23%

HVS: 51.51%

VoN: 49.43%

Kosningapátttaka SHÍ 2016: 41,57% (-1,6)

Sviðin:

FVS: 40.91%

HUGS: 34.15%

MVS: 33.87%

HVS: 52.90%

VoN: 52.31%

Kosningapátttaka SHÍ 2015: 43,17% (+2,5)

Sviðin:

FVS: 43.06%

HUGS: 35.59%

MVS: 39.24%

HVS: 50.58%

VoN: 50.47%

Kosningapátttaka SHÍ 2014: 40,67%

Sviðin:

FVS: 41.90%

HUGS: 34.63%

MVS: 33.82%

HVS: 47.98%

VoN: 49.32%

Kosningapátttaka SHÍ 2013: 34,70%

Kosningakerfinu *breytt* í sviðsráðskerfið

Sviðin:

FVS: 34.71%

HUGS: 28.02%

MVS: 29.65%

HVS: 38.41%

VoN: 46.35%

Kosningapátttaka SHÍ 2012: 31,61%

Kosningapátttaka SHÍ 2011: 31,04%

### Háskólaráð (viðbót 7. okt 2019)

Skipti í Háskólaráði fara fram 30. júní ár hvert. Því myndi tímasetning kosninga ekki hafa sérstök áhrif á skipti í Háskólaráði en stúdentar hafa hingað til ávallt verið lang fyrstir þeirra aðila sem skipa í ráðið til að tilnefna sína fulltrúa. Aðrir aðilar tilnefna almennt fyrir háskólaþing að vori sem er almennt í apríl eða byrjun febrúar. Þetta kemur því hvorki verr né betur út gagnvart Háskólaráði.

### Samantekt

Almennt hafa rök með tilfræslu kosninga verið ofan á og hafa nokkur sviðsráða kosið einróma með breytingu á tímasetningu kosninga. Til lengri tíma myndi það a.m.k. óhjákvæmilega auka skilvirkni Stúdentaráðs og skilvirkni og vinnslu mála innan sviðanna. Eins og er fá sviðin aðeins

um fjóra mánuði áður en fylkingar taka yfir og dagarnir eru undirlagðir í kosningabaráttu. Þá eru þrjú mánuðir eftir af árinu þegar kosið hefur verið fram að skiptum en reynslan gaf að það var óskilvirkt og seinlegt. Skilvirkast er fyrir samstarf sviðsráða við sviðin og samstarf SHÍ við skólann að skipti á stúdentafulltrúum fylgi skólaárinu en til þess að það sé gert með góðu móti er ekki gott að kosningar séu þremur mánuðum fyrir þann tíma.

Hvort seinkun kosninga auki kosningabátttöku verður að bíða eftir og sjá. Til greina kemur að breyting á tímasetningu valdi því að það fari eitthvað framhjá fólki að kosningar standi yfir þar sem þau eru von því að kosningar séu á ákveðnum tíma. Þó hafa fylkingarnar almennt svo hátt á þessum tíma og SHÍ leggur sig einbeitt fram að því að vekja athygli stúdenta á kosningum að það verður vonandi ekki raunin. Þá kann að vera að ný tímasetning þurfti 2-3 ár í reynslu til að kanna hvernig hún kemur út fyrir sviðin, sérstaklega ef tekið er mið af því hvernig síðustu breytingar á kosningakerfunum komu út. Þær þurftu eitt ár til að bera árangur. Telja verður líklegt að ef kosningar eru á hentugri tíma fyrir Menntavísindasvið muni kosningabátttaka þar aukast og þannig rífa upp heildar kosningabátttöku, enda eru MVS og HUGS þau svið sem hafa dregið hana niður undanfarin ár. Þá stefnir í breytingar á kosningakerfinu vorið 2020 hvort sem er þar sem fulltrúum mun fækka og kann að vera auðveldara í framkvæmd að gera þær breytingar samhliða. Þannig gefst SHÍ líka lengri tími til að kynna nýtt kosningafyrirkomulag, þ.e.a.s. fækkun SHÍ liða úr 27 í 17.

Að minnsta kosti er víst að samhljómur hefur verið um breytinguna innan sviðsráða og er þá sérstaklega skilvirkni starfs Stúdentaráðs og sviðsráða í forgrunni þar.

## TILLAGA

Eftirfarandi breyting er lögð til á stefnu umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs til þess að nefndin og SHÍ þrýsti á að fleira starfsfólk verði ráðið á svið umhverfis- og sjálfbærnimála innan Háskóla Íslands.

Flutningsaðili Aðalbjörg Egilsdóttir  
22. október 2019

### Umhverfisvitund

Háskóli Íslands er einn stærsti vinnustaður landsins. Ríkisstofnanir þurfa að vera ábyrgar í umhverfismálum og eru stúdentar og starfsfólk háskólans ekki þar undanþegin og þurfa að sýna gott fordæmi í þessum málum.

Markmið	Aðgerðir
Halda fleiri viðburði til að stuðla að fræðslu í umhverfis- og samgöngumálum	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veganvika</li> <li>• Skiptifatamarkaður</li> <li>• Samgönguvika</li> <li>• Umhverfisvika</li> <li>• Flokkunarvika</li> <li>• Loftslagsvika</li> </ul>
Auka virkni Háskóla Íslands á sviði umhverfis- og sjálfbærni mála	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þrýsta á að fleira starfsfólk verði ráðið á sviðið</li> <li>• Stuðla að góðu samstarfi nefndarinnar við starfsfólk skólans sem vinnur að þessum málum.</li> </ul>



<p>Vinna í samstarfi með FS og HÍ að umhverfisvænna háskólasvæði</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Auka aðgengi að margnota umbúðum svo sem kaffibollum og matarboxum</li> <li>• Auka úrval vegan valkosta í Hámu</li> <li>• Taka einnota hnífapör úr notkun</li> <li>• Hætta sölu plastpoka hjá FS</li> <li>• Skoða hvað skilyrði þarf að uppfylla fyrir sölu á t.d. salötum og samlokum upp á að minnka plastumbúðir</li> <li>• Hefja sölu á grænum kaffikortum í samstarfi við FS.</li> <li>• Bæta booztbar við hliðiná salatbarnum þar sem hægt væri að koma með fjölnota mál</li> <li>• Koma upp aðstöðu til þess að skola og tæma margnota ílát</li> <li>• Viðburðir á vegum HÍ bjóði ekki uppá einnota drykkjarmál</li> </ul>
--	--

### Skýring

Síðustu misseri hafa sífelld fleiri gert sér grein fyrir alvarleika loftslagshamfara og annarrar umhverfisváru og hefur yfirstjórn HÍ oft tekið þátt í umræðunni, og m.a. talað um mikilvægi háskólans og rannsókna hans í baráttunni gegn hamfarahlýnun. Þrátt fyrir þetta er aðeins einn starfsmaður í 60% starfi við HÍ sem vinnur að umhverfis- og sjálfbærnimálum innan skólans auk nefndar sem hittist stopult. Ekki er mögulegt fyrir einn starfsmann, sem ekki einu sinni er í fullu starfi, og eina nefnd að hafa yfirsýn yfir öll umhverfistengd mál í 13.000 nemenda skóla með yfir 1500 starfsfólk.

Til samanburðar starfa tveir jafnréttisfulltrúar við HÍ auk þess sem jafnréttisnefnd er á hverju fræðasviði, innan miðlægrar stjórnarsýslu og jafnréttisnefndar með fulltrúum frá öllum fræðasviðum og nemendum, alls tveir starfsmenn og sjö nefndir. Vissulega eru jafnréttismál þungamiðjan í öllu starfi háskólans en miðað við hversu mikla áherslu yfirstjórn skólans hefur lagt á að vinna að umhverfis- og sjálfbærnimálum út á við væri eðlilegt að fleira starfsfólk starfaði við þau mál innan skólans en ein manneskja og að fleiri nefndir ynnu að þeim en ein

### -- T I L L A G A --

#### Um áskorun frá Stúdentaráði Háskóla Íslands til háskólaráðs um að endurnýja ekki samning um aldursgreiningar hælisleitenda með tanngreiningum

Í tillögu þessari felst að skrifstofu ráðsins, í samstarfi við flutningsaðila tillögunnar, yrði falið að semja áskorun frá Stúdentaráði til háskólaráðs um að endurnýja ekki samning við Útlendingastofnun um að aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum með líkamsrannsóknnum fari fram innan skólans.

21. nóvember 2019

*Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti  
Benedikt Traustason, varaforseti SHÍ  
Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu í Stúdentaráði*

#### Rökstuðningur

Í ljósi þess að Stúdentaráð hefur beitt sér fyrir því að Háskóli Íslands láti af því að framkvæma aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum í formi líkamsrannsókna á tönnum í rúmt ár er lagt til að ráðið ítreki afstöðu sína með áskorun til háskólaráðs enda nálgist tími endurskoðunar samnings HÍ við Útlendingastofnun um málið. Nánar tiltekið samþykkti

háskólaráð [þann 7. mars 2019](#) að HÍ skyldi gera samkomulag við Útlendingastofnun um verksamning um klíníska munnholsskoðun og röntgenmyndatöku. Samkomulagið gildi í eitt ár og verði tekið til endurskoðunar þremur mánuðum fyrir lok samningstímans.

Þann 9. október sl. sendi ráðið frá sér [umsögn](#) til allsherjar- og menntanefndar Alþingis eftir beiðni nefndarinnar þess efnis. Þar er saga málsins rakin í stuttu máli en þar segir að Stúdentaráð Háskóla Íslands gaf út [yfirlýsingu](#) þann 27. september 2018 vegna aðkomu Háskóla Íslands að aldursgreiningum á fylgdarlausum hælisleitendum hérlendis. Í stuttu máli kemur þar fram að aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum, sem ekki gátu sýnt fram á skilríki sem Útlendingastofnun taldi fullnægjandi, höfðu farið fram innan veggja Háskóla Íslands. Stúdentaráð lýsti yfir andstöðu sinni við að Háskóli Íslands kæmi að þessum rannsóknum. Ástæður þess voru helst að háskólinn eigi fyrst og fremst að vera menntastofnun og það sé hvorki í samræmi við stefnu skólans né til fyrirmyndar fyrir störf HÍ og stöðu hans í samfélaginu, að taka sér hlutverk með þessum hætti í ferli fylgdarlausra ungmenna sem koma hingað í leit að hæli. Auk þess vísaði Stúdentaráð til ónákvæmni niðurstaðna rannsókna, deilna um siðferðislegt réttmæti þeirra og að brotið væri á vísindasiðareglum skólans með framkvæmd þeirra. Stúdentaráð vísaði einnig til laga um háskóla og þeirrar þjónustu sem þeim ber að veita samfélaginu og sjálfstæði háskóla sem lögnum er ætlað að tryggja svo að stjórnvöld hlutist ekki til um rannsóknir eða fræðilegt starf innan skólanna.

Áskorunin yrði ítarleg og myndi byggja á umsögn ráðsins til allsherjar- og menntanefndar, fyrrum yfirlýsingu ráðsins og [séráliti](#) Benedikts Traustasonar, sem var í starfshópi Háskólaráðs sem fór yfir málið á sínum tíma. Hún yrði send á alla meðlimi ráðsins

## T I L L A G A

### -- Aðgengi við Háskóla Íslands --

*Reykjavík, 14. október 2019*

Við undirritaðar hvetjum Stúdentaráð Háskóla Íslands til þess að lýsa yfir stuðningi við fatlaða stúdenta og krefjast aðgerða þegar kemur að aðgengismálum við háskólann. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (e. CRPD) kveður á um að öll eigi sama rétt á námi, óháð fötlun. Þetta ákvæði uppfyllir Háskóli Íslands ekki vegna aðgengisleysis í byggingum og umhverfi háskólans.

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir  
Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

## R Ö K S T U Þ N I N G U R

Háskóli Íslands er stærsta menntastofnun landsins í ríkiseign og ætti að sýna gott fordæmi hvað varðar aðgengi fyrir fatlað fólk. Þegar litið er til sambærilegra háskóla á Norðurlöndunum og í Evrópu kemur Háskóli Íslands illa út þegar kemur að aðgengismálum. Í 24. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir í 1. lið að:

Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Þau skulu, í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri, koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar.

Langveikir og fatlaðir stúdentar hafa verið knúnir til að hætta í námi þar sem kennslustofur og kennsluhættir eru óaðgengilegir. Mörg námskeið bjóða ekki upp á upptökur á fyrirlestrum og þar af leiðandi ná fatlaðir stúdentar ekki að fylgja námskrá þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda eða læknisheimsókna. Oftar en ekki velur fatlað fólk að hefja nám við aðrar menntastofnanir vegna skorts á aðgengi við Háskóla Íslands. Það er óásættanlegt að fatlað fólk geti ekki gengið að því sem vísu að komast inn í byggingar og fyrirlestrasali þar sem kennsla á sér stað. Þegar kemur að aðgengi í kennslustofum og fyrirlestrasölum er mikið rými fyrir umbætur. Hjólastólanotendur eiga ekki að þurfa að sitja til hliðar án námsaðstöðu í fyrirlestrum. Fatlaðir stúdentar eiga ekki að þurfa að sitja undir daglegu örಾರೆiti af völdum Háskóla Íslands. Við hvetjum því Stúdentaráð Háskóla Íslands til þess að lýsa yfir stuðningi við fatlaða stúdenta. Krefjast aðgerða í aðgengismálum, aukinnar vitundarvakningu og þannig útrýma mismunun vegna fötlunar innan Háskóla Íslands. Þetta er aðeins brot af aðgengisleysi skólans, aðgengi er er miklu víðara en það að að komast í byggingar. Punktaletur, leiðarlínur, túlkapjónusta og aðgangur að auðlesnum texta er einnig baráttumál þegar kemur að auknu aðgengi fyrir öll við Háskóla Íslands.

## T I L L A G A

### um styrk til framfærslu erlendra nema vegna fjárhagslegra erfiðleika/International Hardship Fund

*Stúdentaráðsfundur 21. nóvember 2019*

*Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir forseti SHÍ og Derek T. Allen*

Lagt er til að því sé beint til lagabreytinganefndar að endurskoða lög Stúdentasjóðs til þess að hægt verði fyrir erlenda nema, frá löndum sem eru ekki með milliríkjasamning við Ísland, að sækjast eftir auka styrk til framfærslu vegna fjárhagslegra erfiðleika.

#### Rökstuðningur

Framtakið kemur að ábendingu Dereks T. Allens. Verkefnið á sér fyrirmynd í [Aberdeen University](#) sem er hluti af Aurora tengslanetinu sem Háskóli Íslands er aðili að.

Erfiðara er fyrir erlenda nema að finna vinnu, sérstaklega ef þeir koma utan EES svæðisins. Þegar stúdentar koma utan EES þá hafa þeir einungis rétt á að vinna 15 klst á viku. Slíkt dugar fæstum til framfærslu. Þegar stúdent finnur vinnu þarf hann að sýna fram á ráðningarsamning og óska eftir atvinnuleyfi en atvinnuleyfi getur tekið allt að 90 daga. Tæknilega séð mega stúdentar ekki vinna meðan atvinnuleyfi er ekki komið í hús.

Eitt af skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis og ríkisborgaréttar á Íslandi er að umsækjandi geti sýnt fram á að framfærsla hans sé trygg. Útlendingastofnun miðar við útgefinn lágmarksframfærslustuðul Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Sjá tilkynningar um það [hér](#) og [hér](#). Hjá Útlendingastofnun er stöðugt verið að hækka [lágmarksframfærslu markmið](#) sem viðkomandi þarf að hafa þegar stúdent kemur til landsins eða þarf að endurnýja dvalarleyfi. Það þýðir að fólk kemur hingað til lands með ákveðið mikinn pening til framfærslu en í ljós getur komið að sá peningur dugi ekki eftir nokkra mánuði. Verklag Útlendingastofnunnar er einnig þannig að fréttir um hækkun eru birtar í lok nóvember og byrjun desember, aðeins 5-6 vikum áður en að námsmenn þurfa að skila gögnum (þ.e.a.s. sýna fram á að þeir eru með nóg af pening) til stofnunarinnar. Þá hefur talan verið hækkuð um töluverðar fjárhæðir, jafnvel 100 þúsund krónur fyrir sex mánuða- eða árstímabilið í senn. Ekki er hægt að verða sér úti um svona pening, sérstaklega þar sem aðeins má vinna 15 klukkustundir í viku, innan rúmlega mánaðar.

Reglur Útlendingastofnunnar þegar kemur að námsmönnum má finna [hér](#).

Í ljósi þessara aðstæðna er mikilvægt að reyna að koma upp úrræðum sem tryggja aðgengi erlendra nema að HÍ og tryggja að þeir geti framfleytt sér. Tillaga þessi er lögð fram sem hluti af þeirri vinnu.

---

## TILLAGA

### um aðgengi að aukakennurum

Lagt er til að SHÍ í samráði við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands útbúi lista yfir kennara og nemendur sem geta veitt öðrum nemendum aukakennslu. Þá lista ætti að flokka niður eftir deildum skólans og hægt væri að nálgast þá inn á Uglunni sem og hjá náms- og starfsráðgjöfum skólans

*Azra Crnac 21. nóvember 2019*

### Skýring

Undanfarið fengust ábendingar þar sem nemendur gátu ekki aflað sér upplýsinga um aukakennara varðandi efni sem þeim vantaði dýpri skilning á. Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands gátu ekki veitt nemendum upplýsingar um þá kennara sem taka að sér aukakennslu. Að sama skapi hefur Háskólinn í Reykjavík slíka lista aðgengilega fyrir sína nemendur og er því ekkert til fyrirstöðu en að bjóða upp á sömu þjónustu í Háskóla Íslands. Nemendur ættu að geta leitað til kennara sem geta veitt aðstoð þegar upp koma slík tilfelli og ætti sú aðferð að vera aðgengileg á einfaldan hátt

---

## TILLAGA

### Um samgöngumál

Lagt er til að SHÍ þrýsti á framkvæmda- og tæknisvið Háskólans um að fjölga rafhleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla við byggingar Háskólans, þannig það sé a.m.k. ein rafhleðslustöð við hverja byggingu Háskóla Íslands.

*Flutningsaðilar: Ingveldur Anna Sigurðardóttir og Guðrún Karitas Blomsterberg*

## RÖKSTUÐNINGUR

Til þess að gera umhverfisvænum samgöngum hátt undir höfði er nauðsynlegt að það sé a.m.k. eina rafhleðslustöð við hverja einustu byggingu háskólans. Það gerir einstaklingum sem eiga rafmagnsbíla að koma í skólann og hlaða bílinn. Til þess að háskólinn sé leiðandi í umhverfismálum er þetta skref í rétta átt.

Það er gríðarlega ábótavant að rafhleðslustöðvar séu til staðar við byggingar Háskólans sem er ekki viðunandi þegar rafmagnsbílar eru að koma á göturnar í síauknum mæli. Á háskólasvæðinu í kringum Sæmundargötu eru 1-3 rafhleðslustöðvar.

Þessi uppbygging yrði liður í því að vera í fararbroddi þegar kemur að orkuskiptum í samgöngum á Íslandi og styðja þar með við minnkun kolefnissporsins í heiminum. Einnig er rafbílavæðing á Íslandi mikilvæg til að standast skuldbindingar Íslands gagnvart

Parísarsamkomulaginu. Greitt aðgengi að rahfleðslustöðvum er grundvöllur þess að geta verið á rafmagnsbíl og myndi þessi breyting stuðla að því

---

## T I L L A G A

Í samræmi við ákvæði 42. d [laga Stúdentaráðs](#) um bókfærð mál er hér með lögð til afgreiðsla án umræðu á að SHÍ haldi í *annað sinn* vísindaferð í Stúdentaráð, líkt og samþykkt var á haustönn að yrði gert.

Stúdentaráð hélt vísindaferð þann 13. september sl. sem [gekk sérstaklega vel](#). Nokkur eftirspurn er eftir að SHÍ haldi aðra slíka vísó. Kostnaði var haldið í lágmarki og er rými í kostnaðaráætlun ráðsins fyrir annarri vísindaferð, sem var kynnt á októberfundi Stúdentaráðs.

Lagt er til að ferlið verði hið sama og var vegna síðustu vísó, þ.e.a.s. skrifstofan haldi utan um skipulagið í samráði við félagslífs og menningarnefnd, og vísóið yrði 17. janúar nk. þegar MVS eru í staðlotum.

Þar sem málið er lagt fram undir bókfærð mál skoðast það sem samþykkt af Stúdentaráði ef það er ekki tekið upp til umræðu og atkvæðagreiðslu á fundi að beiðni fulltrúa SHÍ.

*Jóna Pórey Pétursdóttir, forseti SHÍ  
Jessý Rún Jónsdóttir, forseti félagslífs- og menningarnefndar SH  
21. nóvember 2019Í*

---

## T I L L A G A

### „Þingfulltrúar Stúdentaráðs á Landsþingi LÍS”

Lagt er til að þingfulltrúum SHÍ á landsþingi LÍS verði skipt á eftirfarandi máta:

- Skrifstofa Stúdentaráðs - 3 fulltrúar.
- Stúdentaráðsliðar - 10 þingfulltrúar í hlutfalli við niðurstöðu kosninga

Aðalfulltrúar í Stúdentaráði munu hafa forgang í skráningu en varafulltrúar geta einnig sótt um. Þá mun reglan um að fjöldi stúdentaráðsliða séu í hlutfalli við niðurstöðu kosninga einnig vera forgangsregla, enda ef ekki næst skráning hjá annarri fylkingu uppí 10 fulltrúa mun SHÍ samt þurfa að manna þau sæti.

#### **Rökstuðningur:**

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) verður haldið 5. - 8. mars. Þar koma aðildafélög LÍS saman og eiga öll sína þingfulltrúa, en þingfulltrúar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðarétt á þinginu. Þingfulltrúum er skipt eftir fjölda stúdenta í hverju aðildafélagi og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær 13 þingfulltrúa alls.

Á síðasta starfsári lenti tímasetning landsþings (28. mars - 31. mars) milli kosninga til Stúdentaráðs og skipta í Stúdentaráði. Því var bæði stöður núverandi og verðandi fulltrúa í SHÍ í boði en að þessu sinni er landsþingið þremur vikum fyrir og því fyrir kosningar í SHÍ.

Hugmyndin um að hafa forgangsreglu til staðar um að þingfulltrúar séu í hlutfalli við kosningu er einfaldlega til að tryggja aðkomu beggja fylkinga að landsþinginu. ~~Í fyrra var ekkert slíkt sett fram og voru aðeins 3 fulltrúar sem mættu á landsþingið sjálf frá minnihlutafylkingu.~~

Verði tillagan samþykkt mun valið á þingfulltrúum fara þannig fram að skráningarskjal fer í

loftið í kringum 30. janúar (u.þ.b. 2 vikum fyrir lok skráningarfrests á þingið sem er 21. feb)  
reglan *fyrstur kemur, fyrstur fær* verður við gildi

---

## TILLAGA

um að Stúdentaráð samþykki neðangreinda ályktun, birti hana og sendi á viðeigandi aðila, (t.d. skipulagsnefnd háskólaráðs sem fer með endurskipulagningu og framtíðarásýnd háskólasvæðisins, sem og skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar, borgarstjóra, stjórn heilbrigðisvísindasviðs, heilbrigðisráðuneyti o.fl.).

21. janúar 2020

*Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ*

*Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu í SHÍ*

## ÁLYKTUN

### um þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku fyrir háskólanemendur

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku eða heilsugæslu fyrir háskólanemendur.

Heilbrigði stúdenta hefur verið Stúdentaráði hugleikið undanfarin ár. Frá 2018 hefur Stúdentaráð Háskóla Íslands vakið athygli á bágrri stöðu stúdenta þegar kemur að geðheilbrigðismálum. Í kjölfarið hefur skólinn tekið vel við sér á mörgum vígvöllum, þó með fastri eftirfylgni Stúdentaráðs, en nú í janúar 2020 tók þriðji sálfræðingurinn til starfa við skólann sem ráðinu hafði verið lofað frá hausti 2018. Hefur sálfræðingur við skólann því fjölgað úr einum í þrjá á tveggja ára tímabili. Auk þess hafa öðrum úrræðum í HÍ handa stúdentum fjölgað þegar kemur að andlegri heilsu.

Betur má þó ef duga skal. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að búa vel um stúdenta í háskólasamfélaginu og efla það samfélag með öllum tiltækum leiðum. Þörf á þjónustu á háskólasvæðinu er mikil enda fjöldi stúdenta sem fer um það daglega og búa margir þeirra á stúdentagörðum á svæðinu. Í nokkurn tíma hefur endurskipulagning háskólasvæðisins og framtíð þess verið í deiglu innán stjórnarsýslu skólans. Í ljósi þess telur Stúdentaráð mikilvægt að ítreka þörf á þjónustu handa stúdentum á háskólasvæðinu, en sú þjónusta sem er hve mest aðkallandi er heilbrigðisþjónusta.

Í [rannsókn](#) frá árinu 2011 sem unnin var við Háskóla Íslands var þörf háskólanema fyrir sérstaka heilbrigðismóttöku könnuð. Niðurstöður hennar gefa til kynna að þátttakendur rannsóknarinnar, stúdentar, hafi mikla þörf fyrir sérstaka heilbrigðismóttöku. Nánar tiltekið þurfti meirihluti þátttakenda á heilbrigðisþjónustu að halda á árinu fyrir könnunina en rúmlega helmingur beið með að leita eftir heilbrigðisþjónustu og var meginástæða þess kostnaður. Niðurstöður könnunarinnar sýndu einnig yfirgnæfandi vilja þátttakenda til að leita á móttöku þar sem þjónustan væri veitt af nemendum Háskóla Íslands undir leiðsögn kennara. Auk þess sýndi könnunin að stór hópur stúdenta er án heimilislæknis, einkum erlendir stúdentar, og hafa þeir því ekki greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum.

Geðheilbrigðismál og aukið aðgengi að úrræðum fyrir ungt folk til að takast á við andlega heilsu er forgangsmál. Vert er að rifja upp [rannsókn](#) frá 2018 þar sem fram kom að 34,4% nemenda í HÍ, HR og HA mældust yfir klínískum mörkum þunglyndis og tæp 20% yfir klínískum mörkum kvíða. Stúdentaráð hefur síðan þá fengið frekari kynningu á öðrum rannsóknum sem eru nú til úrvinnslu á geðheilsu stúdenta í Háskóla Íslands og samkvæmt frumniðurstöðum þeirra

rannsóknna er marktækur munur á kvíða, streitu og þunglyndi háskólanema við HÍ, miðað við sama aldurshóp á landsvísu. Þörfin á heilbrigðisþjónustu handa háskólanemum til að takast á við þennan vanda er til staðar. Heilbrigðismóttaka myndi auka aðgengi stúdenta að úrræðum til að kljást við þennan vanda. Þá hefur þessi vandi verið tilgreindur sem ein skýring brottfalls úr háskólanámi svo ef úrræði verða fleiri, betri og aðgengilegri má vona að það breytist.

Rannsóknir hafa sýnt að ungmenni séu ólíklegust af aldurshópum til að leita á heilsugæsluna. En munu úrræði á háskólasvæðinu breyta því og skila árangri? Stúdentaráð telur fordæmi fyrir því. Aukin sálfræðiþjónusta í Háskóla Íslands frá árinu 2018 hefur svo sannarlega skilað árangri og má taka dæmi um að skor þátttakenda í HAM hópmeðferðum, sem boðið er uppá innan skólans, lækkuðu að meðaltali um 4,5 stig á þunglyndiskvarða og 4,4 stig vegna kvíða frá upphafi meðferðar. Aðsókn í Hugleiðsluhóp HÍ, ókeypis hugleiðslu á vegum stúdenta, hefur margfaldast á undanförunum árum og áfram mætti telja. Ljóst er að stúdentar sækja í aðgengileg úrræði í háskólasamfélaginu og skila þau sér.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að mikilvæg leið fyrir heilsugæsluna til að nálgast ungmenni sé í gegnum skóla. Ísland hefur í raun þá sérstöðu að ekki er boðið uppá nemendaheilsugæslu á háskólastigi. Fyrirgreind rannsókn frá 2011 gefur skýra mynd af þörf á heilbrigðismóttöku fyrir stúdenta og með hvaða hætti hún gæti verið. Flestir vildu hafa þjónustu milli 16-19 og höfðu flestir áhuga á fjölþættri þjónustu.

Stúdentaráð telur því ljóst að þörf er á sérstakri heilbrigðismóttöku fyrir háskólanema sem verði best fyrir komið á háskólasvæðin

---

## -- T I L L A G A -- *um íslensku kennslu erlendra nema*

Lagt er til að alþjóðafulltrúi SHÍ í samráði við skrifstofu alþjóðasamskipta taki fyrir íslensku kennslu erlendra nema. Óskað er eftir því að gert sé úttekt á gæðum kennslunnar og fjölgað sé möguleikum á íslensku námi. Lagt er til að Stúdentaráð styðji við vinnu alþjóðafulltrúa SHÍ vegna málefna um kennslu og gæði hennar í íslensku kennslu erlendra nema. Enn fremur er stutt við að gerð sé úttekt á gæðum kennslunnar og fjölgað sé möguleikum á íslensku námi. (breyt ÞDE)

*Flutningsaðilar: Azra Crnac og Derek T. Allen*

## **Rökstuðningur**

Borist hafa ábendingar frá erlendum nemendum varðandi íslensku kennslu fyrir nema af erlendum uppruna í Háskóla Íslands og bendir það til þess að margt sé ábótavant. Ábendingarnar fela í sér gagnrýni á námsefni jafnframt uppsetningu námskeiða og stökkið á milli diplómunnáms í íslensku og BA námsins. Til stuðnings við ábendingar nemendanna vísuð við í rannsókn sem framkvæmd var af EAOC-rannsóknahópnum við Menntavísindasvið HÍ, en ábyrgðarmaður hennar er Hanna Ragnarsdóttir og ber rannsóknin yfirskriftina „*Væntingar og tækifæri innflytjenda á Íslandi til háskólamenntunar og áskoranir henni tengdar*“. Rannsóknin byggir á mismunandi kenningum sem dæmi: mótunarhyggju, kenningar um fjölmennarlega menntun og annarsmálsfræði. Aðferðir rannsóknarinnar voru

eigindleg einstaklingsviðtöl og rýnihópaviðtöl við nemendur af erlendum uppruna. Búist er við því að rannsóknin verði birt í mars á þessu ári. Meginniðurstöður rannsóknarinnar styðja við frásagnir erlendra nemenda. Þær benda til þess að nemendur séu síst ánægðir með þau námskeið þar sem beinar kennsluaðferðir eru notaðar, eins og málfræðikennsla. Nemendur vilja einkum taka virkan þátt í tímum heldur en að sitja og hlusta, það hefur sýnt sig að að nemendur læra mest í námskeiðum þar sem tjáskiptakennsluaðferðir eru notaðar. Sem dæmi má nefna að talþjálfun er ekki kennd í síðari hluta BA námsins í íslensku, en það myndi vissulega gagnast erlendum nemum. Þegar snúið er að námsmati í námskeiðum sem huga að málfræði er matið oftast lokað mat með lokaprófum sem hafa hátt vægi og í einhverjum tilfellum 100% vægi. Það getur hinsvegar komið sér illa fyrir nemendur sem koma utan EES því dvalarleyfi þeirra byggist á námsframvindu. Nemendur telja sig læra lítið á málfræðinámskeiðum og vilja þau helst að kennsluaðferðum sé breytt svo nemendur geti fengið tækifæri til þess að æfa sig í tungumálinu og tekið virkari þátt í kennslustundum. Út frá þessum niðurstöðum og ábendingum nemanda hefur það sýnt sig að þörf sé á námi í hagnýtri íslensku. Slíkt nám myndi gagnast erlendum nemum sem eru í annarri fræðigrein þar sem íslenska er aðaltungumálið. Til að nefna dæmi af slíkum námskeiðum væri hægt að bjóða upp á akademíska íslensku, fræðilega ritun, akademískan orðaforða og hugtök. Í Noregi er boðið upp á 1.árs undirbúningsnám fyrir erlenda einstaklinga sem hyggja á nám í háskólum landsins, en með því að bjóða upp á undirbúnings námskeið væri Háskóli Íslands að tryggja öllum betri og jafnan aðgang að námi óháð uppruna. Það að geta talað og ritað tungumál landsins sem maður er búsettur í, eykur sjálfstæði einstaklinga til muna og ætti það því að vera baráttumál okkar

---

## TILLAGA

18. febrúar 2020

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands samþykki neðangreinda áskorun um að Háskóli Íslands lýsi yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og geri viðeigandi aðgerðaráætlun fyrir Háskóla Íslands.

*Flutningsaðilar: Aðalbjörg Egilsdóttir forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ, Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu, Vigdís Ólafsdóttir, Ásmundur Jóhannsson*

### **Aðgerðir HÍ vegna loftslagsvárisinnar:**

Í kjölfar yfirlýsingar Stúdentaráðs Háskóla Íslands um neyðarástand í loftslagsmálum skorum við á Háskóla Íslands að gera slíkt hið sama og að aðgerðir fylgi. Háskóli Íslands er æðsta og stærsta menntastofnun landsins og ber sem slík ríka samfélagslega ábyrgð. Stúdentar telja að skólinn eigi að vera leiðandi í umræðu og baráttunni við loftslagsvána en til þess þarf skólinn að taka skýra afstöðu. Vísindin tala sínu máli og er óumdeilt að loftslagsváin er nú þegar farin að hafa gríðarlegar afleiðingar á daglegt líf fólks um allan heim sem og á lífríki heimsins.

Frá því í maí 2019 þegar Stúdentaráð lýsti yfir neyðarástandi, og hvatti stjórnvöld og Háskóla Íslands til að gera slíkt hið sama, hefur mikið vatn runnið til sjávar, sérstaklega í umræðu vísindasamfélagsins varðandi loftslagsvána. Um 11 þúsund vísindamenn skrifuðu undir [afdráttarlausu yfirlýsingu](#) í nóvember 2019 þess efnis að neyðarástand ríki á jörðinni vegna loftslagsvárisinnar. Kom þar fram að vísindamenn hafa siðferðislega skyldu til þess að vara mannkynið við. Stúdentaráð telur með sömu rökum að HÍ beri að bregðast við, taka afstöðu og koma á skýrri og róttækri aðgerðaráætlun um hvert framlag skólans verði í baráttunni við loftslagsvána.



Nýlega samþykkti stjórn AURORA samstarfsnetið, sem HÍ er hluti af, að allir háskólar sem tilheyra netinu myndu skrifa undir sameiginlega yfirlýsingu um neyðarástand í loftslagsmálum. Til þess að HÍ verði ekki eftirbátur í því mikilvæga alþjóðlega samstarfi þarf hann að fylgja því og ætti að stefna að því að verða leiðandi innan netsins og setja fordæmi með því að gera sér róttæka og metnaðarfulla aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og fylgja henni eftir. Þannig getur hann stillt sér upp meðal fremstu háskóla heimsins þegar kemur að baráttunni við loftslagsvána, sýnt samfélagslega ábyrgð og þar af leiðandi getið sér góðs orðs á alþjóðavettvangi. Að auki væri hann að taka afstöðu með stúdentum og setja gott fordæmi.

Til að koma stjórnarsýslu skólans af stað hefur Stúdentaráð hér sett fram aðgerðarlista sem grípa mætti til nú þegar:

### Samgöngur

- Stúdentum verði tryggður Umhverfispassi (U-passi) í almenningssamgöngur og umhverfissvænni samgönguleiðir.
- Bílar í eigu eða leigu háskólans verði allir umhverfissvænni, þ.e. knúnir með rafmagni, vetni eða metani.
- Bílastæðum fyrir rafbíla verði fjölgað enn frekar, sem og hleðslustöðvum. Rafmagnsbílar og aðrir bílar sem nota ekki jarðefnaeldsneyti fái forgang í stæði við háskólann.
- Starfsfólki háskólans og stúdentum verði gert aðgengilegra að nýta sér ferðamáta sem krefjast ekki notkunar jarðefnaeldsneytis, m.a. með því að bæta göngu- og hjólaleiðir í kringum háskólann.
- Dregið verði verulega úr utanlandsferðum starfsmanna Háskóla Íslands vegna starfa sinna. Fyrir nauðsynlegar utanlandsferðir verði flugin kolefnisjöfnuð.
- Starfsfólk háskólans verði hvatt til þess að ferðast frekar innanlands en utan, t.d. þegar vinnutengd ferðalög snúast um að fá vinnufrið til að skrifa eða klára verkefni fremur en heimildaöflun eða tengslamyndun.

### Kennsla og rannsóknir

- Áfangi um umhverfismál og sjálfbærni verði hluti af öllu grunnnámi, með sérstaka áherslu á loftslagsmál.
- Loftslagsmál verði tekin upp í sem flestum áföngum háskólans og tengd við viðfangsefnið sem fengist er við hverju sinni. Áhersla verði lögð á að valdefla nemendur til nýsköpunar, sjálfbærrar hugsunar sem og virðingu fyrir náttúrunni.
- Háskólinn beiti sér fyrir því að ákveðið fjármagn sé eyrnamerkt því að efla kennslu og rannsóknir á sviði sjálfbærni og loftslagsmála.
- Háskólinn gæti þess að sjóðir hans fjárfesti ekki í vinnslu jarðefnaeldsneytis eða innviðum tengdum henni.
- Háskólinn geri hringrásarhagkerfum hátt undir höfði í kennslu hagfræðitengdra deilda.

### Innviðir og þjónusta

- Háskólinn taki græn skref í ríkisrekstri eins hratt og unnt er.
- Framboð á kolefnisfrekum matvörum, m.a. kjöti, verði minnkað um a.m.k. 50% á viðburðum á vegum háskólans og innan skólans alls.
- Allar nýbyggingar háskólans verði byggðar með sjálfbærni og lágmrörkun umhverfisáhrifa að leiðarljósi og eldri byggingum verði viðhaldið með sömu áherslum.

- Stúdentar og starfsfólk geti sótt sem fjölbreyttasta þjónustu í nærumhverfi háskólans og stúdentagarða, m.a. heilsugæslu, lágvöruverðsverslun, líkamsrækt og sálfræðiþjónustu, til að draga úr umferð til og frá svæðinu.

### Háskólasamfélagið og loftslagsvæin

- Háskólinn mæli kolefnisfótspor sitt að minnsta kosti árlega og taki tillit til sem flestra þátta sem hafa áhrif á það, m.a. ferða starfsfólks og stúdenta til og frá skóla, vinnutengdra ferða starfsfólks, matar og bygginga.
- Háskólinn nýti sér lýðræðislega ferla (t.d. rökræðuþing eða Háskólaþing) til að setja saman ítarlegt plan um hvernig á að minnka kolefnisfótspor háskólans.
- Allt verði gert til að draga úr kolefnisfótspori háskólans en allt sem ekki er hægt að koma í veg fyrir verði kolefnisjafnað innanlands eða utan með þarlenda líffræðilega fjölbreytni í huga.
- Háskólinn upplýsi nemendur, starfsfólk og samfélagið allt um hvert kolefnisfótspor hans sé, hvaða leiðir hann hyggist fara til að draga úr umhverfisáhrifum sínum og hvaða árangri hann hefur náð, að minnsta kosti einu sinni á ári.
- Háskólinn nái kolefnishlutleysi fyrir árið 2025 og horfi þar til allrar losunar sem tengist háskólanum.

### Rökstuðningur

Loftslagsbreytingar eru raunveruleg vá sem við mannkynið stöndum frammi fyrir sem tegund. Sögulega bera Vesturlandabúar mesta ábyrgð á þeim og er nauðsynlegt að við öll tökum ábyrgð. Sem stærsta menntastofnun og vinnustaður lítils lands, þar sem mjög mikil losun gróðurhúsalofttegunda á sér stað, hefur Háskóli Íslands tækifæri á að vera leiðandi í baráttunni við loftslagsvána, ekki aðeins á landsvísu heldur einnig ef miðað er við þau lönd og háskóla erlendis sem við berum okkur oftast saman við.

Um þessar mundir fer fram vinna við mótun stefnu Háskóla Íslands til ársins 2026 og kemur sjálfbærni- og umhverfisnefnd háskólaráðs að mótun sjálfbærniákvæðis fyrir þá stefnu. Margar þeirra aðgerða sem lagðar eru til hér að ofan ríma ágætlega við þá umræðu sem hefur átt sér stað innan sjálfbærni- og umhverfisnefndar háskólaráðs, en eru að mörgu leyti metnaðarfullri og róttækari en umræðan sem verið hefur þar. Nauðsynlegt er að Stúdentaráð þrýsti á HÍ að setja róttæk markmið á sviði sjálfbærni- og umhverfismála til þess að háskólinn geti verið leiðandi í loftslagsmálum.

Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir metnaðarfullum aðgerðum HÍ í loftslagsmálum nema ákvarðanir stjórnenda hans. Stúdentaráð ætti, með öllum tiltækum ráðum, að þrýsta á háskólann að vera í fararbroddi í loftslagsmálum og að setja fordæmi fyrir land og þjóð, sem og háskóla úti um allan heim

### -Tillaga-

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að réttindi stúdenta í stéttafélögum verði aukin. Þetta væri hægt að útfæra með því að sjúkrasjóðir stéttarféлага landsins myndu aðlagja sig þörfum námsmanna á þann hátt að eftir tvo mánuði væri hægt að fá styrk úr sjúkrasjóðum stéttarféлага fyrir öðru en sjúkradagpeningum en þó að hámarki þá fjárhæð sem greidd hefur verið í sjóðinn.

*Fundur Stúdentaráðs 19. febrúar 2020  
Flutningsaðili: Vigdís Ólafsdóttir*

### -Rökstuðningur-

Námsmenn vinna oft í sumar- og jóafríum sínum í gegnum grunnskóla, menntaskóla og háskólagöngu sína. Þeir eiga samt margir hverjir ekki rétt á styrkveitingum úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna. Það er orðið löngu tímabært að endurskoða reglur sem lúta að sjúkrasjóðum stéttarfélaganna. Verkefni sjúkrasjóðanna eru almennt að veita félagsmönnum aðstoð vegna veikinda, slysa eða vegna andláts. Enn fremur er verkefni sjúkrasjóðanna yfirleitt að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar. Til skýringar á eru hér listaðar upp núgildandi úthlutunarreglur hjá stærstu stéttafélögum landsins:

**Sjúkrasjóður BHM:** Það þarf að hafa greitt samtals í 6 mánuði og þar af samfellt í 3 mánuði fyrir tekjutap/útgjöld til þess að eiga rétt á sjúkradagpeningum og öðrum styrkjum.

**Sjúkrasjóður VR:** eftir 1 mánuði í starfi á sjóðfélagi rétt á sama fjölda mánaða í sjúkradagpeningum og svo koll af kolli. Aðrir styrki (líkamsrækt, gleraugu o.s.frv.) koma til álitu eftir 6 mánaða samfellda innborgun.

**Sjúkrasjóður Eflingar:** þarf að hafa greitt samfellt í sjóðinn í 3 mánuði fyrir sjúkradagpeninga en samfellt í 6 mánuði fyrir flesta aðra styrki.

Því má álykta að þessir sjúkrasjóðir séu byggðir upp þannig að námsmenn í sumarstörfum borgi sífellt í sjóði án þess þó að fá eitthvað á móti. Hjá VR og Eflingu er ómögulegt fyrir námsmenn í sumarstörfum að sækja um styrki aðra en sjúkradagpeninga, þó þeir séu ekki mjög aðgengilegir. Hjá sjúkrasjóði BHM eiga aðeins þeir möguleika að sækja um styrki eða sjúkradagpeninga sem hafa borgað í sjóðinn í tvö sumur í röð, hér fyrnist vinnutíminn ekki sem hefur safnast upp en við tekjutap/útgjöld þarf sumarstarfsmaður að hafa unnið í 3 mánuði samfellt. Þeir sem hafa verið í sumarvinnu vita flestir að ekki er hægt að stóla á að geta unnið í heila 3 mánuði yfir sumartímann (allan Júní, Júlí og Ágúst) og því hafa öll kerfin annmarka.

Til þess að koma í veg fyrir það að námsmenn séu að borga árum saman til stéttarfélaganna en ekki geta sótt í sjúkrasjóði er lagt til að eftir tvo mánuði sé hægt að fá styrk úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna fyrir öðru en sjúkradagpeningum en þó að hámarki þá fjárhæð sem greidd hefur verið í sjóðinn. Stúdentar eiga ekki að glata uppsöfnuðum réttindum. Með því verður bundið enda á að stúdentar sem að er einn þeirra samfélagshópa sem hefur hvað minnst á milli handanna sé í raun að styrkja stéttarfélögin. Flestir vinna a.m.k. 2 mánuði yfir sumartímann, því er það ákjósanlegt viðmið.

Mikilvægt er að auglýsa breytingarnar vel ef að þeim verður, til þess að namar séu upplýstir um réttindi sín.

Brýnt er að benda á það að lokum að stéttarfélög og sjúkrasjóðir eru ekki sami lögaðilinn en aðild að stéttarfélagi veitir aðild að sjúkrasjóði. Þetta mál hefur því með stjórn sjúkrasjóðanna stéttarfélaganna að gera.

## -- T I L L A G A --

### *Jafnt aðgengi að námi*

Ég, undirrituð, legg til að Stúdentaráð taki þátt í því að beita þrýsting á stjórnarsýslu Háskóla Íslands um að fjölga plássum í starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun og hleypa nýnemum að á hverju ári.

*Flutningsaðili: Kolbrún Lára Kjartansdóttir*

18. febrúar 2020

### Rökstuðningur

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun var sett á laggirnar sem rannsóknartengt tilraunaverkefni við Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) haustið 2007, sama ár og Ísland skrifaði undir samning Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS) tók svo við þegar KHÍ sameinaðist Háskóla Íslands (HÍ). Frá upphafi greiddi Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð, laun umsjónarmanns námsins en frá hausti 2015 hefur HÍ fjármagnað námið að fullu eins og annað nám við háskólann (Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð). Nú hefur námið verið í boði í tæp 13 ár og útskrifað 6 hópa (annað hvert ár) en námið er hannað sem einstaklingsmiðað starfstengt nám þar sem að nemendur fá stuðning í bóklegu námi, sem og á vettvangi. Tilgangur námsins er að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku (á afmörkuðum starfsvettvangi).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á árangri diplómanámsins hafa sýnt að nemendur sem hafa lokið náminu eiga mun auðveldara með að komast í störf á sínu námssviði og bera meiri ábyrgð að námi loknu. Nemendurnir lýsa því að mikilvægasti ávinningurinn sé samvera við aðra háskólanemendur og sú upplifun að vera í háskóla (Guðrún V. Stefánsdóttir & Vilborg Jóhannsdóttir, 2011).

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) er tilgreint að stefna skuli að því að koma á menntakerfi, án aðgreiningar á öllum skólastigum. Frá upphafi hefur námið tekið við um 20 nemendum á 2 ára fresti með litlu sem engu brottfalli og jákvæðum árangri fyrir samfélag og nemendur. Í Fundargerð 246. Stjórnarfundar Menntavísindasviðs (2018) segir að starfstengda diplómanámið hafi flotið styrk frá kennslumálasjóði upp á 1 milljón kr. til þess að þróa námið frekar. Ég, undirrituð, vil sjá fjölgun í náminu og að tekið verði við nýnemum á hverju ári, í stað tveggja ára

### -- T I L L A G A --

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að gera Tengslatorg aðgengilegra og sýnilegra í samstarfi við NSHÍ, til dæmis með því að bæta Tengslatorgi við á forsíðu Uglunnar þar sem nýjustu störfin væru auglýst.

*Flutningsaðilar: Adda Malín Vilhjálmsdóttir,  
Ingveldur Anna Sigurðardóttir og Úlfur Traustason  
18. febrúar 2020*

### Skýring

Vefurinn Tengslatorg er alhliða atvinnumiðlun fyrir nemendur og jafnframt liður í að efla tengsl Háskóla Íslands við samfélagið, atvinnulífið og hið opinbera.

Tengslatorg er mjög góð hugmynd en það vantar betri útfærslu svo að hún nái betur til nemenda. Til að auka sýnileika Tengslatorgs er hægt að setja link á Tengslatorg með starfsauglýsingum á forsíðu Uglunnar þar sem fleiri upplýsingar eru eins og afmælis dagar, matseðill og ýmislegt fleira. Fáir nemendur við Háskóla Íslands vita af þessum kosti sem og fyrirtæki landsins. Nemendur þurfa að vera betur upplýstir um þá möguleika sem þau hafa út á atvinnumarkaðinum. Því er mikilvægt að Háskóli Íslands efli tengslin við fyrirtæki og bjóði þeim kynningu á Tengslatorgi og hvað það hefur upp á að bjóða. Stúdentaráð getur líka kynnt Tengslatorg fyrir fulltrúum nemendafélagana sem þau geta svo miðlað áfram til sinna félagsmanna og samstarfsfyrirtækja.

Með því að efla Tengslatorg gæti bilið milli atvinnulífsins og Háskóla Íslands minnkað. Það er erfitt að fara út á vinnumarkaðinn með enga reynslu á þeim starfsvettvangi sem stúdentar ætla að starfa við. Stökkið úr bókum og á atvinnumarkaðinn er mjög breitt og með eflingu Tengslatorgs myndi það bil minnka

---

## TILLÖGUR ÚR RAFRÆNNI ATKVÆÐAGREIÐSLU

### TILLAGA

5. september 2019

Flutningsaðili Jóna Þórey, forseti SHÍ

Lagt er til að Stúdentaráð ályktar eftirfarandi: Í samræmi við umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps um nýtt lánasjóðskerfi, sem var einróma samþykkt af Stúdentaráði, er samþykkt að Stúdentaráði veiti fjármunum í sameiginlega herferð um nýtt lánasjóðsfrumvarp í samstarfi við Landssamtök íslenskra stúdenta. Skrifstofu Stúdentaráðs er falið að útfæra herferðina í samráði við LÍS með tilliti til kostnaðar og áherslumála herferðarinnar.”

#### Rökstuðningur

Samkvæmt upplýsingum skrifstofu Stúdentaráðs verður frumvarpið komið í umferð áður en Stúdentaráði tekst að funda. Mikilvægt er að Stúdentaráð og rödd stúdenta sé leiðandi í umræðunni og viljum við geta hafið herferð um leið og það á við.

Útfærsla herferðarinnar yrði svipuð og hefur verið varðandi LÍN og Undirfjármögnun háskólanna, þ.e.a.s SHÍ verður leiðandi ásamt LÍS. Skrifstofan mun gæta að því að rödd SHÍ heyrist og þar sem áherslur SHÍ ganga sumstaðar lengra en áherslur LÍS munum við halda okkar sjónarmiðum sterkt á lofti.

---

### TILLAGA

um að Stúdentaráð Háskóla Íslands samþykki neðangreinda stuðningsyfirlýsingu við kjarabaráttu hjúkrunarfræðinga og birti hana á samfélagsmiðlum sínum.

21. janúar 2020

Flutningsaðili: Eyrún Baldursdóttir, sviðsráðsforseti HVS og oddviti Röskvu

#### STUÐNINGSYFIRLÝSING

Má finna undir útgefið efni Stúdentaráðs í ársskýrslu ráðsins

---

#### Tillaga:

Að stúdentaráð lýsi yfir stuðningi við álit sviðsráðs Félagsvísindasviðs vegna fyrirhugaðra breytinga á sjúkra- og endurtektarprófum vegna haustmísserisprófa.

21. janúar 2020

#### Rökstuðningur:

Sjúkra- og endurtökuróf hafa lengi verið eitt stærsta hagsmunamál stúdenta við Háskóla Íslands. Sum svið eru ekki með slík próf en á Félagsvísindasviði eru þau öll haldin í maí/júni, rúmu hálfu ári eftir að venjulegu prófahaldi vegna haustmísserisprófa lýkur. Nú stendur til að samræma reglur allra sviða Háskólans varðandi prófin og hefur það farið sem svo að forseti Félagsvísindasviðs óskaði eftir áliti frá öllum deildum sviðsins sem og stúdentum. Vægi stúdenta í deildinni er ekki mikið og til þess að auka vægi þessa álits leitaði sviðsráð Félagsvísindasviðs eftir stuðningu frá öllum nemendafélögum innan sviðsins sem og stjórn SHÍ. Kvitti Stúdentaráð í heild sinni undir álitið sýnir það bæði mikla sameiningu og

eindreginn vilja stúdenta til þess að halda sjúkra- og endurtektarpróf vegna haustmísserisprófa í janúar. Það skiptir máli í þessu, sem og öllum málum, að rödd stúdenta sé sameinuð og sterk.

Fyrir hönd sviðsráðs  
félagsvísindasviðs  
Róbert Ingi Ragnarsson

***Álit vegna fyrirhugaðra breytinga á sjúkra- og endurtektarprófum vegna haustmísserisprófa.***

Sviðsráð Félagsvísindasviðs fagnar tillögum kennslusviðs um breytingu á tímasetningu sjúkra- og endurtektarprófa á sviðinu og aukinni samræmingu milli sviða. Undanfarin ár hefur mikil óánægja verið meðal stúdenta með núverandi fyrirkomulag og hafa sviðsráð undanfarinna ára barist fyrir breytingum á borð við þær sem fram koma í tillögunni.

Í könnun sem Sviðsráð FVS framkvæmdi árið 2018 kom í ljós að 94,2% stúdenta á Félagsvísindasviði vildu frekar að sjúkrapróf yrðu haldin í janúar en maí og 85,1% stúdenta vildu frekar að endurtektarpróf vegna jólaþrófa yrðu haldin í janúar en maí. Ákveðnar forsendur voru gefnar upp í könnuninni þar sem stúdentum var gert grein fyrir að álag yfir önnina kynni að aukast með breytingunum og jafnvel að skólaárið kynni að lengjast. Þrátt fyrir að báðar þessar forsendur yrðu að veruleika sögðust 68,5% stúdenta að sjúkra- og endurtektarpróf ættu að vera haldin í janúar. Núverandi tillaga gerir þó ekki ráð fyrir að þessar forsendur komi til en gott er að hafa þessar tölur í huga.

Vilji stúdenta og krafa þeirra er skýr. Sviðsráð fagnar því að loksins séu komnar á borð haldbærar tillögur sem miða að því að leysa eitt stærsta hagsmunamál stúdenta á Félagsvísindasviði. Til þess að undirstrika mikilvægi breytinganna hafði forseti Sviðsráðs, Róbert Ingi Ragnarsson, samband við fulltrúa allra nemendafélaga innan sviðsins og fékk skoðun þeirra á tillögunni. Allir fulltrúar nemendafélaganna ákváðu að leggja nafn sitt við álit þetta. Að auki hafði hann samband við forseta allra sviðsráða HÍ sem og aðra meðlimi í stjórn Stúdentaráðs og kannaði hvort þau myndu ljá álitinu sinn stuðning sem þau og gerðu. Þar sem tillagan kveður á um aukna samræmingu milli sviða þá voru þau ánægð með umrædda tillögu og vilja undirstrika mikilvægi þess að tillagan verði samþykkt. Stúdentar eru mjög hlynntir umræddri breytingu og leggja því til að hún verði samþykkt og taki gildi fyrir haustmísserispróf 2020.

Róbert Ingi Ragnarsson, forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs  
Ásmundur Jóhannsson, forseti sviðsráðs Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs  
Ragnhildur Þrastardóttir, forseti Sviðsráðs Hugvísindasviðs  
Eyrún Baldursdóttir, forseti Sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs  
Sigurður Vopni, forseti Sviðsráðs Menntavísindasviðs  
forseti Sviðsráðs Menntavísindasviðs  
Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs HÍ fyrir hönd Stúdentaráðs  
Hólmfríður María Böðvarsdóttir Howard, forseti Política  
Guðjón Andri, forseti Orator  
Elvar Egilsson, forseti Ökonomiu  
Rafn Karlsson, forseti Mágusar  
Lilja Guðmundsdóttir, forseti Norm  
Eva Karen Sigurðardóttir, forseti Þjóðbrókar  
Heba Líf Jónsdóttir, forseti Homo

## Stefna SHÍ í alþjóðamálum

### BREYTINGARTILLAGA - VIÐBÓT

Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ og

Kolfinna Tómasdóttir alþjóðafulltrúi SHÍ

**Viðbót stefnu SHÍ um stefnu í alþjóðamálum í kafla um Samstarf:**

<p>Aukinn stuðningur við skiptinám og aukin tækifæri stúdenta til þátttöku í alþjóðastarfi</p>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Tryggja fjölbreytt tækifæri handa nemendum við HÍ til að öðlast fjölbreytta þekkingu</li><li>• Standa vörð um þau réttindi sem til staðar eru fyrir stúdenta í HÍ</li><li>• Tryggja vöxt á alþjóðavæðingu háskólasamfélagsins og að hún bitni ekki á stúdentum heldur stuðli að fjölbreyttum tækifærum og valfrelsi til náms</li></ul>
--	--

### Rökstuðningur

Í ljósi þess að upp hefur komið staða þar sem gengið er á réttindi stúdenta sem stunda nám við Háskóla Íslands til þess að sækja sér skiptinám og fjölbreyttari námsbakgrunn, varð tilefni til að skoða hvernig stefna Stúdentaráðs tekur á stuðningi við skiptinám og alþjóðastarf nemenda við HÍ.

Eðli alþjóðafulltrúa hefur verið og er enn að styðja við erlenda nema við Háskóla Íslands en nú er ljóst að þörf er á að tryggja einnig réttindi þeirra nemenda í HÍ sem vilja sækja sér menntun erlendis. Þessi tillaga miðar að því að gefa frekara umboð til alþjóðafulltrúa og skrifstofu ráðsins til að sinna því hlutverki.

### RAFRÆN TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð samþykki eftirfarandi ferli við tilnefningu í starfshóp um matarsóun á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins:

1. Google Form skjali verður deilt á Facebook hóp Stúdentaráðs þann 10. október og áhugasamir geta sótt um þar. Umsóknarfrestur verður að hámarki 48 klst frá því að google form skjali er postað.
2. Skrifstofu Stúdentaráðs verður falið að leggja umsókn til valnefndar skipulagshóps Loftslagsverkfallsins en valnefndina skipa þrír óháðir aðilar sem koma ekki frá neinum samtökum sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið beinir bréfi sínu til, en hafa komið að skipulagningu loftslagsverkfallsins.
3. Þá verður málið komið í hendur valnefndar skipulagshópsins.
4. Forseti Stúdentaráðs tilkynnir umsækjendum um niðurstöðu valnefndarinnar.

### Greinargerð:

Um er að ræða tvær tilnefningar frá fjórum félagasamtökum og því um sérstakt ferli að ræða. Því er málið þungt í vöfum og þarf að fara í gang ferli innan allra félaganna á mjög skömmum tíma, þ.e.a.s. fyrir 17. október nk.

Lagt er til að ferli innan SHÍ verði ofangreint til að halda okkur innan þess tímaramma og geta tekið þátt í valferlinu

## VIÐAUKI C – LAGABREYTINGATILLÖGUR

21. ágúst 2019

Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

### LAGABREYTINGARTILLAGA -um framkvæmd bókana

50. gr.	Breytingartillaga
<p>a. Fundar meðlimir geta skilað inn skriflegri bókun varðandi málefni sem til umræðu eru á stúdentaráðsfundi. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. Einnig geta fundar meðlimir boðað framlagningu bókunar og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi næsta Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað.</p>	<p>a. <b>Bókun á fundi Stúdentaráðs:</b> Fundar meðlimir geta skilað inn skriflegri bókun á stúdentaráðsfundi varðandi málefni sem til umræðu eru á fundinum. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. <b>Bókanir sem berast á fundum skal skila til fundarritara eigi síðar en undir þeim dagskrárlið er þær eru bornar upp. Ekki eru greidd atkvæði um bókanir.</b></p> <p>b. Bókun fyrir fund Stúdentaráðs: Einnig geta fundar meðlimir boðað framlagningu bókunar fyrir þegar boðaðan fund og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi þess Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað.</p> <p>c. <b>Staðfesting bókunar: Fundargestur sem ber upp bókun skal í lok fundar staðfesta framlagningu bókunarinnar og staðsetningu hennar í fundargerð við fundarritar</b></p>



Neðangreind tillaga er gerð á lögum sem voru samþykkt 23. janúar 2019 sem var samþykkt að myndi taka gildi 2020-2021. Þar af leiðandi nær breytingartillagan til laga SHÍ í ár auk þess að ná til laga ráðsins 2020 og áfram.

15. gr.	Breytingartillaga
<p>b. Fundar meðlimir geta skilað inn skriflegri bókun varðandi málefni sem til umræðu eru á stúdentaráðsfundi. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. Einnig geta fundar meðlimir boðað framlagningu bókunar og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi næsta Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað. Ekki eru greidd atkvæði um bókanir. Bókun skal lögð fram þegar kemur að þeim sem leggur hana fram í mælendaskrá.</p>	<p>b. <b>Bókun á fundi Stúdentaráðs:</b> Fundar meðlimir geta skilað inn skriflegri bókun á Stúdentaráðsfundi varðandi málefni sem til umræðu eru á fundinum. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. <b>Bókanir sem berast á fundum skal skila til fundarritara undir þeim dagskrárlið er þær eru bornar upp.</b> Ekki eru greidd atkvæði um bókanir. Bókun skal lögð fram þegar kemur að þeim sem leggur hana fram í mælendaskrá</p> <p>c. <b>Bókun fyrir fund Stúdentaráðs:</b> Einnig geta fundar meðlimir boðað framlagningu bókunar fyrir þegar boðaðan fund og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi þess Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað.</p> <p>d. <b>Staðfesting bókunar: Fundargestur sem ber upp bókun skal í lok fundar staðfesta framlagningu bókunarinnar og staðsetningu hennar í fundargerð við fundarritara.</b></p>

Lagt er til að tillagan taki gildi í lok fundar Stúdentaráðs 21. ágúst 2019

### GREINARGERÐ

*Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að færa skýrari framkvæmd um bókanir í lög Stúdentaráðs.*

*Upp getur komið sú staða að langar bókanir berist á fundi og gætu þær innihaldið mikið af upplýsingum. Til þess að rétt sé haldið utan um fundargerð er nauðsynlegt að þær skriflegu bókanir berist fundarritara skriflega á fundinum sjálfum svo ekki sé um eftir á hræringar að ræða, enda valda bókanir oft viðbrögðum og umræðum á fundi sem ratar í kjölfarið í fundargerð. Til að fundargestir geti rætt og brugðist við bókunum með viðeigandi hætti er nauðsynlegt að þær berist fundarritara skriflega fyrir eða á fundi.*

*Ástæðan fyrir viðbót c-liðar er til að vanda vinnubrögð við utanumhald um bókanir. Vinnuregla í t.d. bæjarstjórnnum o.fl. stöðum er að lesa upp fundargerðir í lok fundar fyrir fundargestum til þess að bókanir, tillögur og atkvæðagreiðslur séu rétt skráðar. Við vinnslu ofangreindrar tillögu var þessi leið skoðuð en eðli málsins samkvæmt er á mörgu að taka á fundum Stúdentaráðs þar sem þeir eru að meginstefnu til aðeins einu sinni í mánuði. Því yrði óeðlilegt að fundargerð yrði fullunnin og*

tilbúin til yfirlstrar strax eftir fund og yrði upplestur mjög tímafrekur. Auk þess yrði yfirferð Stúdentaráðsliða á fundargerðum takmarkaðari með upplestri en ef þeim gefist tími til að lesa þær yfir sjálf. Því er lögð fram sú lágmarkskrafa að í stað þess að fundargerð er lesin upp í lok fundar skuli fundargestir sem leggja fram bókun líta yfir staðsetningu og framsetningu bókunar sinnar í fundargerðinni.

## Tillagan var samþykkt

21. ágúst

Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

### LAGABREYTINGARTILLAGA -um lokaða fundi

43. gr. b	Breytingartillaga
<p>Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum.</p> <p>Stúdentaráðsfundur getur að fenginni beiðni frá öðrum stúdentum heimilað almennar umræður um dagskrárliði ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það.</p>	<p>Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi <b>eða einstaka dagskrárliðum fundar</b> þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar, <b>til varnar trúnaðarupplýsingum</b> eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum.</p> <p>x. <b>Á lokuðum fundi eða þegar dagskrárlið hefur verið lokað skulu allir aðrir en þeir sem hafa málfrelsisrétt á fundum Stúdentaráðs víkja af fundinum.</b> Stúdentaráðsfundur getur, að fenginni beiðni frá öðrum stúdentum <b>en þeim sem hafa málfrelsisrétt á fundum ráðsins</b>, heimilað almennar umræður um dagskrárliði <b>áður en fundi er lokað</b> ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það. <b>Með almennum umræðum er átt við almennar útskýringar á dagskrárliðnum sem falla ekki undir umfjöllun um viðkvæma persónulega hagsmuni einstaklinga.</b></p> <p>xi. Fundaritari skal aðeins gera opinbera fundargerð um ákvarðanir og atkvæðagreiðslur sem fara fram undir lokuðum</p>

	dagskrárliðum/fundum, í samræmi við eðli mála.
--	--

Neðangreind tillaga er gerð á lögum sem voru samþykkt 23. janúar 2019 sem var samþykkt að myndi taka gildi 2020-2021. Þar af leiðandi nær breytingartillagan til laga SHÍ í ár auk þess að ná til laga ráðsins 2020 og áfram.

9. gr. b	Breytingartillaga
<p>Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum. Stúdentaráðsfundur getur að fenginni beiðni heimilað almennar umræður um dagskrárliði ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það.</p>	<p>Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi <b>eða einstaka dagskrárliðum fundar</b> þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar, <b>til varnar trúnaðarupplýsingum</b> eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum.</p> <p>x. <b>Á lokuðum fundi eða þegar dagskrárlið hefur verið lokað skulu allir aðrir en þeir sem hafa málfrelsisrétt á fundum Stúdentaráðs víkja af fundinum.</b> Stúdentaráðsfundur getur, að fenginni beiðni <b>frá öðrum stúdentum en þeim sem hafa málfrelsisrétt á fundum ráðsins</b>, heimilað almennar umræður um dagskrárliði <b>áður en fundi er lokað</b> ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það. <b>Með almennum umræðum er átt við almennar útskýringar á dagskrárliðnum sem falla ekki undir umfjöllun um viðkvæma persónulega hagsmuni einstaklinga.</b></p> <p>xi. <b>Fundaritari skal aðeins halda fundargerð um ákvarðanir og atkvæðagreiðslur sem fara fram undir lokuðum dagskrárliðum/fundum.</b></p>

Lagt er til að breytingin taki gildi strax eftir Stúdentaráðsfund 21. ágúst 2019

## G R E I N A R G E R Ð

*Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að skýra hvað er átt við með lokuðum fundum og taka út þversagnakennt ákvæði. Lögð er áhersla á að fundir séu opnir en með b-lið er heimild til að loka fundi*

eða einstaka dagskrárliðum að fengnu samþykki meirihluta ráðsins. Bætt er við að heimilt sé að loka fundi til varnar trúnaðarupplýsingum, en þar gæti m.a. fallið að gögn sem ekki hafa enn verið opinber þurfi að koma til umræðu innan ráðsins. Þá er næst skýrt hvað sé átt við með lokuðum fundi í næsta málslið. Því næst er skýrt að þeir sem myndu annars þurfa að víkja af fundinum, þ.e.a.s. aðrir en þeir sem hafa málfrelsisrétt á fundum ráðsins geti óskað eftir almennum umræuðm um dagskrárliðinn og þannig leitast eftir skýringum eða upplýsingum sem ekki falla undir viðkvæma persónulega hagsmuni einstaklinga. Loks er bætt við ákvæði um hvernig fundargerð skal háttað þegar um lokaða fundi/dagskrárliði er að ræða en þar verður aðeins gert grein fyrir atkvæðagreiðslum eða ákvörðunum Stúdentaráðs en ekki umræðum. .

## Tillagan var samþykkt

Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

### LAGABREYTINGARTILLAGA -um nefndir

-	-

Neðangreind tillaga er gerð á lögum sem voru samþykkt 23. janúar 2019 sem var samþykkt að myndi taka gildi 2020-2021.

19. gr. a	Breytingartillaga
Á vegum Stúdentaráðs starfa 10 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Stúdentaráðsliðar eiga rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.	Á vegum Stúdentaráðs starfa <del>10</del> fastanefndir <b>sem kveðið er á um í staflíðum ákvæðisins</b> og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Stúdentaráðsliðar eiga rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.

### GREINARGERÐ

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að einfalda lagabreytingar á nefndarstörfum og uppsetningu laganna. Ef nefndum fjölgar eða fækkar þarf ekki að gera breytingu á tölunni í a-lið ákvæðisins.

Engin breyting er lögð til á gildandi lögum þar sem þar er réttilega tilgreindur fjöldi nefnda, þ.e.a.s. 9, og er því óþarfi að breyta þeim fyrir gildandi starfsár.

Tillagan var samþykkt

LAGABREYTINGARTILLAGA  
-um stjórn Stúdentaráðs

<i>IV. kafli laganna</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>30. grein a) Stjórn Stúdentaráðs hefur með höndum framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau verkefni, er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka, er ráðið ákveður hverju sinni. b) Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.</p>	<p><del>30. grein a) Stjórn Stúdentaráðs hefur með höndum framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau verkefni, er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka, er ráðið ákveður hverju sinni. b) Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.</del></p>
<p>31. grein a) Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Ritari og gjaldkeri skulu kjörnir einfaldri meirihlutakosningu á fyrsta fundi stjórnar. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og ritari úr röðum stjórnarmeðlima eða skrifstofu Stúdentaráðs. b) Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs. c) Gjaldkeri undirbýr fjárhagsáætlun Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann í samráði við framkvæmdastjóra og leggur hana fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir. d) Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdastjóra gera Stúdentaráði</p>	<p><del>31. grein a) Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Ritari og gjaldkeri skulu kjörnir einfaldri meirihlutakosningu á fyrsta fundi stjórnar. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og ritari úr röðum stjórnarmeðlima eða skrifstofu Stúdentaráðs. b) Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs. c) Gjaldkeri undirbýr fjárhagsáætlun Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann í samráði við framkvæmdastjóra og leggur hana fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir. d) Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdastjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjáhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti. Forseti og framkvæmdastjóri skulu vera þrókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs e) Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt</del></p>

grein fyrir fjáhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti. Forseti og framkvæmdastjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs

e) Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.

### 32. grein

a) Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.

### 33. grein

a) Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann fara frá. Þó er honum heimilt að krefjast annars stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.

### 34. grein

a) Stjórn Stúdentaráðs skal gæta þess að gagnkvæm upplýsingatengsl séu á milli Stúdentaráðs og nemendafélaga stúdenta. Samráðsfundir með forsetum þessara félaga skulu haldnir reglulega og eigi færri en fjórir yfir skólaárið. Á samráðsfundum skal starfið í Stúdentaráði og háskólaráði kynnt, aflað álits nemendafélaga og fengnar upplýsingar um helstu mál hinna ýmsu félaga.

b) Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða alla deildarfulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum

í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.

### 32. grein

a) Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.

### 33. grein

a) Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann fara frá. Þó er honum heimilt að krefjast annars stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.

### 34. grein

a) Stjórn Stúdentaráðs skal gæta þess að gagnkvæm upplýsingatengsl séu á milli Stúdentaráðs og nemendafélaga stúdenta. Samráðsfundir með forsetum þessara félaga skulu haldnir reglulega og eigi færri en fjórir yfir skólaárið. Á samráðsfundum skal starfið í Stúdentaráði og háskólaráði kynnt, aflað álits nemendafélaga og fengnar upplýsingar um helstu mál hinna ýmsu félaga.

b) Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða alla deildarfulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum

### 35. grein

a) Á þeim tíma sem líður frá kosningum og uns ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.

**VI kafli samþykktur laga frá 23. janúar 2019 taki gildi eftir stúdentaráðsfund X. júlí 2019 með neðangreindum breytingum, með númerum eftir því sem við á.**

<p>og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum</p> <p>35. grein</p> <p>a) Á þeim tíma sem líður frá kosningum og uns ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.</p>	
--	--

Neðangreind breytingatillaga er gerð á lögum sem voru samþykkt 23. janúar 2019 sem var samþykkt að myndi taka gildi 2020-2021. Þar af leiðandi nær breytingartillagan til laga SHÍ í ár auk þess að ná til laga ráðsins 2020 og áfram.

<i>VI kafli laganna</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>22. Grein – <i>Stjórn Stúdentaráðs og verkefni hennar</i></p> <p>a. Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn, sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins.</p> <p>b. Stjórn Stúdentaráðs annast framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau verkefni er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka er ráðið ákveður hverju sinni.</p> <p>23. Grein – <i>Skipan stjórnar</i></p> <p>c. Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér sér ekki fært um að mæta á.</p> <p>d. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í</p>	<p><b>X.</b> Grein – <i>Stjórn Stúdentaráðs og verkefni hennar</i></p> <p>o. Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn, sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins.</p> <p>p. Stjórn Stúdentaráðs annast framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau verkefni er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka er ráðið ákveður hverju sinni.</p> <p><b>XI.</b> Grein – <i>Skipan stjórnar</i></p> <p>q. Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér sér ekki fært um að mæta á.</p> <p><b>XII.</b> Grein – <i>Fundarboð, fundarsköp og hlutverk</i></p>

forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og framkvæmdarstjóri Stúdentaráðs skal vera ritari.

e. Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs.

f. Gjaldkeri undirbýr fjárhagsáætlun Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann í samráði við framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs og leggur hana fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir.

g. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdarstjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti. Forseti og framkvæmdarstjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs.

h. Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.

#### 24. Grein – Starfshættir stjórnar

i. Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.

j. Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.

k. Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða alla deildarfulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og Háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum.

l. Á hverjum fundi Stúdentaráðs skal stjórn skýra ráðinu frá störfum sínum síðan síðasti fundur var haldinn.

r. Forseti Stúdentaráðs boðar fundi stjórnar með tölvupósti til allra stjórnarmeðlima eða annarri aðferð sem stjórn samþykkir. Fundi skal boða með minnst fjögurra daga fyrirvara.

s. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara en skv. r-lið í undantekningartilvikum ef nauðsyn krefur og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði.

t. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og skal almennt fylgja öll nauðsynleg fundargögn fundarins. Með fundarboði skal gera grein fyrir þeim fundargögnum sem kann að vera von á.

u. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og framkvæmdarstjóri Stúdentaráðs skal vera ritari.

v. Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs.

w. Gjaldkeri undirbýr fjárhagsáætlun Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann í samráði við framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs og leggur hana fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir.

x. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdarstjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti. Forseti og framkvæmdarstjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs.

**Þeir eru skuldbundnir til að vinna eftir samþykktri fjárhagsáætlun er varðar útgjöld ráðsins en hafa heimild öflunar tekna fyrir ráðið umfram fjárhagsáætlun. Stjórn ráðsins getur tekið**



<p>m. Á þeim tíma sem líður frá kosningum og þar til ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.</p> <p>n. Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann víkja frá fundi. Þó er honum heimilt að krefjast annars Stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.</p>	<p>ákvarðanir um ófyrirséðar fjárhagslegar skuldbindingar Stúdentaráðs sem rúmast þó innan daglegs reksturs og hefðbundinnar starfsemi Stúdentaráðs, s.s. viðgerð eða kaup á tölvu starfsmanns.</p> <p>y. Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.</p> <p><b>XII. Grein – Starfshættir og verklag stjórnar</b></p> <p>z. Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.</p> <p>aa. Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.</p> <p>bb. Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða öll fulltrúaráð stúdenta við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og Háskólaráðs fyrir fundargestum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum.</p> <p>cc. Á hverjum fundi Stúdentaráðs skal stjórn skýra ráðinu frá störfum sínum síðan síðasti fundur var haldinn.</p> <p>dd. Á þeim tíma sem líður frá kosningum og þar til ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.</p> <p>ee. Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann víkja frá fundi. Þó er honum heimilt að krefjast annars Stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað</p>
---	---

## GREINARGERÐ

*Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að skýra störf stjórnar. Engar reglur voru um fundarboðanir, fundargögn eða fyrirvara fundarboðana í lögum Stúdentaráðs og er því lagt til*

*að þeim verði komið á. Breytingarnar taka mið af lögum Stúdentaráðs um boðun Stúdentaráðsfunda en er breytt lítillega til að aðlaga að stjórn.*

*Þá eru nánari reglur færðar í lög um heimild forseta og framkvæmdastjóra til að skuldbinda ráðið og stýra fjármunum þess. Þar er fjárhagsáætlun ráðsins gefið meira vægi varðandi útgjöld en svigrúm er veitt til öflunar tekna. Það er fýsilegt þar sem samstarfsaðilar eru oft reiðubúnir til að styrkja ráðið um ýmislegt þegar til þeirra er leitað. Þá er skýrt að stjórn ráðsins hefur heimild til að samþykkja ákveðin ófyrirséð, óveruleg en hefðbundin útgjöld fyrir Stúdentaráð.*

*Loks er lögð til orðalagsbreyting á ákvæði um tengingu Stúdentaráðs við stúdenta skólans og lagt til að öll fulltrúaráð - sem eru samansöfn fyrirsvarsaðila nemendafélaga og hagsmunafulltrúar þeirra - séu boðuð í samræmi við framkvæmd síðasta árs*

## Tillagan var samþykkt

22. október

Flutningsaðilar: Jóna Pórey, forseti

### LAGABREYTINGARTILLAGA um bókfærð mál

42. gr.	Breytingartillaga - D liður
<p>Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 45. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.</p>	<p>Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 45. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.</p>

<p>Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara en skv. b-lið ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt þessum bókstaflið að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 13. gr., að vera viðstaddur eða ef 20 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.</p> <p>Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess.</p>	<p>Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara en skv. b-lið ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt þessum bókstaflið að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 13. gr., að vera viðstaddur eða ef 20 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.</p> <p>Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef “bókfærð mál” eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyrja ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrá stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin mótframboð berast o.s.v.frv. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur víðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því ekki síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt.</p> <p>Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess</p>
--	--

Neðangreind tillaga er gerð á lögum sem voru samþykkt 23. janúar 2019 sem var samþykkt að myndi taka gildi 2020-2021.

11. gr.	Breytingartillaga - 11. gr. D
Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist	Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist

fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráðs samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 9. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt grein þessari að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 12. gr., að vera viðstaddur eða ef 12 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.

fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráðs samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 9. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt grein þessari að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 12. gr., að vera viðstaddur eða ef 12 ráðsliðar hið minnsta sitja hann. **Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef “bókfærð mál” eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrá stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin mótframboð berast o.s.v.frv. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur víðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því ekki síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt.**

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að einfalda afgreiðslu hefðbundinna mála á SHÍ fundum sem þurfa ekki sérstaka umræðu og auka þannig skilvirkni funda. Margt er hægt að gera í Stúdentaráði og nógu er á að taka og því mikilvægt að mál gangi hratt og vel fyrir sig. Þessi tillaga miðar að því.

Við samningu ákvæðisins var farið að fyrirmynd [starfsreglna Háskólaráðs](#) um bókfærð mál. Þau mál sem verða sett undir liðinn bókfærð mál í fundarboði og fundardagskrá þarf forseti eðli málsins samkvæmt að kanna hverju sinni hvort samrýmist markmiði um skilvirkni og því að teljast til hefðbundinna mála sem þarfnast ekki umræðu. Ákvæðið inniheldur því aðeins upptalning í dæmaskyni um þau mál sem myndu geta flokkast undir bókfærð mál.

Tilnefningar í nefndir eða starfshópa þar sem stúdent er einn í framboði, 10 aðilar bjóða sig fram í verkefni og 10 sæti eru laus o.sv.frv. Þá eiga skipti í nefndum og í Stúdentaráði einnig hér undir enda sjaldnast tilefni til umræðu. Þó er mikilvægur þáttur ákvæðisins að það er möguleiki á að málin séu rædd á fundinum ef stúdentaráðsliði óskar þess fyrir fund.

## Tillagan var samþykkt

5. fundur - 22. október 2019

Flutningsaðilar: Jóna Þórey, forseti

## LAGABREYTINGARTILLAGA um tímasetningu kosninga

55. gr. a	Breytingartillaga
<p>Á fyrstu þremur vikum febrúar ár hvert skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.</p>	<p>Á fyrstu þremur vikum febrúar ár hvert <b>Á vorönn</b> skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.</p>

## GREINARGERÐ

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að auka skilvirkni Stúdentaráðs og er lögð fram í þeirri von að kosningaþátttaka í kosningum til Stúdentaráðs batni. Samkvæmt 55. grein a skal

á fyrstu þremur vikum febrúar kjörnir fulltrúar allra sviða háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skuli auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal eftir því í fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skuli taka mið af frívikum deilda.

Ljóst er að markmið ákvæðisins um að stuðla að kosningaþátttöku fer ekki sérstaklega saman við tímasetningu kosninganna hingað til og tímasetningu þeirra eftir sviðum, sérstaklega Menntavísindasviðs enda eru nemendur eins fræðasviðs ekki í skólanum á þessum tíma. Samkvæmt 59. gr. b ákveður kjörstjórn tímasetningu kjörfund. Framkvæmd þeirrar ákvörðunar hefur hingað til verið sú að kjörstjórn leitar ráða hjá fylkingunum um tímasetningu kosninga og hefur hingað til verið samhljómur um fyrstu viku febrúar mánaðar. Því er samhliða þessu lögð fram tillaga að tímasetningu kosninga sem tekur mið af skipulagi skipta hjá Stúdentaráði og námsskipulagi Menntavísindasviðs sem hefur verið borin undir öll sviðsráð og oddvita fylkinganna.

### Samhliða yrði sama/sambærilegu ákvæði lagabálks 2020 breytt:

31. gr. a	Breytingartillaga
<p>Á fyrstu þremur vikum febrúar ár hvert skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.</p>	<p>Á fyrstu þremur vikum febrúar ár hvert <b>Á vorönn</b> skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.</p>

### Tillagan var samþykkt

10. fundur - 27.02.2019

Flutningsaðili: Elísabet

Brynjarsdóttir

Lögð er til breyting á núgildandi greinum Stúdentaráðs nr. 18, lið h. og r.

Núverandi lög (falla úr gildi)	Breytingartillaga (ný grein)

<p>18. grein</p> <p>h) Á vegum Stúdentaráðs starfa 10 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Fulltrúar í nefndum skulu skipaðir skv. 18. grein, að undanskilinni nemendafélagsnefnd. Stúdentaráðsliðar eiga rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.</p> <p>r) Nemendafélagsnefnd: Nefndin sér um tengsl Stúdentaráðs við nemendafélög skólans. Í nefndinni skulu sitja a.m.k. fimm einstaklingar, einn úr hverju sviðsráði. Sviðsráð kýs einn aðalfulltrúa eða varafulltrúa úr sínum röðum til þess að sitja í nefndinni. Nefndin kýs sér forseta þegar hún er fullskipuð.</p>	<p>18. grein</p> <p>h) Á vegum Stúdentaráðs starfa 9 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Fulltrúar í nefndum skulu skipaðir skv. 18. grein, <del>að undanskilinni nemendafélagsnefnd.</del> Stúdentaráðsliðar eiga rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.</p> <p><del>r) Nemendafélagsnefnd: Nefndin sér um tengsl Stúdentaráðs við nemendafélög skólans. Í nefndinni skulu sitja a.m.k. fimm einstaklingar, einn úr hverju sviðsráði. Sviðsráð kýs einn aðalfulltrúa eða varafulltrúa úr sínum röðum til þess að sitja í nefndinni. Nefndin kýs sér forseta þegar hún er fullskipuð.</del></p>
---	--

### Greinargerð

Lagt er til að nemendafélagsnefnd verði lögð niður sem formleg nefnd. Nefndin var stofnuð formlega 2018 en starfaði einnig frá 2017-18 óformlega. Nefndin átti að hafa það hlutverk að tryggja tengsl Stúdentaráðs við nemendafélög skólans.

Nefndin reyndist í raun óþörf þar sem margt sem hún gerir er tvíverknaður á verkum einhvers annars - nú eru komin fulltrúaráð hjá flestum sviðum sem tryggja samtal við Stúdentaráð og skrifstofa Stúdentaráðs ásamt sviðsráðum hafa tryggt samskipti og upplýsingagjöf við nemendafélögin. Skrifstofa Stúdentaráðs hefur t.a.m. haldið fund fyrir formenn allra nemendafélaga, hefur haldið utan um og útbúið hóp á Facebook fyrir stjórnarmeðlimi allra nemendafélaga til að miðla upplýsingum o.fl.

### Tillagan var samþykkt

21. nóvember 2019

Flutningsaðili: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

## -- L A G A B R E Y T I N G A R T I L L A G A -- Um áheyrnarrétt fulltrúa FeDon í stjórn Stúdentaráðs

31. gr.	Breytingartillaga
---------	-------------------

<p>Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér sér ekki fært um að mæta á.</p>	<p>Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér sér ekki fært um að mæta á. <b>Áheyrnarrétt á fundum stjórnar hafa oddvitar fylkinga í Stúdentaráði ásamt fulltrúa Félagi doktorsnema og Nýdókora við Háskóla Íslands. Í áheyrnarrétti felst málfrelsisréttur og tillöguréttur en ekki atkvæðisréttur.</b></p>
---	--

### Rökstuðningur

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) leggur til að efla hagsmunagæslu framhaldsnema við Háskóla Íslands. Forseti Stúdentaráðs HÍ hefur átt í miklum samskiptum við FEDON og telur ljóst að tímabært er að tengja betur saman hagsmunagæslu doktorsnema við skólann og störf ráðsins.

FEDON, Félag doktorsnema og nýdókora við Háskóla Íslands, var stofnað vorið 2010. Markmið félagsins er að standa vörð um hagsmuni doktorsnema og nýdókora gagnvart HÍ. Í stjórn sitja tveir fulltrúar frá hverju fræðasviði. FEDON skipar einn fulltrúa í stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms við HÍ. Miðstöð framhaldsnáms við HÍ er og verður í lykilhlutverki varðandi þróun og umsjón með framhaldsnámi stúdenta við HÍ enda er hlutverk hennar að tryggja gæðakröfur í framhaldsnámi skólans.

Stúdentaráði er ætlað að vera æðsti fulltrúi nemenda innan HÍ en ljóst er að doktorsnemar eru í sérstöðu innan skólans og er framhaldsnám enn tiltölulega nýtt á nálinni í HÍ sögulega séð. Því hefur ákveðin starfsemi sprottið meðal doktorsnema til að tryggja hagsmuni þeirra. Forseti telur ekki rétta leið að líta svo á að FeDon sé einfaldlega hluti af þeim félögum og fulltrúum sem SHÍ talar fyrir, heldur þarf að taka tillit til sérstöðu þessara nemenda, þeirrar stöðu sem upp er komin og vinna með þeim að því að gera hagsmunagæslu eins farsæla og hægt er fyrir þann hóp stúdenta við HÍ. SHÍ getur stutt við og eflt þá hagsmunagæslu sem upp hefur komið, tekið undir hana og verið með, og miðar þessi tillaga að því að vera fyrsta skrefið í því ferli. Kanna þarf hvernig þetta fyrirkomulag myndi henta fyrir félögin og væri í framhaldinu hægt að þróa samstarfið nánar.

Tillagan er samin í sameiningu með formanni FEDON.

Þá er áheyrnarréttur oddvita fylkinga í Stúdentaráði lögfestur.

Vakin er athygli á því að samhliða yrði gerð breyting á heildarendurskoðun laga SHÍ til þess að samræma breytinguna.

**Tillagan var samþykkt**



**-um birtingu kosninganiðurstaða**

Lögð er til breyting á nágildandi grein Stúdentaráðs nr. 33

<i>Núverandi grein</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>33. gr. <i>Framkvæmd kosninga</i></p> <p>a. Kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu vera rafrænar sé þess kostur.</p> <p>b. Kjörstjórn skal heimilt að leita til sérfróðra aðila um framkvæmd rafrænna kosninga. Framkvæmd skal vera hagað þannig að öllum stúdentum sé gert kleift að nýta kosningarétt sinn og skal kosning opin á hinu rafræna kosningkerfi í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður opnunartíma hins rafræna kosningakerfis á kjördögum.</p> <p>c. Kjörstjórn skal auglýsa opnunartíma kosningakerfisins a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um opnunartíma kosningakerfisins til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.</p> <p>d. Allur áróður í byggingum Háskóla Íslands skal bannaður á kjördögum. Frambjóðendum er aðeins heimilt að vera í byggingum, þurfi þeir að sækja tíma eða sinna öðrum sambærilegum erindum. Kjörstjórnarfulltrúar veita skriflega áminningu ef brotið er gegn lagaákvæðum um framkvæmd kosninga. Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum. Sé aðili þrívægis áminntur er kjörstjórn skylt að tilkynna stúdentum um hvaða aðila er að ræða og fyrir hvað hann var áminntur. Tilkynningin skal birt á opinberum vettvangi; á tilkynningatöflum og á heimasíðu Stúdentaráðs. Sé um að ræða frambjóðanda skal tekið fram hvaða framboði hann tilheyrir.</p> <p>e. Áminntur aðili getur skotið áminningunni til kærufndar kjörstjórnar innan klukkustundar eftir að hún er veitt. Skal hún úrskurða um réttmæti áminningar innan klukkustundar frá því að kæra berst.</p>	<p>33. gr. <i>Framkvæmd kosninga</i></p> <p>a. Kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu vera rafrænar sé þess kostur.</p> <p>b. Kjörstjórn skal heimilt að leita til sérfróðra aðila um framkvæmd rafrænna kosninga. Framkvæmd skal vera hagað þannig að öllum stúdentum sé gert kleift að nýta kosningarétt sinn og skal kosning opin á hinu rafræna kosningkerfi í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður opnunartíma hins rafræna kosningakerfis á kjördögum.</p> <p>c. Kjörstjórn skal auglýsa opnunartíma kosningakerfisins a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um opnunartíma kosningakerfisins til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.</p> <p>d. Allur áróður í byggingum Háskóla Íslands skal bannaður á kjördögum. Frambjóðendum er aðeins heimilt að vera í byggingum, þurfi þeir að sækja tíma eða sinna öðrum sambærilegum erindum. Kjörstjórnarfulltrúar veita skriflega áminningu ef brotið er gegn lagaákvæðum um framkvæmd kosninga. Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum. Sé aðili þrívægis áminntur er kjörstjórn skylt að tilkynna stúdentum um hvaða aðila er að ræða og fyrir hvað hann var áminntur. Tilkynningin skal birt á opinberum vettvangi; á tilkynningatöflum og á heimasíðu Stúdentaráðs. Sé um að ræða frambjóðanda skal tekið fram hvaða framboði hann tilheyrir.</p> <p>e. Áminntur aðili getur skotið áminningunni til kærufndar kjörstjórnar innan klukkustundar eftir að hún er veitt. Skal hún úrskurða um réttmæti áminningar innan klukkustundar frá því að kæra berst.</p>

Kjörstjórn skal skipa þrjá einstaklinga í kærunefnd viku fyrir fyrri kjördag.

f. Framboðslistum er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Verði framboðslisti uppvís að slíku skal kjörstjórn tilkynna opinberlega um brotið og brotlegan aðila. Við ítrekuð og alvarleg brot á þessu hefur kjörstjórn heimild til að vísa viðkomandi framboði úr kosningum. Þeirri ákvörðun má þó áfrýja til Stúdentaráðs og  $\frac{2}{3}$  hlutar Stúdentaráðs geta hnekkst henni.

g. Sé ekki unnt að halda rafrænar kosningar á öruggan hátt gildir eftirfarandi um kosningar:

.Kjörstjórn ákveður staðsetningu kjördeilda að höfðu samráði við deildar- og skorarfélög. Við val á staðsetningu skal gæta þess að kosningin geti farið leynilega fram og næði kjósenda við kosningu tryggt. Kjördeildir skulu vera á a.m.k. níu stöðum á kennslusvæðum háskólans, enda skal miðað við það að stúdentar geti á sem auðveldastan máta greitt atkvæði.

h. Kjörfundur stendur yfir í tvo daga. Kjörstjórn ákveður hvaða kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-13.00 og hverjar frá kl. 9.00-18.00 fyrri kjördag. Kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-18.00 seinni kjördag. Kjörstjórn skal auglýsa kjördeildir a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um kjördeildir til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.

i. Frambjóðendum skal heimilt að hafa eftirlit með kjörstjórn hvort sem kosið er rafrænt eður ei. Kjörstjórn setur nánari reglur um það.

j. Þegar kjörfundi lýkur á seinni degi kosninganna er fulltrúum framboðanna heimilt að bera saman eftirlitsgögn úr mismunandi kjördeildum m.a. til að gæta þess að einstaklingur hafi ekki greitt atkvæði í tveimur kjördeildum. Þessi samanburður gagna skal fara fram undir eftirliti

Kjörstjórn skal skipa þrjá einstaklinga í kærunefnd viku fyrir fyrri kjördag.

f. Framboðslistum er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Verði framboðslisti uppvís að slíku skal kjörstjórn tilkynna opinberlega um brotið og brotlegan aðila. Við ítrekuð og alvarleg brot á þessu hefur kjörstjórn heimild til að vísa viðkomandi framboði úr kosningum. Þeirri ákvörðun má þó áfrýja til Stúdentaráðs og  $\frac{2}{3}$  hlutar Stúdentaráðs geta hnekkst henni.

g. Sé ekki unnt að halda rafrænar kosningar á öruggan hátt gildir eftirfarandi um kosningar:

.Kjörstjórn ákveður staðsetningu kjördeilda að höfðu samráði við deildar- og skorarfélög. Við val á staðsetningu skal gæta þess að kosningin geti farið leynilega fram og næði kjósenda við kosningu tryggt. Kjördeildir skulu vera á a.m.k. níu stöðum á kennslusvæðum háskólans, enda skal miðað við það að stúdentar geti á sem auðveldastan máta greitt atkvæði.

h. Kjörfundur stendur yfir í tvo daga. Kjörstjórn ákveður hvaða kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-13.00 og hverjar frá kl. 9.00-18.00 fyrri kjördag. Kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-18.00 seinni kjördag. Kjörstjórn skal auglýsa kjördeildir a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um kjördeildir til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.

i. Frambjóðendum skal heimilt að hafa eftirlit með kjörstjórn hvort sem kosið er rafrænt eður ei. Kjörstjórn setur nánari reglur um það.

j. Þegar kjörfundi lýkur á seinni degi kosninganna er fulltrúum framboðanna heimilt að bera saman eftirlitsgögn úr mismunandi kjördeildum m.a. til að gæta þess að einstaklingur hafi ekki greitt atkvæði í tveimur kjördeildum. Þessi samanburður gagna skal fara fram undir eftirliti

<p>kjörstjórnar á milli þess sem kjörfundi lýkur og talning hefst.</p> <p>k. Fulltrúa framboðs er einnig heimilt, innan kærufrests skv. 35. gr. að nálgast eftirlitsgögnin undir eftirliti kjörstjórnar í eitt skipti, til þess að fara yfir gögnin að fengnum kosningaúrslitum. Eftirlitsgögnum framboða skal eytt að kærufresti loknum.</p>	<p>kjörstjórnar á milli þess sem kjörfundi lýkur og talning hefst.</p> <p>k. Fulltrúa framboðs er einnig heimilt, innan kærufrests skv. 35. gr. að nálgast eftirlitsgögnin undir eftirliti kjörstjórnar í eitt skipti, til þess að fara yfir gögnin að fengnum kosningaúrslitum. Eftirlitsgögnum framboða skal eytt að kærufresti loknum.</p> <p><b>1. Kjörstjórn skal birta niðurstöður kosninga eigi síðar en fjórum vikum eftir kosningar. Þar skal koma fram fjöldi atkvæða sem hver frambjóðandi hlýtur ásamt tölum um kosningaþátttöku.</b></p>
---	---

### GREINARGERÐ

*Lagt er til að festa í lög að niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs, og Háskólaráðs annað hvert ár, verði birtar eigi síðar en fjórum vikum eftir hverja kosningu á vefsíðu stúdenta, student.is*

*Þetta er gert til þess að auka gegnsæi gagnvart kjósendum og öðrum sem koma að starfinu.*

### Tillagan var samþykkt

10. fundur - 27.02.2019  
Stúdentaráðs

Flutningsaðili: Skrifstofa

### LAGABREYTINGARTILLAGA

um lögmæti fundar Stúdentaráðs

Lögð er til breyting á núgildandi greinum Stúdentaráðs nr. 42, 44, og 45.

Núverandi lög (falla úr gildi)	Breytingartillaga (ný grein)
--------------------------------	------------------------------

<p>42. grein</p> <p>a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.</p> <p>44. grein</p> <p>a. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda og hagsmunafélaga v ita og b irta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 45. gr. laga SHÍ.</p> <p>b. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs.</p> <p>45. grein</p> <p>a. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 13. gr., að vera viðstaddur. Hafi allir Stúdentaráðsliðar verið löglega boðaðir getur fundur þó talist löglegur ef 20 ráðsliðar hið minnsta sitja hann, þrátt fyrir að skilyrðum fyrstu málsgreinar sé ekki fullnægt.</p> <p>a. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess.</p>	<p>X. grein</p> <p>a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.</p> <p><b>b. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara.</b> Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 45. gr. laga SHÍ. <b>Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.</b></p> <p>c. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara en skv. b-lið ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. <b>Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt þessum bókstafslið að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 13. gr., að vera viðstaddur eða ef 20 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.</b></p> <p>d. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess.</p>
---	--

### **Greinargerð**

*Lagt er til að lögum Stúdentaráðs um boðun Stúdentaráðsfundar sé breytt. Reglulega hefur komið fyrir á undanförunum starfsárum að fundur sem hefur verið boðaður hefur verið ólögmaður vegna mætingar stúdentaráðsliða.*

*Talsverð vinna fer í að boða Stúdentaráðsfund af hálfu forseta Stúdentaráðs og er það því soun á tíma starfsfólks Stúdentaráðs og stúdentaráðsliða, ásamt því að vera soun á fjármunum Stúdentaráðs.*

*Tillagan felur í sér aukna ábyrgð stúdentaráðsliða að mæta á löglega boðaðan fund. Fimm daga frestur á fundi er lágmark samkvæmt lögum Stúdentaráðs, en það miðar við formlega boðun fundar með tilheyrandi fundargögnum. Vanalega er þó gefinn dagsetning fyrir fyrirhugðum fundi mun fyrr, og ætti því ekki að vera til fyrirstöðu fyrir stúdentaráðsliða að taka daginn frá.*

*Til þess getur auðvitað komið að nauðsynlegt sé að boða fund með skemmri fyrirvara, og er þá sá varnagli settur að mæta þurfi nokkuð ströngum kröfum núverandi laga um mætingarhlutfall ráðsliða.*

**Tillagan var samþykkt**

## VIÐAUKI D – VERKLAGSREGLUR SHÍ

### 1 STÚDENTARÁÐ

#### 1.1 HLOTVERK STÚDENTARÁÐS SKV. LÖGUM

Á hverju hinna fimm fræðasviða sem mynda Háskóla Íslands eru starfrækt sviðsráð stúdenta. Þessi sviðsráð mynda saman Stúdentaráð Háskóla Íslands sem gætir hagsmuna allra nemenda við skólann. Fulltrúar í Stúdentaráði 2019-2020 eru 27 samtals, 5 frá hverju sviði að undanskildu Félagsvísindasviði sem hefur 7 fulltrúa. Vegna kosninga fyrir árið 2020-2021 skal fara eftir samþykktum lagabreytingum fyrir það skólaár og skulu sviðin kjósa um 3 fulltrúa frá hverju sviði, að undanskildu Félagsvísindasviði sem skal hafa 5 fulltrúa. Kjörtímabil stúdentaráðsliða er eitt ár.

Stúdentaráð er með æðsta ákvörðunarvald af einingum SHÍ. Starfstími ráðsins miðast við skiptafund ár hvert og eru Stúdentaráðsliðar kjörnir árlega í almennum kosningum meðal allra skráðra stúdenta við HÍ.

#### 1.2 VERKLAGSREGLUR STÚDENTARÁÐS

##### 1.2.1 STÚDENTARÁÐSLIÐAR

Sérhver Stúdentaráðsliði er ábyrgur fyrir því að kynna sér þau öll þau gögn, lög, verklagsreglur, leiðbeiningar og skýrslur um hagsmuni stúdenta sem liggja fyrir í upphafi starfsárs og í gegnum starfsárið. Stúdentaráðsliðum ber skylda á að mæta á fundi ráðsins, kynna sér gögn og taka virkan þátt í fundarstarfsemi SHÍ sem og á milli funda.

Stúdentaráðsliðar skulu kynna sér [handbók ráðsins](#), [lög ráðsins](#), [stefnu](#) þess, verklagsreglur þessar og [stefnu Háskóla Íslands](#). Umfram það skulu Stúdentaráðsliðar þekkja til [laga](#) og [reglna](#) Landssamtaka íslenskra Stúdenta og [stefnu](#) samtakanna.

Sérhver Stúdentaráðsliði situr bæði í sviðsráði síns sviðs sem og í Stúdentaráði Háskóla Íslands. Forfallist Stúdentaráðsliði skal boða löggiltan varafulltrúa fyrir fund og greina forseta Stúdentaráðs frá því tímanlega. Stúdentaráðsliðar hafa fullan þátttökurétt við afgreiðslu mála innan ráðsins. Stúdentaráðsliðar sinna vinnu sinni af heilindum og í samræmi við stefnur og lög SHÍ.

Stúdentaráðsliðar ættu að hafa eftirfarandi í huga á fundum ráðsins:

- Að búa sig sem best undir þátttöku á fundinum.
- Að mæta stundvíslega, áður en fundur hefst formlega.
- Að fylgjast með störfum fundarins og forðast óþarfa ráp á meðan fundurinn stendur yfir.
- Að trufla ekki fund með fram í köllum.
- Að virða fundarstjórn og mælendaskrá
- Að fylgja fundarsköpum Stúdentaráðs skv. lögum ráðsins og 7. kafla þessara reglna
- Að kynna sér efni þessara reglna og fylgja þeim í hvívetna

##### 1.2.2 VARAFULLTRÚI

Sérhver aðalfulltrúi í sviðsráði og Stúdentaráði tilnefnir einn varafulltrúa fyrir sig sem gildir á báðum vettvöngum á kjörfundi. Heimilt er að leita eftir tilnefningum fyrir varafulltrúa á sviðinu í heild sinni frá einum fulltrúa fylkingar/listaframboðs. Varafulltrúi verður að vera á sama sviði og aðalfulltrúi og má ekki vera annar aðalfulltrúi í ráðinu.

Varafultrúar fá alltaf fundarboð og öll fundargögn fyrir alla fundi. Varafultrúar hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins en fá aðeins atkvæðisrétt þegar þeir mæta í stað aðalfulltrúa.

### 1.2.3 RITARI STÚDENTARÁÐS

Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs skal vera ritari Stúdentaráðs sbr. lög ráðsins samþykkt 18. janúar 2019. Sá einstaklingur ritar einnig fundargerðir stjórnar Stúdentaráðs.

Fundargerðir Stúdentaráðs eru samþykktar í upphafi hvers fundar. Hægt er að senda inn athugasemdir við fundargerðir fyrir hvern fund og eru þær þá teknar fyrir á fundinum, en einnig er hægt að bera upp athugasemdir á fundinum þegar fundargerðin er tekin fyrir. Samþykktar fundargerðir eru birtar á vef Stúdentaráðs, student.is, og eru opnar öllum.

Fundaraðilar sem bóka eða leggja fram tillögur á fundum ráðsins skulu skila þeim til fundarritara fyrir fundarlok og skulu eftir fundarlok staðfesta staðsetningu þeirra í fundargerð.

## 2 SVIÐSRÁÐ

### 2.1 HLOTVERK SVIÐSRÁÐA SKV. LÖGUM STÚDENTARÁÐS

Sérhvert sviðsráð skal gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Sviðsráðin eru sjálfstæð í sínum störfum en stúdentaráðsfundir hafa úrslitavald í öllum málum sem heyra undir sviðsráð. Sviðsráðin kjósa sér forseta og ritara á fyrsta fundi ráðsins. Aðalfulltrúar sviðsráðs hafa málfrelsis-, tillögu og atkvæðisrétt á fundum sviðsráðs og Stúdentaráðs. Við atkvæðagreiðslu á fundum sviðsráðs hefur hver fulltrúi eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

### 2.2 VERKLAGSREGLUR SVIÐSRÁÐA

#### 2.2.1 FUNDIR SVIÐSRÁÐS

Sviðsráð skulu setja sér nánari verklagsreglur í upphafi hvers árs. Verklagsreglur þessar eru aðeins lágmarksreglur fyrir störf hvers sviðsráðs.

Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi ráðsins. Á fundum ráðsins hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forseta sviðsráðs forföllin og boða varafultrúa í sinn stað.

Varafultrúar sviðsráðs hafa áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt á fundum sviðsráðs en hafa einnig atkvæðisrétt ef þeir sitja í stað aðalfulltrúa. Einn aðili úr sviðsráði getur krafist þess að forseti sviðsráðs boði fund. Fundur telst lögmætur ef einfaldur meirihluti aðalfulltrúa er mættur.

#### 2.2.2 SKIPTAFUNDUR

Á milli kjörfundar Stúdentaráðs og skiptafundar Stúdentaráðs skal fráfarandi sviðsráð koma nýju sviðsráði inn í málefni síðasta árs og nýta tímabilið sem aðlögunartímabil. Starfstími sviðsráðs miðast við skiptafund Stúdentaráðs ár hvert.

Sviðsráð skal í kjölfar skiptafundar Stúdentaráðs halda sérstakan skiptafund þar sem fráfarandi og nýtt sviðsráð koma saman. Á þessum skiptafundi tilnefni fráfarandi sviðsráð nýjan forseta eða óskar eftir tilnefningum. Nýtt sviðsráð kýs forseta og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Kosið skal um ritara sviðsráðs og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu önnur embætti innan ráðsins skal einnig kjósa í þau.

Verklagsreglur skulu kynntar sviðsráðmeðlimum á skiptafundi ráðsins og teknar til endurskoðunar og umræðna af nýju sviðsráði. Fráfarandi forseti afhendir og gerir grein fyrir ársskýrslu sviðsráðs þar sem koma fram upplýsingar um starf ráðsins og helstu verkefni. Fráfarandi fulltrúar sviðsráðs bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og stöðu mála á vegum sviðsráðs.

### 2.2.3 FORSETI SVIÐSRÁÐS

Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara. Forseti ber ábyrgð á fundargögnum, sem fylgja með fundarboði. Forseti stýrir fundum ráðsins.

Forseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og ber ábyrgð á því að upplýsa sviðsráð sitt um það sem fer þar fram.

Forseti ber ábyrgð á stefnu og/eða aðgerðaráætlun sviðsráðs og að henni sé framfylgt. Hann er ábyrgur fyrir útdeilingu verkefna og hefur yfirumsjón með öllum þeim verkefnum sem eru í gangi í hvert sinn. Forseti er ábyrgur fyrir gerð ársskýrslu sviðsráðs sem skal gerð í samráði við forseta Stúdentaráðs og skila í ársskýrslu Stúdentaráðs.

### 2.2.4 RITARI SVIÐSRÁÐS

Ritari ritar fundargerðir sviðsráðs og er ábyrgur fyrir því að gera þær aðgengilegar fyrir alla fulltrúa ráðsins.

### 2.2.5 ANNAÐ

Sviðsráð skal halda opinn upplýsingafund fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.

Meðlimir sviðsráðsins skulu eftir fremsta megni halda samskiptum sínum á faglegum nótum og fylgja siðareglum þessara verklagsreglna í hvívetna.

Sviðsráð ber ábyrgð á því að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ og ráðið sjálft fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

Aðrar verklagsreglur hér eftir eiga jafnt um sviðsráðsmeðlimi sem stúdentaráðsliða.

## 3 STJÓRN STÚDENTARÁÐS

Stjórn Stúdentaráðs setur sér verklagsreglur í upphafi hvers árs sem skal birta í verklagsreglum þessum. Í samræmi við það má finna verklagsreglur stjórnar [hér](#):

## 4 SKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS

### 4.1 VERKLAGSREGLUR VEGNA RÁÐNINGA Á SKRIFSTOFU SHÍ

Skrifstofa Stúdentaráðs ber ábyrgð á að fara að lögum ráðsins við ráðningu starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs. Gæta skal að faglegu ferli við ráðningu, 10 daga umsóknarfrests og skipun ráðninganefndar við fyrsta tækifæri.



Umfram lög ráðsins skal forseti bjóða oddvitum beggja fylkinga sem eiga sæti í ráðningarnefnd að skipa fyrir sig varafulltrúa í ráðningarnefndinni. Miða skal við að sá varafulltrúi komist í viðtöl allra umsækjenda vegna þess starfs sem hann tekur þátt í við ráðningarferlið.

Sé óeining innan ráðningarnefndar um hæfi umsækjenda eða hver niðurstaða nefndarinnar eigi að vera skal gera stjórn grein fyrir því. Þá skal vera heimilt að skila inn álitni minnihluta til stjórnar.

Stjórn Stúdentaráðs skal hafa aðgang að samantekt um umsækjendur frá ráðningarnefndinni og skal gæta að persónuverndarlögum við þá upplýsingagjöf. Sé það mögulegt skal gera ferilskrár og kynningarbréf aðgengileg stjórnarmeðlimum með læstri aðgangsstýringu.

Starfsráðningar annarra en þeirra er getið er í 25. gr. og 26. gr. laga ráðsins fyrir 2020-2021 skulu fara eftir ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs og tilkynntar Stúdentaráði sbr. 26. gr. laganna.

---

#### 4.2 VERKLAGSREGLUR SKRIFSTOFU SHÍ

Skrifstofa Stúdentaráðs setur sér verklagsreglur í upphafi hvers árs sem skal bera undir og samþykkja af stjórn. Í samræmi við það má finna verklagsreglur skrifstofunnar [hér](#):

### 5 FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS

---

#### 5.1 HLOTVERK FASTANEFNDA

Forseti og varaforseti bera ábyrgð á að farið sé að lögum ráðsins við skipan og störf nefnda Stúdentaráðs.

Á vegum Stúdentaráðs starfa 9 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra, að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Fulltrúar í nefndum skulu skipaðir skv. lögum ráðsins. Forsæti í nefndum skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs.

Fastanefndir ráðsins eru: alþjóðanefnd, fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, kennslumálanefnd, lagabreytinganefnd, nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Hlutverk nefnda skal samrýmast lögum ráðsins.

Kjörgengir til að sita í nefndum eru allir þeir sem hafa verið skráðir til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum á undan sérstökum kjörfundi. Nefndir skulu skipaðar með tilnefningum í fjögur nefndarsæti á kjörfundi Stúdentaráðs, að undanskildri nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Auglýsa skal í laus sæti nefnda í upphafi haustannar.

Fastanefndir skulu á sínum fyrsta fundi kjósa sér forseta. Fyrsti fundur skal tryggilega boðaður af varaforseta Stúdentaráðs og skal miða við að sá fundur sé skiptafundur nefnda sbr. neðangreindur kafli 5.2.2.

Nefndir skulu í upphafi starfs síns setja sér starfs- og fjárhagsáætlun að svo miklu leyti sem hægt er. Nefndir skulu skrifa skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs í lok árs sem forseti skal færa í ársskýrslu ráðsins.

---

## 5.2 VERKLAGSREGLUR FASTANEFNDA

---

### 5.2.1 FUNDIR

Nefndir skulu funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði og skulu nefndarmeðlimir mæta tímanlega á fundi ráðsins. Ef nefndarmeðlimur forfallast skal tilkynna forseta nefndar forföllin tímanlega.

Einn nefndarmeðlimur getur kafið forseta um fundarboð og skal halda fund innan viku eftir að krafa um fund kemur fram.

Fundur telst lögmætur ef hann er löglega boðaður af forseta nefndar í samræmi við lög ráðsins. Forseti skal leitast eftir í hvert sinn að velja fundartíma þar sem flestir komast.

Nefndir skulu starfa í umboði Stúdentaráðs og hefur Stúdentaráð úrslitavald í málum sem nefndir taka til afgreiðslu. Nefndir skulu starfa í samræmi við ályktanir, tillögur og stefnu sem Stúdentaráð samþykkir.

---

### 5.2.2 SKIPTAFUNDUR

Á milli kjölfundar Stúdentaráðs og skiptafundar skulu fráfarandi nefndarmeðlimir koma nýjum nefndarmeðlimum inn í málefnið og nýta tímabilið sem aðlögunartímabil.

Starfstími fastanefnda miðast við skiptafund Stúdentaráðs ár hvert.

Fastanefndir skulu halda sérstakan skiptafund þar sem fráfarandi og nýir nefndarmeðlimir koma saman. Varaforseti Stúdentaráðs boðar slíkan fund. Á þessum fundi er kosið um forseta nefndar. Verklagsreglur skulu kynntar nefndarmeðlimum á skiptafundi nefnda. Fráfarandi forseti nefndar afhendir og gerir grein fyrir ársskýrslu nefndarinnar þar sem koma fram upplýsingar um starf nefndar og helstu verkefni. Fráfarandi fulltrúar nefndar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti nefndar.

---

### 5.2.3 FORSETI FASTANEFNDAR

Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara og ber ábyrgð á fundargögnum, ef einhver kunnu vera, sem fylgja með fundarboði.

Forseti stýrir fundum nefndarinnar. Forseti ber ábyrgð á stefnu sinnar nefndar og framfylgd. Hann er ábyrgur fyrir útdeilingu verkefna og hefur yfirumsjón með öllum þeim verkefnum sem eru í gangi í hvert sinn. Hverslags breytingar á stefnu nefndar þarf Stúdentaráð að samþykkja.

Forseti er ábyrgur fyrir gerð ársskýrslu nefndar.

---

## 6 SIÐA- OG JAFNRÉTTISREGLUR

Þessi kafli er settur til að tryggja jafnrétti, jafnt aðgengi og gagnkvæma virðingu þátttakenda í allri starfsemi Stúdentaráðs. Tilgangur þeirra er að koma í veg fyrir óæskilega hegðun innan ráðsins og að ákvarða ferla sem fylgja þarf ef tiltekin brot kynnu að koma upp. Þátttakendur í starfi og viðburðum SHÍ skulu þekkja efni þessara reglna og fylgja þeim.

---

### 6.1 SIÐAREGLUR SHÍ

---

#### 6.1.1 ALMENNAR REGLUR

Koma skal fram við alla af virðingu óháð félagslegum bakgrunni, kyni, aldri, þjóðerni, kynhneigð, kyntjáningu, kyneinkennum, kynvitund, trúarlegum skoðunum, stjórnmálaskoðunum, hreyfihömlunum, fötlun eða öðrum ástæðum.

Sýna skal öðrum virðingu í framkomu, ræðu og riti. Bein eða óbein mismunun innan ráðsins er ekki liðin.

Ekki skal koma með óviðeigandi athugasemdir eða grínast á forsendum sem byggðar eru á mismunun. Þvert á móti skal skapa jákvætt andrúmsloft fyrir alla þátttakendur á bæði formlegum og óformlegum fundum samtakanna.

Ofangreindar reglur eru ekki tæmandi og tekið verður á tilkynntum brotum þó þau hafi ekki verið talin upp hér að ofan.

---

#### 6.1.2 VIÐBRÖGÐ VIÐ KYNBUNDINNI OG KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI OG KYNBUNDNU OG KYNFERÐISLEGU OFBELDI INNAN SHÍ

*Eins og þær voru samþykktar 18. desember 2017*

##### **1. gr. Markmið**

Kynbundin og kynferðisleg áreitni, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi (hér eftir nefnt brot) er með öllu óheimilt af hálfu fulltrúa í Stúdentaráði Háskóla Íslands (SHÍ), varafulltrúa, nefndarmeðlima, starfsmanna réttindaskrifstofu og annarra sem starfa í umboði ráðsins. Slíkt er hvorki liðið í samskiptum þessara fulltrúa innbyrðis né í samskiptum þeirra við einstaklinga sem teljast ekki til fulltrúa ráðsins enda eigi samskiptin sér stað í tengslum við starfsemi SHÍ.

Markmið þessara verklagsreglna er að tryggja faglega meðferð mála telji aðili sig hafa orðið fyrir broti. Jafnframt er það markmið að stúdentar séu upplýstir um þau úrræði sem standa þeim til boða innan Háskóla Íslands og að þessi hegðun sé ekki liðin innan SHÍ.

##### **2. gr. Hugtök**

Með hugtakinu kynbundin áreitni er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, aukmýkjandi eða móðgandi. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin og/eða táknræn.

Með hugtakinu kynferðisleg áreitni er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Með hugtakinu kynbundið ofbeldi er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Með hugtakinu kynferðislegt ofbeldi er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga.

##### **3. gr. Fagráð og meðferð kvartana**

Hver sem vill bera fram kvörtun vegna brots sem viðkomandi telur sig hafa orðið fyrir af hálfu fulltrúa í Stúdentaráði eða annarra sem starfa í umboði ráðsins eða tilkynna um brot sem viðkomandi telur sig hafa rökstuddan grun eða vitneskju um, skal snúa sér til fagráðs Háskóla Íslands um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Fulltrúi í Stúdentaráði eða annar sá sem starfar í umboði ráðsins getur einnig snúið sér til starfsmanna réttindaskrifstofu SHÍ í fullum trúnaði. Hver sá sem tekur við kvörtun eða tilkynningu um brot skal umsvifalaust vísa erindinu til fagráðsins til faglegrar meðferðar, undir nafnleynd ef tilkynnandi óskar þess. Gæta skal þess að hagur og vilji tilkynnanda sé ávallt virtur ásamt trúnaði.

#### 4. gr. Meðferð og úrlausn mála

Á meðan mál er í skoðun hjá fagráðinu skal reynt að ná sáttum um vinnutilhögun aðila máls þar sem við á í samráði við fagráðið og réttindaskrifstofu SHÍ. Óheimilt er að flytja þá/þau/þann sem hefur kvartað eða orðið fyrir broti til í starfi innan SHÍ vegna brots, nema viðkomandi óski þess.

Stúdentaráði er skylt að kynna verklagsreglur þessar og verklagsreglur Háskóla Íslands fyrir nemendafélögum og nemendum Háskóla Íslands. Stúdentaráð og sviðsráð skulu kynna fagráðið fyrir fulltrúum nemendafélaga á samráðsvettvangi nemendafélaga og á öðrum vettvangi. Nefndir SHÍ skulu einnig kynna sér og eftir tilvikum öðrum nemendum reglur þessar og fagráðið í upphafi starfsárs þeirra og ef nýjir meðlimir eru teknir inn í nefndina.

#### 5. gr. Kynning

Mæli lög ekki á annan veg er þeim sem að málunum koma skylt að gæta þagmælsku um einstök mál.

#### 7. gr. Gildistaka

Verklagsreglur þessar, sem settar eru á grundvelli Verklagsreglna um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands og 2. gr. reglna um Háskóla Íslands nr. 569/2009 og með hliðsjón af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, öðlast gildi við staðfestingu Stúdentaráðs.

---

#### 6.2 AFSÖGN EÐA BROTTVIKNING

Við úrsögn skal fulltrúi senda skriflega tilkynningu til Stúdentaráðs og fer eftir afgreiðslu hennar skv. 13. gr. samþykktu laga SHÍ frá 18. janúar 2019.

Stúdentaráð getur lýst yfir vantrausti á alla fulltrúa sem ráðið hefur kosið til að gegna embætti. Stúdentaráðsliði getur lýst yfir vantrausti á annan Stúdentaráðsliða. Slík tillaga skal berast skriflega til einhvers starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs. Skal þá forseti boða til Stúdentaráðsfundar til afgreiðslu tillögunnar, sé vantraust tillaga gagnvart forseta skal varaforseti boða til fundarins. Stúdentaráð skal greiða atkvæði og sé tillagan samþykkt skal boða til almenns stúdentafundar. Fari fram atkvæðagreiðsla á stúdentafundinum þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að víkja Stúdentaráðsliða úr embætti, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands hið minnsta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.

## 7 FUNDIR STÚDENTARÁÐS

### 7.1 HLUTVERK STÚDENTARÁÐSFUNDA SKV. LÖGUM

Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til stúdentaráðsfundar en sjö Stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.

Stúdentaráðsfundir eru opnir öllum háskólastúdentum en meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi þegar slíkt telst nauðsynlegt. Stúdentaráðsfundur hefur úrslitavald í öllum málum sem heyra undir sviðsráð, fastanefndir, starfshópa, stjórn, skrifstofu, starfsfólk og fulltrúa ráðsins.

Fundur telst löglegur ef til hans er löglega boðað. Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram telst fundur löglegur ef meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs að sitja fundinn eða 20 Stúdentaráðsliðar. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála og kjöri. Falli atkvæði jafnt telst tillaga fallin. Nánari fyrirmæli má finna í kafla 7.2.1.3.

Starfsmenn réttindaskrifstofu SHÍ, varafulltrúar Stúdentaráðsliða, fulltrúar stúdenta í háskólaráði og fulltrúar og varafulltrúar stúdenta í LÍS hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins.

## 7.2 VERKLAGSREGLUR STÚDENTARÁÐSFUNDA

### 7.2.1 FUNDARSKÖP

Forseti Stúdentaráðs stjórnar fundum ráðsins en getur tilnefnt annan í sinn stað. Í fjarveru forseta stýrir varaforseti fundum.

#### 7.2.1.1 BÓKANIR, TILLÖGUR OG MIKILVÆG ATRIÐI Á STÚDENTARÁÐSFUNDUM

Stúdentaráðsliðar geta skilað inn skriflegri bókun varðandi málefni sem er til umræðu á Stúdentaráðsfundum. Tilgangur slíkrar bókunar er að færa orðrétt í fundargerð og Stúdentaráðsliði skal skila henni inn til fundarritara á fundi undir þeim dagskrárlið sem hún er borin upp. Miða skal við að bókunum sé varpað upp fyrir fundargestum. Ekki þarf að kjósa um bókanir. Vilji Stúdentaráðsliði bóka um mál sem eru ekki á dagskrá skal óska eftir því að mál verði sett á dagskrá. Gefist ekki tími í það skal bókunin borin upp undir önnur mál og er þá skylt að varpa henni upp fyrir fundargestum svo umræða um slíkt óundirbúið mál verði skýr.

Stúdentaráðsliðar geta komið með tillögur á fundum, og fyrir fundinn, og eru hvattir til þess. Ef Stúdentaráðsliði vill taka upp sérstakan dagskrálið á fundi skal hafa samband við forseta ráðsins, sem skipuleggur og heldur utan um fundardagskrá. Ef tillögur varða eitthvað sem er ekki á fundardagskrá eftir að fundur hefur verið boðaður, er tillagan borin upp undir „Önnur mál“ í lok fundar. Eftir að tillaga hefur verið borin upp skal strax bera til atkvæðagreiðslu án umræðu hvort greiða eigi atkvæði um tillöguna. Ef það er samþykkt verður tillagan tekin til umræðu og loks greidd atkvæði um tillöguna.

Ef ekki hefur verið boðað til atkvæðagreiðslu vegna tillögu sem berst vegna máls sem var á dagskrá skal strax greiða atkvæði um hvort greiða eigi atkvæði um tillöguna. Ef það er samþykkt skal taka hana til umræðu og loks greiða atkvæði um tillöguna.

Mikilvægt er að þátttakendur á Stúdentaráðsfundum hafi eftirfarandi hluti í huga:

- Forseti fundar sér til þess að fundardagskrá sé fylgt og opnar mælendaskrá þegar við á í hverjum dagskrálið. Þegar mælendaskrá er opin geta þeir sem hafa málfrelsis- og tillögurétt tekið til máls.
- Til þess að vera á mælendaskrá og mega taka til máls dugar að rétta upp nafnskírteini sitt og sá sem heldur utan um mælendaskrá í hvert sinn tekur niður nöfn í rétttri röð.
- Fundarstjóri er ábyrgur fyrir mælendaskrá og má deila því hlutverki til einhvers annars.
- Fram í köll eru ekki leyfð og ef einhver annar hefur orðið ber einstaklingum að bíða þar til þeir fá orðið.
- Fundarmeðlimur getur beðið um tæknilega útskýringu með því að rétta upp báðar hendur og mynda T með þeim. Það má ekki styðjast við þetta til þess að koma sinni skoðun að, einungis til þess að biðja um nákvæmari tæknilega útskýringu á framvindu fundarins.
- Þátttakendur skulu koma fram við alla af virðingu. Engin mismunun, óbein eða bein, né nokkurs konar áreitni er liðið á fundum.
- Þátttakendur skulu virða húsnaði sem nýtt er í starfi Stúdentaráðs og þar með þær reglur sem fylgja húsnaðinu sjálfu, auk þess sem þeim ber að virða nærumhverfi þess.

#### 7.2.1.2 FRAMKVÆMD LAGABREYTINGA Á STÚDENTARÁÐSFUNDUM

Lögum ráðsins er hægt að breyta á Stúdentaráðsfundum.

Öllum sem hafa tillögurétt innan Stúdentaráðs er frjálst að leggja fram lagabreytingatillögu. Til þess að tillagan sé tekin fyrir á Stúdentaráðsfundi þarf tillagan að berast forseta ráðsins áður en forseti boðar fund svo stúdentaráðsliðar geti kynnt sér tillögurnar vel og mótað sér afstöðu fyrir fund. Tillagan þarf að vera með í fundarboði og fundargögnum og tilgreint ef atkvæðagreiðsla muni eiga sér stað.

Hver tillaga er borin upp til samþykktar skv. fundardagskrá og gerir sem hana bar fram grein fyrir tillögunni og rökstuðningi. Orðið er þá gefið laust og fundinum gefið færi á að tjá skoðun sína á tillögunni. Þegar fundarstjóri hefur lokað mælendaskrá er tillagan borin upp til samþykktar. Stúdentaráðsliðar sem vilja leggja fram lagabreytingatillögur skulu hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að gefa sér góðan tíma í að setja breytt lög í lagabreytingarform sem forseti útvegar svo breytingartillögur séu skýrar og skiljanlegar.
- Gott er að leita álits hjá t.d. lagabreytinganefnd eða skrifstofu um orðalag og framsetningu.
- Þá er gott að miða við að tillögur séu samdar í breiðri sátt.
- Náist ekki sátt um lagabreytingatillögu á Stúdentaráðsfundi er hægt að vísa málinu til lagabreytinganefndar til endurskoðunar og hún verður þá lögð fyrir Stúdentaráð á ný eftir vinnslu nefndarinnar.

Hægt er að gera breytingartillögu á lagabreytingartillöguna. Við lok umræðna og þegar atkvæðagreiðsla hefst skal bera breytingartillögur upp á undan aðaltillögu. Fyrsta skal bera upp þá sem lengst gengur að mati fundarstjóra. Tillögur sem ósamrýmanlegar eru áður samþykktum tillögum og breytingatillögum skulu ekki koma til atkvæða. Sá sem lagði upphaflega fram breytingatillöguna getur dregið sína tillögu til baka og þá úr atkvæðagreiðslu.

Lög Stúdentaráðs skulu vera uppfærð innan þriggja daga frá Stúdentaráðsfundi af forseta Stúdentaráðs og gerð aðgengileg á vef Stúdentaráðs.

Á vegum Stúdentaráðs starfar lagabreytinganefnd, en hægt er að leggja fyrirspurn og ábendingar til hennar. Tekur hún þá lagabreytingatillögu til umfjöllunar og leggur svo fyrir ráðið. Lög Stúdentaráðs skulu endurskoðuð árlega af lagabreytinganefnd. Þegar kemur að því að endurskoða lög samtakanna er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að yfirfara lögina jafnt og þétt yfir starfsárið og skrifa niður hjá sér hvað má betur fara hverju sinni.
- Fyrirkomulagið á endurskoðun laga getur verið þannig að fulltrúar í lagabreytingarnefnd yfirfara lögina hver í sínu og horni og hittast síðan í hóp og fara yfir þær breytingartillögur sem gott væri að gera.
- Öllum sem starfa innan ráðsins er skylt að kynna sér lög ráðsins og starfa samkvæmt þeim.

Ekki þarf samþykki Stúdentaráðs ef laga á númer á köflum og lagagreinum, stafsetningar- og innsláttarvillur.

### 7.2.1.3 ATKVÆÐAGREIÐSLA Á STÚDENTARÁÐSFUNDUM

Eigi að kjósa um eitthvað á Stúdentaráðsfundum er gert grein fyrir því í fundardagskrá sem send er út með fundargögnum sem forseti ráðsins er ábyrgur fyrir.

Hver og einn Stúdentaráðsliði, og löggiltur varafulltrúi í fjarveru aðalfulltrúa, hefur eitt atkvæði.

Við atkvæðagreiðslu skal atkvæði hvers og eins Stúdentaráðsliða rituð í fundargerð með nafni, nema leynilegrar atkvæðagreiðslu sé óskað. Sé óskað eftir leynilegri atkvæðagreiðslu þarf þriðjungur Stúdentaráðs að samþykkja það með atkvæðagreiðslu um það.

Stúdentaráðsliðar mega biðja fundarstjóra stuttlega um orðið til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu áður en atkvæði eru talin.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, falli atkvæði jafnt er tillaga fallin.

Stúdentaráð getur ályktað um málefni, og hægt er að afgreiða ályktanir rafrænt. Forseti Stúdentaráðs er þá ábyrgur fyrir ályktuninni, að setja umsagnarfrést og fá samþykki meirihlutans fyrir ályktuninni áður en hún er send út.

## 8 KJÖRFUNDUR OG SKIPTAFUNDUR

Á kjörfundi skal hver frambjóðandi fá tækifæri til þess að kynna sig og halda framboðsræðu. Framboðsræða skal ekki vera lengri en 3 mínútur. Nýtt Stúdentaráð kys á kjörfundi, ekki fráfarandi Stúdentaráð.

Forseti Stúdentaráðs skal stýra kjörfundi þar til nýr forseti hefur verið kjörinn. Þá skal nýkjörin forseti taka við fundarstjórn og stýra kjöri annarra fulltrúa og nefnda ráðsins. Í kjölfar kjörfundar skulu fráfarandi fulltrúar og nýkjörnir fulltrúar koma á fyrirkomulagi hver fyrir sig um yfirfærslu þekkingu til nýkjörinna aðila.

Á milli kjörfundar og fram að skiptafundi skulu fráfarandi fulltrúar leggja sig fram við að setja nýkjörna fulltrúa inn í fyrirliggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs. Þetta á við fulltrúa réttindaskrifstofu, Stúdentaráðsliðar, sviðsráð, nefndir, háskólaráð og aðra fulltrúa í embættum SHÍ. Nýkjörnir fulltrúar skulu sömuleiðis leggja sig fram við að mæta á þá fundi og viðburði sem haldnir eru á milli kjörfundar og skiptafundar. Miða skal við að aðlögunartímabil hvers kjörins fulltrúa sé lokið á skiptafundi þar sem starfstími hvers kjörins fulltrúa miðast við skiptafund ár hvert.

Fráfarandi forseti sér um að boða skiptafund Stúdentaráðs og gerir fráfarandi forseti þar grein fyrir ársskýrslu SHÍ. Á skiptafundi skal fráfarandi forseti rétta nýjum forseta formlega keflið og þar með er nýtt Stúdentaráð tekið við. Nýr forseti tekur þá við fundarstjórn og sér um að slíta skiptafundi.

## 9 STEFNUR STÚDENTARÁÐS

Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar samkvæmt stefnum sem eru mótaðar, samþykktar og endurskoðaðar reglulega af ráðinu.

Stefnumótun skal fara fram í sem víðtækustu samráði við alla stúdentaráðsliða og aðra hagsmunaaðila.

### 9.1 ENDURSKOÐUN

Sérhver stefna ráðsins fellur undir einhverja fastanefnd eða starfsfólk skrifstofu SHÍ. Hver fastanefnd ber meginábyrgð á framfylgni og því sem fram kemur í sinni stefnu og að stefnan sé endurskoðuð á a.m.k. þriggja ára fresti í samráði við forseta.

Forseti fastanefnda skal virkja nefnd sína til starfa þegar kemur að endurskoðun stefnunnar og framfylgd hennar.

Allir innan Stúdentaráðs bera ábyrgð á því að virða stefnur Stúdentaráðs við sína vinnu. Allir fulltrúar innan Stúdentaráðs bera skyldu að taka þátt í stefnumótun ráðsins.

Breytingartillögur á stefnum skulu kynntar á fundi Stúdentaráðs og kosið um þær með atkvæðagreiðslu. Kjósa skal sérstaklega um breytingartillögur sem kunna að koma upp á slíkum fundum.

## 10 FJÁRMÁL

### 10.1 ÁRSREIKNINGUR OG ENDURSKOÐUN

Reikningsár ráðsins skal hefjast 1. júní ár hvert og tekur enda á síðasta degi maímánuðar.

Framkvæmdastjóri skal útbúa ársreikning fyrir hvert reikningsár sem skal samþykktur af endurskoðanda og síðan borinn undir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar. Ársreikningar skulu kynntir á Stúdentaráðsfundi í lok hvers starfsárs.

### 10.2 FJÁRMÖGNUN SAMTAKANNA OG FJÁRHAGSÁÆTLUN

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri bera ábyrgð á fjármögnun ráðsins. Reikningar skulu ávallt vera aðgengilegir öllum innan Stúdentaráðs.

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stjórnar SHÍ skulu í samstarfi vinna að fjárhagsáætlanagerð fyrir SHÍ sem skal kynnt reglulega í samræmi við lög ráðsins. Þá skal stjórn Stúdentaráðs fá kynningu á hagræðingum eða lítillaga auknum tekjum fyrir ráðið. Stjórn hefur heimild til að samþykkja nauðsynleg ófyrirsjáanleg útgjöld innan hóflegra marka og í samræmi við verklagsreglur stjórnar. Önnur veigamikil útgjöld, s.s. gerð nýrrar heimasíðu eða þess háttar skulu samþykkt af Stúdentaráði.

Allt umframfjármagn sem kann að safnast yfir starfsárið skal renna beint til næsta starfsárs.

Stúdentaráð niðurgreiðir aldrei áfengiskostnað nema að fengnu samþykki Stúdentaráðs.



## 11 VERKLAG VEGNA RÁÐSTEFNA OG FUNDA ERLENDIS

Fulltrúar SHÍ þurfa e.t.v. að sækja ráðstefnur og fundi erlendis yfir starfsárið. Fulltrúar skrifstofu Stúdentaráðs skulu fara að verklagsreglum skrifstofu við slíkar ferðir. Aðrir fulltrúar Stúdentaráðs skulu tileinka sér eftirfarandi hluti:

- Þanta skal flug og gistingu með góðum fyrirvara, í samráði við forseta SHÍ, til að halda kostnaði í lágmarki og skal gera það um leið og fyrir liggur hverjir fulltrúar eru og hvar viðburðurinn er haldinn.
  - Háskóli Íslands hefur lýst yfir vilja til að niðurgreiða allan ferðakostnað stúdenta sem sækja Aurora ráðstefnur erlendis. Skal því flug og gisting vera bókuð í samráði við skrifstofu Alþjóðasamskipta.
  - Þá skal fulltrúi taka kvittanir fyrir öðrum aukakostnaði sem hlýst af ráðstefnu/fundi en það getur verið til dæmis fæðiskostnaður á ferðadögum eða þegar slíkt er ekki í boði á ráðstefnu/fundi.

Fulltrúar sem ferðast á vegum ráðsins eru ábyrgir fyrir því að halda utan um kvittanir og skýringar á þeim. Þeim skal skilað til framkvæmdastjóra:

- ATH að ráðið greiðir aldrei fyrir áfengi.
- Fulltrúar eru beðnir um að halda aukaútgjöldum í lágmarki hverju sinni.
- Þegar ráðstefnu/fundi er lokið skal fulltrúi skila þeirri þekkingu sem hann öðlast á viðkomandi ráðstefnu og/eða fundi til Stúdentaráðs. Fulltrúar skulu skrifa skýrslu um viðkomandi fund eða ráðstefnu og gera aðgengilega fyrir stúdenta.
- Á þeim fundum/ráðstefnum sem fulltrúi sækir skal hann ávallt fæta að því að hann kemur fram fyrir hönd ráðsins og fara eftir siðareglum samtakanna og þeim siðareglum sem fulltrúum eru settar hverju sinni. Þá skal hann hafa í huga að hann er í forsvari fyrir Stúdentaráð og talar máli ráðsins.
- Fulltrúi skal virða fundartíma ráðstefnu eða fundar sem hann sækir, hann skal mæta tímanlega og skila góðu vinnuframlagi.
- Þá skulu fulltrúar SHÍ á ráðstefnum erlendis leggja sitt af mörkum í umræðum, tryggja það að rödd stúdenta Háskóla Íslands heyrst á alþjóðlegum vettvangi og móta tengsl við fulltrúa annarra landa.

## 12 BREYTINGAR Á VERKLAGSREGLUM

Um störf ráðsins gilda verklagsreglur sem samþykktar skulu árlega á fundi Stúdentaráðs. Stúdentaráði og stjórn Stúdentaráðs er heimilt að leggja til breytingar á verklagsreglunum og skal þá kosið um breytingarnar á Stúdentaráðsfundi. Verklagsreglur skulu endurskoðaðar ár hvert af skrifstofu ráðsins og lagðar fyrir Stúdentaráð.

Þegar kemur að því að endurskoða verklag samtakanna er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að yfirfara verklagið jafnt og þétt yfir starfsárið og skrifa niður hjá sér hvað má betur fara hverju sinni.
- Þá er gott að yfirfara verklagið með stjórn Stúdentaráðs sérstaklega svo forsetar sviðsráða geti leitt sviðsráðin í sínum störfum til samræmis við verklag.

## VIÐAUKI E – SAMÞYKKTAR STEFNUR STÚDENTARÁÐS

Í kjölfar stefnumótunar Stúdentaráðs unnu nefndir Stúdentaráðs áfram með það efni sem var unnið í stefnumótuninni. Unnið var út frá stefnum Stúdentaráðs sem voru mótaðar 2018-2019 og voru þær mótaðar ennfrekar. Sett var upp aðgerðaáætlun í hverri stefnu til þess að gera þær markvissari.

### STEFNA SHÍ Í FJÖLSKYLDUMÁLUM

#### Fæðingarstyrkur

*SHÍ leggur áherslu á að fæðingarstyrkur námsmanna verði hækkaður. Í dag er hann 177.893 krónur og það má ekki nýta hann samhliða fæðingarorlofi sem námsmenn sem vinna með námi eiga rétt á.*

Markmið	Aðgerðir
Fæðingarstyrkur námsmanna svari neysluviðmiði	<ul style="list-style-type: none"> <li>Taka saman tölfræði (sér í lagi Eurostudent-könnunin), reynslusögur og annað sem getur varpað ljósi á stöðu foreldra sem afleiðingu af núverandi fyrirkomulagi fæðingastyrkja. Næsta skref væri að leggja fram kröfur Stúdentaráðs, bæði fyrir starfshóp um nýtt lánasjóðsfrumvarp en líka fyrir ráðamenn.</li> <li>Taka saman innkomu og neyslukröfur foreldra í námi og birta það svart á hvítu.</li> </ul>
Meiri sveigjanleiki á fæðingastyrk	<ul style="list-style-type: none"> <li>Breyttar áherslur á að skerðing fæðingarstyrks við töku fæðingarorlofs væri ekki jafn afdráttarlaus og hún er nú</li> <li>Kanna möguleika á að fæðingastyrkur sé sveigjanlegur líkt og fæðingaorlof, þ.a.s. Að hægt sé að skipta greiðslum, vinna hlutastarf meðfram fæðingastyrk og taka pásur.</li> </ul>

#### Leikskólamál

*SHÍ leggur áherslu á jafnan aðgang allra barna stúdenta Háskóla Íslands að leikskólum FS, sem eru þrír: Mánagarður, Leikgarður og Sólgarður.*

Markmið	Aðgerðir
Mótframlag sveitarfélaga	<ul style="list-style-type: none"> <li>Taka saman hvaða sveitafélög hafa bestu mótframlögin fyrir stúdenta og skoða hvar áætla mætti vera best fyrir stúdenta að búa.</li> </ul>
Skipulagsmál leikskóla	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvar er ódýrast að vera með barn í leikskóla á Höfuðborgarsvæðinu</li> <li>Kanna hvort það sé möguleiki fyrir fólk utan að landa að fá "frí" fyrir börnin sín á leikskólanum þegar háskólinn er í fríi (sumarfrí, jólafrí).</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kanna möguleika að leikskólar FS geti boðið foreldrum að velja hvenær barnið tekur sumarfrí á tímabilinu 1. maí til 31. Ágúst. Reykjavíkurborg og Garðabær eru sveitarfélög sem bjóða upp á slíkt.</li> <li>• Auglýsa að leikskólar FS bjóða upp á að hafa opið um helgar á próftíð gegn gjaldi ef aðsókn er næg!</li> </ul>
--	---

### Húsnæðismál

SHÍ leggur áherslu á að Háskóli Íslands tryggi góða aðstöðu fyrir foreldra, sem þurfa að taka börnin sín með sér í skólann, og að Háskóli Íslands verði fjölskylduvænn vinnustaður.

Markmið	Aðgerðir
Skiptiaðstaða	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fylgja því eftir að skiptiaðstaða sé ásættanleg í öllum helstu byggingum háskólans.</li> </ul>
Barnastólar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Taka út hvar barnastólar eru staðsettir og athuga á hvaða svæðum þá vantar og þurfa lagfæringar</li> </ul>
Fjölskylduvæn lesherbergi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kanna hvort að möguleiki sé að hafa lesrými fyrir fjölskyldur í prófatíð. Þar væri hægt að hafa smá leikhorn til að tryggja að foreldrar hafi svigrúm til að sinna náminu á meðan börnin eru við leik. Það stendur til að breyta til þjónustuborð Gimli og væri tilvalið að nýta það sem fjölskylduvæn lesherbergi.</li> </ul>

### Kennslumál

Auka hlutfall námskeiða sem tekin eru upp. Fjölskyldunefnd vill að það sé skilyrði að kennslustundir sem eru kenndar eftir kl. 16 á daginn skuli teknar upp.

Markmið	Aðgerðir
Fella niður skyldumætingu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fara yfir í hvaða deildum er skyldumæting eftir 16:00 á daginn. Í samstarfi við sviðsráð þeirra sviða að þrýsta á að þessir tímar verði annaðhvort færðir eða eða skyldumæting yrði felld niður.</li> </ul>
Upptökur á tímum - hvatakerfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gera kröfu á að þeir nemendur sem eiga börn geti fengið aðgengi að upptökum. Nemendur eigi þann kost að gera samning við kennara um að þeir hafi aðgang að upptökunni ef nemandi kemst ekki í tíma vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem foreldri. Það ætti að tryggja jafnréttis til náms.</li> </ul>

### Fjölskylduvænir viðburðir

Nemendur með fjölskyldur hafa oft minni tök á því að sækja viðburði tengda Háskóla Íslands og því vill SHÍ leggja áherslu á að viðburðir séu í boði fyrir alla. Fjölskyldunefnd vill stefna að því að íþróttaskóli SHÍ sé starfræktur á haust- og vorönn.

Markmið	Aðgerðir
Fjölskyldudagur	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kanna möguleika að hafa fjölskyldudag SHÍ líkt og gert var 12. nóvember 2016</li> </ul>
Vettvangsferð tengd íþróttaskóla	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í samráði við íþróttakennaranema að hafa einhverja tímana úti, eða kanna áhuga foreldra á að kíkja í sveitaferð með tilheyrandi kostnaði.</li> </ul>
Fjölskyldubíó	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hafa barnabíó tvisvar til þrisvar á önn fyrir foreldra og börn.</li> </ul>
Litlu jól	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nefndin er að skipuleggja jólaball í samráði við stafsmanafélag HÍ. Jólaballið verður haldið milli jóla og nýárs</li> </ul>
Páskabingó	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í lok febrúar verður farið í að sækja um styrki fyrir vinningum og viku fyrir páskafrí verður haldið páskabingó á háskólasvæðinu. Þar verður foreldrum og börnum háskólanema boðið uppá að taka þátt í þessum viðburði.</li> </ul>

## LÍN

SHÍ leggur áherslu á að framfærsla barna námsmanna sé ekki háð námsframvindu foreldra. Það er ólíðandi að foreldrar í námi þurfi að segja sig úr því vegna fjárhagsstöðu.

Markmið	Aðgerðir
Auka mánuður í framfærslu fyrir foreldra	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þeir foreldrar sem eru einstæðir eða þar sem báðir foreldrar eru námi, eigi möguleika á að fá framfærslulán hjá Lín fyrir 10 mánuðum á ári í stað 9, líkt og er núna, vegna þess að foreldrar neyðast til að vera frá vinnu í mánuð á meðan börn þeirra taka sumarfrí frá leikskóla.</li> </ul>
Frítekjumark	<ul style="list-style-type: none"> <li>Foreldrar fái hærra frítekjumark en barnlausir, en það mætti hækka með hverju barna sem nemur útgjöldum.</li> </ul>

## Aðrar hugmyndir

Markmið	Aðgerðir
Allsherjar herferð fyrir bættari stöðu foreldra	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stúdentaráð er uggandi yfir stöðu foreldra innan háskólasamfélagsins, og var sú tillaga reglulega lögð fram að Stúdentaráð færi í allsherjarherferð fyrir bættari aðstöðu foreldra. Við erum opin fyrir öllum hugmyndum.</li> </ul>
Student.is gerð aðgengilegri	<ul style="list-style-type: none"> <li>Breyta viðmótinu svo síðan verði aðgengilegri</li> <li>Stofna undirsíðu þar sem réttindi stúdenta yrðu útlistuð</li> </ul>
Barnapössun	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íþóttahús HÍ: Áhersla á að líkamsrækt sé aðgengileg öllum - líka foreldrum - hafa barnapössun frá 16-18/19 (allt eftir hvernig opnir tímar samkvæmt stundatöflu eru að hverju sinni).</li> <li>Barnagæsla í próftíma - Leiskólastjóri FS talaði um að þeir bjóða upp á að hafa opið um helgar á próftíð ef nógu margir myndu sækjast eftir því.</li> </ul>

#### STEFNA SHÍ Í NÁMS- OG KENNSLUMÁLUM

Kennslumálanefnd vann stefnu SHÍ í náms- og kennslumálum og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 21. nóvember 2018.

#### Framsækni í fyrirrúmi

*SHÍ leggur áherslu á nútímavæðingu kennsluhátta í takt við framþróun erlendis.*

Markmið	Aðgerðir
Upptökur á öllum tímum sem kenndir eru á fyrirlestraformi fyrir 2021	<ul style="list-style-type: none"> <li>Framfylgja stefnu um gæði náms- og kennslu sem er sett fram til ársins 2021.</li> <li>Höfum nú þegar fengið heildræna endurskoðun í gegn á Félagsvísindasviði þar sem við fengum í gegn að upptökur á stærstu áföngunum yrði skoðuð og líklega innleidd á næsta vori.</li> </ul>
Auka vendikennslu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stúdentar þurfa að lýsa því yfir að þeir styðji aukið vægi vendikennslu.</li> </ul>

#### Samræmi milli deilda

*Mikilvægt er að nemendur búi við jafnan rétt óháð því hvaða deild eða sviði þeir stunda nám við. Telur SHÍ að aukið samræmi skili sér í auknum gæðum kennslu.*

Markmið	Aðgerðir
Prófnúmer/Rafræn próf	<ul style="list-style-type: none"> <li>Með tilkomu Inspera/rafrænna prófa leysist vandinn með nemendanúmer. Þ.e. nemendur skrá sig inn með</li> </ul>

	<p>handahófskenndu notendanafni og ekki kemur fram hver einstaklingurinn er við yfirferð. Einnig er stefnt á að taka upp nýtt námsumsjónarkerfi næsta haust (2019) sem mun auðvelda endurgjöf kennara til stúdenta.</p>
Samræmi milli álags og eininga	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kennsluefndir hvers sviðs þurfa að endurskoða hvaða áfangar það eru þar sem samræmi milli álags og eininga er ekki rétt. Kennslunefndir sviðanna ættu þá að vinna í þessu. Náms- og kennslumálanefnd myndi þó auðvitað vera í forystu í þessum málum.</li> </ul>
Endurtöku- og sjúkrapróf vegna jólaþróa í desember og/eða janúar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Félagsvísindasvið framkvæmdi yfirgripsmikla könnun á vilja stúdenta til þess að færa sjúkra- og endurtökupróf vegna jólaþróa í desember eða janúar. Gefnar voru þær forsendur sem kennarar höfðu áhyggjur af (lenging skólaársins t.d.) en þrátt fyrir það þá var yfirgnæfandi meirihluti stúdenta hlynntur því að færa prófin. Málið er eins og staðan er núna í skoðun hjá Róberti, sviðstjóra kennslusviðs HÍ þar sem stefnt er að því að lengja skólaárið til þess að hafa prófin á réttum tíma.</li> </ul>

### Skynsemi og varkárni í aðgangsstýringu

SHÍ telur að hagur nemenda þurfi að vera að leiðarljósi í málefnum aðgangsstýringa til náms. Beita skuli varkárni við upptöku aðgangsstýringa og skal það einungis gert með gæði náms og kennslu í huga. Tryggja þarf að aðgangsstýringar skerði ekki jafnrétti til náms, sérstaklega með tilliti til erlendra nemenda.

Markmið	Aðgerðir
Fulltrúi nemenda ávallt hluti af ákvarðanatöku um aðgangsstýringu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tekið sé skýrt fram í hvert sinn sem rætt verður um aðgangsstýringu að stúdentar styðji það ekki nema í þeim eina tilgangi að bæta gæði námsins.</li> </ul>
SHÍ taki til skoðunar og gæti að framkvæmd óbeinna aðgangsstýringa	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tekið saman hverjar óbeinu aðgangsstýringarnar eru og þær skoðaðar sérstaklega með því markmið að komast að hvort þær séu til þess fallnar að auka gæði náms eða sem sparnaðaraðgerð.</li> </ul>

### Gæði kennslu

SHÍ leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti. Horfa skal til þess að hverfa frá námsmati sem byggist á stóru lokaprófi. Það er bæði úr takt við það sem leiðandi skólar gera og illa til þess fallið að auka hæfni nemenda eftir að námi lýkur. Deildir, námsbrautir og áfangar skulu alla jafna vera byggð upp með það í huga að stuðla að virkri þátttöku nemenda, vera með raunhæf verkefni, verklega kennslu og hóflegt vægi lokaprófa.

Markmið	Aðgerðir
Kennslukannanir stuttar og hnitmiðaðar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verið er að endurskoða framkvæmdir kennslukannana. Fulltrúar þurfa að eiga þátt í því ferli og þar mun þessi stefna koma fram.</li> </ul>
Fulltrúar nemenda taki þátt í yfirferð kennslukannana í sinni deild	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fundað með deildarstjórum og nafnlaus gögn gefinn. Fulltrúar skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu.</li> </ul>
Engin próf eða verkefni hafi meira en 80% vægi	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heildarkennslustefna skólans er í endurskoðun og þar er lögð mikil áhersla m.a. á símat.</li> </ul>
Amk ein könnun/áfangapróf yfir önnina í þeim áföngum sem hafa lokapróf til þess að nemendur sjái hvar þeir eru staddir	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kennslunefndir sviðana, undir forystu náms- og kennslumálanefnd SHÍ, þurfa að fara yfir hvaða áfangar það eru í hverri deild sem uppfylla ekki þessi skilyrði og þrýsta á að það sé lagað.</li> </ul>

## Annað

Markmið	Aðgerðir
Kennsluáætlanir ættu ávallt að vera aðgengilegar tímanlega	Setja þarf reglu um hvenær kennsluskrár ættu að vera opinberar. (Þ.e. hversu stuttu áður en námskeið hefst)
Bætt stofnanaminni.	Gagnasöfnun. Betri undirstaða fyrir næstu nefndir. Allt sem nefndin hefur gert og komist að verði sett saman í möppu sem verður síðar afhend næstu nefnd.

## STEFNA SHÍ Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Jafnréttisnefnd vann stefnu SHÍ í jafnréttismálum og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 21. nóvember 2019.

### 1. Aðgengismál

Aðgengismálum er mjög ábótavant í Háskóla Íslands. Það er ólíðandi að í opinberum háskóla sem á að vera fyrir alla sé stórum hópum samfélagsins mismunað eins og raun ber vitni með skertu aðgengi að byggingum, skólastofum og öðrum rýmum. Hægt er að ráðast í fjölmargar aðgerðir til að bæta aðgengi í Háskóla Íslands og standa þannig við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Markmið	Aðgerðir
Vekja athygli á skertu aðgengi fatlaðs fólks í Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fá einhvern frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks til að fara með okkur í úttekt á aðgengi á háskólasvæðinu.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Framleiða myndband þar sem athygli er vakin á skertu aðgengi og dreifa myndbandinu á samfélagsmiðlum.</li> <li>• Skrifa skýrslu fyrir stjórnarsýslu HÍ með tillögum um úrbætur í aðgengismálum.</li> </ul>
Bæta aðgengi í Stúdentakjallaranum	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Halda áfram að þrýsta á Félagsstofnun stúdenta um að finna lausnir fyrir bætt aðgengi í Stúdentakjallaranum.</li> </ul>
Bæta aðgengi allra á háskólasvæðinu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Setja blindraletur á flokkunartunnur.</li> <li>• Leggja fleiri blindralínur.</li> <li>• Aðgengi að lesstofum: Hurðaofnara á hurðir, sérstakir lampar fyrir sjónskerta og hækkunleg borð.</li> <li>• Koma fyrir lyfturum á völdum klósettum á háskólasvæðinu.</li> <li>• Halda áfram að þrýsta á bætt aðgengi í skólastofur og að nemendur með þörf á aðgengi lendi ekki í óaðgengilegum stofum.</li> </ul>
Barátta gegn mismun, fordómum og öræreiti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Benda á óréttlæti innan skólans þegar kemur að málefnum fatlaðs fólks.</li> <li>• Vitundarvakning um að fordómar og mismunun vegna fötlunar á sér stað innan veggja skólans. Með til dæmis málþingi eða plakötum.</li> <li>• Að tilkynninga hnappurinn á Uglu ná einnig yfir fötlunarfordóma og hatursorðræðu.</li> <li>• Fordæma skal mismunun á grundvelli fötlunar þegar kemur að námi og námsúræðum.</li> </ul>
Auka námsframboð fyrir stúdenta með þroskahömlun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvetja deildir háskólans að bjóða stúdentum með þroskahömlun aðgang á námskeiðum deildanna með t.d. stuðningi og auðlesnum texta.</li> </ul>

## 2. Nemendur með andleg veikindi

Nemendur sem glíma við andleg veikindi eiga að njóta sömu réttinda og nemendur sem glíma við önnur veikindi. Dæmi eru um að nemendur með andleg veikindi mæti ekki nógu miklum skilningi og jafnvel fordómum vegna veikinda sinna. Þetta þarf að laga. Þá er sálfræðiþjónusta fyrir nemendur HÍ mjög ábótavant og brýn þörf á bættri þjónustu.

Markmið

Aðgerðir



Aukin sálfræðiþjónusta fyrir nemendur háskólans	Halda áfram að þrýsta á aukna sálfræðiþjónustu við nemendur með þrýstingi á stjórn HÍ og sömuleiðis á heilbrigðis- og menntamálaráðherra.
Kennarar fá fræðslu um andleg veikindi og viðbrögð við slíku	Standa fyrir fræðslu um geðheilsu fyrir öll svið háskólans með það markmið að auka skilning kennara á aðstæðum fólks með andleg veikindi og tryggja að kennarar séu á sömu línu varðandi réttindi nema með andleg veikindi.

### 3. Málefni hinsegin fólks

Í Háskóla Íslands á hinsegin fólki að líða vel. Gagnkynhneigð viðmið og kynjuð orðræða á að heyra sögunni til í háskólasamfélaginu. Í þessum efnunum er brýnt að auka fræðslu meðal nemenda og starfsfólks, fjölga kynlausum rýmum og stuðla að meiri umræðu um málefnið.

Markmið	Aðgerðir
Stuðla að aukinni hinsegin fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bjóða öllum sviðum HÍ og stjórnunemendafélaga upp á hinsegin fræðslu í samstarfi við Q-félagið.</li> <li>• Hvetja nemendafélög til að fara í vísó til Q-félagsins eða Samtakanna '78.</li> <li>• Þrýsta á sérstaka hinsegin fræðslu fyrir nemendur í heilbrigðis- og menntavísindum.</li> </ul>
Stuðla að ókynjaðri orðræðu og umhverfi í Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Halda málþing með hinsegin fólki og íslenskufraeðingum með það að markmiði að stuðla að umræðu um kynjaða orðræðu og kynhlutlaus fornöfn.</li> <li>• Þrýsta á að skoðanakannanir verði ekki sendar út til nemenda þar sem aðeins er hægt að velja tvö kyn.</li> <li>• Halda fund með markaðs- og samskiptasviði HÍ um kynjaða orðræðu í fréttum og tilkynningum frá Háskólanum.</li> <li>• Þrýsta á að hægt sé að skrá önnur kyn en kk og kvk við skráningu í skólann.</li> <li>• Útbúa fræðsluefni um hinsegin hugtök, orðræðu, fornöfn ofl á netinu og t.d. á veggspjöld.</li> <li>• Þrýsta á fjölgun kynlausra klósetta.</li> <li>• Að Ugly bjóði upp á þann valmöguleika að skrá rétt fornafn undir upplýsingar um nemanda.</li> <li>• Hafa valmöguleika á að skrá rétt fornafn í umsókn fyrir nám við Háskóla Íslands.</li> <li>• Ræða við stjórn Háskóla Íslands um að verðlaun sem eru gefin undir nafni skólans ýti ekki undir kynjatvíhyggju. Að kynsegin kennarar og starfsfólk eigi einnig möguleika á því að hljóta verðlaunin.</li> </ul>

### 4. Kynning á starfsemi skólans út á við

Í Háskóla Íslands er fjölbreytt flóra bæði starfsfólks og nemenda. Kynningarefni á vegum Háskóla Íslands á að endurspegla þessa fjölbreytni og á að sýna fólk með mismunandi bakgrunn og af mismunandi stigum samfélagsins.

Markmið	Aðgerðir
Kynningarefni á vegum Háskólans gefi fjölbreyttari mynd af nemendum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Eiga samtál við Markaðs- og samskiptasvið HÍ um að huga að sýnileika allra hópa í kynningarefni.</li> </ul>

## 5. Upptökur á fyrirlestrum

Ýmsar gildar ástæður geta verið fyrir því að nemendur geti ekki mætt í fyrirlestra. Því er mikilvægt að kennarar taki upp fyrirlestra svo nemendur geti nálgast þá og sé ekki mismunandi fyrir að geta ekki mætt.

Markmið	Aðgerðir
Stuðla að því að fyrirlestrar séu í auknum mæli teknir upp og birtir nemendum á netinu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Eiga samráð við kennslumálanefnd SHÍ og reyna að leysa málið með því að stinga upp á einhverri málamiðlun, t.d. að allir fyrirlestrar verði teknir upp en ekki birtir nema nemendur biðji sérstaklega um það í pósti til kennara og að skert verði á réttindum kennara gagnvart óheimilli dreifingu á upptökum úr fyrirlestrum.</li> </ul>

## 6. Jafnrétti kynja

Jafnrétti kynja hefur ekki verið náð í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að háskólasamfélagið vinni markvisst að því að ná jafnrétti og að útrýma kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni innan veggja háskólans.

Markmið	Aðgerðir
Vinna að jafnrétti allra kynja í Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að virkri umræðu og fræðslu fyrir svið HÍ um jafnrétti kynjanna og um karllæg viðmið í kennslu.</li> <li>Vinna að því að jafna hlutföll kynja í námsgreinum þar sem eitt kyn er í miklum meirihluta.</li> <li>Að fyrirmyndir kvenna og annarra jaðarhópa t.d. fatlaðs fólks og hinsegin fólks séu til staðar í öllu námsefni.</li> </ul>
Viðhald og kynning á stefnu og verklagsreglum í tengslum við einelti og ofbeldi	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tryggja reglulega endurskoðun á stefnu og verklagsreglum HÍ um viðbrögð við einelti og ofbeldi.</li> <li>Vinna að því að upplýsingum um réttindi nemenda og viðbrögð við einelti og kynferðislegu ofbeldi verði</li> </ul>

	stórbætt t.d. með því að nýta nýnemadagana og nemendafélögin.
Samtvinnun sem grundvöllur að jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> <li>Jafnrétti næst ekki fyrr en allir hópar samfélagsins njóta sömu réttinda. Öll vinna jafnréttisnefndar SHÍ á að byggja á samtvinnun mismunarbreyta. Fólk getur tilheyrt fleiri en einum jaðarhópi. Það er ekki nóg að berjast fyrir einu málefni í einu.</li> </ul>

## 7. Jafnrétti óháð uppruna

Öll eiga að vera velkomin í Háskóla Íslands óháð trú, uppruna, kynþætti eða stöðu að öðru leyti. Fordómar gegn fólk af erlendum uppruna eru að aukast og þarf Háskóli Íslands að bregðast við vaxandi bylgju rasisma í heiminum.

Markmið	Aðgerðir
Fordómar vegna trúar, uppruna og kynáttar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Halda þarf fræðslu um rasisma og fordóma sem eiga sér stað vegna trúarbragða fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands.</li> <li>Fordæma skal allan áróður fasista og nýnasista í íslensku samfélagi.</li> </ul>
Háskólinn sé öruggur staður og bjóði öll velkomin.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vitundarvakning á tanngreiningum á ungu flóttafólki. Þær eiga hvorki heima innan veggja Háskóla Íslands né annars staðar.</li> </ul>
Menningarlegur fjölbreytileiki	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mynda þarf stuðningsnet fyrir flóttafólk sem nemur eða langar að hefja nám við Háskóla Íslands.</li> <li>Að öll trúarbrögð hafi aðstöðu til trúariðkunar innan veggja Háskóla Íslands.</li> <li>Styðja við og taka þátt í verkefninu “Sprettur” sem miðar að því að minnka brottfall nemenda af erlendum uppruna.</li> </ul>

## 8. Umhverfis femínismi

Hamfarahlýnun er að eiga sér stað í heiminum. Fólk sem tilheyrir jaðarsettum hópum samfélaga finna hvað mest fyrir áhrifum hamfarahlýnunarinnar.

Markmið	Aðgerðir
---------	----------

<p>Að gera tengingu milli jafnréttismála og umhverfismála.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við allar ákvarðanatökur.</li> <li>• Samstarf við umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ um málþing um áhrif hamfarahlýnunar á jaðarhópa.</li> </ul>
--	---

## STEFNA SHÍ Í UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUMÁLUM

Umhverfis- og samgöngunefnd setti sér undirmarkmið til að vinna markvisst að því að tryggja Háskóla Íslands Grænánann. Sú markmiðssetning var samþykkt af Stúdentaráði 25. september 2019. Gaman er frá því að segja að umhverfis- og samgöngunefnd, með forseta nefndarinnar í forystu enda leiddi hún einnig grænánanefnd HÍ, tryggði skólanum grænánann. Markmiðin koma því hér fyrst fram en ennþá var unnið eftir stefnu umhverfis- og samgöngunefndar út árið eins og hún var samþykkt 2018-2019, með einni viðbót á árinu 2019-2020.



## Markmiðssetning

Dagsetning: Háskóli Íslands 24. maí 2019

Pema/bemu: Loftslagsbreytingarnar

Nefnd: Markmið unnin af umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ fyrir og eftir kosningar 2019 ásamt verkefnastjóra sjálfbærni og umhverfismála í HÍ.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Efni/áhöld	Tímarammi	Mat
<p>1. Fræðsla. Að Háskólasamfélagið sé upplýst um Grænánaverkefnið og loftslagskrisuna.</p>	<p>a. Loftslagsyfirlýsing SHÍ- yfirlýsing um neyðarástand. Komið.</p> <p>b. Aukið vægi umhverfismála á vef- og samfélagsmiðlum HÍ. Minnst 12 x yfir árið (t.d. viskumolar uglunnar, facebookpóstar, instagram o.s.frv.</p> <p>c. Skjáhvilur nýttar til að koma á sjálfbærniuræðu í öllum tímum.</p>	<p>a. SHÍ</p> <p>b. Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ</p> <p>c. Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ og verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála.</p>		<p>Maí 2019 – apríl 2020.</p>	
<p>2. Loftslagsvænni matur. Meira grænkerafæði og minni matarsóun.</p>	<p>a. Það á að vera auðvelt að vera vegan í HÍ. Samtal og samráð hafið við FS. Úrval þegar bætt en mætti vera betra, við munum halda áfram að hvetja FS áfram.</p>	<p>a. FS, Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ og verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála.</p> <p>b. Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ og</p>		<p>Mars 2019 – apríl 2020.</p>	

	b. Hvatning til FS frá nefnd um að draga úr matarsóun. Leggjum til að matur frá deginum áður sé seldur með afslætti (ekki í okkar höndum en við getum hvatt þau til þess). Minni skammtar sallats þegar komnir.	verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála.		
3. Mótvægisáðgerðir. <b>Táknrænar áðgerðir</b> - sem hafa þó vissulega einhver jákvæð áhrif á loftslagið.	a. Fataskiptimarkaður. Kominn.  b. Annar skiptimarkaður.  c. Dagur tileinkaður votlendi og skógrækt. Samstarf við Rvk- borg um votlendið og garðyrkju HÍ.	a. Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ í samstarfi við Landvernd og fl.  b. Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ  c. Verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála, SHÍ og Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ		a og b. Apríl 2019 – apríl 2020.  c. Haust 2019.
4. Samgöngur. <b>Meira af hjólríðum að svæðinu og samdráttur í flugi starfsmanna</b> (verður ekki mælanlegt á tímabilinu en markmiðið er að vera byrjuð að hvetja og fá garðyrkjuna til að byrja að laga stiga)	a. Bæta stiga og aðgengi hjólríðamanna (með fókus á stiga við Öskju).	a. Garðyrkjudeild HÍ og verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála.  b. SHÍ og Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ		Júní 2019-apríl 2020.

## Stefna umhverfis- og samgöngunefndar

### Samgöngumál

Nemendur Háskóla Íslands þurfa að komast á milli staða á skilvirkan máta, hratt og örugglega án óþarfa kostnaðar fyrir umhverfið og fjárhagslega fyrir þá sjálfa. Háskóli Íslands hefur mikla möguleika á því að búa til aðstæður fyrir fjölbreytta samgöngumáta sem hentar öllum og umhverfinu.

Markmið	Aðgerðir
Stuðla að því að nemendur nýti sér umhverfisvænni samgöngumáta t.d. að hjóla, ganga og nýta sér almenningssamgöngur í stað einkabílsins	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Koma á fót hjólaleigu á háskólasvæðinu</li> <li>• Gera samnýtingu bíla að álitlegum kosti fyrir háskólanema meðal annars með Facebook-hóp eða þróun carpool-apps</li> <li>• Þrýsta þarf á á að Strætó bs. bjóði upp á ódýrari kjör fyrir stúdenta sem og tíðari ferðir</li> </ul>
Aðgengilegra háskólasvæði fyrir þau sem nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bæta aðstöðu fyrir hjólríðafólk meðal annars með aðgengi að sturtum, yfirbyggð hjólaskýli og bættar hjólaleiðir innan háskólasvæðisins og á höfuðborgarsvæðinu.</li> <li>• Vinna að bættum gönguleiðum innan háskólasvæðisins, svo sem milli bygginga og yfir Suðurgötu og Sæmundargötu</li> <li>• Koma upp fleiri hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla</li> </ul>

<p>Tryggja að breytingar sem varða samgöngumál stúdenta séu gerðar í samráði við þá</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sjá til þess að Borgarlínan stoppi við Háskóla Íslands</li> <li>• Vinna með Strætó bs. og tengdum aðilum að innleiðingu samgöngukorta fyrir stúdenta sem líkjast U-pass í Bandaríkjunum</li> <li>• Vekja athygli á skipulagsmálum sem þau varða, til að mynda, umræðunni um brú milli Kársness og Skerjafjarðar</li> </ul>
---	---

## Umhverfisvitund

Háskóli Íslands er einn stærsti vinnustaður landsins. Ríkisstofnanir þurfa að vera ábyrgar í umhverfismálum og eru stúdentar og starfsfólk háskólans ekki þar undanþegin og þurfa að sýna gott fordæmi í þessum málum.

Markmið	Aðgerðir
<p>Halda fleiri viðburði til að stuðla að fræðslu í umhverfis- og samgöngumálum</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veganvika</li> <li>• Skiptifatamarkaður</li> <li>• Samgönguvika</li> <li>• Umhverfisvika</li> <li>• Flokkunarvika</li> <li>• Loftslagsvika</li> </ul>
<p>Auka virkni Háskóla Íslands á sviði umhverfis- og sjálfbærni mála</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þrýsta á að fleira starfsfólk verði ráðið á sviðið</li> <li>• Stuðla að góðu samstarfi nefndarinnar við starfsfólk skólans sem vinnur að þessum málum.</li> </ul>
<p>Vinna í samstarfi með FS og HÍ að umhverfisvænna háskólasvæði</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Auka aðgengi að margnota umbúðum svo sem kaffibollum og matarboxum</li> <li>• Auka úrval vegan valkosta í Hámu</li> <li>• Taka einnota hnífapör úr notkun</li> <li>• Hætta sölu plastpoka hjá FS</li> <li>• Skoða hvað skilyrði þarf að uppfylla fyrir sölu á t.d. salötum og samlokum upp á að minnka plastumbúðir</li> <li>• Hefja sölu á grænum kaffikortum í samstarfi við FS.</li> <li>• Bæta booztbar við hliðin á salatbarnum þar sem hægt væri að koma með fjölnota mál</li> <li>• Koma upp aðstöðu til þess að skola og tæma margnota ílát</li> <li>• Viðburðir á vegum HÍ bjóði ekki uppá einnota drykkjarmál</li> </ul>

## Sorp

Sorp er einn helsti þáttur í umhverfismálum þar sem almenningur getur látið til sín taka og látið gott af sér leiða. Til að lágmarka mengunarspor Háskólans og efla umhverfisvitund nemenda og starfsfólks vill SHÍ að háskólasamfélagið leggi sitt af mörkum við að minnka sorp. Því skal háskólasamfélagið leggja sitt af mörkum til að minnka ruslframleiðslu. Háskóli Íslands hefur sett upp flokkunarkerfi sem er ágætt að mörgu leyti en má bæta.

Markmið	Aðgerðir
Betrumbæta flokkunarkerfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samræma og einfalda flokkunarkerfi t.d með skýrum ljósmyndum eða teikningum</li> <li>• Fækka svörtu/almennu tunnunum</li> <li>• Vera með kynningu á flokkunarkerfinu á nýnemadögum</li> <li>• Setja blindraletur á allar flokkunartunnur</li> <li>• Finna leiðir til að fá fólk til að auka flokkun t.d með því að setja upp plaköt og halda kynningar um árangur og stöðu flokkunar innan HÍ</li> <li>• Kanna möguleika á flokkunartunnu fyrir málma og áldósir</li> <li>• Kynna fyrir nemendum og starfsfólki áhrif einnota umbúða</li> <li>• Flokkunarfræðsla í formi beinna leiðbeininga, þ.e. standa við flokkunartunnur í hádegishléum sem og útbúa flokkunarleiðbeiningar sem hægt væri að setja upp við tunnurnar og á netið</li> </ul>
SHÍ fylgist með að stofnanir og fyrirtæki sem starfa fyrir Háskólann sinni starfi sínu í þágu náttúrunnar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifstofa SHÍ taki upp Græn skref</li> <li>• Hvetja skrifstofu HÍ til þess að taka upp Græn skref</li> <li>• Hvetja HÍ til þess að taka upp Grænfána verkefnið</li> </ul>
Auka flokkun á stúdentagörðum	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Láta einfaldar flokkunartunnur fylgja með öllum stúdentabúðum</li> <li>• Kanna möguleika á moltugerð úr lífrænum úrgangi á öllu háskólasvæðinu</li> </ul>

## STEFNA SHÍ Í FJÁRMÁLA- OG ATVINNULÍFSMÁLUM

Fjármála- og atvinnulífsnefnd vann stefnu SHÍ í fjármála- og atvinnulífsmálum og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 22. október 2019.

### Fræðsla og undirbúningur

*Fjármála- og atvinnulífsnefnd SHÍ (F/A) mun halda áfram nánu samstarfi með Náms og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (NSHÍ). Nefndin hyggst aðstoða NSHÍ að efla virkni Tengslatorgs með auglýsingum og sýnileika. Nefndin heldur fræðslukvöld í samstarfi við Landsbankann um áhugaverð efni fyrir stúdenta, annað hvort tengt fjármálum eða atvinnulífinu. Nefndin mun einnig vinna með ráðningaskrifstofunum Hagvang og Capacent, auk fleiri fyrirtækja. Einhverjar breytingar verða á Atvinnudögum í þetta skólaárið en dögnum verður fækkað úr tveim vikum í viku.*

Markmið	Aðgerðir
---------	----------

Fræðsla og ráðgjöf NSHÍ	<ul style="list-style-type: none"> <li>Workshop - networking og ferilskrá. ofl.</li> </ul>
Fræðsla F/A um fjármál	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fyrirlestrar í samstarfi við fyrirtæki. Fyrirlestrar á vegum nefndarinnar þar sem þekkt fólk gæti útskýrt hlutina á mannamáli.</li> </ul>
Fræðsla F/A um atvinnumál	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fyrirlestrar í, samstarfi við fyrirtæki. Vekja athygli á viðburðum NSHÍ.</li> </ul>
Tengslatorg	<ul style="list-style-type: none"> <li>Markaðsherferð, social media og prentað efni. Tengslatorg þarf að vera meira áberandi til að fyrirtæki sjái sér hag í að auglýsa þar inni og stúdentar sömuleiðis að leita þangað.</li> </ul>
Atvinnudagar	<ul style="list-style-type: none"> <li>13. - 19. Janúar 2020. Heimsóknir í fyrirtæki, tengslamyndun. Mögulega "Básar" á Háskólatorgi.</li> </ul>

### Gagnasöfnun um atvinnumál stúdenta

Ýmis tölfræði er til hvað varðar atvinnumál nýstúdenta, en ekki eru til nein gögn um það hvort störf þeirra séu í samræmi við námið sem nemendurnir hafa lokið.

Sömuleiðis er lítil tölfræði til um sýn háskólanema á háskólanámið sitt og hvort þeir haldi að þeir fái vinnu við hæfi að námi loknu. Eins og staðan er í dag eru margir að útskrifast úr sömu deildunum og hafa því í raun svipaðan bakgrunn. Spurningin eru hvað nemendur telja að fyrirtækin horfi til við ráðningar, eru það einkunnir, félagsstörf eða annað. Hvort þeir telja að þeir hafi eitthvað samkeppnisforskot á aðra samnemendur þegar kemur að atvinnulífinu og ef svo er hvað er það. Gaman væri að sjá niðurstöður og fá þannig tilfinningu fyrir því hvað stúdentar telja að skipti máli í náminu, þ.e. einkunnir eða félagsstörf o.þ.h..

Markmið	Aðgerðir
Gagnasöfnun Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fá nemendur starf við hæfi að námi loknu?</li> </ul>
Gagnasöfnun SHÍ	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fyrirtækjatengsl nemendafélaganna. Magnús Diðrik - Félagstofnun.</li> </ul>
Gagnasöfnun F/A	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samkeppnisforskot stúdenta á atvinnulífið</li> </ul>

### Tengsl Háskólans við atvinnulífið

Í stað þess að fyrirtæki komi bara í skólann og haldi fyrirlestra, þætti okkur gaman að geta boðið uppá öðruvísi nálgun. Hálfgerð vísindaferð, sem nemendur skrá sig í og takmörkuð sæti í boði. Fyrirtækin bjóða nemendum til sín og þá gefst nemendum tækifæri til þess að tala við starfsfólk fyrirtækisins og mynda tengsl. Áherslan yrði ekki á áfengi.

Niðurstöður stefnumótunarferðar SHÍ voru að flestir stúdentar vilja meira starfsnám og þannig auka tengingu sína við atvinnulífið. Stúdentar voru þó ósammála um hvort starfsnám ætti að vera metið til eininga eða hvort reynslan væri nóg eða hvort stafrsnám ætti að vera launað eða ekki. Það er þó líklega verkefni á vegum Háskólans að bjóða upp á áfanga sem



tengir stúdenta við fyrirtæki eins og þetta er í HR, sem væri þá einingabært. F/A nefndin gæti byrjað á því að biðja fyrirtæki um að auglýsa eftir sumarstarfsfólki á Tengslatorgi.

Markmið	Aðgerðir
Tengslakvöld	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimsóknir “vísindaferð” með skráningu.</li> </ul>
Starfsnám	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Biðja fyrirtæki um að auglýsa eftir sumarstarfsfólki á Tengslatorgi.</li> </ul>

## STEFNA SHÍ Í ALÞJÓÐAMÁLUM

Alþjóðanefnd vann stefnu SHÍ í alþjóðamálum og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 22. október 2019. Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs starfaði nú í fyrsta sinn á skrifstofu ráðsins og leiddi vinnu við stefnumótunina. Stefnan var tekin duglega í gegn frá síðasta ári. Stefnan var svo uppfærð þann 29. nóvember 2019 með samþykkt stúdentaráðs til að leggja meiri áherslu á að stúdentar við Háskóla Íslands eigi að hafa greiðan aðgang að skiptinámi.

### Stefna SHÍ í alþjóðamálum

Með ráðningu fyrsta alþjóðafulltrúa SHÍ er til staðar tækifæri til að móta og efla alþjóðastarf SHÍ enn frekar. Með sterkum grunni mun starfið vaxa og dafna og eru mörg tækifæri til staðar. Mikilvægt er að endurskoða stefnu þessa a.m.k. árlega með hagsmuni erlendra nema að leiðarljósi. Alþjóðafulltrúi er trúnaðaraðili erlendra nemenda við Háskóla Íslands.

Erlendir nemendur eru auður fyrir íslenskt háskólasamfélag og er mikilvægt að við tökum jafn vel á móti þeim eins og öllum öðrum nemendum. Ásamt aðgengi að félagslífi í gegnum nemendafélög Háskóla Íslands er mikilvægt að aðgengi til náms og samfélagslegra upplýsinga sé gott. Erlendir nemendur eru jafn fjölbreyttir og þeir eru margir og er mikilvægt að stuðla að öruggu umhverfi og jafnrétti meðal þeirra. Alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd SHÍ vinna að þeim markmiðum sem finna má í stefnu þessari.

### Stoðþjónusta

*Aðgengilegar og auðskiljanlegar upplýsingar geta skipt sköpum fyrir erlenda nemendur, sem og innlenda. Gott upplýsingaflæði er nauðsynlegt, sérstaklega fyrir einstaklinga sem eru að kynna Háskóla Íslands í fyrsta skipti. Háskóli Íslands býður upp á fjölbreytta þjónustu en til þess að hún nýtist sem best þarf að tryggja sýnileika hennar. Mikilvægt er að endurskoða stefnu þessa reglulega og huga að því sem mætti þróa betur samhliða mótun nýrrar stöðu alþjóðafulltrúa SHÍ.*

Markmið	Aðgerðir
Gott samstarf alþjóðafulltrúa og alþjóðanefndar við Skrifstofu alþjóðasamskipta	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í upphafi hvernar annar skal alþjóðafulltrúi í samstarfi við Skrifstofu alþjóðasamskipta gera áætlun að samstarsverkefnum og föstum fundartímum út önnina.</li> </ul>
Aðgengi erlendra nema	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimasíðu SHÍ skal einnig haldið úti á ensku.</li> <li>• Alþjóðanefnd skal standa fyrir skipulögðum viðburðum fyrir erlenda nema í gegnum starfsárið með það að markmiði að efla félagslíf þeirra á Íslandi</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>Alþjóðafulltrúi hefur yfirumsjón með þýðingu á fundargerðum Stúdentaráðs. Alþjóðafulltrúa er heimilt að útteila þessu verkefni. Fundargerðir SHÍ skal þýða frá íslensku yfir á ensku, eftir að upprunaleg fundargerð hefur verið samþykkt.</li> <li>Alþjóðafulltrúi skal hafa reglulega opna skrifstofutíma á skrifstofu SHÍ fyrir erlenda nemendur.</li> <li>Alþjóðafulltrúi skal hvetja nemendafélög Háskóla Íslands til að taka vel á móti erlendum nemum og gefa þeim færi á að taka virkan þátt í félagslífinu.</li> <li>Alþjóðafulltrúi skal hvetja Háskóla Íslands til að hafa í boði fjölbreytt námsúrval á öllum sviðum sem kennt er á ensku.</li> </ul>
--	--

### Mikilvægi góðs mentorkerfis

*Góður mentor auðveldar erlendum nemum að aðlagast nýjum aðstæðum og umhverfi og er þeim innan handar ef eitthvað kemur upp á, innan eðlilegra marka. Hlutverk alþjóðafulltrúa og alþjóðanefndar SHÍ er að halda utan um mentorkerfið og sinna því eftir bestu getu.*

Markmið	Aðgerðir
Bæta skráningu erlendra nema í mentorkerfið	Skýra hvað nákvæmlega mentorkerfið er og hvaða hlutverk gegnir mentorarnir
Hæfilegt magn erlendra nema fyrir hvern mentor	<ul style="list-style-type: none"> <li>Alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd vinna með Skrifstofu alþjóðasamskipta að því að efla og stækka mentorkerfið.</li> </ul>
Skilvirk og vandvirk þörun erlendra nema við mentora	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í samvinnu við Skrifstofu alþjóðasamskipta munu alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd leggja fram tillögu að þróaðara þörunarkerfi til notkunar fyrir starfsárið 2020-2021. Alþjóðafulltrúi þess starfsárs skal leggja mat á kerfið og vinna að frekari tillögum til betrumbætinga, ef við á.</li> <li>Hvetja skrifstofuna að hafa fleira staðlaða valkosti í könnunum</li> <li>Endurskoða mentorkerfið til þess að minnka magn af úrsögnum</li> </ul>

### Kennsla

*Ein af stærstu hindrununum sem erlendir namar takast á við í námi á Íslandi er tungumálið. Kröfur eru gerðar til erlendra nema í enskukunnáttu en erlendir namar sem vilja hefja nám við Háskóla Ísland þurfa að standast TOEFL prófið. Samræmi þarf að vera á milli kennsluskrár og kennslu, þannig að unnt sé að uppfylla þessar kröfur.*

Markmið	Aðgerðir
Tryggja að áfangar sem eiga að vera kenndir á ensku í kennsluskrá, séu í raun kenndir á ensku	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í samstarfi við Skrifstofu alþjóðasamskipta skal alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd tryggja að erlendir namar séu upplýstir um réttindi sín og að kennarar þekki réttindi þeirra.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>Alþjóðafulltrúa ber að koma kvörtunum og öðrum athugasemdum áleiðis og fylgja þeim eftir.</li> <li>Ef erlendir nemendur sitja áfanga eða ef hann er kenndur á ensku skal tryggt að tölvupóstur sem sendir eru til nemenda séu á ensku.</li> </ul>
Þýdd próf	<ul style="list-style-type: none"> <li>Upplýsa skal kennara um réttindi erlendra nemenda</li> <li>Ef brotið er á réttindum erlendra nemenda skal alþjóðafulltrúi í samstarfi við hagsmunafulltrúa leiðbeina nemendum varðandi réttindi sín</li> </ul>

## Jafnrétti

*Veita þarf öllum erlendum nemum jafna þjónustu, hvort sem um er að ræða skiptinema, einstaklinga á eigin vegum, innflytjendur eða flóttafólk.*

Markmið	Aðgerðir
Bæta tölfraeðileg gögn um erlenda nema	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í samstarfi við Skrifstofu alþjóðasamskipta skal alþjóðafulltrúi með alþjóðanefnd útfæra hvernig hægt er að bæta við þessi gögn.</li> </ul>
Inntökuskilyrði og skipulag náms mega ekki draga úr aðgengi innflytjenda eða erlendra nemenda	<ul style="list-style-type: none"> <li>Alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd skulu rýna í mögulegar hindranir með Skrifstofu alþjóðasamskipta.</li> <li>Alþjóðafulltrúi skal í samstarfi við hagsmunafulltrúa SHÍ leysa þau mál sem kunna að koma upp.</li> <li>Alþjóðafulltrúi tekur þátt í mótun á mentor-verkefni <i>Sprettis</i> sem snýr að háskólagöngu innflytjenda.</li> </ul>
Stuðla að jafnrétti meðal erlendra nema	<ul style="list-style-type: none"> <li>Alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd skulu eftir fremsta megni stuðla að jafnrétti meðal erlendra nema og þá sérstaklega þegar litið er til annarra mismunabreyta. .</li> </ul>

## Samstarf

*Alþjóðanefnd SHÍ er hluti af Erasmus Student Network (ESN) og ætti að nýta þá möguleika sem aðildin gefur kost á. Háskóli Íslands hefur tekið þátt í alþjóðlega háskólasamfélaginu í gegnum Erasmus samstarf um árabíl og fer núna eftir Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Með því að taka þátt í ESN leggur Alþjóðanefnd SHÍ sitt af mörkum í samstarfi nemenda á alþjóðlegum vettvangi. Háskóli Ísland er einnig aðili að Aurora samstarfsnetinu sem býður upp á aukin tækifæri fyrir háskólann, stúdenta og Stúdentaráð Háskóla Íslands.*

Markmið	Aðgerðir
Aukið samstarf við innlend félög sem tilheyra ESN	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fara í stefnumótandi vinnu varðandi ESN á Íslandi</li> </ul>
Aurora	<ul style="list-style-type: none"> <li>Taka markvissan þátt í Aurora og miðla upplýsingum til Stúdentaráðs sem og stúdenta Háskóla Íslands</li> </ul>
Aukinn stuðningur við skiptinám og aukin tækifæri stúdenta til þátttöku í alþjóðastarfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tryggja fjölbreytt tækifæri handa nemendum við HÍ til að öðlast fjölbreytta þekkingu</li> <li>Standa vörð um þau réttindi sem til staðar eru fyrir stúdenta í HÍ</li> <li>Tryggja vöxt á alþjóðavæðingu háskólasamfélagsins og að hún bitni ekki á stúdentum heldur stuðli að fjölbreyttum tækifærum og valfrelsi til náms</li> </ul>

## STEFNA SHÍ Í LÁNASJÓÐSMÁLUM

Stúdentaráð uppfærði ekki stefnu sína í lánasjóðsmálum og er þetta því stefna sem unnin var 2017-2018

Málefni lánasjóðs íslenskra námsmanna er helsta hagsmunamál stúdenta. Það er skýlaus krafa Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) að ráðist verði í róttækar breytingar á Lánasjóðnum. Það er löngu kominn tími á að breyta lögum um LÍN og koma upp einhvers konar styrkjakerfi fyrir stúdenta. Það verður þó að gera í algjöru samráði við stúdenta og stjórnvöld verða að tryggja að rödd þeirra heyrst við gerð frumvarps um lög LÍN. Það er þó ekki einungis mikilvægt að ráðast í breytingar á lögum LÍN, heldur verður líka að breyta úthlutunarreglum LÍN talsvert þar sem stúdentar hafa setið eftir þegar kemur að kjarabótum.

Rannsóknir á vegum OECD benda til þess að gott aðgengi að námsstuðningi sé árangursrík leið til að auka aðgengi að menntun. Frekari rannsóknir gefa til kynna að námsstuðningskerfi, sem veita bæði lán með tekjutengdum endurgreiðslum og styrki sem fara eftir tekjum, stuðli ekki aðeins að jöfnum réttindum til framhaldsnáms heldur einnig að bættri frammistöðu nemenda. Eftirfarandi eru kröfur SHÍ er varða úthlutunarreglur LÍN, nýtt lánasjóðsfrumvarp sem og þjónustu LÍN við námsmenn. Kröfurnar eru ekki það eina sem Stúdentaráði þykir vanta hjá LÍN heldur telur ráðið þær breytingar sem það leggur til vera skref í rétta átt að bættu námslánakerfi.

### Úthlutunarreglur

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur nauðsynlegt að frítekjumark námslána sé ekki það lágt að stúdentum sé refsað fyrir að vinna á sumrin og/eða vinna að einhverju leyti með námi. Frítekjumarkið er grátlega lágt en það er einungis 930.000 fyrir skatt og gerir það að verkum að stúdentar geta varla unnið á sumrin án þess að lán þeirra skerðist. Þá er skerðingin vegna umframtekna of há (45%) og telur SHÍ hana vera of mikla.

### Stúdentaráð leggur höfuðáherslu á að:

1. Frítekjumarkið verði hækkað í samræmi við launaþróun og að skerðing vegna umframtekna verði lækkuð úr 45% í 35%.
2. Að þeir stúdentar sem koma úr námshléi geti sótt um fimmföldun á frítekjumarki, eða upphæð sem því nemur. Ótækt er að upphæðin sem stúdentum leyfist að vinna sér inn á ári, áður en námslán skerðist, sé undir lágmarkslaunum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur mikilvægt að grunnframfærsla stúdenta verði hækkuð og leggur sérstaklega áherslu á að hún verði jöfn grunnviðmiði neysluviðmiða velferðarráðuneytisins. Þá telur SHÍ mikilvægt að húsnæðisgrunnur LÍN sé ekki miðaður við leigu á stúdentagörðum þar sem einungis 9% stúdenta á Íslandi búa á stúdentagörðum.

#### **Stúdentaráð leggur höfuðáherslu á að:**

1. Grunnframfærsla námslána verði hækkuð í samræmi við kjör annarra hópa.
2. Að húsnæðisgrunnur LÍN verði ekki miðaður út frá leigu á stúdentagörðum. Óraunhæft sé að miða við að allir lántakendur hjá LÍN leigi á jafn hagstæðu verði og því sem tíðkast á Stúdentagörðum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur námsframvindukröfu LÍN vera of háa. Hana ætti að lækka niður í 18 ECTS-einingar líkt og hún var áður. SHÍ telur jafnframt að foreldrar í námi eigi rétt á því að framfærsla barna þeirra sé tryggð. Börn námsmanna eiga ekki að þurfa að reiða sig á að foreldri/foreldrar nái 22 ECTS-einingum til þess að framfærsla barnanna sé tryggð. SHÍ telur jafnframt að lánshæfar ECTS-einingar hjá LÍN ættu að hækka aftur upp í a.m.k. 540 ECTS-einingar.

#### **Stúdentaráð leggur höfuðáherslu á að:**

1. Námsframvindukrafa LÍN verði lækkuð og lánshæfum einingum fjölgað.
2. Staða barnafólks á námslánum hjá LÍN verði tekin til sérstaklega til skoðunar og leiðrétt.

Stúdentaráð Háskóla Íslands krefst þess að stjórnvöld ráðist í endurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem allra fyrst og með aðkomu nemenda. Ráðið leggur áfram áherslu á að styrkjakerfi að fyrirmynd hinna Norðurlandanna verði innleitt. SHÍ gerir jafnframt þá kröfu að ráðið tilnefni fulltrúa í starfshópinn um endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ráðið telur að gæta verði að því að greiðslubyrði láglaunafólks verði ekki of há og að við gerð nýs Lánasjóðsfrumvarps sé haft í huga að ekki sé vegið að jafnrétti til náms. SHÍ telur brýnt að stúdentar fái greidd lánin sín fyrirfram, en ekki eftir hvert misseri.

#### **Stúdentaráð leggur höfuðáherslu á að:**

1. Starfshópur verði skipaður um endurskoðun laga um LÍN og að í honum verði tveir fulltrúar stúdenta.
2. SHÍ vinni náðið með þeim fulltrúum stúdenta sem skipaðir eru í starfshópinn svo að SHÍ sé vel upplýst um framgang mála innan starfshópsins.
3. Starfshópur verði áfram starfræktur innan SHÍ til þess að vinna að því að takast á við komandi frumvarp um endurskoðun laga um LÍN.
4. Haldnar verði reglulegar kynningar fyrir SHÍ og fyrir alla nemendur við HÍ þegar frumvarp liggur fyrir um innihald þess.

Stúdentaráð telur mikilvægt að þjónustustig LÍN sé gott og að auðvelt sé fyrir stúdenta að sækja sér aðstoð hjá LÍN. Nauðsynlegt er að þjónusta við nemendur sé góð þegar kemur að jafn veigamiklum málum og lánasjóðsmálum.

**Stúdentaráð leggur höfuðáherslu á að:**

1. Sú þjónusta sem lánasjóðsfulltrúi SHÍ veitir á réttindaskrifstofu SHÍ verði auglýst eins og unnt er.
2. SHÍ fái viðeigandi aðila til að kanna streitu meðal lántakenda og annarra nemenda í tengslum við vinnu, námsframvindukröfur og fjárhag á meðan á námi stendur.
3. Fræðslufundir verði haldnir um starfsemi og úthlutunarreglur LÍN, bæði fyrir Stúdentaráð en einnig hinn almenna nemanda.
4. Aukin fjárframlög ríkisins renni til LÍN í þeim tilgangi að bæta þjónustu sem sjóðurinn veitir nemendum.